

Ágripabók Menntakviku 2023

Menntastefna og farsæld

28. -29. september



Gefið út af Menntavísindastofnun Háskóla Íslands

ISBN 978-9935-468-32-1

Reykjavík, 2023

Efnisyfirlit

42	17
Mikilvægi þess að styðja við fullgildi barna fyrir inngildandi leikskólastarf	17
43	18
Samstarf um nám barna og þekkingarsköpun: Áherslur í menntastefnum fjögurra sveitarfélaga	18
46	19
Verkefnið "Útispjöldin"	19
49	20
Leikur og þátttaka barna í leikskólastarfi: Innleiðing menntastefnu Reykjavíkurborgar	20
50	21
Áhrif Covid-19 á tíðni, tegundir og alvarleika barnaverndartilkynninga á Íslandi	21
53	22
Að fleyta kerlingar: Áskoranir og hindranir í að koma til móts við nemendur með sérþarfir í náttúrufræðikennslu	22
54	23
Menntaforysta á sveitarstjórnarstigi: Hvað einkennir hana og mótar?	23
55	24
Algengi vöðvaskynjunarröskunar, átröskunarhegðunar og æfingaþráhyggju meðal íslensks íþróttafólks	24
56	25
Verkefnastýrt nám í málaraíðni	25
57	26
Íslenska erlendis: Hvernig íslenskir foreldrar kenna börnum sínum íslensku í útlöndum	26
61	27
Öll farsæld er þroski	27
62	28
Námsmat í þágu menntunar allra í íslenskum grunnskólum	28
63	29
Starfsfólk leikskóla þróar eigin starfshætti með ungum börnum í starfendarannsókn	29
64	30
Lestarfærni barna í Byrjendalæsissskólum	30
65	31
„Ég sá hvernig fagmennska mín jókst“: Reynsla nemenda af launuðu starfsnámi í leikskólakennarafræði	31

67	32
Fullgildi foreldra innan leikskólasamfélagsins: Viðhorf leikskólakennara	32
68	33
Kennslupráðurinn frá hugmynd að fullvinnslu	33
70	34
eTwinning: Rafrænt skólasamstarf á netinu.....	34
71	35
Sjöl og teppi: Eins báðum megin.....	35
72	36
Íslenskt orðasafn um fatagerð	36
73	37
Verklag við búningagerð í grunnskólum.....	37
74	38
Fjölbreytt munstruð einskefta: Uppskriftabók í vefnaði	38
75	39
Þegar andinn grípur unglingana	39
76	40
Friðarbönd á vinahönd og Friðarósk á Barnamenningahátíð	40
77	41
Textílmennt og sjálfbærni: Námsvefurinn Gera sjálfur	41
78	42
Þroski eða þjónusta: Þrástef og þversagnir í umfjöllun fjölmiðla um leikskóla.....	42
79	43
Innleiðing Gagnvirka samstarfslíkansins í Breiðholti.....	43
80	44
Vellíðan í skólastarfi: Að innleiða áherslur Hugarfrelsis í grunnskóla.....	44
81	45
„Nú þurfum við aðeins að bakka“: Orðræðugreining á fjölmiðlaumfjöllun um heimgreiðslur í stað leikskólapláss.....	45
82	46
Breytingar á hreyfingu meðal 17 ára íslenskra unglinga: Hlutlæg og huglæg gögn úr tveimur árgöngum	46
83	47

Distribution of flat feet among children in one compulsory school in Reykjavík: Implications for physical education classes	47
84	48
Breytingar á hreyfingu, líkamssamsetningu og þreki ungmenna frá 15 til 17 ára	48
85	49
Tengsl styrks við hreyfifærni unglinga	49
86	50
Hvernig má draga úr umhverfisáhrifum stafrænnar tæknivæðingar?	50
87	51
Að vera grænn í orði og verki með stafrænum frásögnum	51
88	52
Leiksmiðjan: Sköpun í stafrænum heimi	52
89	53
Frábærir foreldrar sem tilheyra framúrskarandi þjóð: Hinsegin foreldrar og birtingarmyndir nýfrjálshyggjunnar í íslenskum fjölmiðlum 2010–2021	53
90	54
Starfsmannavelta meðal skólastjóra í íslenskum grunnskólum 1998-2020	54
91	55
Unlocking the Data Jungle: Navigating Educational Research for Inclusive Praxis	55
92	56
Velferð í leik og sköpun: Samþætt nálgun í leikskólakennaranámi	56
93	57
Með velferð barna að leiðarljósi: Greining á hlutverki leikskóla í sögulegu ljósi	57
94	58
Hvers vegna þurfum við að einbeita okkur að farsæld og velfarnaði í framhaldsskólum?	58
96	59
Saga námsefnis í stærðfræði á heimsvísu	59
97	60
The influence of Mindfulness-based cognitive therapy for life (MBCT-L) training on educator's stress in Icelandic public compulsory schools as a part of whole school implementation over 24 months	60
98	61
The impact of a food skills and nutrition education intervention on household food security, health and food resource management among vulnerable adults in Iceland	61
99	62

Bragðlaukaþjálfun - Litlu laukar forrannsókn: Upplifun leikskólastarfsfólks af matvæðni leikskólabarna og samskipti starfsfólks og barna á matmálstíma	62
100	63
Einkenni og áherslur í starfsháttum grunnskóla út frá menntun fyrir alla og hlutverki stjórnenda.....	63
101	64
Breytingar á kvíðaeinkennum barna með og án taugaproskaraskana í tengslum við Bragðlaukaþjálfun	64
102	65
Hugsað með Maxine Greene um ímyndunarafl, menntun og frelsi.....	65
103	66
Þróun á þreki íslenskra ungmenna frá barnæsku til unglingsára: Langtímarannsókn	66
104	67
Hugmyndir nemenda um velfarnað í skólastarfi	67
106	68
Persónulegar frásagnir tvítýngdra barna á Íslandi	68
107	69
Tungumálastefna og starfshættir fjölskyldna innflytjenda á Íslandi og áhrif þeirra á menntun: Niðurstöður úr viðtölum við skólustjóra	69
108	70
Myndlist í aðalnámskrá grunnskóla: Áhersla og þróun	70
109	71
Í fémínískum farvegi akademískra formæðra: Að synda með og á móti straumnum	71
110	72
Stuck no more: Finding creative joy in writing through collaborative self-study	72
111	73
Exploring creative joy in the Ph.D. jungle: Learning to co-create a doctoral students' online writing community	73
112	74
Reynslan af tveimur námskeiðum um lífsskoðanir: Lífsskoðanir og menntun og Ísland nútímans	74
113	75
Ég held bara að það sé alveg ógeðslega gaman að kenna okkur: Viðtalsrannsókn við 15 nemendur úr kvöldskóla VMA í húsasmíði.....	75
114	76

„Það er meiri áhersla á að njóta þess að vera í námi þegar einkunnir eru ekki til staðar“: Reynsla háskólakennara af því að samtvinna hugmyndafræði leiðsagnarnáms og fullorðinsfræðslu í starfstengdu námi á framhaldsstigi.....	76
115	77
Virk málnotkun í skólastarfi: Viðhorf, reynsla og ritunarfærni nemanda.....	77
116	78
Íslenskur námsorðaforði grunnskólanemenda	78
117	79
Hvenær ætti að vísa börnum til talmeinafræðings?	79
118	80
Menningarmiðaðar matsaðferðir: Blekking eða veruleiki? Samanburðarrannsókn á sjónarhorni og reynslu íslenskra og danskra kennaranema	80
119	81
Áhrif heimaðæmayfirferðar á nemendur	81
120	82
Sýn og áherslur skólastjóra á velfarnað kennara í grunnskólum	82
122	83
Horft um öxl: Listamaður, kennari og rannsakandi rýnir í eigin vegferð og þroskaferil í námi og starfi .	83
123	84
Þróun námskeiðsins stærðfræði fyrir alla	84
124	85
„Lestur er tímasóun fyrir mig“: Réttmætisathugun á mælingum PISA og Skólapúlsins	85
125	86
HIV activism in Indonesia as educational practice(s).....	86
126	87
“We can do much more and better”: Understanding gatekeepers’ perspectives on students’ linguistic human rights	87
127	88
Hinn góði málnotandi gegnum stutta frásagnatexta nemenda: Viðmið og vandi	88
128	89
Náttúra, skepnur og farsælt líf	89
129	90
Tungumálastefna og starfshættir fjölskyldna innflytjenda á Íslandi og áhrif þeirra á menntun: Reynsla grunnskólakennara.....	90

131	91
Starfsnám eða bóknám: Aðsókn nemenda og þróun framhaldsskólans.....	91
132	92
Birtingamyndir á stöðu starfsnáms: Val á námi í framhaldsskóla eftir einkennum skóla og tegund náms	92
133	93
Spiritual health relations of young people: Psychosomatic health, loneliness, and internet addiction .	93
134	94
„ Miðflótttafl neyslumeningarinnar“: Deilur ríkis, kirkju og hinsegin fólks um samkynja hjónabönd 1996-2010 í ljósi nýfrjálshyggju og þjóðernisímynda.....	94
135	95
Lýðræðisleg þátttaka barna í skólaþróun og samfélagsleg nýsköpun í gegnum þátttöku- starfendarannsóknir	95
136	96
Hvað þarf til að komast inn í Kennsluakademíu	96
137	97
Listin að læra: Samnýtanlegir kennsluhættir og samvinna arkitektúrdeildar Listaháskóla Íslands og byggingaverkfræðideildar Háskóla Íslands.....	97
141	98
Upplifun nýráðinna lektora við Háskóla Íslands af stuðningi við kennslu og rannsóknir	98
142	99
Félagsmiðstöðvar: Er allt sem sýnist?	99
143	100
Kennsla með bæði góðum útskýringum og mikilli áskorun? Fyrstu niðurstöður rannsóknar á norrænum kennslustundum í samfélagsfræði, fyrsta máli og stærðfræði.....	100
144	101
Þátttaka barna til farsældar og framtíðar.....	101
145	102
Being “In” or “Out”: Teachers and academics of Vietnamese backgrounds’ sense of belonging	102
146	103
Gervigreind og menntun	103
147	104
Áhrifabættir lesskilnings í fyrsta og öðru máli	104
148	105

Birtingarmyndir tilfinninga í tengslum við tæknifrjóvganir á Íslandi og merking þeirra fyrir hinsegin pör sem nýta sér þjónustuna.....	105
149	106
Sönglög til málörvunar í íslensku með börnum af pólskum uppruna	106
150	107
Börn og netmiðlar	107
151	108
Vietnamese Refugees' heritage in Iceland: The loss of culture and language.....	108
152	109
Takmarkadygðir.....	109
153	110
Félags-, tilfinninga- og siðferðisfærni með SEE learning	110
154	111
Samfélagsleg nýsköpun um farsæld og menntastefnu: Vinnusmiðjur í Reykjavík	111
155	112
Réttindaskóli UNICEF: Sýn skólafólks í réttindaskólum á Íslandi, á markmið, leiðir og gildi verkefnisins	112
156	113
"Ég hef samviskubit alla daga": Samviskubit/skömm í lýsingum mæðra á reynslu sinni af móðurhlutverkinu	113
157	114
Frá sjálfsmatsskýrslu til breyttrar námskrár við Matvæla- og næringarfræðideild HÍ: Svar deildar við kalli samtímans um aukna áherslu á sjálfbærni í kennslu	114
158	115
Samræmi í ritun háskólanema	115
160	116
Tungumálastefna og starfshættir fjölskyldna innflytjenda á Íslandi og áhrif þeirra á menntun: Fyrstu niðurstöður frá foreldrum og börnum	116
161	117
Lestrarpanik í íslensku sjónvarpi: Greining á þáttunum „Börnin okkar"	117
162	118
Assistive Technology to Promote Participation in Sport for People with Disabilities	118
163	119
Raddir barna í kjölfar COVID-19 heimsfaraldurs: Ígrundun um skapandi rannsóknaraðferðir	119

164	120
„Hafið bláa hafið hugann dregur“: Um að rækta „bláa huga“ í menntun og lífi	120
166	121
Húmor og félagsleg samheldni í jafningjahóp tveggja ára barna	121
167	122
Safnaþrennan: Skapandi ferðalag um menningararfinn	122
168	123
„Íslenskan mín er að stækka“: Samstarf Menntafléttunnar og Íslenskuþorpsins um fagtengt íslenskunámskeið fyrir leikskólastarfsfólk með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn	123
169	124
Margt smátt: Framhaldsskólinn og smásagan	124
170	125
Sjónarhorn barnsins: Nýskólastefnan og lestrarbækur Ríkisútgáfu námsbóka	125
171	126
Þróun kennsluefnis í námskeiði fyrir yngstu börnin: Með velferð barna að leiðarljósi	126
172	127
Þekking barna á hljóðum bókstafa í fyrsta bekk grunnskóla: Þróun og áhættuþættir	127
174	128
Kynbundin greining á sambandi þreks og geðheilsu 15 ára ungmenna: Samanburður á tveimur árgöngum með 12 ára millibili	128
175	129
Breytt landslag: Fræðilegt samhengi trúarbragða- og lífsskoðanafræðslu á Íslandi	129
176	130
Kennsla um trúarbrögð og aðrar lífsskoðanir á Íslandi: Áskoranir framundan	130
177	131
Viljum við stofna íslensk samtök á sviði fjarnáms og stafræns náms?	131
179	132
Stafræn fræðsla í fyrirtækjum: Kennslumyndskleið sem hluti af fræðsluefni	132
180	133
Að standa í stafni og stýra dýrum knerri: Sýn skólastjórnenda á kennslufræðilega forystu sína	133
182	134
Líðan grunnskólabarna á Íslandi: Kerfisbundin samantekt rannsókna 2012-2022	134
183	135
Hvernig má auka stafræna hæfni háskólakennara?	135

184	136
Úrræði í grunnskólum Hafnarfjarðar: Staða miðað við farsældarlög.....	136
185	137
Áhrif Beanfee hvatningarkerfis á námsástundun og hegðun nemenda með sögu um langvarandi hegðunarvanda	137
186	138
Tengsl stuðnings og eftirlits foreldra við sjálfsvígshugsanir og -hegðun ungmenna á Íslandi.....	138
187	139
Tengsl svæðaskiptingar, þjóðfélagsstöðu og kyns á tíma markaðsinnritunar í framhaldsskóla	139
188	140
Viðvera í fjarnámskeiðum og vinnuálag nemenda.....	140
189	141
Þróun námsefnis og kennslustofa að fjarnámi.....	141
190	142
Skólamenning og viðbrögð kennara við COVID-19: Samanburður á þremur íslenskum framhaldsskólum	142
191	143
Greining samræðna í kennslustundum á unglingastigi	143
194	144
„Allir eiga rétt á framtíð“: Áhrif skólalokana vegna heimsfaraldurs á unglinga í Bissá, Gíneu-Bissá.....	144
195	145
Er starfsfólk leikskóla og grunnskóla að brenna út í starfi?	145
196	146
Tengsl fræða og vettvangs: Þróun náms og kennslu í kennaradeild HA.....	146
197	147
Gæði kennslu og upplýsingatækni - raddir unglinga	147
198	148
Starfendarannsóknir: Rýnt í eigin starf og athafnir	148
200	149
Sýnileiki foreldra í íslenskri menntastefnu	149
201	150
Examining Patterns of Whiteness and Racism in Education	150
202	151

The transition from preschool to primary school on the Faroe Islands: Societal, institutional, practical, parental and children's views on learning	151
203	152
Kunna öll börn stafahljóðin í upphafi 2. bekkjar? Áhrif sumarfrís, móðurmáls, kyns og upphaflegrar stafabekkingar	152
204	153
Stafróslögmálið: Hvernig má koma í veg fyrir að börn ljúki 1.bekk án nægrar grunnþekkingar?	153
205	154
Learning to Read in Iceland: An evaluation of the early reading growth of 1st graders.....	154
206	155
Changing inequality and Educational Transitions	155
207	156
Gagnvirka samstarfslíkanið í grunnskólunum í Breiðholti: Mat á innleiðingu og afrakstri.....	156
208	157
(Sér)kennsla og þjálfun ungra fatlaðra barna í nýju ljósi.....	157
209	158
Bréfaskóli Hallgríms Péturssonar.....	158
210	159
Hornaföll við upphaf háskólanáms.....	159
211	160
Menntun eða úrræði? Stefnumótun ríkisins um fullorðinsfræðslu í fortíð, nútíð og framtíð	160
212	161
Fimmta stoðin í menntakerfi sem styður við ævinám: Greining á niðurstöðum helstu rannsókna á sviðinu	161
214	162
Markmið og gæði í starfi frístundaheimila.....	162
216	163
Meira grænmeti í Rimaskóla	163
217	164
Slakir strákar og stelpur í uppnámi: Grunnskólanemar á samfélagsmiðlum út frá kynjuðu sjónarhorni	164
218	165
Framhaldsskólanemar á tímum heimsfaraldurs: Námsupplifun ólíkra nemendahópa.....	165
219	166

Family Musicking as a space for positive social transformation	166
221	167
Svefnmynstur og hreyfing framhaldsskólanema.....	167
222	168
Frá Stakkahlíð til Kastala í Salzburg: Lærdómur um inngildandi nám í Háskólanum í Salzburg	168
223	169
Farsæld og tengsl ungmenna við eigið líf, annað fólk, náttúru og æðri mátt	169
224	170
Tilraunir, togstreita, fjölbreytni: Kennari rýnir í skapandi starfshætti í þremur skólum.....	170
225	171
Ég þarf bara að æfa mig aðeins meira: Kennari rýnir í innleiðingu leiðsagnarnáms.....	171
226	172
Vatnspípureykingar unglinga: Staðan í Gíneu-Bissá	172
227	173
Þarf ég, á ég, verð ég!: Glíma kennara við innleiðingu leiðsagnarnáms	173
228	174
Lestur er eins og uppvaskið, eitthvað sem þarf bara að klára: Hamlandi viðhorf til lesturs fræðigreina	174
230	175
Þróun diplómanámsins Farsæld barna.....	175
231	176
Hvað varð um þátt tónlistar í Aðalámskrá leikskóla? Samanburður á íslenskum og erlendum námskrám fyrir leikskóla	176
233	177
Hvað felst í að vera grænmetisæta í grunnskóla?	177
234	178
How research into citizenship education within higher education might enable transformative human rights education	178
235	179
Youth Engagement for Child Rights Friendly Communities	179
236	180
Key predictors of student satisfaction in higher education, in Bissau, Guinea-Bissau.....	180
237	181

Countering Scepticism and Mistrust Towards Children's Rights Within Education: Fulfilling Article 29 through Teacher Education	181
238	182
Eðli vísinda: Grundvallarpáttur í almennri náttúruvísindamenntun	182
239	183
Menntun nemenda með þroskahömlun á framhaldsskólastigi og stuðningur í ljósi kenninga um inngildandi menntun og félagslegt réttlæti.....	183
240	184
Eðli náttúruvísindalegrar þekkingarsköpunar í nógildandi aðalnámskrá grunnskóla	184
241	185
Stafræna námsumhverfið <colette/> og þróun stærðfræðiverkefna sem reyna á reiknihugsun	185
242	186
Að auka starfsþróun háskólakennara: Samstarfsverkefni háskóla á sviði kennsluþróunar	186
243	187
Samvinna í leikskólastarfi	187
245	188
Orðalagsáhrif í mælingum Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar á algengi vímuefnaneyslu.....	188
247	189
Ég er eins og ég er: Samvinnurannsókn með hinsegin körlum og kvárum	189
249	190
Framhaldsskólabraut sem leið til valdeflingar eða félagslegrar endursköpunar? Kerfislæg framkvæmd og námsframvinda nemenda	190
251	191
HRE for the betterment of humankind	191
252	192
Áhrif verklegrar öryggiskennslu á nemendur er vinna inni á rannsóknarstofum Háskóla Íslands	192
253	193
The impact of using the student-response tool Kahoot! on student motivation in a first-year undergraduate linear algebra course	193
254	194
(Sér)kennsla í leikskólanum Aðalþingi: Hvernig gengur Aðalþingi að vera inngildandi skóli?.....	194
255	195
Forysta til félagslegs réttlætis í íslenskum skólum: Að efla farsæld erlendra nemenda með áherslu á félagslegt réttlæti	195

256	196
The quality of Icelandic teaching for foreigners: The view of educational providers and students	196
257	197
Teaching mathematical modeling using generative AI	197
258	198
Mannréttindasjónarhorn sem greiningartæki við menntun þroskaþjálfa	198
260	199
Mat á áhrifum íslenskrar útgáfu af Hvatningarleiknum til að auka virka þátttöku og draga úr truflandi hegðun nemenda í 1. bekkjar kennslustofum.....	199
261	200
Viðbrögð gegn ofbeldi og vanrækslu innan leikskóla: Við berum öll ábyrgð	200
262	201
Rekjanleiki og rekjanleikavarnir í Íslensku æskulýðsrannsókninni	201
263	202
Bullsvör í Íslensku æskulýðsrannsókninni og áhrif þeirra á mat á hlutfalli unglinga sem hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi	202
264	203
Tækifæri til rannsóknarsamstarfs við menntatæknifrumkvöðla	203
266	204
Lestur barna í 6.-10. bekk: Á hvaða tungumálum lesa þau og á hvaða tungumálum finnst þeim best að lesa?	204
267	205
Grænfáninn og farsæld	205
268	206
Spjaldtölvur í grunnskólum Kópavogs 2015-2021: Matsrannsókn og meginniðurstöður	206
269	207
Athafnakostir spjaldtölva og tækifæri sem þær bjóða	207
270	208
Spjaldtölvur í Kópavogi: Áskoranir og álitamál.....	208
271	209
Stafræn inngilding eða útilokun? Notkun fólks með þroskahömlun á upplýsinga- og samskiptatækni í COVID-19.....	209
272	210
Matsrannsókn í Kópavogi: Pallborðsumræða	210

273	211
"Þegar ástin skeður": Hugmyndir nemenda á starfsbrautum framhaldsskóla um ást og vináttu	211
274	212
Jafningafræðsla á Seltjarnarnesi	212
276	213
Fjarnám við Háskóla Íslands	213
277	214
"Við viljum taka ákvarðanir um eigin þjónustu": Samvinnurannsókn með fötluðu fólki um sjálfstætt líf	214
278	215
HRE (Human Rights Education) utan kennslustofunnar: Gagnrýnin meðvitund, listir og samfélagsskipulagning	215
279	216
Adult Education for Immigrants in Iceland	216
280	217
The role of culture and social networkings in migrants' participation in lifelong learning in Iceland ..	217
282	218
Lærdómssamfélag til framtíðar: Lifandi braut í mótun	218
283	219
„Ég er í sama starfi en það er viðurkenningin“: Mikilvægi raunfærnimats fyrir manneskjuna og kerfi	219
284	220
Námsframvindustuðull fyrir framhaldsskólastig	220
285	221
Breyting á frammistöðu í lesskilningi á unglingastigi frá 2008 til 2019	221
286	222
Upplýsingagildi prófhluta á HLJÓM-2	222
287	223
Próffræðilegir eiginleikar á matstæki er leggur mat á námsorðaforða íslenskra grunnskólanema	223
288	224
Viðhorf til námsmats: Svarferlagreining á svörum foreldra og kennara	224
289	225
Foreldrar og netmiðlar	225
290	226
Netumferðarskólinn	226

291	227
„Ég sagði fyrirgefðu“: Einstaklingsvæðing, ábyrgðarkrafa og gerendur ofbeldis í nánnum samböndum	227
292	228
Kennsla í frumkvöðlafræðum með áherslu á félagshagkerfið.....	228
293	229
„Ég er með betri sýn á hvernig ég vil vera“: Reynsla foreldra af ígrunduðum samræðum í foreldrafræðslu	229
294	230
Í hæfum takti: Fatlaðar mæður, krypp tími og tengslamyndun	230
295	231
Hvaða tækifæri felast í því að nota tónlist með mannkostamenntun að leiðarljósi?	231
296	232
Orkudrykkir á unglingastigi: Ógn við heilsu og líðan?	232
297	233
Integration and Adult Education among Immigrants: Analysis of research and policy on the topic....	233
298	234
Fjármögnun framhaldsfræðslukerfisins	234
299	235
Er jákvæð nálgun í menntunarfræðum nauðsynlega ógagnrýnin?	235
302	236
Samvinna og sjálfræði framhaldsskólanema.....	236

Mikilvægi þess að styðja við fullgildi barna fyrir inngildandi leikskólastarf

Guðrún Jóna Prastardóttir¹, Kristján Ketill Stefánsson lektor², Hrönn Pálmadóttir dósent²

¹Háskóli Íslands. ²HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Inngildandi menntun I

Ágrip /Abstract

Trú kennara á eigin getu til inngildingar (e. inclusion) er talin mikilvæg fyrir viðhorf þeirra til inngildingar, sem aftur hafa verið talin grundvallarpáttur fyrir framkvæmd skóla án aðgreiningar (e. inclusive education). Jafnframt er inngilding mikilvæg fyrir gæðaríkt leikskólastarf sem getur haft langvarandi jákvæð áhrif á nám og þroska allra barna. Markmið rannsóknarinnar var því að skoða hvaða þættir í fari starfsfólks leikskóla, starfshátta þeirra og starfsumhverfis tengdust trú starfsfólks á eigin getu til inngildingar með sterkustum hætti. Fyrirliggjandi gögn úr starfsmannakönnun leikskóla á vegum Skólapúl síns árin 2020 og 2021 voru greind með marglaga líkani (e. multilevel model). Þátttakendur voru 1722 og náði úrtakið til rúmlega þriðjungs allra leikskóla á Íslandi. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að til að auka trú starfsfólks á eigin getu til inngildingar væri vert að horfa sérstaklega til þess að auka trú starfsfólks á eigin getu til að styðja við fullgildi (e. belonging) barna. Einnig var áhugavert að trú starfsfólks á eigin getu til að mæta krefjandi hegðun barna skipti töluverðu máli í starfsumhverfi þeirra leikskóla þar sem trú á eigin getu til inngildingar var lág en skipti minna máli eftir því sem trú á eigin getu til inngildingar mældist hærri. Aðrar forspárbreytur rannsóknarinnar; trú á eigin getu til að styðja börn með sérþarfir, samstarf innan leikskólans og starfsreynsla voru marktækar en sýndu veik tengsl við trú á eigin getu til inngildingar. Niðurstöðurnar geta nýst til að efla starfsfólk í leikskólum án aðgreiningar.

Samstarf um nám barna og þekkingarsköpun: Áherslur í menntastefnum fjögurra sveitarfélaga

Anna Magnea Hreinsdóttir aðjúnt

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Menntastefna, þróun og lýðræði

Ágrip /Abstract

Samfella í námi barna og ungmenna er undirstrikuð í alþjóðlegri stefnumótun og lögð er áhersla á að nám barna og ungmenna eigi að vera samfellt frá upphafi leikskóla til loka framhaldsskóla, þar sem skólastigið sem tekur við byggir á þeirri reynslu og námi sem barnið hefur öðlast á fyrri stigum, fremur en að markviss undirbúningur fari fram fyrir næsta skólastig. Í þessu erindi eru menntastefnur fjögurra sveitarfélaga og samstarfsáætlanir leikskóla og grunnskóla innan þeirra skoðaðar í ljósi greiningar Moss (2013) á þremur tegundum samstarfs leikskóla og grunnskóla og hvernig best sé að tryggja samfellu í námi barna og koma í veg fyrir rof. Gagnvirkt samstarf leikskóla og grunnskóla er á ábyrgð sveitarstjórna og á að gera grein fyrir samstarfinu í skólanámskrá leikskóla og hvernig staðið er að þessum þáttaskilum. Lögð er áhersla á sveigjanleika og samfellu í skólakerfinu, bæði í inntaki og starfsháttum. Niðurstöður skjalagreiningarinnar sýna að aukin áhersla er lögð á fjölbreytt og þverfaglegt samstarf í nágildandi menntastefnum sveitarfélaganna. Allar byggja stefnurnar meðal annars á stefnu stjórnvalda um Menntun fyrir alla, Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Þátttaka foreldra, kennara og barna í skólastarfi og áhrif þeirra eru undirstrikuð og forsendur gefnar fyrir því að félagsleg sjálfbærni og réttlæti og tilfinningin að tilheyra skapist í skólastarfi innan hverfa. Til þess þarf vettvang til samræðu sem móta má til dæmis í sveitarfélögum og innan hverfa. Þar þarf samt að fara fram um gæði skólastarfs í anda lýðræðis, félagslegs réttlætis og sjálfbærni.

Verkefnið "Útispiöldin"

Hulda Kristín Harðardóttir leikskólakennari

Leikskólinn Dalborg

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Leikskólastarfið frá ýmsum sjónarhornum

Ágrip /Abstract

Verkefni mitt samanstendur af greinargerð og umræðuspiöldum sem ætluð eru fyrir leikskólakennara til að fjalla um með eins til fimm ára börnum. Markmið verkefnisins er tvíþætt og tengist annars vegar því að læra af og um nærumhverfið og hins vegar að ýta undir orðaforða og skilning barna á orðum og hugtökum sem tengjast nærumhverfinu. Ég sé þetta fyrir mér sem ólíkar greinar á sama vafningsvið sem vaxa saman og styrkja hvor aðra. Að nota nærumhverfið sem uppsprettu málörvunar veitir tækifæri til að kynnast nýjum orðum og fyrirbærum í því náttúrulega og skapandi umhverfi sem útisvæði geta verið. Með því að fá reynslu af þeim fyrirbærum sem hugtökin fjalla um er auðveldara fyrir ung börn að átta sig á merkingu þeirra. Rannsóknarspurningin sem leitað er svara við er eftirfarandi: Hvernig má nota nærumhverfið til að ýta undir nám og auka orðaforða eins til fimm ára leikskólabarna?

Í námsefninu, þ.e. umræðuspiöldunum, sem búin voru til og greinagerðinni sem fylgdi með er leitast við að svara rannsóknarspurningunni. Á spiöldunum eru kynnt verkefni og athuganir sem geta ýtt undir nám barna í nærumhverfinu, efni sem leikskólakennarar geta rætt við börnin og hugmyndir að orðum/hugtökum til að kynna fyrir þeim. Umræðuspiöldin eru skipulögð út frá fjórum flokkum; markmiðum, verkefnum, viðfangsefnum og orðum/hugtökum. Þeim er ætlað að auðvelda leikskólakennurum að nota nærumhverfið í námi barna.

Leikur og þátttaka barna í leikskólastarfi: Innleiðing menntastefnu Reykjavíkurborgar

Sigrún Grétarsdóttir leikskólastjóri¹, Pála Pálsdóttir leikskólastjóri², Anna Magnea Hreinsdóttir aðjúnkt³

¹Hólaborg. ²Engjaborg. ³HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Menntastefna, þróun og lýðræði

Ágrip /Abstract

Fjallað verður um þróunarverkefni sem unnið var á árunum 2021-2023 sem hafði að markmiði að styrkja kennara og annað starfsfólk leikskólanna í að vinna að sjálfsefningu og félagsfærni í leikskólunum í daglegu starfi og leik og að efla kerfisbundin vinnubrögð í flæðandi starfi leikskólanna. Tilgangurinn er að undirstrika mikilvægi þess að koma auga á hugmyndir barnanna og bregðast við þeim með því að huga að skipulagi leikumhverfis, leikefnis, tíma og þeim möguleikum sem börnin hafa til að þróa hugmyndir sínar og leik í daglegu starfi. Voru myndbönd gerð um hlutverk starfsfólks, námsumhverfisins og barnahópsins í leik, sjá: <https://menntastefna.is/strengths/flaedi-og-samsetning/>

Einnig var unnið að því að auka virka þátttöku barna í leikskólastarfi á ýmsa vegu og uppfylla þannig markmið menntastefnu Reykjavíkurborgar um barnið sem virkan þátttakanda. Það var gert með því að kennarar og annað starfsfólk tileinka sér þær aðferðir sem til eru til að hlusta á virkan hátt á sjónarmið barna og virkja áhrifamátt þeirra.

Markmið verkefnisins endurspeglar helst áherslu menntastefnu Reykjavíkurborgar á sjálfsefningu og félagsfærni þar sem leikskólastarf á að byggja á jafnrétti og virkri þátttöku barna með því að skapa þeim tækifæri til að upplifa lýðræðisleg vinnubrögð og samskipti í daglegu starfi. Það er kjarni verkefnisins og til að ná þessum markmiðum munum við leggja áherslu á að styrkja starfsfólk leikskólanna með þátttöku í upplýsandi fræðslu og umræðu um hvernig hægt er að virða skoðanir barna og áhrifamátt þeirra við skipulagningu leikskólastarfs og gefa þeim tækifæri til að taka þátt í ákvörðunum um verkefni og vinnubrögð.

Áhrif Covid-19 á tíðni, tegundir og alvarleika barnaverndartilkynninga á Íslandi

Freydís Jóna Freysteinsdóttir dósent

HÍ, FVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Skólaumhverfið á tímum heimsfaraldurs

Ágrip /Abstract

Fjöldi barnaverndartilkynninga hefur aukist á tímum Covid-19 faraldursins. Í þessari rannsókn var tíðni og alvarleiki barnaverndartilkynninga á tímum faraldursins könnuð. Sérstaklega var kannað hvort fjölgun á barnaverndartilkynningum hefði átt sér stað. Tilgangurinn með rannsókninni var að kanna 1) hvort að tíðni barnaverndartilkynninga hefði aukist á tímum Covid-19, 2) hvort að tíðni hefði aukist varðandi tiltekna tegundir ofbeldis og vanrækslu og 3) hvort alvarleiki barnaverndartilkynninga hefði aukist í faraldrinum. Gögn voru innihaldsgreind á fimm þjónustusvæðum á landinu og voru barnaverndartilkynningar bornar saman árið áður en Covid-19 faraldurinn hófst og árið eftir. Samanburður var gerður á tíðni, tegundum og alvarleika barnaverndartilkynninga árið fyrir Covid-19 faraldurinn og árið eftir með því að innihaldsgreina gögn á fimm svæðum: Reykjavík, Akureyri, Reykjanesbæ, Fjarðabyggð og Ísafjarðarbæ. Áreiðanleikagreining (e. inter-rater reliability) var gerð á skráningunni til þess að staðfesta viðunandi áreiðanleika. Niðurstöður sýndu að 15% aukning varð á barnaverndartilkynningum á meðan á Covid-19 faraldrinum stóð miðað við árið á undan á þessum fimm þjónustusvæðum. Hins vegar var nokkur munur á tegundum á þjónustusvæðunum. Alvarleiki reyndist vera meiri árið fyrir faraldurinn samanborið við árið á meðan á faraldrinum stóð. Ekki er ljóst hvers vegna breytileiki er í tíðni tegunda meðal þjónustusvæðanna eða hvers vegna alvarleiki var meiri fyrir faraldurinn en á meðan á honum stóð.

Að fleyta kerlingar: Áskoranir og hindranir í að koma til móts við nemendur með sérþarfir í náttúrufræðikennslu

Rakel Dögg Óskarsdóttir grunnskólakennari

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Inngildandi menntun II

Ágrip /Abstract

Markmið rannsóknarinnar er að gera grein fyrir reynslu náttúrufræðikennara af því að koma til móts við nemendur með sérþarfir og að skoða hvers konar stuðningi náttúrufræðikennarar óska eftir til að koma til móts við alla nemendur í náttúrufræðinámi þeirra.

Notast var við eiginlega rannsókn sem byggði á hálfopnum viðtölum við níu náttúrufræðikennara á mið- og unglingastigi. Tilgangur rannsóknarinnar er að auka skilning á því hvernig kennarar koma til móts við nemendur með sérþarfir í náttúrufræðikennslu og hvaða stuðning þeir þurfa til þess.

Niðurstöður benda til þess að náttúrufræði sé vel til þess fallin að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda. Þegar náttúrufræðikennarar beita fjölbreyttum kennsluaðferðum og vinna með verklegar æfingar, upplýsingatækni og útikennslu tekst þeim að virkja nemendur á jafningjagrunni. Kennarar notast við einstaklingsnámskrá, stjórnumerktá einkunn (aðlagð námsmat og vitnisburð), fjölbreytt og aðlöguð verkefnaskil, fjölbreytt námsmat og áhugasvið nemenda til að koma til móts við nemendur með sérþarfir. Kennarar töldu sig þó þarfnast meiri stuðnings fyrir nemendur með sérþarfir, svo sem aðlagð námsefni, samstarf milli heimilis og skóla og innan skólanna og meira fjármagn, til að geta sinnt náttúrufræðinámi án aðgreiningar.

Það ætti að horfa meira til styrkleika barna með sérþarfir en á greiningu þeirra og það sem þau geta ekki. Í náttúrufræðikennslu líkt og öðrum námsgreinum er tækifæri til að koma til móts við nemendur með sérþarfir og byggja kennsluna á styrkleikum þeirra og áhuga. Rannsókn þessi gefur skólasamfélaginu tækifæri til að læra af og þróa áfram það sem vel er gert í náttúrufræðikennslu og hvað mætti bæta.

Menntaforysta á sveitarstjórnarstigi: Hvað einkennir hana og mótar?

Sigríður Margrét Sigurðardóttir lektor

Háskólinn á Akureyri, Hug- og félagsvísindasvið

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Menntastefna, þróun og lýðræði

Ágrip /Abstract

Erlendis hafa fræðimenn í auknum mæli beint sjónum sínum að menntaforystu umdæma og sveitarfélaga en slíkar rannsóknir hafa verið fátíðar á Íslandi. Innlendar rannsóknir á skólaþjónustu sveitarfélaga benda til þess að efla þyrfti menntaforystu sveitarfélaga en lítið hefur verið vitað um það hvernig væri best farið að því eða hvað einkennir forystuna. Markmið erindisins er að varpa ljósi á hvað einkennir menntaforystu á sveitarstjórnarstigi og hvaða þættir það eru á vettvangi sveitarfélaga sem skipta máli um mótun hennar. Byggt er á tilviksrannsókn um menntaforystu á sveitarstjórnarstigi; á spurningakönnun á landsvísu sem lögð var fyrir fræðslustjóra og skólastjóra; og á viðtölum við fræðslustjóra og deildarstjóra á skólaskrifstofum og skólastjóra í sjö sveitarfélögum sem valin voru til að kafa betur í einkenni forystunnar. Niðurstöður eru skoðaðar með tilliti til fræða um árangursríka menntaforystu þar sem lítið er til þátta eins og stefnumörkunar, þróunar mannauðs, skipulags og áherslna um þróun náms og kennslu. Niðurstöður benda til þess að menntaforysta sé misjöfn milli sveitarfélaga en að almennt megi efla hana umtalsvert svo hún styðji betur við skólastarf. Svo virðist sem aðgengi að mannauði og þróun mannauðs sé svið sem hafi hvað mest áhrif á forystuna og áherslur hennar. Þá hefur pólitískur stöðugleiki og jákvæð tengsl milli pólitískra aðila, skólaskrifstofa og skóla jákvæð áhrif á forystuna, sem og tilvist fræðslustjóra með þekkingu á skólastarfi og góð tengsl við vettvanginn. Að þessu þyrfti að huga vel á sveitarstjórnarstiginu og ræða í tengslum við þær hræringar sem nú eiga sér stað á sviði menntamála á landsvísu.

Algengi vöðvaskynjunarröskunar, átröskunarhegðunar og æfingapráhyggju meðal íslensks íþróttafólks

Birna Varðardóttir doktorsnemi, Anna Sigríður Ólafsdóttir prófessor, Sigríður Lára Guðmundsdóttir prófessor

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Heilsuhegðun, hreyfing og þrek

Ágrip /Abstract

Átröskunarhegðun og æfingapráhyggja eru algengar áskoranir meðal íþróttafólks, og geta aukið líkur á hlutfallslegum orkuskorti í íþróttum (e. Relative Energy Deficiency in Sport, RED-S). Hins vegar er lítið vitað um algengi vöðvaskynjunarröskunar og mögulegs sambands við RED-S. Markmið þessarar þversniðs-rannsóknar var að bera saman algengi átröskunarhegðunar, æfingapráhyggju og vöðvaskynjunarröskunar meðal íþróttafólks með vs. ekki með einkenni RED-S.

Íþróttafólk á afreks- og framhaldsstigi (≥ 15 ára, $n=83$, 67,5% konur) svaraði íslenskuðum útgáfum af eftirfarandi spurningalistum: Low Energy Availability in Females/Males Questionnaires (LEAF-Q/LEAM-Q), Eating Disorder Examination – Questionnaire Short (EDE-QS), Exercise Addiction Inventory (EAI) og Muscle Dysmorphic Disorder Inventory (MDDI). Líkamssamsetning var metin með tvíorku röntgengeislagleypnimælingu, hvíldarefnaskipti með óbeinni efnaskiptamælingu og blóðprufur teknar til mats á næringarástandi og hormónagildum. Íþróttakonur voru flokkaðar eftir LEAF-Q heildarskori (≥ 8 vs. < 8). Þar sem ekki eru til viðmiðunargildi fyrir LEAM-Q voru karlar flokkaðir út frá því hvort styrkur testósteróns mældist undir eða yfir miðgildi (< 21 vs. ≥ 21 nmól/l).

Alls skoruðu 8,4% þátttakenda yfir viðmiðunarskori á EDE-QS, 19,3% á EAI og 13,3% á MDDI. Allir þátttakendur sem skoruðu yfir viðmiðunargildi á EDE-QS, að einum undanskildum, skoruðu einnig yfir viðmiðunargildum á EAI og/eða MDDI. Konur sem skoruðu ≥ 8 vs. 8 á LEAF-Q höfðu einnig hærri skor á EDE-QS, EAI og MDDI. Enginn munur var á skorum milli hópa hjá körlum.

Niðurstöðurnar benda til þess að mikil áhersla á vöðvastælt útlit og/eða lága fituprósentu sé meðal mögulegra orsaka RED-S. Skimun fyrir vöðvaskynjunarröskun, til viðbótar við átröskunarhegðun og æfingapráhyggju, gæti því flýtt fyrir greiningu á RED-S.

Verkefnastýrt nám í málaraíðn

Arnar Óskarsson framhaldsskólakennari, Engilbert Valgarðsson framhaldsskólakennari

Tækniskólinn, Byggingatækniskólinn

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Rannsóknir á verk- og starfsmenntun

Ágrip /Abstract

Rannsókn var gerð á upplifun og reynslu nemenda í málaraðeild Tækniskólans með tilliti til verkefnalýsinga og ítarefna. Markmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á reynslu og upplifun nemenda í verkefnastýrðu námi í málaraðeild Tækniskólans, af verkefnalýsingum og því ítarefni sem fylgir. Tilgangurinn er að þróa og bæta þær leiðbeiningar og ítarefni sem fylgja hverju verkefni með það í huga að miða leiðbeiningarnar við hæfni og getu hvers nemanda. Spurningalisti var lagður fyrir um 60 nemendur í málaraðeild Tækniskólans. Einnig voru tekin viðtöl við tíu nemendur og þau hljóðrituð og skráð, greind og flokkuð. Að auki gáfu rannsakendur hegðun sinni og framkomu við nemendur meiri gaum. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar sýna að nemendur nota oftast verklýsingar, oft fyrirmyndir, myndir og aðstoð frá kennara og samvinnu við lausn verkefna. Fram kom í svörum nemenda að þeir upplifi verkefnin gagnleg og áhugaverð. Til að nálgast nemendur er nauðsynlegt að kennarar sýni þeim tilfinningalegan stuðning og velvilja, sem stuðlar að jákvæðum tilfinningum nemenda gagnvart náminu. Iðnnám er félagslegt fyrirbæri þar sem maður lærir af manni. Í verklegri leiðsögn er verklagið útskýrt og sýnt. Nemendur taka svo við og prófa og fá leiðbeiningar við verklagið þar til þeir hafa náð því. Við fyrstu 30 verkefnin gæti verið gagnlegt að nota einfaldari setningar og minni sérhæfð orð til að nálgast yngri eða óreyndari nemendur. Einnig er mikilvægt að athuga hvort kvöldnámið og fjarnámið eru aðgengileg fyrir nemendur og hvort tækifæri geti skapast fyrir nám þegar það hentar hverjum og einum einstaklingi.

Íslenska erlendis: Hvernig íslenskir foreldrar kenna börnum sínum íslensku í útlöndum

Lilja Kristjánsdóttir

Krakkaborg

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Fókus á foreldra

Ágrip /Abstract

Fáar rannsóknir eru til um hvernig Íslendingar erlendis kenna börnum sínum íslensku. Markmið þessarar rannsóknar var að skoða hvaða efni og aðferðir foreldrar notuðu til þess að kenna börnum sínum á aldrinum 2–6 ára íslensku og hversu ánægðir þeir voru með það efni. Einnig var skoðað hvaða stuðning foreldrarnir teldu sig þurfa til þess að kenna tungumálið. Spurningalisti var lagður fyrir 180 íslenska foreldra víðsvegar í heiminum sem rannsakandi komst í samband við í gegnum margvíslega hópa fyrir Íslendinga í útlöndum á Facebook. Niðurstöður sýna að foreldrar nota helst samtöl við börnin, lesa bækur og hlusta á tónlist en minna aðrar aðferðir til þess að kenna íslensku þó að mikið magn af efni sé til og aðgengilegt á netinu. Flestir íslenskir foreldrar eru ánægðir með þær bækur og sjónvarpsefni sem þeir hafa aðgang að en finnst ekki auðvelt að finna efni á netinu. Meirihluti þátttakenda vill hafa betra aðgengi að íslensku efni fyrir barnið sitt og einnig að íslensk yfirvöld styðji við íslenskukennslu barna sem búa erlendis. Niðurstöðurnar gefa til kynna að íslenskir foreldrar erlendis nota fáar aðferðir til að kenna íslensku og annaðhvort gera sér ekki grein fyrir hvaða efni er hægt að nota til að kenna börnum sínum tungumálið eða vita ekki hvar eigi að leita að því. Í framhaldinu mætti skoða betur stöðu íslenskukunnáttu hjá íslenskum börnum úti. Einnig mætti búa til námsefni til að kenna íslenskum foreldrum erlendis að bæta íslenskukunnáttu og orðaforða barna sinna eða gera það efni sem til er aðgengilegra.

Öll farsæld er þroski

Róbert Jack dósent

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Farsæld í fernu samhengi: Dygðir, ímyndunarafl, náttúra og þroski

Ágrip /Abstract

Mannlegt líf er eilíf eftirsókn eftir einhverju. Í *Samdrykkju* Platons kemur fram að við köllum það sem við þráum ýmsum nöfnum, eins og hið fagra, hið góða, hamingju eða farsæld. Hluti af þránni er löngun í stöðugleika, þ.e. að fá að eiga það sem við þráum varanlega. Reynslan sýnir þó að við erum varla búin að festa hönd á því sem við þráðum þegar við finnum að þrá okkar vaknar á ný eftir einhverju nýju til að þrá. Segja má að hér sé á ferðinni endalaus spirall hreyfingar og stöðugleika sem ég kys að kalla þroskaþrá og þroska.

Tilgangur þessarar rannsóknar er að setja farsældina í samhengi við þroskaþrá og þroska.

Rannsóknaraðferðin er í anda Platons þar sem hugtakaskýring, skoðun á röklegu samhengi hugmynda og reynsla höfundar tvinnast saman.

Helstu niðurstöður: A. Ef við kjósum að nota farsæld sem samheiti yfir það sem manneskjur sækjast eftir verður lýsingin á farsældinni ansi flókin. B. Einfaldari lýsing á því sem manneskjur sækjast eftir er þroski þar sem þroski stendur fyrir almenna viðleitni manneskjunnar til að bæta líf sitt.

Niðurstöðurnar gefa eftirfarandi til kynna: A. Það að leitast við að skilgreina farsældina eins og gjarnan hefur verið gert er nánast óendanlega flókið verkefni sem hefur lítið hagnýtt gildi. B. Það að beina athyglinni frekar að þroskaþörf hverrar manneskju og hvernig almennt má styðja margbreytilega þroskagöngu fólks er mun vænlegri stuðningur við lífið.

Námsmat í þágu menntunar allra í íslenskum grunnskólum

Ívar Rafn Jónsson lektor¹, Edda Óskarsdóttir dósent²

¹Háskólinn á Akureyri, Hug- og félagsvísindasvið. ²HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Inngildandi menntun II

Ágrip /Abstract

Allnokkuð hefur verið fjallað um menntun allra og stefnan rannsökuð út frá sjónarhóli náms og þátttöku undanfarna áratugi. Starfshættir sem styðja við menntun allra, byggja á hugmyndum um félagslegt réttlæti, lýðræði og mannréttindi. Félagslega réttlátt menntakerfi byggir á þeirri hugmynd að gæðamenntun sé lýðræðislegur réttur, frekar en verðlaun sem einstaklingar þurfa að keppast við að ná.

Bent hefur verið á að ófullnægjandi námsmat geti mismunað nemendum vegna þess að það er ekki sniðið að margbreytileika þeirra eða í takti við fjölbreytta kennsluhætti. Því er brýnt að endurhugsa hönnun og framkvæmd námsmats með félagslegt réttlæti að leiðarljósi. Með því að tryggja að félagslegs réttlætis sé gætt má stuðla að því að námsmat sé sanngjarnt og réttlátt þannig að réttmæti námsmats endurspegli hversu vel hefur tekist til að staðfesta að nemendur geti sýnt fram á þá hæfni sem krafist er.

Rannsóknin er á frumstigi og er tilgangur hennar að skilja hvað einkennir námsmat og námsmatsmenningu sem styður við menntun allra. Markmið er að greina í stefnuskjölum hvernig er fjallað um námsmat í þágu menntunar allra. Rannsóknarspurningin er hvernig styðja áherslur í stefnuskjölum við námsmat í þágu menntunar allra?

Til að öðlast dýpri skilning á stöðu mála munum við greina viðeigandi stefnuskjöl til að fá innsýn í hvernig núverandi stefna styður við námsmat fyrir menntun allra. Skjöl geta varpað ljósi á þróun og breytingar, auk þess að greina merkingu, þróa dýpri skilning og afhjúpa nýja innsýn til að svara rannsóknarspurningunni.

Starfsfólk leikskóla þróar eigin starfshætti með ungum börnum í starfendarannsókn

Hrönn Pálmadóttir dósent, Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir dósent

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Inngildandi menntun I

Ágrip /Abstract

Markmið þessarar starfendarannsóknar var að ýta undir starfsþróun leikskólakennara og annars starfsfólks í leikskólastarfi með ungum börnum. Í rannsókninni er litið á starfsþróun sem formlega og óformlega menntun sem dýpkar og bætir hæfni og þekkingu kennara. Starfsþróun tengist daglegu starfi og leiðir til umbóta og þróunar. Fyrri rannsóknir sýna að starfendarannsóknir eru áhrifarík leið fyrir starfsþróun kennara og til að bæta starfshætti í skólastarfi. Rannsóknin stóð yfir í fjögur ár og fór fram á sex deildum í þremur leikskólum þar sem börnin voru á aldrinum eins til tveggja og hálfis árs. Leitast var við að mynda lærdómssamfélag meðal starfsmanna á deildum, leikskólastjórnenda og tveggja rannsakenda frá HÍ. Áhersla var lögð á að allir þátttakendur hefðu sama rétt til að koma skoðunum sínum á framfæri á öllum stigum rannsóknarinnar, óháð hlutverki þeirra. Niðurstöðurnar sýna að starfsfólkið upplifði að rannsóknarferlið hafi verið bæði lærdómsríkt og valdeflandi. Ferlið bauð upp á möguleika til að ígrunda eigin starfshætti og bæta þá. Samstarf og stuðningur voru mikilvægir þættir í ferlinu, bæði innan hvers leikskóla, milli leikskóla og við rannsakendur. Virk þátttaka starfsfólks í námi og framförum barnanna var faglega styrkjandi og hvatning í starfi. Rannsóknin bætir við þekkingu á því hvernig starfendarannsóknir geta verið áhrifarík nálgun fyrir starfsþróun kennara og annars starfsfólks. Jafnframt varpar hún ljósi á mikilvægi þess að leikskólakennarar og aðrir sem starfa með börnum fái tækifæri og tíma til faglegar ígrundunar til að bæta starfshætti og menntun ungra barna

Lestarfærni barna í Byrjendalæsissskólum

Rannveig Oddsdóttir dósent

Háskólinn á Akureyri, Hug- og félagsvísindasvið

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Lestur: Panik, tungumál og færni

Ágrip /Abstract

Byrjendalæsi er kennsluaðferð í læsiskennslu fyrir yngstu bekki grunnskóla þar sem lögð er áhersla á að vinna með alla helstu undirþætti læsis, það er talað mál, hlustun, lestur og ritun. Þar sem aðferðin leggur áherslu á víða nálgun í læsiskennslu hafa verið uppi áhyggjuraddir um það að ef til vill sé ekki lögð nægileg rækt við lesturinn sem slíkan, það er kennslu í stöfum og hljóðum og þjálfun lesfimi. Tilgangur rannsóknarinnar er að skoða þróun lestrarfærni barna í 1.–2. bekk í Byrjendalæsissskólum.

Rannsóknin nær til 312 barna í 11 skólum sem nota aðferðir Byrjendalæsis í læsiskennslu. Lögð voru fyrir próf til að meta stafabekkingu og lestrarfærni barnanna í september, janúar og maí og frammistaða þeirra borin saman við tölur úr Lesferli hjá Menntamálastofnun og niðurstöður annarra rannsókna á lestrarfærni íslenskra barna. Í erindinu verða kynntar niðurstöður um stöðu barnanna í lestri í 1. bekk.

Niðurstöður sýna að framvindan í þróun lestrarfærni barna í Byrjendalæsissskólum er svipuð og hjá nemendum í öðrum skólum. Við lok 1. bekkjar hefur 90% barnanna náð góðum tókum á stafabekkingu, það er þekkja hljóð allra eða næstum allra bókstafa íslenska stafrófsins. Nær öll eru farin að geta tengt stafi saman í einföld orð og 90% geta lesið einfaldan texta. Sama hlutfall barna í Byrjendalæsissskólum og á landsvísu nær 90%, 50% og 25% viðmiðum um lesfimi í janúar og maí. Af niðurstöðunum má því draga þá ályktun að Byrjendalæsi skili sambærilegum árangri fyrir lestrarfærni nemenda og aðrar aðferðir sem notaðar eru í lestrarkennslu í íslenskum grunnskólum.

„Ég sá hvernig fagmennska mín jókst“: Reynsla nemenda af launuðu starfsnámi í leikskólakennarafræði

Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir dósent¹, Svava Björg Mörk lektor²

¹HÍ, MVS. ²Háskólinn á Akureyri, Hug- og félagsvísindasvið

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Háskólar: Námskrár

Ágrip /Abstract

Árið 2019 hrintu stjórnvöld af stað átaki til að fjölga kennurum í leik-, grunn- og framhaldsskólum. Einn liður í því átaki var launað starfsnám á lokaári kennaranáms. Markmið þessarar rannsóknar er að kanna reynslu nemenda af launuðu starfsnámi á lokaári í leikskólakennaranámi og munu niðurstöðurnar m.a. nýtast til að þróa fyrirkomulag starfsnámsins, halda á lofti því sem vel hefur gengið og takast á við þær áskoranir sem nemendur hafa upplifað.

Gögnum var safnað með spurningakönnun sem send var út til nemenda í launuðu starfsnámi í leikskólakennaranámi við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri síðan það var sett á haustið 2019. Í könnuninni var spurt út í upplifun þátttakenda af launuðu starfsnámi, reynslu þeirra af leiðsögn á vettvangi og upplifun af námskeiðum og verkefnum sem tengdust starfsnáminu.

Niðurstöðurnar sýna að upplifun nemenda af launuðu starfsnámi er almennt góð. Það sama kom fram varðandi leiðsögn á vettvangi og námskeið og verkefni sem tengjast starfsnáminu. Nemendum fannst langflestum launaða starfsnámið hafa verið góður undirbúningur fyrir leikskólakennarastarfið. Þeim fannst þeir hafa valdeflst í starfi og orðið öruggari sem fagmenn. Niðurstöðurnar sýna þó að einhver misskilningur virðist ríkja um fyrirkomulag starfsnámsins og hvernig það er hugsað sem hluti af starfinu í leikskólanum.

Niðurstöður rannsóknarinnar gefa því til kynna að launað starfsnám í leikskólakennaranámi sé gagnlegt fyrir nemendur og að mikilvægt sé að halda því áfram inni í náminu sem möguleika fyrir tilvonandi leikskólakennara. Skerpa þarf á hvernig fyrirkomulag starfsnámsins skal vera og lýsingu á hlutverkum ólíkra aðila sem koma að því.

Fullgildi foreldra innan leikskólasamfélagsins: Viðhorf leikskólakennara

Björn Rúnar Egilsson nýdoktor

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Leikskólinn: Viðhorf og fjölmiðlaumfjöllun

Ágrip /Abstract

Menntastofnunum yngri barna hefur verið lýst á þá vegu að þær búi yfir möguleikum til þess að ýta undir samfélagslega samheldni með því að bjóða upp á vettvang þar sem fjölskyldur með margvíslegan bakgrunn geti komið saman. Viðhorf foreldra barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn til fullgildis í leikskólasamfélaginu voru könnuð í rannsóknarverkefninu Fararheill: Stuðningur við jákvæðan flutning barna með fjölbreyttan bakgrunn úr leikskóla í grunnskóla. Niðurstöðurnar bentu til bæði sterkra og veikra tengsla foreldra við leikskólasamfélagið. Markmið þessarar framhaldsrannsóknar var að öðlast skilning á reynslu leikskólakennara af samskiptum við barnafjölskyldur og viðhorfum þeirra til þátttöku og fullgildis foreldra í leikskólasamfélaginu. Fimm hópar leikskólakennara úr jafnmörgum leikskólum frá ólíkum hverfum innan Reykjavíkur (með samtals nítján þátttakendum) tóku þátt í rýnihópaviðtölum. Þar voru niðurstöður foreldrarannsóknar Fararheilla kynntar og reynsla og viðhorf þátttakenda til málaflokksins rædd í framhaldinu. Niðurstöðurnar gefa til kynna að þátttakendur telji óformleg dagleg samskipti mynda grunninn að farsælu sambandi við barnafjölskyldur, en að helsta ógnin við þessa tengslamyndun sé upplifun þeirra af fálæti og fjarlægð sumra foreldra. Auk þess er að finna fjölmargar vísbendingar um að leikskólakennarar teygja sig oft á tíðum langt út fyrir starfslýsingar sínar til þess að aðstoða foreldra barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn við að fóta sig í íslensku samfélagi. Frekari rannsóknir og stefnumótun um samband heimilis og leikskóla og tengsl þess við samfélagslega samheldni þurfa að beina sjónum sínum að því lykilhlutverki sem leikskólakennarar geta gegnt gagnvart foreldrum sem eiga lítið bakland hér á landi.

Kennsluþráðurinn frá hugmynd að fullvinnslu

Unnur Gígja Ingimundardóttir MT meistaranemi

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Textílmálstofa I: Kennsla, bækur, aðferðir, orð og sjálfbærni

Ágrip /Abstract

Markmiðið með rannsókninni var að skoða hvernig mætti ná fram betri skilningi grunnskólanemenda í textíl á vinnuferlinu frá hugmynd að fullvinnslu fatnaðar. Skoðað var hvernig koma mætti fræðandi efni um starfsvettvang fullmenntaðra fatahönnuða yfir í söguform sem hluta af kveikju og örvun fyrir hugmynda- og hönnunarvinnu. Verkefnið fól í sér að greina innihald í töflum hæfniviðmiða í textíl í Aðalnámskrá grunnskóla, bæði lóðrétt í gegnum hæfniflokka og lárétt þvert á aldurstigin. Lóðrétt kom í ljós sú fjölbætta hæfni sem nemendur þurfa að öðlast til að ná góðri þjálfun, virkja sköpunarkraftinn og fá dýpri skilning á viðfangsefnum með tengingu við sögu, menningu og umhverfi. Lárétt í gegnum aldurstigin í 1.-10. bekk er síðan verið að dýpka hvern þátt í gegnum verklega reynslu. Atriðaskráin sem fékkst úr greiningunni var notuð til að bera saman við uppbyggingu og innihald fag- og námsbóka: Handbók í textíl og Sjálfbærni í textíl, neysla, nýting og nýsköpun. Niðurstöður sýna að innihald bókanna fellur vel að flokkum hæfniviðmiða. Niðurstöður sýna þó að til að nemendur nái dýpri skilningi á ferlinu frá hugmynd til fullvinnslu verður að tengja viðfangsefnin og verkefnavinnuna strax í upphafi við fata- og textílsöguna, menningararfleifðina og sjálfbærnina sem ýtir þá frekar undir hönnun og nýsköpun og þann vilja að öðlast færni í handverkinu. Niðurstöður sýna líka að nemendur skilja betur markmið textílkennslu og tengingu við hönnun, iðnað, nýsköpun og listir eftir að grunnskóla lýkur. Í erindinu verður fjallað um rannsóknina sem lagði til söguþráðinn og hvernig sagan sem heimasíða í glæruformi getur nýst öðrum textílkennurum.

eTwinning: Rafrænt skólasamstarf á netinu

Soffía Magnúsdóttir framhaldsskólakennari og safnafræðingur

FB

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Textílmálstofa I: Kennsla, bækur, aðferðir, orð og sjálfbærni

Ágrip /Abstract

Barist gegn hraðtísku og Tískupennavinur eru tvö samstarfsverkefni milli landa (eTwinning) sem nemendur á fata- og textílblaut í Fjölbautaskólanum í Breiðholti (FB) unnu að á vorönn 2023. Með aukinni áherslu á sjálfbærni og umhverfisvernd í textílnámi og þeirri tækniþróun sem kennarar urðu að mæta í Covid hefur skapast minni þröskuldur við að stofna til rafrænna verkefna þvert á lönd og skóla innan Evrópu. eTwinning býður upp á mörg tækifæri til faglegrar þróunar, tengslamyndunar, nýsköpunar og viðurkenningar á starfi kennara innan aðildarríkja ESB og Erasmus+ þátttökulanda. Mörg stöndum við frammi fyrir sömu vandamálunum t.a.m. hraðtískan eða “fast fashion” sem er að eyðileggja jörðina. *Barist gegn hraðtísku* var verkefni með skólum frá Þýskalandi og Eistlandi. Markmiðið var að efna til viðburða sem færu fram 22. apríl á degi jarðar og er helgaður fræðslu um umhverfismál. Að beina athygli að hraðtísku, afleiðingum hennar og að stofna til viðburða á þessum degi í öllum skólunum, sem var ýmist fatamarkaðir eða tískusýningar af verkum nemenda úr endurnýttu efni. Auk kennara í FB, í *Tískupennavina* verkefninu, tóku þátt skólar sem kenna fatahönnun á Ítalíu, Króatíu og Moldóvu. Áherslan var lögð á að nemendur myndu tengjast í þörum, skrifast á og vinna yfir netið hugmyndavinnu að flík, en efniviðurinn voru notaðar gallabuxur. Sjálfbærni spilaði stóran þátt ásamt upplýsingatækni og að tileinka sér orðaforða faggreinarinnar á ensku. Verkefnið endaði á sýndargalleríi á netinu með verkum nemenda. Í erindinu verður fjallað um hvernig bæði verkefnin opnuðu kennslustofuna upp á gátt sem bauð einnig upp á skemmtilega nálgun og víðsýni.

Sjöl og teppi: Eins báðum megin

Auður Björt Skúladóttir textílkennari í grunnskóla

HÍ

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Textílmálstofa I: Kennsla, bækur, aðferðir, orð og sjálfbærni

Ágrip /Abstract

Höfundur gaf út bókina Sjöl og teppi á síðasta ári með 24 prjónauppskriftum að sjölum og teppum. Bókin er afrakstur af fimm ára hönnunar- og rannsóknarvinnu höfundar. Meginþráðurinn í hönnuninni er að allar uppskriftirnar eiga það sameiginlegt að sjölin og teppin eru eins báðum megin sem þýðir að það sé engin ranga, einungis rétta og því ekki hægt að snúa þeim „vitlaust“. Höfundur hefur í hönnun sinni og nýsköpun valið að fara óhefðbundnar leiðir bæði er varðar prjöntækni, aðferðir, sniðform og frágang þar sem hver prjónalykkja og aðgerð er hugsuð til hlítar. Lögð er áhersla á vönduð vinnubrögð við prjónavinnuna og frágang. Einnig er vandað til við uppskriftargerðina bæði er varðar ljósmyndir, skýringarmyndir og leiðbeiningatexta. Auk þess eru aðferðir og aðgerðir sýndar í myndböndum sem fylgja bókinni. Höfundur hefur fylgt bókinni vel eftir með heimasíðu og kennslumyndböndum auk þess að halda fyrirlestra og námskeið. Í erindinu verður fjallað um hönnunar- og rannsóknarvinnuna á bak við sjölin og teppin, innihald bókar og uppskriftargerðina, kennslumyndböndin og hvernig bókinni hefur verið fylgt eftir.

Íslenskt orðasafn um fatagerð

Ásdís Jóelsdóttir lektor

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Textílmálstofa I: Kennsla, bækur, aðferðir, orð og sjálfbærni

Ágrip /Abstract

Rannsóknarverkefnið Íslenskt orðasafn um fatagerð hefur tvisvar hlotið styrk úr Styrktarsjóði Áslaugar Hafliðadóttur. Markmiðið með orðasafninu er að útskýra í orðum yfirgripsmikið fræðasvið fatagerðar enda á fataflóran sér djúpa tengingu við sögu og samfélag aftur í aldir. Orðasafnið sýnir fram á flókið ferli fatagerðar frá hugmynd að fullvinnslu og mun þannig auka við þekkingu og virðingu fyrir fatagerð. Þær áherslur má einnig tengja við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og fatasóun, það að velja vel þegar versla á fatnað, nota hann lengur og endurnýta aftur og aftur. Íslenskt orðasafn og samræmd orðanotkun um fatagerð mun nýtast sem mikilvæg undirstaða fyrir þróun og menntun í faggreininni og til útgáfu fagbóka og námsefnis. Í kennslu er mikilvægt að viðhafa ákveðna orðfærni þannig að mögulegt sé að vinna eftir leiðbeiningum kennara, verkefnalýsingum og innihaldi fag- og námsbóka. Samræmt orðalag eykur einnig og samræmir virkni bæði í huglægum og líkamlegum skilningi þar sem hugur og hönd þurfa að vinna vel saman. Í erindinu verður fjallað um rannsóknina og uppbyggingu orðasafnsins sem verður gefið út í bókarformi auk þess sem hluti af því verður birt í Íðorðabanka Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Innihaldið er flókið samspil margra þátta eins og sögu- og samfélagslegrar tengingar, fjölbreytileika fatastíla, skilgreiningar á hugtakinu tíska auk einstakra heita yfir aðferðir og aðgerðir við gerð fatnaðar, tegunda og heita mismunandi fatnaðar og einstaka hluta fatnaðar.

Verklag við búningagerð í grunnskólum

Sigríður Diljá Vilhjálmsdóttir MT meistaranemi

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Textílmálstofa II: Kennsla, bækur, aðferðir, orð og sjálfbærni

Ágrip /Abstract

Markmið með rannsóknarverkefninu var að rannsaka hvernig megi á auðveldan hátt skrásetja verklag við búningagerð í grunnskólum. Höfundur beindi sjónum að unglingastiginu og þátttöku þeirra við búningagerð fyrir Stíl hönnunarsamkeppni grunnskólanna og söngleiki. Höfundur gerði forkönnun á því hvort til væru skrásettir verkferlar fyrir búningagerð. Auk þess tók hann viðtöl við nokkra textílkennara og tómstundafulltrúa sem hafa verið virkir við slíka vinnu. Niðurstöður sýna að engin gögn eru til um söngleikjahald í grunnskólum. Þannig virðist sem skipulag og utanumhald slíkra viðburða sé ekki unnið með skipulögðum hætti innan skólakerfisins. Höfundur færir rök fyrir því að í búningagerð spili textílgreinin og aðferðir hennar mikilvægt hlutverk. Í því samhengi skoðaði hann hæfniviðmið fyrir textíl í aðalnámskrá til að greina hvort textílkennsla í 1. -10. bekk skapi nemendum forsendur til að taka þátt í búningagerð. Niðurstöður sýna að hæfniviðmiðin í textíl gegnum grunnskólann vinna vel saman við að koma á framfæri því sem til þarf; fata- og stílsögu, sköpun og hugmyndavinnu, útfærslum og framkvæmd varðandi efnisval og endurnýtingu, sniðagerð, saumavinnu og skreytingum. Höfundur styður þær niðurstöður með því að greina innihald þeirra bóka og námsefnis sem stuðst er við í textílkennslu. Niðurstöðurnar nýtti höfundur til að þróa innihald verkferla í formi þriggja innfyllingarblaða. Í erindinu verður fjallað um niðurstöður rannsókna og hvernig megi nýta innfyllingarblöðin fyrir verklag og framkvæmd þegar kemur að búningagerð í grunnskólum.

Fjölbreytt munstruð einskefta: Uppskriftabók í vefnaði

Guðrún Kolbeins veflistakona og vefnaðarkennari

Vefnaðarkennari

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Textílmálstofa II: Kennsla, bækur, aðferðir, orð og sjálfbærni

Ágrip /Abstract

Bókin FORM og LITIR er uppskriftabók í vefnaði sem kemur út á vormánuðum 2024. Í bókinni eru allar uppskriftir byggðar á sömu aðferðinni er nefnist á frummálinu „Deversified plane weave“ eða „Fjölbreytt munstruð einskefta“. Bókin er ætluð þeim sem kunna að setja upp í vefstól og hafa aðgang að gagnbindingavefstól. Aðferðin gefur mikið frelsi í gerð ólíkra munsturforma á fremur einfaldan hátt. Höfundur hefur rannsakað möguleika aðferðarinnar og unnið að tilraunaprufum og síðan þróað munsturlínur og ýmsar afurðir fyrir heimilið og fylgihluti fatnaðar sem spanna síðan innihald bókarinnar. Í erindinu verður farið yfir rannsókn og tilraunir höfundar með möguleika aðferðarinnar og uppskriftagerðina.

Þegar andinn grípur unglingana

Brynhildur Þórarinsdóttir dósent

Háskólinn á Akureyri, Hug- og félagsvísindasvið

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Unglingar: Viðhorf og áhrif

Ágrip /Abstract

Samfélagið virðist stöðugt hafa áhyggjur af unglingum en hver eru áhyggjuefni unglinganna sjálfra og hvernig endurspeгла þau samfélagsástandið? Þessum spurningum má svara með því að rýna í atriði unglinga í hæfileikakeppnunum Skrekk í Reykjavík og Fiðringi á Akureyri. Markmiðið með þessum keppnum er að gefa unglingum í 8.–10. bekk færi á að tjá sig á skapandi hátt um það sem þeim liggur á hjarta, en nemendur semja sjálfir atriði og sýna. Í þessari rannsókn er litið á atriði keppenda sem heimild um líðan og áhyggjuefni unglinga. Atriðin verða þemagreind og dregin upp mynd af því sem plagar unglinga í þessum tveimur sveitarfélögum. Skrekkur rekur sögu sína til 1990 en Fiðringur var fyrst haldinn 2022. Samanburður á atriðum keppenda nær því til áráanna 2022 og 2023. Skrekkur gefur hins vegar vísbendingar um hvernig áhyggjuefni unglinga hafa þróast og breyst yfir lengri tíma. Skoðuð verða dæmi um hvernig ytri og innri veruleiki birtist í atriðum unglinganna, svo sem loftslagsvá og andleg vanlíðan, og hvort merkja megi breytingar hvað þetta varðar. Vísbendingar eru um að hinn innri veruleiki eða sálarástand unglinganna sjálfra sækir á sem leita þarf skýringa á. Enn fremur verður leitað skýringa á því hvers vegna þátttaka í bæði Skrekk og Fiðringi hefur reynst afar misjöfn milli kynja en líkur eru á því að þetta tvennt tengist. Greining á atriðunum í keppnunum tveimur getur því haft hagnýtt gildi fyrir skóla- og tómstundastarf með því að fanga veruleika unglingasamfélagsins sem okkur fullorðna fólkinu er gjarnan falinn.

Friðarbönd á vínahönd og Friðarósk á Barnamenningahátíð

Elfa Steinarsdóttir MT meistaranemi, Hrönn Ásgeirsdóttir MT meistaranemi, Signý Traustadóttir MT meistaranemi, Bryndís Sveinsdóttir MT meistaranemi

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Textílmálstofa II: Kennsla, bækur, aðferðir, orð og sjálfbærni

Ágrip /Abstract

Verkefnið er unnið af fjórum meistaranemum í meistaranámskeiðinu Miðlun og skapandi leiðir í list- og verkgreinum við Menntavísindasvið HÍ. Á námskeiðinu taka nemar árlega þátt í að undirbúa og leggja fyrir verkefni á Barnamenningarhátíð í Reykjavík. Í ár, 2023, voru viðburðirnir tileinkaðir friði og var þungamiðja hátíðarinnar í Grafarvogi. Höfundar höfðu samband við Borgarbókasafnið í Spönginni í Grafarvogi um að halda slíkan viðburð. Myndaðist góð samvinna höfunda við verkefnastjóra hátíðarinnar og starfsfólk bókasafnsins varðandi tímasetningar og aðstöðu. Um er að ræða rannsóknarvinnu þar sem lögð var áhersla á að verkefnin í tveimur listasmiðjum væru einföld í grunninn sem gerði það að verkum að mögulegt var að hugsa út hvert smáatriði í verkferlinu. Höfundar lögðu upp með að halda listasmiðjur sem sameinaði fólk og fjölskyldur í notalegri stund auk þess að breiða út friðarboðskapinn. Í listasmiðjunni Friðarbönd á vínahönd var notað bómullargarn í vínaböndin og í skreytingar voru notaðar perlur með friðartáknum sem skornar voru út í krossvið með leiserskurðvél hjá Mixtúru. Síðan voru valdar nokkrar aðferðir við að útbúa friðarbönd með mismunandi erfiðleikastigum. Gestir fléttuðu bönd og skreyttu með perlum með aðstoð höfunda. Í listasmiðjunni Friðarósk voru notaðir steinar og Posca litir þar sem gestir teiknuðu eða skrifuðu óskir sínar um frið á steinana sem þeir komu síðan fyrir í ákveðinni friðarvörðu. Verkefnið endaði á listgjörningi úti í fjöru þar sem hafið tók við steinunum með friðaróskum barnanna. Í erindinu verður farið yfir markmið og undirbúning, verkferlið, markaðssetningu og afrakstur og hverju verkefnið skilaði inn í starfsvettvang höfunda.

Textílmennt og sjálfbærni: Námsvefurinn Gera sjálfur

Ásta Vilhjálmsdóttir textílkennari, MA listkennsla

LHÍ

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Textílmálstofa II: Kennsla, bækur, aðferðir, orð og sjálfbærni

Ágrip /Abstract

Erindið fjallar um námsvefinn <http://www.gerasjalfur.is/> sem var meistaraverkefni höfundar frá Listkennsludeild LHÍ. Verkefnið samanstóð annars vegar af vefnum og hins vegar ritgerð sem gerir vefnum fræðileg skil með stuðningi eigindlegrar rannsóknar. Námsvefnum er ætlað að bæta úr skorti á námsefni þar sem áhersla er lögð á sjálfbærni, einn grunnþátta gildandi aðalnámskrár og Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Á vefnum er að finna verkefni og fræðsluefni sem nýtist kennurum til að leggja sitt af mörkum til að skapa samábyrgt sjálfbært samfélag þar sem allar ákvarðanir og gjörðir taka mið af umhverfi, efnahag og félagslegri sanngirni. Efninu er ætlað að stuðla að bættri siðferðiskennd og hvetja til gagnrýnninnar hugsunar á sviði neyslu- og umhverfishegðunar sem leitt geti til sjálfbærari lífshátta. Fjallað er um sjálfbærni, dökkan hliðar textíliðnaðarins, úrgang, sóun og hreyfingu barna og ungmenna í aðgerðum í loftslagsmálum og getu þeirra til að hafa áhrif í ýmsum málum sem snúa að sjálfbærni. Bent er á leiðir og góð ráð til að snúa þróuninni við með breyttum lífsháttum og gildum. Verkefnin taka á neyslu, úrgangi, skynditísku, fatasóun, sjálfbærri tísku og umhverfisáhrifum textíliðnaðarins. Þau fjalla um nýtni, endurvinnslu og endurgerð textílúrgangs og annars efnis sem ekki er lengur í notkun og yrði hent ella. Nokkur verkefni hafa náttúru og umhverfi að leiðarljósi og miða að því að auka tengsl nemenda við raunveruleikann, náttúruna og umhverfið, sem er mikilvægt sjálfbæru gildismati. Sagt verður frá nokkrum verkefnum sem eru samfélagsmiðuð og hafa að markmiði að gefa af sér og vekja samhygð.

Þroski eða þjónusta: Þrástef og þversagnir í umfjöllun fjölmiðla um leikskóla

Ingólfur Ásgeir Jóhannesson prófessor¹, Sunna K. Símonardóttir nýdóktor²

¹HÍ, MVS. ²HÍ, FVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Leikskólinn: Viðhorf og fjölmiðlaumfjöllun

Ágrip /Abstract

Á árunum 2020–2022 varð mikil fjölmiðlaumræða um málefni leikskóla. Farið var skipulega yfir þessa umfjöllun sem reyndist vera 1308 greinar í gagnabanka Fjölmiðlavaktarinnar. Tilgangurinn var að kanna hvernig væri fjallað um leikskóla og hlutverk þeirra. Ýmsir atburðir á þessu tímabili leiddu til mikillar umfjöllunar, til dæmis ákvörðun um styttingu opnunartíma leikskóla í Reykjavík, Covid-hópsmit á leikskóla, lokun tiltekins leikskóla vegna vanrækslu, verkfall Eflingar, frumvarp um fæðingarorlof, „hústökuleikskóli“ í ráðhúsi Reykjavíkur vegna skorts á leikskólaplássum og sveitarstjórnarkosningar. Valdir voru tveir atburðir sem um var tiltölulega mikil umfjöllun á stuttum tíma. Annars vegar ákvörðun Reykjavíkurborgar í janúar 2020 að stytta opnunartíma leikskóla um hálf tíma síðdegis; hins vegar kosningapistlar fyrir sveitarstjórnarkosningar 2022. Lesnar voru allar greinar um þessi tvö málefni sem birtust á rúmlega hálfsmánaðar tímabili, samtals 59 (27+32) greinar, fréttir og pistlar. Leitað var svara við spurningunum: Hvað er leikskóli og til hvers er hann? Hvernig er talað um veru barna í leikskólum? Hvað er ætlast til að börn fái út úr leikskólavist? Til hvers er ætlast af foreldrum í sambandi við leikskóla? Beitt var aðferðum sögulegrar greiningar á orðræðu og leitað að þrástefjum og þversögnum sem varpað gætu ljósi á spurningarnar. Helstu þrástef reyndust vera álag á börnin; álag á starfsfólkið og mönnunarvandi; þroski barna; þjónusta við börn og fjölskyldur; gjaldfrjáls leikskóli; fimm ára börn fari í grunnskóla; og heimgreiðslur til þeirra sem ekki fá leikskólavist. Dregnar eru fram ýmsar þversagnir, til dæmis milli þess hlutverks leikskóla að vera mennta- og þroskastofnun eða hvort hann er líka þjónustustofnun.

Innleiðing Gagnvirka samstarfslíkansins í Breiðholti

Eygló Guðmundsdóttir deildarstjóri¹, Ásta Bjarney Elíasdóttir skólastjóri², Sigurlaug Hauksdóttir kennari², Margrét Edda Yngvadóttir verkefnastjóri³

¹Ölduselsskóli. ²Breiðholtsskóli. ³Reykjavíkurborg, Suðurlandsstaða

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Stjórnun og starfshættir

Ágrip /Abstract

Grunnskólarnir í Breiðholti; Breiðholtsskóli, Fellaskóli, Hólabrekkuskóli, Seljaskóli og Ölduselsskóli, í samvinnu við skóla- og frístundapjónustu í Breiðholti, innleiða Gagnvirka samstarfslíkanið (e. Collaborative Response). Líkanið, sem byggir á þremur samverkandi þáttum, er upprunnið í Kanada og hefur verið notað þar með góðum árangri. Innleiðingin er unnin í samvinnu við höfunda líkansins, Kurt og Lorna Hewson, sem veita faglega ráðgjöf við innleiðingu og mat á verkefninu.

Með innleiðingu líkansins styðja starfsmenn skólanna hver annan við að bregðast við þörfum nemenda á markvissan hátt. Líkanið er byggt á þremur samverkandi þáttum; skipulagi í fundarsköpum, uppbyggingu lausnabanka og verklagi við fyrirlögn og eftirvinnslu skilnaðs og gagna.

Nemendahópurinn í Breiðholti einkennist af fjölbreytni og nauðsynlegt er að breyta starfsháttum og auka viðeigandi stuðning snemma. Nemendur í hverfinu hafa til dæmis fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn og aðlaga þarf starfshætti skólanna til að koma til móts við þarfir þeirra.

Innleiðing gagnvirka samstarfslíkansins spilar veigamikinn þátt í þeim breytingum sem nauðsynlegar eru á starfsháttum og innra skipulagi skólanna m.t.t. laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Með þessum breytingum er tryggt að starfsmenn skólanna fái tíma og stuðning vegna lausnarleitar í málum nemenda sem eiga við vægan vanda að stríða. Með aðferðafræðinni aukum við líkurnar á að hægt sé að mæta vanda barna með snemmtækri íhlutun og stuðningi á 1. þjónustustigi og draga þannig úr þörf fyrir stuðning á 2. og 3. þjónustustigi. Áhersluatriði í öðrum fasa innleiðingarinnar, líðan og geðheilbrigði endurspeglar einnig áherslur þeirra breytinga sem framundan eru með tilkomu laganna.

Vellíðan í skólastarfi: Að innleiða áherslur Hugarfrelsis í grunnskóla

Hrafnhildur Sigurðardóttir kennari með diplóma í sálsgæsu og núvitund¹, Unnur Arna Jónsdóttir viðskiptafræðingur með diplóma í sálsgæsu og núvitund¹, Karen Rut Gísladóttir prófessor²

¹Hugarfrelsi. ²HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Frístundir, vellíðan og skólastarf

Ágrip /Abstract

Nútíma samfélag einkennist af hraða og áreiti. Dagskrá grunnskólabarna er oft yfirhlaðin frá morgni til kvölds. Börn gera oft óraunhæfar kröfur til sín á mörgum sviðum. Þegar þau standast ekki eigin kröfur getur það haft neikvæð áhrif á líðan þeirra og sjálfsmynd. Mikilvægt er að styrkja börn með verkfærum sem þau geta notað til að takast á við ólík verkefni sem lífið færir þeim og skapa aðstæður í skólastarfi þar sem nemendur finni aukið jafnvægi. Hugarfrelsi er fyrirtæki sem stendur fyrir ýmis konar fræðslu, námskeiðum og fyrirlestrum þar sem börnum, unglingum, foreldrum og fagfólki er kennt að nota einfaldar aðferðir til að efla sjálfsmynd og vellíðan.

Tilgangur rannsóknarinnar er að auka vellíðan kennara og nemenda í skólastarfi. Markmiðið er að skoða 1) hvaða leiðir kennarar fara í að flétta áherslur Hugarfrelsis inn í skólastarf og hvaða áskorunum þeir standa frammi fyrir 2) hvaða áhrif stuðningur og samtal við kennara hefur í innleiðingarferlinu 3) hvaða áhrif kennarar sjá þessa vinnu hafa á líðan og nám nemenda. Rannsóknargögn eru lýsingar af námskeiði fyrir kennara og kennslugögn, leiðbeiningar til kennara, upptökur og afritanir af stöðufundum með kennurum og ljósmyndir af verkefnum nemenda. Niðurstöður benda til að bæði kennarar og nemendur finni ávinning af aðferðafræði Hugarfrelsis í daglegu starfi. Í innleiðingarferlinu var mikilvægt fyrir kennarana að hafa aðgengilegt námsefni og tillögur að verkefnum sem og að geta deilt reynslu sinni og leitað ráða. Af þessu má ráða að markviss stuðningur og samtal eykur líkur á að kennarar tileinki sér aðferðafræðina.

„Nú þurfum við aðeins að bakka“: Orðræðugreining á fjölmiðlaumfjöllun um heimgreiðslur í stað leikskólaláss

Sunna Símónardóttir nýdóktor¹, Ingólfur Ásgeir Jóhannesson prófessor²

¹HÍ, FVS. ²HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Leikskólinn: Viðhorf og fjölmiðlaumfjöllun

Ágrip /Abstract

Heimgreiðslur (e. Cash for Care) eru greiddar foreldrum, yfirleitt að loknu fæðingarorlofi og í flestum tilvikum þar til barn fær leikskólaláss. Ísland sker sig frá hinum Norðurlöndum því að hérlandis hafa ekki verið sett lög um innleiðingu heimgreiðslna, en hvert sveitarfélag fyrir sig getur tekið ákvörðun um hvort þær séu teknar upp og með hvaða hætti. Heimgreiðslur hafa verið gagnrýndar fyrir að vinna gegn jafnrétti, þar sem þær eru einkum notaðar af mæðrum. Einnig hefur verið bent á að þær geti unnið gegn hagsmunum barna innflytjenda. Tilgangur rannsóknar er að kortleggja og greina sívaxandi umræðu í íslenskum fjölmiðlum um heimgreiðslur sem viðbragð við vanda leikskólakerfisins og foreldra sem bíða eftir plássi fyrir börn sín. Í rannsókninni beitum við femínískri orðræðugreiningu til þess að greina fjölmiðlaumfjöllun um heimgreiðslur á 40 mánaða tímabili, frá janúar 2020 til apríl 2023. Greining gagna sýnir hvernig jarðvegur fyrir heimgreiðslur skapaðist í íslensku samhengi á árunum 2020-2023 og hvernig orðræðulegt niðurrif leikskólakerfisins skapar aðstæður þar sem heimgreiðslur virðast viðunandi lausn – bæði fyrir foreldra en ekki síður börn. Þögn ríkir um áhrif af heimgreiðslum á undirskipaða hópa samfélagsins, til dæmis konur af erlendum uppruna og börn þeirra, og þöggun virðist líka vera um kynjuð áhrif heimgreiðslna. Þess í stað er talað inn í póstfemíníska orðræðu um val einstaklingsins og ábyrgð hvers foreldris fyrir sig. Niðurstöður gefa til kynna hvernig átök og núningur er skapaður á milli hagsmuna mæðra og hagsmuna barna þar sem þekkt stef úr orðræðu ákafrar mæðrunar og tengslamyndunar hafa öðlast lögmæti.

Breytingar á hreyfingu meðal 17 ára íslenskra unglunga: Hlutlæg og huglæg gögn úr tveimur árgöngum

Rúna Stefánsdóttir lektor, Björn Hjálmarsson, Vaka Rögnvaldsdóttir lektor, Erlingur Sigurður Jóhannsson prófessor

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Líkamleg hreyfing, hreyfifærni og heilsa ungmenna

Ágrip /Abstract

Markmið þessarar rannsóknar var að kanna hvernig hreyfing, mæld bæði hlutlægt og huglægt, hefur breyst hjá 17 ára íslenskum ungmennum frá árinu 2017 til 2021.

Vorið 2017 mældum við eina viku af hreyfingu með hreyfimæli (actigraph), staðsettur á úlnliði hjá 160 unglingum (96 stúlkur, fæddar 1999). Nemendur svöruðu einnig rafrænum spurningalista um hreyfingu. Vorið 2021 svaraði 171 unglingur (107 stúlkur, fædd 2003) spurningalistanum og 74 (45 stúlkur) samþykktu að nota hreyfimæli í eina viku.

Hlutlægar mælingar á meðaltali vikulegrar hreyfingar lækkuðu um 4,1% á milli tímabila: 1786 counts/mín á dag árið 2017 í 1713 counts/mín á dag árið 2021. Hins vegar var munurinn ekki tölfraðilega marktækur ($P=0,18$). Þegar hreyfing mæld með spurningakönnun var skoðuð svöruðu 40% ungmenna að þau stunduðu líkamlega hreyfingu 6 klukkustundir eða meira á viku árið 2017. Árið 2021 stunduðu aðeins 30% 17 ára unglunga líkamlega hreyfingu 6 klukkustundir eða meira á viku.

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að á aðeins fjórum árum dró úr almennri hreyfingu hjá íslenskum ungmennum bæði þegar skoðaðar voru huglægar og hlutlægar mælingar. Enn fremur var aukning á fjölda ungmenna sem uppfyllti ekki ráðleggingar um að minnsta kosti 60 mínútur (1 klst.) eða meira af miðlungs til öflugri hreyfingu daglega. Niðurstöðurnar sýna að á fjórum árum, eða á milli 2017 og 2021, hafi eldri íslenskir unglingar verið að hreyfa sig minna, í styttri tíma og enn færri virðast ná ráðlögðum leiðbeiningum um hreyfingu á viku.

Distribution of flat feet among children in one compulsory school in Reykjavík: Implications for physical education classes

Milos Petrovic lektor, Þórdís Gísladóttir dósent

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Líkamleg hreyfing, hreyfifærni og heilsa ungmenna

Ágrip /Abstract

Flat feet are one of the most common postural deformities. Flat feet (pes planus) are commonly known as fallen or collapsed arches. Over the past 15 years, there has been an observed increase in the prevalence of flat feet among schoolchildren, with figures rising from 10 to 25 percent. Flat feet can cause pain in heels, ankles, knees, and spine and therefore physical education teachers should be well informed about this condition, prevention and correction. The aim of this project was to investigate how common flat feet was among schoolchildren in Iceland.

In total, 233 students of one compulsory school in Reykjavík (1st to 10th grade) participated in this study. A diagnostic podoscope was used to establish the foot status. A device with a camera took a snapshot of the feet. The image was analysed in Multireha software and Clark angle was used to distinguish whether a student has flat feet or not.

The results have shown that 23% of the tested population has flat feet, i.e., 54 out of 233 students.

The results indicate that in one compulsory school in Iceland, 23% of students had flat feet. Physical education teachers in this particular school will use specialized exercises, integral to strength and conditioning protocols that are primarily designed to enhance the strength of the muscles, tendons, and ligaments in the feet and calf region to try and lower the number of flat feet. The results from the effort will hopefully lead to lowering flat feet among students.

Breytingar á hreyfingu, líkamssamsetningu og þreki ungmenna frá 15 til 17 ára

Vaka Rögnvaldsdóttir lektor, Þuríður Helga Ingvarsdóttir doktorsnemi, Rúna Stefánsdóttir lektor, Erlingur Sigurður Jóhannsson prófessor

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Líkamleg hreyfing, hreyfifærni og heilsa ungmenna

Ágrip /Abstract

Regluleg hreyfing hefur jákvæð áhrif á heilsu ungmenna en þrír fjórðu hlutar ungmenna uppfylla ekki alþjóðleg viðmið um daglega hreyfingu. Regluleg hreyfing af meðal- og mikilli ákefð hefur verið tengd við aukið þrek og hagstæða líkamssamsetningu.

Markmið rannsóknarinnar var að meta breytingar á almennri hreyfingu, íþróttapátttöku, líkamssamsetningu og þreki ungmenna 15 til 17 ára.

Almenn hreyfing var mæld með hreyfímæli meðal 154 unglinga (98 stúlkur), á tveimur tímapunktum, árin 2015 og 2017. Út frá spurningalista var íþróttapátttaka og þátttaka í líkams-/heilsurækt metin. Þrek var mælt með hámarksáreynsluprófi og niðurstöður settar fram sem VO2max ml/kg/mín. Líkamssamsetning var mæld með röntgenmyndatöku (dual-energy X-ray absorptiometry) DXA skönnun.

Hreyfing minnkaði marktækt um 16,7% frá 15 til 17 ára. Íþróttapátttaka minnkaði úr 69,1% í 50,3% og almenn hreyfing, að minnsta kosti 4 klst./viku, minnkaði úr 74,3% í 64,7% frá 15 til 17 ára. Á tveggja ára tímabili, hækkaði líkamspýngdarstuðull (LPS), fitufrír vöðvamassi (LMI) og fituprósentu bols marktækt, en heildarfituprósentu jókst hjá stúlkum en ekki drengjum. Þrek minnkaði marktækt milli áranna tveggja. Jákvæð tengsl fundust milli hreyfingar og þreks bæði 15 og 17 ára. Hærra þrek var marktækt tengt lægri LPS, fituprósentu, fituprósentu bols og hærri LMI 15 og 17 ára.

Meiri almenn hreyfing tengist hagstæðari líkamssamsetningu og meira þreki. Frjáls hreyfing og formleg íþróttapátttaka eru mikilvægir þættir í að auka hreyfingu og almennt hreysti.

Tengsl styrks við hreyfifærni unglinga

Pórdís Gísladóttir dósent, Milos Petrovic lektor

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Líkamleg hreyfing, hreyfifærni og heilsa ungmenna

Ágrip /Abstract

Hreyfifærni getur haft áhrif á hreyfingu og líkamshreysti barna og unglinga. Gripstyrkur hefur sterk tengsl við styrk í öðrum vöðvahópum og er talinn gefa áreiðanlegt mat á líkamsstyrk.

Markmið rannsóknarinnar var að kanna tengsl milli gripstyrks og hreyfifærni hjá unglingum. Þátttakendur í rannsókninni voru 177 drengir og 153 stúlkur á aldrinum 13-16 ára frá tveimur grunnskólum á Íslandi.

Hreyfifærniþrófið MovementABC-2 (MABC-2) var notað til að meta hreyfifærni. Prófið mælir bæði fín- og grófhreyfingar og er samsett af mismunandi æfingum sem miðaðar eru við aldur þátttakenda. Prófið samanstendur af þremur verkefnum sem mæla fínhreyfingar, tveimur verkefnum sem mæla boltafærni og þremur verkefnum sem mæla jafnvægi. Gripstyrkur var mældur með aflmæli með stillanlegu gripi. Tölfræðileg úrvinnsla var unnin með Jamovi hugbúnaðinum og Pearson-fylgnistuðull var notaður til að kanna fylgni milli gripstyrks og MABC-2 prófanna.

Stúlkur náðu betri árangri á MABC-2 prófinu á öllum aldri ($M=10,08$, $SD=2,16$), samanborið við stráka ($M=8,90$, $SD=2,15$), nema í 16 ára aldurshópnum. Hjá stúlkum var ekki marktæk fylgni milli gripstyrks og MABC-2 prófanna. Eina marktæka fylgnin sem mældist var á milli gripstyrks og tveggja verkefna á hreyfifærniþrófinu sem mæla boltafærni, þ.e. að kasta og grípa og kasta á skotmark hjá drengjum ($r=0,255$; $p=0,001$).

Niðurstöður þessarar rannsóknar benda til að gripstyrkur hafi takmörkuð tengsl við hreyfifærni hjá unglingum.

Hvernig má draga úr umhverfisáhrifum stafrænnar tæknivæðingar?

Rannveig Björk Þorkelsdóttir dósent

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Græn framtíð og farsæld barna

Ágrip /Abstract

Árið 2021 hlýnaði norðurheimskautið tvöfalt hraðar en aðrir heimshlutar og var það sjöunda hlýjasta árið sem mælt hefur. Árið 2022 og 2023 mun mannkynið brenna meira kolefni en nokkru sinni fyrr þegar hagkerfi heimsins hafa jafnað sig eftir Covid-19 heimsfaraldurinn. Á sama tíma hafa loftslagsbreytingar þegar haft áhrif á alla heimshluta á margvíslegan hátt, en breytingarnar sem við erum að upplifa munu magnast með frekari hlýnun.

Þróunar- og rannsóknarverkefnið Eco digital miðar að því að hvetja fleiri og fleiri til að átta sig á mikilvægi stafræns úrgangsvandamáls (digital waste) og þróa jákvæðar breytingar á hegðun ungs fólks. Vitundarvakning og fræðsla um að draga úr losun koltvísýrings frá net- og skýjanotkun gæti leitt til jákvæðra niðurstaðna. EcoDigital verkefnið miðar að því að að styðja kennara og nemendur í að bæta þekkingu sína á umhverfisáhrifum stafrænnar tæknivæðingar.

Framkvæmd var könnun til að leggja mat á vitundarstig stafræns úrgangsvanda í skólasamfélaginu. Eins var útbúið kennsluefni fyrir kennara og nemendur og fræðsluefni fyrir foreldra, skólastjórnendur og aðra hagsmunaaðila. Niðurstöður þeirrar vinnu verða kynntar.

Að vera grænn í orði og verki með stafrænum frásögnum

Jóna Guðrún Jónsdóttir aðjúnt

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Græn framtíð og farsæld barna

Ágrip /Abstract

Verkefnið miðar að því að breyta viðhorfum nemenda og hvetja þá til að grípa til róttækra aðgerða gegn loftslagsvandinum í sínum eigin samfélögum og mynda tengsl við skóla erlendis. Þróunar- og rannsóknarverkefnið er hannað í því skyni að styðja við kennara og nemendur í grunn- og framhaldsskólum í baráttunni gegn loftslagsvánni. Markmið ActGreenStory (AGS) rannsóknarinnar er að þróa námsefni þar sem stafrænar frásagnir verða notaðar til að vekja áhuga nemenda á loftslagsbreytingum. Þetta ber með sér þekkingaröflun, allt frá því að draga athygli nemenda að loftslagsbreytingum til raunverulegra athafna. Sögur tengdar verkefninu verða búnar til og þeim dreift til hagsmunaaðila í grænu samfélagi innan Evrópu til að knýja fram frekari aðgerðir í loftslagsmálum.

Rík áhersla er á að kennarar og nemendur tengist öðrum skólum og grænum aðgerðarsinum í ferlinu. Niðurstöður þessa þróunar- og rannsóknarverkefnis verða kynntar en stefnt er að því að því að skapa netsamfélag um alla Evrópu sem samanstendur af meira en þúsund kennurum, nemendum, skólum, stefnumótendum, félagasamtökum, foreldrum og hagsmunaaðilum samfélagsins til að leggja sitt af mörkum við að móta herferð fyrir loftslagsbreytingar.

Leiksmiðjan: Sköpun í stafrænum heimi

Ásgerður Harris Jóhannesdóttir aðjúnt og doktorsnemi

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Græn framtíð og farsæld barna

Ágrip /Abstract

Leiksmiðjan, sköpun í stafrænum heimi, er kennsluþróunarverkefni sem hóf göngu sína haustið 2019. Markmiðið með Leiksmiðjunni, sköpun í stafrænum heimi, er að skapa vettvang fyrir gagnvirka leiklist og er ætlað að vera lifandi leikhúsvettvangur og miðstöð tilrauna fyrir hvers kyns leiklist sem tengist netmiðlum allt frá lifandi upptökum til tilbúinna mynd- og hljóðverka. Áhersla er á á stafrænar sviðslistir þ.m.t. leiksýningar og hljóðverk þar sem tölvutækni er notuð til að miðla verki eða hluta af verki. Í framhaldi af námskeiðinu var útbúin vefsíða fyrir kjörsviðið leiklist www.leikumaflist.com.

Vefurinn leikumaflist.com er kennslu- og veffræðaumhverfi á sviði kennslu og rannsókna í leiklist og er nú þegar samansafn af verkum nemenda og kennara ásamt fjölda rannsókna og heildstæðra ferla í leiklist. Vefsíðan er opin öllum nemendum við Háskóla Íslands ásamt kennurum við HÍ sem og almennum kennurum sem vilja kynnst og nota leiklist og netmiðla. Í þessari málstofu verður bæði vefurinn og kennsluþróunarverkefnið: Leiksmiðja, sköpun í stafrænum heimi, kynnt en vefurinn tengist báðum þróunar- og rannsóknarverkefnunum: Hvernig má draga úr umhverfisáhrifum stafrænnar tæknivæðingar? og Að vera grænn í orði og verki með stafrænum frásögnum (AGS).

Frábærir foreldrar sem tilheyra framúrskarandi þjóð: Hinsegin foreldrar og birtingarmyndir nýfrjálshyggjunnar í íslenskum fjölmiðlum 2010–2021

Íris Ellenberger dósent

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Veruleiki nýfrjálshyggjunnar: Nýjar hinsegin (og) femínískar rannsóknir á stjórnvaldstækni nýfrjálshyggjunnar

Ágrip /Abstract

Í þessu erindi fjalla ég um nýlega rannsókn á birtingarmyndum hinsegin fjölskyldna í íslenskum fjölmiðlum á árunum 2010-2021 með áherslu á hvernig þær tala inn í nýfrjálshyggju og samkynhneigða þjóðerishyggju (e. homonationalism). Rannsóknin var unnin af Írisi Ellenberger og Auði Magnísi Auðardóttur haustið 2022. 37 fjölmiðlaviðtöl við hinsegin fjölskyldur voru greind með aðferðum ígrundandi þemagreiningar með það að markmiði að skilja þær opinberu orðræður sem viðmælendur og blaðamenn byggja á þegar þeir búa til ímyndina af hinu góða hinsegin fjölskyldulífi á Íslandi. Niðurstöður benda til þess að í viðtölunum sé hefðbundið fjölskyldulíf mótað sem hornsteinn hinsegin tilveru. Hinsegin foreldrar séu jafnframt sýndir sem góðir foreldrar, eða jafnvel betri foreldrar þar sem það að alast upp í óhefðbundinni fjölskyldu ýtir undir seiglu og útsjónarsemi hjá börnum þeirra. Einnig má greina hvernig fjölmiðlaorðræður draga upp mynd af íslensku þjóðinni sem framúrskarandi þar sem smæð hennar og hugmyndin um hina íslensku kjarnafjölskyldu eru talin gera hana „náttúrlega“ jákvæða gagnvart hinsegin fólki. Greining okkar bendir jafnframt til þess að innlimun hinsegin fjölskyldna inn í þjóðina velti á tengslum fjölskyldunnar við stórfjölskyldu og þeim forréttindum sem felast í því að vera hvít, ófötlud og af millistétt þegar kemur að foreldravendum.

Starfsmannavelta meðal skólastjóra í íslenskum grunnskólum 1998-2020

Börkur Hansen prófessor, Amalía Björnsdóttir prófessor

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Stjórnun og starfshættir

Ágrip /Abstract

Starfsmannavelta meðal skólastjóra í íslenskum grunnskólum hefur ekki mikið verið rannsökuð. Bandarískar rannsóknir sýna að tíð skipti á skólastjórum eru víða algeng og umsækjendum um stöður skólastjóra fer fækkandi. Samkvæmt bandarískri rannsókn láta 25% starfandi skólastjóra af störfum ár hvert og um 50% eftir þrjú ár í starfi. Óraunhæfar kröfur til skólastjóra um árangur eru jafnan talðar ástæða þessara öru skipta. Helsti hvati rannsókna á hreyfanleika eða stöðugleika skólastjóra í starfi byggist á því að rannsóknir benda til þess að mikil starfsmannavelta í skólum hafi neikvæð áhrif á skólastarf, forysta verði óstöðug og mikilvægum verkefnum og áherslum sé ekki fylgt eftir. Markmið þessarar rannsóknar var að skoða stöðugleika og starfsmannaveltu hjá skólastjórum á tímabilinu 1998-2020. Notuð voru gögn frá Hagstofu Íslands um skólastjóra sem störfuðu í íslenskum grunnskólum á þessum árum. Meginniðurstöður eru þær að stöðugleiki meðal skólastjóra í grunnskólum er talsverður, það er að þeir starfi að meðaltali nokkuð lengi í sama skóla. Aðeins um fimmtungur hópsins stýrði fleiri en einum skóla, það er færði sig til milli skóla. Stöðugleiki var meiri í stórum skólum en litlum. Niðurstöður sýndu að almennt var stöðugleiki skólastjóra í starfi talsverður en tíð skólastjóraskipti voru helst í litlum skólum sem eru flestir á landsbyggðinni. Starfsmannavelta meðal skólastjóra virðist því bundin við ákveðna gerð skóla og væri ástæða til að skoða nánar ástæður fyrir því.

Unlocking the Data Jungle: Navigating Educational Research for Inclusive Praxis

Ásta Möller Sívertsen doktorsnemi, Ruth Jörgensdóttir Rauterberg aðjúnkt og doktorsnemi, Anna Katarzyna Wozniczka doktorsnemi

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

"We won't quit until we finish!": Navigating academic writing for educational practice through collaborative self-studies

Ágrip /Abstract

Educational researchers encounter various challenges when disseminating findings. This presentation is co-authored by three practitioners and doctoral candidates. The common goal of our studies is to contribute to development of inclusive educational practices in Iceland and abroad and to empower practitioners to utilize research for professional development.

The purpose of this study is to map and analyse the challenges associated with disseminating research findings effectively to benefit practitioners while upholding academic standards. Employing a self-study methodology, the researchers interviewed each other with the research questions: What kind of approaches do we apply in disseminating findings so that they are meaningful for practitioners? How can our findings inform educational communities and spaces for growth and development?

Interviews were transcribed and underwent individual and collective analysis through critical conversations, with focus on identifying codes and common themes. Preliminary findings reveal tensions between academic standards and practical relevance for the audience. Findings indicate that to address these challenges, it may be helpful to engage in mind-mapping, critical reflections with peers, writing groups, and in-depth data analysis.

In conclusion, this study emphasizes the challenges faced by educational researchers when disseminating their findings and endeavours to deliver key messages in a manner that is both useful to practitioners and in line with academic rigor. The study highlights the role of reflection and dialogue among practitioner researchers as potential solutions to these challenges.

Velferð í leik og sköpun: Samþætt nálgun í leikskólakennaranámi

Svava Björg Mörk lektor¹, Anna Elísa Hreiðarsdóttir lektor²

¹Háskólinn á Akureyri, Hug- og félagsvísindasvið. ²Háskólinn á Akureyri

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Í leikskólanum ganga farsæld og velferð hönd í hönd

Ágrip /Abstract

Undanfarið hafa stjórnvöld lagt aukna áherslu á farsæld barna og heilbrigði og velferð, einn af sex grunnþáttum menntunar, fellur einkar vel að slíkum áherslum. Í erindinu er fjallað um tilraunaverkefni í háskólanámi þar sem fléttað var saman efni tveggja námskeiða, annars vegar námskeiðs um leikkenningar og hins vegar námskeiðs um sköpun í leikskólastarfi. Velferð var rauði þráðurinn sem notaður var til að binda saman námskeiðin tvö og markmiðið var að styðja nema í að tengja kenningar við starf. Áhersla var lögð á markvissa ígrundun þar sem verkefnin sem nemar unnu og reynslan af þeim var skoðuð í ljósi kenninga um sköpun (Malaguzzi, Rinaldi og Vecchi) og kenninga um leik og leikumhverfi (Bandura og Bronfenbrenner). Gagna var aflað frá nemendum í formi verkefna þeirra, mats á hvernig til tókst og spurningakannana en einnig með sameiginlegri ígrundun háskólakennaranna tveggja sem skrifuðu dagbækur, tóku vettvangsnótur og ljósmyndir.

Niðurstöður sýna að nemar kunnu vel að meta áskorunina sem í vinnunni fólst og þótti hún skila mikilvægum lærdómi. Aðferðin opnaði augu nema fyrir því hvernig sköpun tengist leik og hvernig hvoru tveggja á rætur í kenningum sem unnið var með en fram að þessu hafði nemum þótt erfitt að tengja þetta tvennt saman. Dregin er sú ályktun að samþætting námskeiðanna hafi skilað árangri fyrir nema, ekki síst í að auka hæfni þeirra til að tengja vinnubrögð við fræði og er þá ótalinn ávinningurinn sem háskólakennararnir upplifðu fyrir eigin vinnubrögð en á því verður tæpt í erindinu.

Með velferð barna að leiðarljósi: Greining á hlutverki leikskóla í sögulegu ljósi

Anna Elísa Hreiðarsdóttir lektor

Háskólinn á Akureyri

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Í leikskólanum ganga farsæld og velferð hönd í hönd

Ágrip /Abstract

Heilbrigði og velferð barna er einn af lykilþáttum í hlutverki leikskóla og hefur verið það í gegnum leikskólasöguna, jafnvel má segja það hafi verið meginatriðið þegar fyrstu skrefin voru stigin við að koma fyrstu leikskólunum á legg. Í erindinu er litið yfir söguna og kafað ofan í hlutverk leikskóla og hvernig það hefur breyst og þróast í gegnum tíðina með það að markmiði að finna þrástef í umræðunni á opinberum vettvangi, í fréttum, viðtölum og fjölmiðlaumfjöllun um leikskóla.

Niðurstöður sýna að þrástefin í umræðunni eru nokkur og þau tengjast missterkum böndum. Að sama skapi er ólíkt hvaða raddir tala fyrir hverju þrástefi fyrir sig. Þrástefin eru velferð barna, menntun, þjónusta, kynjajafnrétti og vinnumarkaðurinn. Opinber ríkisstefna er skýr á menntahlutverk leikskóla og leikskólafólk háværa röddin þegar kemur að því að tala fyrir því. Vinnumarkaðurinn og foreldrar halda uppi umræðu um þjónustuhlutverk leikskóla, stundum með því að nefna kynjajafnrétti sem rök. Menntahlutverkið er gjarnan rætt í samhengi við hlutverk grunnskóla, oftast af leikskólafólki og þá til að varpa ljósi á mismun þarna á milli, til dæmis í ákvörðunum sveitarfélaga. Sú ályktun er dregin að kjarninn í tilgangi leikskóla hafi haldist frá upphafi, það er leikskólinn er, og hefur alltaf verið, staður þar sem velferð barna er höfð að leiðarljósi þó röksemdirnar sem liggja að baki séu ólíkar og stangist jafnvel á. Svo virðist einnig sem menntahlutverkið þurfi á tíðum að standa af sér ágjöf frá kröfum um þjónustu.

Hvers vegna þurfum við að einbeita okkur að farsæld og velfarnaði í framhaldsskólum?

Magnús Þorkelsson Fyrrv. skólameistari framhaldsskóla

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Skólastarf til velfarnaðar

Ágrip /Abstract

Tilgangur þessa erindis er að draga fram bakgrunn hugtaka sem nú eru notuð jöfnum höndum af ólíkum aðilum en það eru orðin farsæld, velsæld og velfarnaður, sem eru líklega samheiti. Fjallað verður um það hvernig skólar hljóti að taka virkan þátt í þessa umræðu. Og um leið er spurt hverjum þjónar framhaldsskólinn? Hver er tilgangur hans?

Aðferðin er orðræðugreining og sagnfræði. Spunnin verður tímalína og unnið með lagafrumvörp og fleira.

Fjallað er um tilgang skólastigsins sem birtist 2. grein laga um framhaldsskóla og skoðað hvernig inntak hennar snertir nýlega lagasetningu um farsæld barna en þar er farsæld barna skilgreind þannig að til staðar séu aðstæður „sem skapa barni skilyrði til að ná líkamlegum, sálrænum, vitsmunalegum, siðferðilegum og félagslegum þroska og heilsu á eigin forsendum til framtíðar.“ Síðan verður lýst ástandi mála þegar Heilsueflandi framhaldsskóli fór af stað og reynt að skýra þá vegferð sem þar hófst og þróaðist yfir í framhaldsskóla til farsældar/velfarnaðar.

Jafnframt verður reynt að útskýra hvað sé merkilegt við það að framhaldsskólastarf sé til farsældar og farið á vit sögunnar í því efni.

Með heilsueflingunni í Flensborg var unnið með mat, næringu, líkamsrækt, geðrækt og lífsstíl. Öllu máli skipti að virkja kennara og annað starfsfólk, draga línur og valdefla þessa tvo hópa ásamt nemendum. Eftir að Covid tók að sér að stjórna heiminum hafa áherslur breyst og nú hafa umhverfismál fengið meira pláss en samt með farsæld og velfarnað að leiðarljósi.

Saga námsefnis í stærðfræði á heimsvísu

Kristín Bjarnadóttir prófessor emerítus¹, Dirk De Bock prófessor², João Bosco Pitombeira Carvalho prof. emeritus³

¹HÍ, MVS. ²KU Leuven. ³Universidade Federal do Rio de Janeiro.

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Stærðfræði: Þróun og áskoranir

Ágrip /Abstract

Stærðfræðilegri þekkingu hefur verið miðlað milli kynslóða og frá einu menningarsvæði heimsins til annars þar sem hún hefur blómstrað á ýmsum tímum og stöðum í gegnum aldirnar. Námsefni á snemmnýöld verður stuttlega rætt; námsefni skóla til að mennta starfsmenn við veraldlegar og trúarlegar stofnanir; verkmenntaskóla fyrir kaupmenn, listamenn og handverksmenn; og sérskóla um úthafssiglingar og hermennsku, allt stofnanir sem veittu menntun í stærðfræði til að mæta þörfum ólíkra starfsgreina. Stærðfræðimenntun í nýlendum var með margvíslegu móti, þar sem bæði urðu alvarlegir árekstrar milli menningarheima og einnig skapaðist einsleitni þvert á lönd og ríki, þótt oft væri þröngvað til hennar með valdboði.

Hugmyndin um stærðfræðimenntun til að efla vitsmunalegan þroska einstaklinga bættist við hagnýtingarhlutverk hennar og farið var smám saman að veita menntun fyrir alla, einnig í stærðfræði, í skipulögðum skólakerfum upp úr aldamótunum 1800. Aðlögun stærðfræði að fjöldanum hefur leitt til stöðugrar þróunar og endurskoðunarhreyfinga með uppeldisfræðilegu ívafi. Rætt verður um námsefni í stærðfræði frá breiðum alþjóðlegum og sögulegum sjónarhóli, og um breytilega merkingu og túlkun allt frá fyrstu menningarsamfélögum fram á nýöld til endurskoðunarsviptinga tuttugustu aldar.

Fyrirlesturinn er kynning á kafla um þróun námsefnis í stærðfræði í *Fjórdðu alþjóðlegu handbókinni um stærðfræðimenntun – The Fourth International Handbook on Mathematics Education* sem áformað er að komi út 30. september 2023.

The influence of Mindfulness-based cognitive therapy for life (MBCT-L) training on educator's stress in Icelandic public compulsory schools as a part of whole school implementation over 24 months

Bryndís Jóna Jónsdóttir doktorsnemi, Kristján Ketill Stefánsson lektor, Ingibjörg Vala Kaldalóns lektor

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Skólastarf til velfarnaðar

Ágrip /Abstract

Teaching is a profession known to be stressful and research has shown that mindfulness training can be an effective way to decrease educators' stress. However, there is limited research on the effects of mindfulness for Icelandic educators. This study investigates the effectiveness of delivering MBCT-L to educators in Iceland.

This was a study with a non-randomized controlled parallel group design. The intervention group ($n = 97$) had educators from 3 public compulsory schools, in comparison with educators ($n = 65$) on a waiting-list, that served as incentive, from 2 schools sharing similar characteristics. Data were collected at four time points: baseline, after 2 months, after 12 months and 24 months. The primary outcome was measured by Perceived Stress Scale (PSS) and data were analysed using a mixed-effect linear regression model. The intervention was an 8 week mindfulness course that consisted of exercises, inquiries and homework.

After the intervention, the intervention group demonstrated a marginally significant reduction in stress levels (*Cohen's* $d = -0.30$; $p = 0.05$) compared to the wait-list control group. After 12 months from baseline, the stress levels of the intervention group had reduced further (*Cohen's* $d = -0.36$) significantly more than the wait-list control group ($p = 0.02$). After 24 months, there was still a difference in stress levels in favour of the intervention group, although the difference was no longer statistically significant (*Cohen's* $d = 0.3$; $p = 0.09$).

This study supports that mindfulness training can be a feasible option to reduce stress among educators in Iceland.

The impact of a food skills and nutrition education intervention on household food security, health and food resource management among vulnerable adults in Iceland

Brittany Marie Repella doctoral student¹, Gréta Jakobsdóttir assistant professor¹, Anna Sigríður Ólafsdóttir professor¹, Bryndís Eva Birgisdóttir professor², James Gordon Rice professor³

¹University of Iceland, School of Education. ²University of Iceland, School of Health Sciences. ³University of Iceland, School of Social Sciences

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Let's focus on health

Ágrip /Abstract

The current doctoral project aims to investigate the prevalence of household food insecurity (HFI) in Iceland. Additionally, it will explore the impact of a food skills and nutrition education intervention (FSNEI) on household food security, health outcomes and food resource management among low-income individuals in Iceland. The project brings a novel angle by implementing predominantly plant-based foods and sustainable food practices. Results include recommendations to address HFI and associated health and economic consequences, in addition to contributing to the achievement of the SDGs and Iceland's Food Policy.

To address the aim, the following research questions will be explored: (1) How does the FSNEI affect food security? (2) How does using predominantly plant-based foods impact health and food resource management outcomes? (3) How do sustainable food practices impact HFI and food resource management outcomes?

The FSNEI will be eight weeks long for a total of 16 hours and take place at the University of Iceland's Teaching Kitchen (TK). Emphasizing education, it will cover healthy meal planning and preparation, food safety, and predominantly plant-based and sustainable food practices. The program design will be interactive and engaging, with opportunities for participants in the intervention group to practice and apply the skills and knowledge they have learned during each session. The target group will include people with low or no income, and individuals receiving disability or unemployment. A control group will receive written information only and be used to compare the effects of the FSNEI versus receiving exclusively materials for use at home.

Bragðlaukaþjálfun - Litlu laukar forrannsókn: Upplifun leikskólastarfsfólks af matvendi leikskólabarna og samskipti starfsfólks og barna á matmálstíma

Berglind Lilja Guðlaugsdóttir doktorsnemi, Anna Sigríður Ólafsdóttir prófessor

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Heilsuefning og fæðuval

Ágrip /Abstract

Matmálstímar í leikskólum eru góður vettvangur til að kynnast mat og auka fæðutengda færni, samhliða félagsmótun og örvun málþroska. Eitt af þeim krefjandi verkefnum sem leikskólastarfsfólk stendur frammi fyrir er þó matvendi leikskólabarna sem getur sett svip sinn á matmálstímann. Matvendi er yfirleitt í hámarki í kringum 2-6 ára aldurinn en þau börn sem eru matvönd vantar oft fjölbreytileika í fæðuvalið, sem getur valdið skorti á ýmsum næringarefnum til lengri tíma og gert matmálstíma erfiða. Viðbrögð leikskólastarfsfólks við matvendi skipta miklu máli, til dæmis getur mikil pressa á að borða aukið matvendi og ýtt undir neikvæðar upplifanir barna af matmálstímanum. Markmið rannsóknarinnar var að öðlast skilning á hegðun leikskólabarna á matmálstíma, eðli samskipta milli barna og leikskólastarfsfólks í matmálstíma ásamt upplifun starfsfólks á matvendi leikskólabarna. Rannsóknin fór fram í leikskóla á höfuðborgarsvæðinu; fimm leikskólastarfsmenn og sjö börn tóku þátt. Tekin voru viðtöl við leikskólastarfsmenn og myndbandsupptökur notaðar til að skoða samskipti í matmálstíma. Rannsóknin er hluti af stærri rannsókn; Bragðlaukaþjálfun – Litlu laukar, þar sem fæðumiðaðri íhlutun verður beitt í leikskólum með þátttöku leikskólastarfsfólks og foreldra. Börnin höfðu smitáhrif á fæðuval hvors annars, með orðalagi og venjum. Matmálstímar virtust fremur vera hluti af skylduverkum sem þyrfti að drífa af en tækifæri til lærdóms og samveru. Starfsfólk beitti ólíkum leiðum til að takast á við matvendi og sum beittu pressu án þess að gera sér grein fyrir því. Niðurstöðurnar sýna þörf fyrir samræmingu og markvissa nálgun kringum matvendi og fæðuuppeldi leikskólabarna til að styðja við jákvæða upplifun af matartímanum.

Einkenni og áherslur í starfsháttum grunnskóla út frá menntun fyrir alla og hlutverki stjórnenda

Hermína Gunnþórsdóttir prófessor¹, Hanna Ragnarsdóttir Prófessor², Edda Óskarsdóttir dósent², Anna Björk Sverrisdóttir lektor²

¹Háskólinn á Akureyri, Hug- og félagsvísindasvið. ²HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Inngildandi menntun II

Ágrip /Abstract

Í erindinu verður greint frá fyrstu niðurstöðum rannsóknar sem hefur það að markmiði að afla þekkingar á því hvað einkennir árangursríka starfshætti í íslenskum grunnskólum (með tilliti til kennslu, náms og innviða) þar sem leitast hefur verið við að vinna í anda menntunar fyrir alla. Áhersla er á að greina hvernig skólar mæta þörfum fjölbreytts nemendahóps og hvernig skólastarfið samræmist opinberri stefnumótun um menntun fyrir alla. Gögnum var safnað með einstaklings- og hópviðtölum við stjórnendur, kennara, fagaðila og annað starfsfólk tveggja grunnskóla á Íslandi (alls 21 viðtal) á tímabilinu maí 2022 til mars 2023. Gögnin hafa verið grófgreind með þemagreiningu og í þessu erindi verður fjallað um sameiginleg einkenni og áherslur en einnig hvað er ólíkt sem og hlutverk skólastjórnenda við að skapa og viðhalda starfsháttum og menningu í skólunum í anda menntunar fyrir alla. Fyrstu niðurstöður gefa til kynna að staða skólanna sé ólík bæði hvað varðar samsömun starfsfólks við hugmyndafræðina (birtist t.d. í orðræðu starfsfólks um skólastarfið) og í lýsingum á eigin starfsháttum. Í lýsingum starfsfólks beggja skóla kemur fram sterk áhersla á samvinnu, teymiskennslu og að skapa lærdómssamfélag í skólunum. Trú á starfshætti sem eru án aðgreiningar, skilningur á fjölbreytileika nemenda og vilji til samstarfs eru einnig niðurstöður sem eru áberandi fyrir báða skólana. Í öðrum skólanna eru áberandi áhrif frá sterkri sýn og markvissri vinnu stjórnenda undanfarin ár að starfsháttum án aðgreiningar. Þessar áherslur enduróma frá ólíkum hópum starfsfólks og gefa þannig til kynna að stjórnendur vinni markvisst og heildrænt með hugmyndir slíkra starfshátta.

Breytingar á kvíðaeinkennum barna með og án taugaproskaraskana í tengslum við Bragðlaukaþjálfun

Sigrún Þorsteinsdóttir nýdóktor, sálfræðingur¹, Anna Sigríður Ólafsdóttir prófessor¹, Urður Njarðvík prófessor², Ólöf Unnar Traustadóttir sálfræðingur²

¹HÍ, MVS. ²HÍ, HVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Heilsuefning og fæðuval

Ágrip /Abstract

Börn með matvæðni upplifa gjarnan kvíða í kringum mat, og neita að prófa fæðu sem með ýmsum ráðum er haldið að þeim. Kvíði barna í tengslum við fæðuinntöku á heilsusamlegum matvörum svo sem grænmeti, ávöxtum og heilkorni getur leitt til minni fjölbreytni í fæðuvali og þannig dregið úr næringargildi máltíða. Einnig er algengt að börn með taugaproskaraskanir á borð við Einhverfurófsröskun og ADHD séu með meiri kvíðaviðbrögð en börn án þessara raskana í tengslum við fæðu og skynjun á henni, og eru þau einnig matvandari. Samt sem áður er lítið af rannsóknum á kvíðaeinkennum barna í tengslum við fæðu og hvaða aðferðum má beita til að draga úr vandanum. Til að rannsaka áhrif Bragðlaukaþjálfunar á kvíðaeinkenni barna í tengslum við fæðu tók 71 fjölskylda með börn með taugaproskaröskun ($n=31$), og án ($n=40$), á aldrinum 8-12 ára, þátt í 7 vikna íhlutun. Börnin voru pörð út frá taugaproskaröskun, kyni og aldri og síðan slembiraðað í íhlutunarhóp og seinkaðan íhlutunarhóp sem gegndi hlutverki viðmiðunarhóps. Kvíðaeinkenni voru metin með MASC (Multidimensional Anxiety Scale for Children). Þrátt fyrir að börn geti upplifað kvíða í tengslum við fæðu, hækkaði meðaltal barnanna ekki á MASC eftir fæðumiðaða íhlutun, heldur lækkaði marktækt eftir íhlutun og áfram við sex mánaða eftirfylgd. Niðurstöður voru svipaðar óháð greiningum barnanna. Bragðlaukaþjálfun gefur góð fyrirheit sem mild langtíma leið til að þjálfa börn í að umgangast fæðu án þess að vera kvíðavaldandi og auka þannig fæðufjölbreytni barna með og án taugaproskaraskana.

Hugsað með Maxine Greene um ímyndunarafl, menntun og frelsi

Atli Harðarson prófessor

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Farsæld í fernu samhengi: Dygðir, ímyndunarafl, náttúra og þroski

Ágrip /Abstract

Á sautjándu öld mótuðu upphafsmenn upplýsingarstefnunnar, þeir Spinoza og Locke, menntastefnu þar sem megináherslan var á hvernig menntun færði fólki stjórn á eigin lífi. Þeir lýstu þessari sjálfstjórn sem jákvæðu frelsi, það er að segja getu til að láta eigin skynsemi ráða athöfnum og breytni.

Næstu aldir héldu heimspekingar áfram rökræðu um menntun sem forsendu frelsis. Hana má finna í ritum eftir jafn ólíka hugsuði og J. S. Mill, Hegel og Dewey. Sá síðastnefndi endurvakti raunar kjarnann í hugsun Spinoza og Locke um þetta efni og sagði að við gætum ekki notið frelsis án þess að læra. Hjá Dewey var lærdómurinn sem máli skipti nátengdur vísindum og vísindalegri hugsun.

Í sex bókum sem komu út á árabílinu 1965 til 2001 hélt bandaríski heimspekingurinn Maxine Greene þessari rökræðu áfram og spurði hvernig menntun færði nemendum frelsi. Hún hafnaði ekki áherslu Deweys og annarra upplýsingarmanna á vísindalega hugsun en bætti við hugleiðingum um mikilvægi þess að nota listir, einkum skáldskap, til að mennta og auðga ímyndunaraflið. Í erindinu verða skrif Greene um þetta efni reifuð og staldrað við þá hugsun hennar að til að hafa stjórn á eigin lífi þurfi ímyndunarafl til að sjá fyrir sér hvernig heimurinn geti verið öðruvísi en hann er.

Þróun á þreki íslenskra ungmenna frá barnæsku til unglingsára: Langtímarannsókn

Þuríður Helga Ingvarsdóttir doktorsnemi¹, Erlingur Sigurður Jóhannsson prófessor¹, Vaka Rögnvaldsdóttir lektor¹, Rúna Sif Stefánsdóttir lektor¹, Nanna Ýr Arnardóttir lektor²

¹HÍ, MVS. ²Háskólinn á Akureyri, Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasvið

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Heilsuhegðun, hreyfing og þrek

Ágrip /Abstract

Þrek er mikilvægur áhrifapáttur heilbrigðis meðal barna og unglinga og gefur forspárgildi um heilsu þeirra seinna á lífsleiðinni. Markmið þessarar rannsóknar var í fyrsta lagi, að kanna þróun á þreki íslenskra ungmenna frá barnæsku til unglingsára og í öðru lagi, að kanna hvort kynjamunur væri á þróuninni. Þátttakendur voru íslensk börn fædd árið 1999, mæld við 7 (n=190, 106 stelpur), 9 (n=163, 95 stelpur), 15 (n=239, 134 stelpur) og 17 (n=202, 119 stelpur) ára aldur. Þrek var mælt með þrepaskiptu hámarksáreynsluprófi á þrekhljóli og sett fram sem hámarksafl (Max W) og hlutfallslegt hámarksafl (W/kg af fitufríum massa).

Niðurstöðurnar gáfu til kynna að hámarksafl og hlutfallslegt hámarksafl jókst meðal stelpna og stráka frá 7 til 15 ára aldurs ($p < 0.001$). Hámarksafl var óbreytt milli 15 og 17 ára aldurs hjá báðum kynjum en hlutfallslegt hámarksafl var stöðugt meðal stelpna en minnkaði meðal stráka frá 15 til 17 ára aldurs. Strákar mældust með hærri hámarksafl en stelpur frá 15 ára aldri og hærri hlutfallslegt hámarksafl frá 9 ára aldri. Lág til meðal mikil fylgni ($r = 0,16-0,38$) var milli þrekmælinga frá barnæsku til unglingsára, en há fylgni ($r = 0,79$) var til staðar á unglingsárum. Hærri fylgni var meðal stráka en stelpna.

Niðurstöðurnar benda til þess að huga þurfi að þreki barna á unglingsárum, sérstaklega meðal stráka. Enn fremur gefa niðurstöðurnar vísbendingar um að gott þrek í barnæsku spái fyrir um betra þrek á unglingsárum. Að stuðla að góðu þreki ungmenna strax í barnæsku er því mikilvægt fyrir heilsu þeirra seinna á lífsleiðinni.

Hugmyndir nemenda um velfarnað í skólastarfi

Elva Rún Klausen kennari¹, Bryndís Jóna Jónsdóttir², Ingibjörg Vala Kaldalóns²

¹Menntaskólinn á Egilsstöðum. ²Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Skólastarf til velfarnaðar

Ágrip /Abstract

Markmið rannsóknarinnar var að skoða hvaða hugmyndir ungmenni hafa um þá þætti sem stuðla að velfarnaði þeirra í skólastarfi. Í þeim tilgangi var kenniramminn EPOCH meðal annars notaður en Kern og félagar tóku saman fimm helstu þætti sem þau telja mikilvæga börnum og ungmennum svo þau upplifi velfarnað. Þessir fimm þættir eru áhugi og innlifun, þrautseigja, bjartsýni, félagsleg tengsl og hamingja í gleði og sátt. Í rannsókninni var skoðað hvernig þessir þættir sem og aðrir birtast í hugmyndum ungmennanna. Tekin voru sex hálfopin vinahópaviðtöl við samtals nítján nemendur í áttunda, níunda og tíunda bekk. Gögnin voru þemagreind og er niðurstaðan sú að allir þættir EPOCH birtust í svörum viðmælenda. Því er EPOCH gagnlegur kenniramma til að ná utan um mikilvæga þætti velfarnaðar ungmenna. Hann nær þó ekki fyllilega utan um alla þætti velfarnaðar í þessari rannsókn. Til viðbótar var þátturinn að finna merkingu og tilgang áberandi í hugmyndum ungmennanna. Þeir EPOCH þættir sem voru mest áberandi í gögnunum voru áhugi og innlifun og félagsleg tengsl. Styður það við niðurstöður rannsókna Kern og félaga um mikilvægi þess að fást við viðfangsefni af innri áhugahvöt og að mæta þörfinni fyrir að tilheyra. Í skólastarfi er mikilvægt að hlúa vel að öllum þessum þáttum. Jákvæð menntun sem snýr að því að byggja upp persónuþroska og þar með velfarnað nemenda ásamt því að efla námsárangur er nokkuð sem skólar geta litið til og komið þannig til móts við grunnþátt Aðalnámskrár um heilbrigði og velferð.

Persónulegar frásagnir tvítyngdra barna á Íslandi

Jóhanna Thelma Einarsdóttir prófessor

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Þroski, læsi og líðan

Ágrip /Abstract

Rannsóknin er hluti af alþjóðlegri rannsókn um persónulegar frásagnir 10 ára barna frá 18 mismunandi löndum. Í rannsókninni var skoðuð færni tvítyngdra barna á Íslandi til að segja persónulegar sögur. Tekin voru viðtöl við 10 börn á aldrinum 9;5 til 10;2 ára og frásagnir þeirra bornar saman við frásagnir 27 eintýngdra barna á sama aldri. Öll tvítyngdu börnin höfðu hafið grunnskólanám á Íslandi og þau voru öll fædd á Íslandi fyrir utan eitt. Foreldrar barnanna töluðu sama tungumálið heima fyrir (alls sjö mismunandi tungumál) sem var ekki íslenska. Félagslegur bakgrunnur barnanna (menntun og tekjur foreldra) í báðum hópum var svipaður. Niðurstöður sýndu að tvítyngdu börnin tjáðu sig í marktækt færri segðum, þau notuðu marktækt færri orð og orðanotkun þeirra var ekki eins fjölbreytileg eins og hjá eintýngdu börnunum. Enn fremur gerðu þau hlutfallslega fleiri málfræðivillur. Börnin í báðum hópum töluðu um að hamingjustundir fælust í samveru með fjölskyldunni, þau minntust á stríðni eða einelti þegar þau ræddu um atburði sem reitti þau til reiði og þau voru stolt af persónulegum sigrum. Tvítyngdu börnin minntust oftár á skólann sem áhyggjuefni en þau eintýngdu. Niðurstöður gefa til kynna að tvítyngd börn sem hafa alist upp á Íslandi eigi í erfiðleikum með að segja frá persónulegum atburðum í daglegu lífi á íslensku.

Tungumálastefna og starfshættir fjölskyldna innflytjenda á Íslandi og áhrif þeirra á menntun: Niðurstöður úr viðtölum við skólastjóra

Anna Katrín Eiríksdóttir doktorsnemi, Kristín Jónsdóttir dósent, Renata Emilsson Peskova lektor

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Tungumálastefna og starfshættir fjölskyldna innflytjenda á Íslandi og áhrif þeirra á menntun

Ágrip /Abstract

Nemendum af erlendum uppruna í skólum landsins fjölga ár frá ári og einnig eykst fjölbreytileiki í bakgrunni, menningu og tungumálum meðal þeirra. Meginmarkmið rannsóknarverkefnisins LPP er að rannsaka tungumálastefnu og starfshætti fjölbreyttra fjölskyldna innflytjenda og samspil þessara þátta við skólastarfið, svo sem við stefnumótun skóla og kennslu. Sú stefna sem stjórnvöld hafa sett fram birtist meðal annars í Menntastefnu til ársins 2030, Fyrstu aðgerðaáætlun 2021-2024 og Menntun fyrir alla á Íslandi sem er úttekt á framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar á Íslandi. Skólastjórnendur og annað starfsfólk skóla tekur mið af þessari stefnumótun í sínu daglega starfi.

Í LPP rannsókninni voru tekin viðtöl við sextán fjölskyldur sem rannsóknin hverfist um en einnig við kennara barnanna, móðurmálskennara og skólastjórnendur í leik- og grunnskólum þeirra. Fjölskyldurnar hafa mismunandi bakgrunn, koma víða að, búa og starfa í fjórum sveitarfélögum í fjórum landsfjórðungum.

Niðurstöður gefa til kynna að stefna skólanna um tungumálanotkun, þ.e.a.s. notkun íslensku, móðurmála nemenda og annarra tungumála, sé sjaldan skráð. Í raun var þó skýr málstefna í flestum skólanna um að tala íslensku sem allra mest og sérstaklega í kennslustundum. Skólastjórnarnir virtust ekki leggja áherslu á virkt fjöltyngi í skólastarfinu. Þeir töldu hins vegar ríka þörf fyrir umræður um tungumálastefnu, hagnýta þekkingu og leiðsögn um starfshætti sem mæti vel þörfum fjöltyngdra nemenda.

Myndlist í aðalnámskrá grunnskóla: Áhersla og þróun

Sandra Rebekka Önnudóttir Arnarsdóttir sjónlistakennari og doktorsnemi við HÍ, Gísli Þorsteinsson
prófessor

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Skapandi greinar: Tækifæri og framtíðarsýn

Ágrip /Abstract

Myndlist hefur verið hluti af skyldunámi barna og unglinga á Íslandi frá því í námskrá fyrir barnaskóla frá árinu 1929. Fyrir þann tíma var myndlistarkennsla ekki lögfest nema sem hluti af reglugerðum einstaka skóla. Mörg heiti hafa verið notuð yfir myndlistarkennslu í gegnum tíðina, svo sem myndaskript, dráttarlist og teikning en í dag ber greinin nafnið Sjónlistir.

Hér er fjallað um rannsókn á sögulegri þróun myndlistarkennslu á Íslandi sem hluta af skólaskyldu barna og unglinga. Gagna var aflað með því að rýna í opinber lög um menntun, reglugerðir, námskrár og hlutdeild myndlistar í skyldunámi barna á Íslandi var skoðuð. Skoðað var hvað áður nefnd skjöl segja um myndlistarkennslu á Íslandi á mismunandi tímum og reynt að bregða upp mynd af sögulegri þróun.

Úrvinnsla gagna fólst í innihaldsgreiningu (e. content analysis) þar sem gögnin voru kóðuð og síðan þemagreind. Niðurstöður sýna sjö þemu þ.e. umfjöllun um mikilvægi greinarinnar, markmið og skipulag námsþátta á hverju tímabili, umfjöllun um kennslu og aðferðir, námsmat, ákvæði um aðstöðu og búnað, tímafjölda og viðmiðunarstundaskrá og samþættingu við aðrar greinar.

Í erindinu verður lögð áhersla á að skoða sérstaklega markmið og skipulag námsþátta og viðmiðunarstundaskrá. Þá ályktun má draga að ákveðið ósamræmi sé á milli þessara tveggja þátta og það hafi aukist með árunum.

Í femínískum farvegi akademískra formæðra: Að synda með og á móti straumnum

Gyða Margrét Pétursdóttir prófessor, Thamar Heijstra prófessor

HÍ, FVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Í femínískum farvegi

Ágrip /Abstract

Femínískir aktivistar í akademíu standa frammi fyrir ýmiskonar áskorunum og í rannsóknum hefur stöðu þeirra verið lýst þannig að þeir séu í ótryggu ástandi sem þó sé forsenda breytinga. Þeim er ætlað að leika það sem kallað hefur verið akademíski leikurinn þar sem skilyrði háskólanna um framleiðni eru uppfyllt og á sama tíma að stuðla að breytingum á þessu sama kerfi. Í erindinu verður kynnt framhald rannsóknar sem gerð var meðal femínískra aktivista í akademíu. Fyrri rannsóknin náði til þeirra sem líta má sem femíníska brautryðjendur. Konur sem með femínískum aktívisma höfðu áhrif á samfélag sitt innan og utan háskólaumhverfisins. Tekin voru eigindleg viðtöl við konur sem lokið hafa doktorsprófi á síðastliðnum tíu árum og eru í ótryggum akademískum störfum. Konurnar eru á breiðu aldursbili; á fertugsaldri til sjötugsaldurs. Sumar eru fæddar á Íslandi aðrar eru af erlendu bergi brotnar. Akademísk viðfangsefni þeirra eru margvísleg en allar eiga þær það sameiginlegt að beita femínísku og/eða gagnrýnu sjónarhorni í rannsóknum sínum og/eða kennslu. Viðtölin voru þemagreind og niðurstöður eru þær að ólíkt brautryðjendunum þá hófust kynni margra þeirra af femínisma í háskóla og þær beita sinni femínísku sérfræðipækkingu í femínískri baráttu utan háskólans. Þær eru því afsprengi gáruhreyfinganna sem formæðurnar komu af stað. Þær eru gagnrýnar á vinnuumhverfi háskólanna á sama tíma og margar þeirra, líkt og formæðurnar, hafa löngun til að festa sig í sessi í því umhverfi með því að fá fastar akademískar stöður. Aðrar beina sjónum annað og sjá fyrir sér að velja sig frá akademíu.

Stuck no more: Finding creative joy in writing through collaborative self-study

Soffía Valdimarsdóttir lektor¹, Guðlaug Erlendsdóttir doktorsnemi², Megumi Nishida doktorsnemi²

¹HÍ, FVS. ²HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

"We won't quit until we finish!": Navigating academic writing for educational practice through collaborative self-studies

Ágrip /Abstract

The purpose of this collaborative self-study is to demonstrate how three authors approached writing challenges together in a creative way. X is a career counseling specialist who explores her endeavor through autoethnography. Y conducts case studies about the provision of quality education in rural primary schools in an African country. Z is an early childhood educator conducting self-study. Despite our diverse professional background, we experienced similar challenges in writing. The joy was missing, and we felt stuck. However, research has shown that some self-study researchers use creative methods to make their writing enjoyable. Our aim is to share with other practitioners how our collaboration with creative methods in writing sparked a creative joy for us.

Our research method is arts-based. Data includes artifacts, video-recordings, journals, and our autoethnographic narrative notes. First, we came together and had an open discussion to identify our writing challenges. Then we decided to use some artifacts of our choice as medium to explain our challenges through individual narratives. This was video-recorded for further analysis. In the end of the process we wrote autoethnographic narratives to explicate our writing challenges and find ways around them.

Our stories explain how we found inspiration for our further writings as we went through this innovative process together. We conclude that collaboration through arts-based approaches can spark creative joy in our writing to keep using diverse methods in our individual research.

Exploring creative joy in the Ph.D. jungle: Learning to co-create a doctoral students' online writing community

Megumi Nishida doktorsnemi¹, Guðlaug Erlendsdóttir doktorsnemi¹, Ruth Jörgensdóttir Rauterberg aðjúkt¹, Ásta Möller Sívertsen doktorsnemi¹, Soffía Valdimarsdóttir lektor², Anna Katarzyna Wozniczka doktorsnemi¹

¹HÍ, MVS. ²HÍ, FVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

"We won't quit until we finish!": Navigating academic writing for educational practice through collaborative self-studies

Ágrip /Abstract

This study explores how we, a group of six doctoral students, find value in developing a community to support each other's writing process during our doctoral studies. Our common challenge is to improve our writing. We meet via Teams three times a week. Gathering our professional/academic/cultural resources, we tackle our challenges as a team. Our purpose of the study is to identify elements for making our supporting community sustainable. We aim to encourage other doctoral students to consider the value of creating a community.

The methodological frame is inspired by polyvocal self-study of each participant's transcultural, transdisciplinary, and transnational backgrounds to collectively explore ways of knowing and becoming strong Ph.D. candidates with creativity. Our data includes individual reflective journals, notes, and group photos. We first crafted narrative stories with metaphor of our own choice. We saved our narratives in the Teams shared folder to make it accessible to the group members to reflect on our experiences. Comparing six metaphors from our narratives we individually employed gave us insights into our learning experiences.

We found that our online writing community is a place to connect, feel a sense of security, and respect diversity among our research interests. Newer students first required "courage to join", and more experienced students found the community an "alternative form of academia". Our findings propose the need for creating a community with elements of courage to respect diversity, appreciate creative joy, and support each other's continuing walk in the Ph.D. jungle.

Reynslan af tveimur námskeiðum um lífsskoðanir: Lífsskoðanir og menntun og Ísland nútímans

Auður Pálsdóttir dósent¹, Haraldur Hreinsson lektor²

¹HÍ, MVS. ²HÍ, MVS, HUG

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Lífsskoðanir, farsæld og menntun: „Stóru spurningarnar“ sem viðfangsefni í skólastarfi

Ágrip /Abstract

Markmið erindisins er að draga saman upplýsingar um tilurð, tilgang og reynslu af tveimur nýlegum námskeiðum í samfélagsgreinavali í kennaranámi. Þetta er annars vegar Lífsskoðanir og menntun (5 ECTS) sem kennt var á vormisseri 2023 fyrir nemendur á fyrsta eða öðru námsári í grunnnámi. Hins vegar er það Ísland nútímans (10 ECTS) sem kennt var vorið 2022 og 2023 í framhaldsnámi. Helstu efnisþræðir og verkefni námskeiðanna verða kynnt stuttlega. Þá verður rætt hvernig námskeiðunum er ætlað að vera svar við samfélagslegum breytingum sem hafa átt sér stað á undanförunum árum og þau sett í samhengi við hæfniviðmið kennaranáms og hæfniviðmið í aðalnámskrá grunnskóla. Greining á reynslunni fram að þessu bendir til þess að styrkleikar kennaranemanna liggi í skýrum áhuga og vilja til að fást við lífsskoðanir með nemendum á faglegan hátt. Áskoranirnar í námskeiðunum hafa annars vegar snúist um skort á þekkingu á mismunandi lífsskoðunum og hins vegar takmörkuð þjálfun þátttakenda í greiningu á rökræðum og skoðanamyndun. Í lokin verður spurt hvaða skref eru vænleg í áframhaldandi þróun námskeiðanna, hvaða stuðning kennarar (kennaranemar) þurfa í vinnu með lífsskoðanir í skólastarfi og hvaða breytingar á aðalnámskrá gætu verið æskilegar.

Ég held bara að það sé alveg ógeðslega gaman að kenna okkur: Viðtalsrannsókn við 15 nemendur úr kvöldskóla VMA í húsasmíði.

Jóhann Hjaltal Þorsteinsson framhaldsskólakennari, Helgi Valur Harðarson brautarstjóri

Verkmenntaskólinn á Akureyri, Byggingardeild

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Rannsóknir á verk- og starfsmenntun

Ágrip /Abstract

Vorið 2023 útskrifaðist fyrsti hópur húsasmiða úr kvöldskóla frá Verkmenntaskólanum á Akureyri. Kvöldskóla sækja eldri nemendur sem koma með annan bakgrunn inn í námið en 16 ára nýnemar. Náminu, sem að öllu jöfnu tekur 5 annir er pakkað á 4 annir og tímafjöldi skertur, bæði í fagbókgreinum og verklegri kennslu.

Með rannsókninni er leitast við að kanna upplifun nemenda af námi í kvöldskóla VMA. Hvernig stóð námið undir væntingum og hverju breytir það fyrir nemendur? Voru kennsluaðferðir, námsmat og skipulag fullnægjandi og hver er sýn nemenda á þá þætti sem mætti breyta og bæta?

Helstu niðurstöður eru á þá leið að ánægja er með að loks sé í boði að læra húsasmíði í kvöldskóla á Akureyri. Nemendur eru almennt ánægðir með efnistöð og kennsluaðferðir en gagnrýna helst að biðtími skapist þegar einum kennara er gert að leiðbeina 15 nemendum í verklegri kennslu. Þá koma fram ábendingar um skort á upplýsingagjöf af hálfu skólans er varðar námsferil og fyrirkomulag ferilbókar.

Út frá niðurstöðum er dregin sú ályktun að mikilvægt sé að leitast við að samræma milli kennara hvernig verkefni eru lögð fyrir og hvernig skilum er háttað, auka sýnileika verkefnaálags yfir alla áfanga hvernar annar og skerpa á verklagi er varðar upplýsingagjöf og innleiðingu ferilbókar.

Rannsóknin hlaut styrk frá Rannsóknasjóði KÍ 2023.

„Það er meiri áhersla á að njóta þess að vera í námi þegar einkunnir eru ekki til staðar“: Reynolds háskólakennara af því að samtvinna hugmyndafræði leiðsagnarnáms og fullorðinsfræðslu í starfstengdu námi á framhaldsstigi.

Íris Hrönn Kristinsdóttir sérfræðingur, Sigríður Ingadóttir sérfræðingur

Háskólinn á Akureyri, Miðstöð skólaþróunar

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Háskólar: Námskrár

Ágrip /Abstract

Markmið starfendarannsóknarinnar var að öðlast skilning á árangursríku leiðsagnarnámi og endurgjöf í háskólanámi. Í rannsókninni var leitast við að efla nám og kennslu í námskeiðinu Leiðtogi í læsi á vegum Miðstöðvar skólaþróunar við Háskólann á Akureyri með því að samtvinna hugmyndafræði leiðsagnarnáms og fullorðinsfræðslu. Námskeiðið Leiðtogi í læsi er hagnýtt, starfstengt nám fyrir starfandi kennara. Markmið námsins er að styrkja kennara sem faglega leiðtoga í námssamfélagi læsiskennara á yngsta stigi.

Rannsóknin var unnin skólaárið 2022-2023. Rannsakendur eru kennarar í námskeiðinu en auk þeirra komu nemendur í námskeiðinu að rannsókninni með því að taka þátt í rýnihópaviðtölum. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að fyrirkomulagið staðið/fallið henti vel sem námsmat í námskeiðinu og að þær aðferðir leiðsagnarnáms sem unnið var með komi vel út og styðji við nám nemenda. Ennfremur kom fram að endurgjöf og leiðsögn ýtti undir sjálfstraust nemenda og trú þeirra á því að þeir gætu staðið sig í námi og væru að gera rétt í starfi. Öflug endurgjöf hjálpaði nemendum að sjá tilgang í þeim aðferðum sem notaður voru til ígrundunar og náms í námskeiðinu og þeir sáu tilgang í að tengja fræði og starf með þessum hætti.

Virk málnotkun í skólastarfi: Viðhorf, reynsla og ritunarfærni nemanda

Berglind Hulda Theodórsdóttir grunnskólakennari, Sigríður Ólafsdóttir dósent, Ósk Dagsdóttir lektor

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Íslenska, enska og pólska: Málþróun og málnotkun

Ágrip /Abstract

Fjallað verður um könnun með nemendum í sjöunda bekk grunnskóla um þátt umræðna og ritunar í skólastarfi. Rannsóknir sýna að virk málnotkun í skólastarfi gefur sterkan grunn fyrir námsframvindu, en vísbendingar eru um að nemendur sem eiga annað heimamál en íslensku fái ekki nægilega málörvun í leik- og grunnskólum. Tilraunarhópur voru nemendur kennara á starfsþróunarnámskeiði Menntafléttunnar Byggjum á forvitni og áhuga nemenda: Aukin tækifæri til virkrar málnotkunar veturinn 2021–2022. Í tilraunarhópnum var 31 nemandi, 16% með annað heimamál en íslensku. Í samanburðarhóp voru 40 nemendur, 42% með annað heimamál en íslensku, öll með langan dvalartíma og búin að vera í íslensku skólaastarfi frá ungum aldri. Spurningakönnun og ritunarpróf voru lögð fyrir að hausti og aftur að vori.

Tilraunarhópnum fannst í meira mæli ánægjulegt að ræða saman um námsefni skólans, að hausti og að vori. Að hausti sagðist tæplega helmingur nemenda í báðum skólum hafa gaman af því að skrifa ritgerðir og sögur en að vori var það rúmlega helmingur nemenda í báðum skólum. Að hausti sagðist hærra hlutfall nemenda í samanburðarskólanum oft skrifa ritgerðir eða sögur í skólanum, en að vori var hlutfallið hærra í tilraunarskólanum. Tilraunarhópurinn sýndi betri ritunarfærni að hausti og tók meiri framförum.

Mikilvægt er að kennurum sé boðið upp á endurmenntunarnámskeið þar sem fjallað er um náms- og kennsluaðferðir sem rannsóknir sýna að hafa jákvæð áhrif á námsgengi nemenda, ein- tví- og fjöltyngdra. Gæta þarf þess að vera með væntingar um námsárangur hjá nemendum með annað heimamál en íslensku og stuðla að virkri málnotkun þeirra.

Íslenskur námsorðaforði grunnskólanemenda

Edda Björk Vatnsdal grunnskólakennari, Sigríður Ólafsdóttir dósent, Auður Pálsdóttir dósent

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Íslenska, enska og pólska: Málþróun og málnotkun

Ágrip /Abstract

Orðaforði hefur sterkustu tengsl og forspá fyrir gengi nemenda í lesskilningi og námsframvindu. Mikilvægt er að vita hvaða orð gegna lykilhlutverki í námi á hverju aldurstigi. Í orðaforðarannsóknunum er orðum skipt upp í ákveðin lög eftir tíðni þeirra og notkunarviði: Orð í lagi 1 eru algengustu orðin, en í lagi 2 og 3 eru sjaldgæf orð, sem mörg gegna mikilvægu hlutverki í námi og tilheyra námsorðforða tungumálsins. Orð í lagi 3 tilheyra ákveðnum námsgreinum og eru kennd sérstaklega. Orð í lagi 2 eru notuð þvert á fræðasvið og styðja umfjöllun um viðfangsefni námsins, en fá samt litla athygli í kennslu. Á nýjum Lista yfir íslenskan námsorðaforða (LÍNO-2) var orðum í lagi 2 raðað eftir tíðni þeirra í samtímatextum og námsefni. Það er orðaforði íslenska tungumálsins. Lítið er vitað um orðaforða nemenda í íslenskum skólum eða hvort þekkingin aukist með aldri. Markmið þessarar rannsóknar var að kanna og bera saman þekkingu fjögurra aldurshópa grunnskólanema á íslenskum námsorðaforða. Orðum LÍNO-2 var skipt upp í fimm tíðniflokka og voru valin orð úr hverjum tíðniflokki í íslenskt námsorðaforðapróf með fjölvalsspurningum. Prófið var lagt fyrir 851 nemanda í 4., 7., 9. og 10. bekk, í fimm grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu. Niðurstöður benda til að því eldri sem nemendur voru þeim mun betur gekk þeim í prófinu því marktækur munur kom fram á meðaltali rétttra svara milli allra árganga, nema milli 9. og 10. bekkjar. Munur á þeim sem gekk síst vel og þeim sem gekk vel jókst eftir því sem nemendur voru eldri.

Hvenær ætti að vísa börnum til talmeinafræðings?

Þóra Másdóttir dósent¹, Jóhanna Thelma Einarsdóttir prófessor², Sigurgrímur Skúlason aðjúnkt¹

¹HÍ, HVS. ²HÍ, HVS/MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Þroski, læsi og líðan

Ágrip /Abstract

Til að bera kennsl á börn sem þurfa á talþjálfun að halda á áreiðanlegan hátt er mikilvægt að matsaðilar hafi staðgóða þekkingu á máltöku barna en hafi einnig undir höndum viðmið um dæmigerðan tal- og málþroska. Það að hafa tök á að fylgjast með þroska barns er ekki síður ómetanlegt þegar kemur að tilvísunum. Fyrir þessar sakir ættu leikskólakennarar að vera sérlega vel í stakk búnir til að benda á þau börn sem mögulega gætu þurft talþjálfun. Í leikskólum á Íslandi eru til ýmis matstæki sem aðstoða við tilvísanir, sum tækjanna eru stöðluð en önnur ekki. Í þessu erindi verður farið yfir þau matstæki sem leikskólakennarar nota og fjallað um kosti þeirra og galla. Einnig verður greint frá nýjum skimunarlista, LANIS, sem ætlaður er fyrir foreldra og leikskólakennara að fylla út en hlutverk hans er að skima á áreiðanlegan hátt fyrir framburðar- og málþroskaröskunum. LANIS hefur verið í þróun í nokkur ár og hafa forprófanir gefið vísbendingar um að hann sé réttmætur og áreiðanlegur. Í athugun á næmi og sértæki listans voru stöðluð próf lögð fyrir 50 börn (2;9-3;9 ára) sem talin voru með frávik í tali eða máli auk þess sem foreldrar og leikskólakennarar fylltu út LANIS. Miðlungs há, jákvæð og marktæk fylgni ($r=0,65$) var milli svara leikskólakennara og útkomu barna á málþroskaprófi. Þó var nokkuð um að leikskólakennarar hafi tiltekið að barn hafi verið með slakan málþroska þegar í raun það var með frávik í framburði. Rætt verður um mikilvægi fræðslu til leikskólakennara þegar kemur að áreiðanlegum tilvísunum.

Menningarmiðaðar matsaðferðir: Blekking eða veruleiki?

Samanburðarrannsókn á sjónarhorni og reynslu íslenskra og danskra kennaranema

Artëm Ingmar Benediktsson rannsakandi

Høgskolen i Innlandet (Noregur), Fakultet for lærerutdanning og pedagogikk

Ágrip /Abstract

Í erindinu verða borin saman sjónarhorn og reynsla kennaranema á menningarmiðuðum matsaðferðum í grunnskólum á Íslandi og í Danmörku. Einnig greinir erindið frá því hvort kennaranám hafi veitt nemendum nægilegan þekkingargrunn og undirbúið þá til starfa í menningarlega fjölbreyttum kennslustofum. Fræðilegur grunnur erindisins byggir á kenningum um fjölmennningarlega menntun og menningarmiðaðar matsaðferðir. Gögnum var safnað með ítarlegum einstaklingsviðtölum við tíu kennaranema í tveimur háskólum á Íslandi og fjórtán kennaranema í þremur háskólum í Danmörku. Samkvæmt úrtaksskilyrðunum urðu þátttakendur í rannsókninni að vera kennaranemar á síðasta ári í kennaranámi sínu. Þátttakendurnir voru skráðir í ólík sérsvið innan kennaranámsins: stærðfræðikennsla, kennsla erlendra tungumála, sérkennslufræði og fleiri. Í viðtölunum voru þátttakendur að velta fyrir sér matsaðferðum, þar á meðal stöðumati, leiðsagnarmati og lokamati með fjölbreytileka barnanna í huga. Enn fremur voru þeir að fjalla um mikilvægi mats á vellíðan barnanna. Greining viðtalanna leiddi í ljós að þrátt fyrir ólíkar áherslur í náminu, höfðu þátttakendur í báðum löndunum jákvætt viðhorf til fjölmenningar og voru meðvitaðir um að taka þarf tillit til menningar- og tungumálabakgrunns barnanna í matsaðferðum. Hins vegar gagnrýndu margir þátttakendur það að kennaranámið skorti athygli á viðfangsefninu, sem leiddi til frekar yfirborðskennds skilnings þeirra á fræðilegri undirstöðu menningarmiðaðra matsaðferða. Rannsóknin veitir mikilvæga innsýn á sjónarhorn framtíðarkennara á stöðu fjölmennningarlegrar menntunar á Íslandi og í Danmörku.

Áhrif heimadæmayfirferðar á nemendur

Ásdís Helgadóttir¹, Guðrún Geirsdóttir dósent², Sigurður Örn Stefánsson¹, Halldór Pálsson¹

¹HÍ, VoN. ²HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Háskólar: Nemendur og nám

Ágrip /Abstract

Regluleg skil á heimadæmum eru algeng í verkfræði og raunvísindum. Markmið heimadæma er að hjálpa nemendum að tileinka sér efnið og að aðstoða þau við að halda sig við efnið. Lýsing á tilgangi heimadæma samsvarar því ágætlega lýsingu á leiðsagnarmati. Þrátt fyrir það er oft rík hefð fyrir heimadæmayfirferð sem líkist heldur lokamati en leiðsagnarmati. Lítið virðist hugað að áhrifum þess á námshegðun nemenda. Í þessu erindi verður greint frá hluta af spurningalista sem lagður var fyrir nemendur um hvaða áhrif mismunandi heimadæmayfirferð hefði á námshegðun þeirra. Nemendur virðast átta sig á tilgangi heimadæmanna og að þau læra lítið af því að afrita lausnir annarra eða annars staðar frá. Að gefa ekki einkunn byggða á hversu rétt dæmin eru, virðist minnka það álag sem nemendur finna fyrir og einnig minnka líkur á að þau afriti. Nemendum þykir þó mikilvægt að heimadæmi hafi vægi í lokaeinkunn. Nemendur játa að minnki vinnuálag í einu námskeiði noti þau tímann frekar í að vinna í öðrum námskeiðum en að kafa dýpra í því námskeiði. Mikilvægt er að nota niðurstöður þessar til að haga heimadæmayfirferð svo að hún yti undir frekar en að draga úr djúpnálgun nemenda í námi.

Sýn og áherslur skólastjóra á velfarnað kennara í grunnskólum

Hjördís Jónsdóttir deildarstjóri¹, Guðrún Ragnarsdóttir dósent²

¹Áslandsskóli. ²HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Skólastarf til velfarnaðar

Ágrip /Abstract

Niðurstöður íslenskra og erlendra rannsókna sýna að kennarastéttin upplifi minni velfarnað en margar aðrar stéttir. Af þeim sökum er mikilvægt að hlúa vel að líðan kennara og auka líkur á að þeir upplifi velfarnað í starfi sínu. Markmiðið með rannsókninni var að skoða hverjar áherslur skólastjóra í grunnskólum eru á velfarnað kennara. Viðtöl voru tekin við átta grunnskólastjóra á höfuðborgarsvæðinu til að skoða sýn þeirra og áherslur á velfarnað kennara og sinn eigin. Til þess að ramma rannsóknina inn var PERMA velfarnaðarkenning Martin Seligmans notuð til að greina gögnin. Helstu niðurstöður leiddu í ljós að skólastjórar gera ýmislegt sem snýr að velfarnaði kennara en þær áherslur falla ekki alveg að PERMA-velfarnaðarkenningunni. Þær leiðir sem farnar eru koma að einhverju leyti inn á PERMA-þættina, en þátturinn um jákvæð félagsleg tengsl kom þar sterkast fram. Önnur þemu utan PERMA-kenningarinnar voru hugmyndir stjórnenda um velfarnað, stefnumótun og stuðningur við velfarnað og ábyrgð skólasamfélagsins á velfarnað en þau skipta einnig miklu máli þegar kemur að velfarnaði. Fram kom í niðurstöðum að skólastjórar í grunnskólum standa frammi fyrir áskorunum við að mæta breyttum þörfum skólasamfélagsins sem og starfi kennara. Einn af þeim þáttum sem skipta máli í velfarnaði kennara er að auka aðgengi þeirra að handleiðslu fagaðila til að aðstoða þá við að vinna úr erfiðum málum sem blasa við þeim í starfi. PERMA kenningin virðist gefa góðan ramma til að fylgja eftir og varpa ljósi á hvaða þætti skólastjórar geta nýtt sér til hagsbóta í velfarnaði kennara sinna sem og alls skólasamfélagsins.

Horft um öxl: Listamaður, kennari og rannsakandi rýnir í eigin vegferð og þroskaferil í námi og starfi

Ingimar Ólafsson Waage lektor

Listaháskóli Íslands, Listkennsludeild

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Starfendarannsóknir: Ígrundun um eigið starf, athafnir og hugsanir

Ágrip /Abstract

Í rannsókninni beini ég sjónum að vegferð minn sem listamaður, kennari og doktorsnemi en það er ferðalag sem hefur tekið ríflega þrjá áratugi og einkennist af forvitni, undrun og stöðugri leit að dýpri sannleika um skólastarf, listir og farsæld.

Tilgangur rannsóknarinnar er varpa ljósi á mikilvægi ígrundunar og sjálfskilnings kennara í starfi, ekki síst þegar horft er til lengri tíma. Skólastarf er undirstaða nútíma samfélags og á því sviði leika kennarar lykilhlutverk. Eins og gefur að skilja togast á persónuleg sýn kennarans á starf sitt og væntingar samfélagsins. En þrátt fyrir að umgjörð skólans sé fastmótuð þá gildir það ekki um nemendur og kennara sem öll eru lífrænar sjálfstæðar heildir. Enginn verður nokkurn tíma fullmótaður kennari. Kennarastarfið er lifandi og síkvikt starf og hefur það umfram mörg störf að dansa á mörkum ólíkra fræðasviða og rannsóknahefða. Kennarastarfið er því samfellt þroskaferli og líkist starfi listamannins.

Gögnin eiga sér tvenns konar uppruna: a) Fyrirliggjandi gögn sem eru framvinduskýrslur, dagbókarfærslur, ljósmyndir af verkum nemenda og túlkun mín á þeim. b) Gögn sem er safnað með því að kafa í reynslu og minningabankann (afturblik) og sett fram í formi frásagnar (narratívu) og skapandi myndrænna verka.

Niðurstöður varpa ljósi á mikilvægi skrásetningar og ígrundunar um eigið starf og hvernig aðferðir starfendarannsókna geta stutt við forvitni og löngun til að víkka hinn faglega sjóndeildarhring. Niðurstöðurnar sýna ennfremur að það er aldrei of seint fyrir kennara að líta yfir farinn veg og hvernig fengin reynsla getur verið fjársjóðskista sem getur vísað veginn fram á við.

Þróun námskeiðsins stærðfræði fyrir alla

Ósk Dagsdóttir lektor, Edda Óskarsdóttir dósent

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Stærðfræði: Þróun og áskoranir

Ágrip /Abstract

Stærðfræði fyrir alla er námskeið kennt við Menntavísindasvið HÍ og miðar að því að kynna kenningar á stærðfræðinámi og kennsluaðferðir sem henta fjölbreyttum nemendahópum. Námskeiðið byggir á inngildingu og altækri hönnun náms. Haustið 2022 fórum við kennarar námskeiðsins af stað með starfendarannsókn sem byggir á þremur rannsóknarhringjum. Tilgangur rannsóknarinnar er skoða hvernig við getum þróað námskeiðið Stærðfræði fyrir alla. Gögnin í fyrsta hring rannsóknar samanstanda af opnum könnunum til nemenda og rannsóknardagbókum okkar. Í öðrum hring, haustið 2023, verða tekin viðtöl við þá þátttakendur sem eru starfandi stærðfræðikennarar um stærðfræðikennslu þeirra. Í þriðja hring rannsóknar verða niðurstöður nýttar til þess að vinna að þróun námskeiðsins fyrir haustið 2024. Öll gögn verða greind eigindlega og aðleiðsla notuð til þess að finna flokka og þemu.

Niðurstöður frá fyrsta hring rannsóknar benda til þess að námskeiðið hafi haft áhrif á þróun starfskenningar og kennslu þeirra sem tóku þátt. Náms efnið og verkefnið í námskeiðinu hefði bætt skilning þeirra á eigin stærðfræðinámi og annarra. Þátttakendur lýstu gildi þess að læra um altæka hönnun náms, sköpun í stærðfræði og ólíkar leiðir til þess að styðja við stærðfræðinámið allra nemenda. Þau sem voru starfandi kennarar lýstu því að þau hefðu náð að nýta það sem þau lærðu í kennslunni og nefndu þar stærðfræðilegar umræður, leiðsagnarmat og lausnarleitarnám. Þau sem ekki voru að kenna töldu að það sem þau höfðu lært myndi nýtast þeim í kennslu síðar. Rannsóknin hefur gildi fyrir þau sem vilja þróa nám sem styður við stærðfræðinámi fyrir alla með inngildingu og altækri hönnun náms.

„Lestur er tímasóun fyrir mig“: Réttmætisathugun á mælingum PISA og Skólapúlsins

Kristján Ketill Stefánsson lektor

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Þroski, læsi og líðan

Ágrip /Abstract

Ánægja af lestri er grundvallarþáttur í farsælli skólagöngu margra barna. Réttmætar mælingar á ánægju af lestri eru nauðsynlegar svo unnt sé að sannreyna umbætur á skólastarfi. Í þessari rannsókn voru bornar saman tvær nálganir við mælingar á ánægju af lestri sem farið hafa fram síðastliðin 23 ár. Frá fyrstu PISA könnuninni vorið 2000 hafa þrjár fullyrðingar sem mæla ánægju af lestri í 10. bekk verið hafðar með í fyrirlögnum PISA á níu ára fresti. Þetta eru fullyrðingarnar: Ég les bara þegar ég verð að gera það; Lestur er eitt af uppáhaldsáhugamálum mínum; Lestur er tímasóun fyrir mig. Sömu fullyrðingar hafa verið lagðar fyrir mikinn meirihluta 6. – 10. bekinga (74% - 93%) árlega í valfrjálsum könnunum Skólapúlsins frá árinu 2012. Niðurstöður Skólapúlsins og PISA voru mjög sambærilegar sem bendir til réttmætis beggja mælinga. Ánægja af lestri dalaði umtalsvert skv. PISA á milli árána 2000 og 2018. Sem dæmi má nefna að 37% 10. bekinga voru mjög ósammála því að lestur væri tímasóun fyrir þau árið 2000. Sama hlutfall hafði lækkað í 27% í PISA og 25% í Skólapúlsinum árið 2018. Á síðasta skólaári (2022-23) voru einungis 19% 10. bekinga mjög ósammála því að lestur væri tímasóun fyrir þau skv. mælingum Skólapúlsins. Niðurstöður staðfestandi þáttagreiningar og athugana á mælingasamræmi (e. measurement invariance) verða kynntar sem renna enn frekar stoðum undir réttmæti mælinganna. Rætt verður um mögulegar ástæður dalandi ánægju af lestri sem og mögulegar leiðir til úrbóta.

HIV activism in Indonesia as educational practice(s)

Jón Kjaran prófessor, Mohammad Naeimi Adjunct

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Multiculturalism in a broad context

Ágrip /Abstract

In the paper we discuss the grammar and language pertaining to HIV/AIDS activism in Indonesia which is framed within the logic of education and knowledge dissemination. As with other communicable diseases, HIV/AIDS is an epidemic of epistemic deficit in the sense that not knowing one's "status," and thus reducing one's chances of being treated in time, is ultimately a question of livability. Thus, as discussed in the paper drawing on ethnographic data (interviews and fieldnotes) from fieldwork in Indonesia, HIV activism is aimed at reducing epistemic injustice and stigmatization of those affected by the disease. Epistemic justice, education, and breaking the silence around HIV/ AIDS is therefore an important aspect of activist work of the queer groups /organizations. It emphasizes that open discussion is needed to educate people about HIV, directing them toward knowledge and awareness and away from stigma and fear. In other words, marginalized groups, for example men who have sex with men, sex workers, transgender youth, drug users, and those who are HIV positive need to become bearer of knowledge about HIV/AIDS and thus becoming agentic subjects who can resist the discourse of stigma and disavowal.

“We can do much more and better”: Understanding gatekeepers’ perspectives on students’ linguistic human rights

Sue Gollifer lecturer¹, Hermína Gunnþórsdóttir professor², Renata Emilsson Pesková lecturer¹

¹University of Iceland. ²University of Akureyri

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Celebrating the 75th anniversary of the UDHR: Human Rights Education in Iceland I

Ágrip /Abstract

December 10th, 2023 is the 75th anniversary of the Universal Declaration of Human Rights (UDHR), a morally binding international framework. Article 26 of the declaration states that everyone has the right to education and that education should be directed to the full development of the human personality and to the strengthening of respect for human rights and fundamental freedoms. Legally binding documents that support the UDHR and the right to education include the International Covenant on Civil and Political Rights (ICCPR), the International Covenant on Economic, Social and Cultural Rights (ICESCR) and the International Convention on the Rights of the Child (ICRC). As a signatory to the ICRC, which was incorporated into domestic policy in 2013, Iceland has a legal obligation to ensure children’s linguistic human rights in schools. Increasing language diversity is addressed in both policy and practice, informed by inclusive education principles underpinning the ideology of the Icelandic school system. A thematic analysis of the perspectives of four school principals and four directors of school support services, working in four different municipalities, suggests that stakeholders understand the relation between language, schooling and human rights in multiple ways. Application of Tomaševski’s 4As framework (availability, accessibility, acceptability, adaptability) reveals the need for increased state accountability to ensure children’s linguistic human rights, in terms of funding, specialised training, including human rights education, and monitoring. The study contributes to improved awareness to address language diversity as a legal human right in both policy and practice.

Hinn góði málnotandi gegnum stutta frásagnatexta nemenda: Viðmið og vandi

Heimir Freyr Viðarsson aðjúnkt

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Textar fyrir börn og textar barna

Ágrip /Abstract

Rannsóknir á tilbrigðum í málnotkun nemendatexta er vaxandi rannsóknasvið, einkum með tilkomu rafrænna gagnasafna. Nemendatextar, svo sem frásagnir og ritgerðir, hafa þannig verið nýttir hérlandis sem erlendis til að kortleggja málfar nemenda og til þess að kanna möguleg áhrif skólakerfisins á málnotkun. Rík hefur innan skólamálfraðinnar hefur verið að hampa ákveðnum máleinkennum en hafna öðrum og því má segja að gegnum nemendatexta megi jafnvel öðlast ákveðna innsýn í innleiðingu (hálf)opinbers málstaðals innan skólakerfisins. Upp að því marki sem nemendatextar endurspeglar raunverulegt málfar nemenda (við tiltekna aðstæður) má bera texta nemenda saman, innbyrðis og milli ólíkra skólastiga, og meta þá eftir ákveðnum mælikvörðum gagnert í slíkum tilgangi.

Eitt yfirlýstra meginmarkmið á íslensku- og/eða málfræðikennslu í grunnskólum er oft að gera nemendur að „betri málnotendum“ þótt ekki sé alltaf ljóst í hverju það felst. Íslensk málstefna, aðalnámskrár og námsbækur skírskota gjarnan til þessa hugtaks en þar sem sjónarmiðin eru oft ólík má segja að markmið hljóti í reynd að vera á reiki. Er til dæmis einkum lögð áhersla á staðalmálið og frávík frá því eða beinist athyglin að öðrum þáttum, til dæmis orðaforða? Í erindinu verður fjallað nánar um þessi ólíku sjónarmið, hvernig mismunandi textar hafa verið notaðir í málrannsóknum sem snúa að íslenskum málstaðli, hvaða ávinning megi hafa af nemendatextum sérstaklega en jafnframt hvaða vandamálum rannsakendur standa frammi fyrir við nýtingu þeirra. Valin mál(fars)leg einkenni verða skoðuð ásamt möguleikum sem kynnu að vera fólgnir í því að tengja málfræðilegar breytur við önnur atriði á borð við orðaforða.

Náttúra, skepnur og farsælt líf

Ólafur Páll Jónsson prófessor

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Farsæld í fernu samhengi: Dygðir, ímyndunarafl, náttúra og þroski

Ágrip /Abstract

Mary Midgley byrjar bók sína, *Skepna og maður: Rætur mannlegrar náttúru* á orðunum: „Við erum ekki tiltölulega lík dýrum; við erum dýr.“ Mary heldur svo áfram og segir: „Það sem gerir okkur frábrugðin öðrum dýrum kann að vera sláandi, en samanburður við þau hefur verið, og er óhjákvæmilega, mikilvægur fyrir hugmyndir okkar um okkur sjálf“ (Midgley, 1979, bls. xiii).

Í þessu erindi mun ég fjalla um manneskjur sem dýr og um mannlega farsæld sem dýrslegt ástand, eða öllu heldur, sem dýrslegt hlutskipti. Farsæld er ekki bara ástand, sem er mælanlegt á tilteknum tímapunkti heldur hlutskipti sem varðar sögu einstaklingsins og það umhverfi sem hann er hluti af, bæði náttúrulegt og manngert, bæði efnislegt og menningarlegt. Til að skilja hverskonar hlutskipti það er í tilviki manneskja að njóta farsældar, þá verður að líta á það sem hlutskipti dýrs.

Í erindinu mun ég m.a. byggja á hugmyndum Mary Midgley um mannlega náttúru. Einnig mun ég ganga í smiðju Mörthu Nussbaum, bæði hún og Mary Midgley byggja að verulegu leyti á hugmyndum Aristótelesar um rætur mannlegs siðferðis.

Tungumálastefna og starfshættir fjölskyldna innflytjenda á Íslandi og áhrif þeirra á menntun: Reynolds grunnskólakennara

Samúel Lefever dósent¹, Anh-Dao Katrin Tran rannsóknasérfræðingur¹, Artëm Benediktsson post-doc²

¹HÍ, MVS. ²Høgskolen i Innlandet, Noregi

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Tungumálastefna og starfshættir fjölskyldna innflytjenda á Íslandi og áhrif þeirra á menntun

Ágrip /Abstract

Í erindinu verða kynntar fyrstu niðurstöður rannsóknarverkefnisins „Tungumálastefna og starfshættir fjölbreyttra fjölskyldna innflytjenda á Íslandi og áhrif þeirra á menntun (LPP - Language Policies and Practices)“. Verkefnið skoðar á gagnrýninn hátt tungumálastefnur fjölskyldna búsettir í fjórum mismunandi sveitarfélögum og hvernig áhrif tungumálastefnur hafa á menntun barna þeirra.

Þátttakendur eru 16 fjölskyldur með ólíka menntun og félagslegan bakgrunn, kennarar og skólastjórar í leik- og grunnskólum. Markmið þessa erindis er að kynna niðurstöður fengnar úr viðtölum við 14 kennara. Ræddar verða upplifanir, skoðanir og viðbrögð þeirra við þeim áskorunum sem þeir mæta í kennslustofum með nemendum með fjöltyngisbakgrunn.

Niðurstöðurnar benda til þess að kennarar reyni að finna leiðir til að styðja við málþroska, nám og vellíðan barna. Þó að kennararnir hafi allir lýst yfir skilningi sínum á mikilvægi móðurmála barnanna, var kennsla og stuðningur við þróun þeirra lítill í skólunum. Aðaláhersla var lögð á þróun íslenskukunnáttu. Hins vegar hvöttu kennararnir börnin, þegar það átti við, að nota móðurmálin sín til að dýpka skilning á námsefninu. Að mati kennaranna lærðu sum börn íslensku fljótt en önnur áttu í erfiðleikum með hana. Þeir höfðu sömu skoðun á félagslegri aðlögun barnanna í skólunum. Enn fremur bentu kennararnir á það að íslensk og fjöltyngd börn væru fljót að skipta yfir í ensku í samskiptum milli sín. Fæstir kennaranna töldu sig hafa fengið nægan stuðning við innleiðingu nýrrar stefnu um fjöltyngi og fjölmenningu. Þeir óskuðu einnig eftir betri hagnýtum upplýsingum og starfsþróun á þessu sviði.

Starfsnám eða bóknám: Aðsókn nemenda og þróun framhaldsskólans

Sæberg Sigurðsson doktorsnemi, Elsa Eiríksdóttir dósent

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Rannsóknir á verk- og starfsmenntun

Ágrip /Abstract

Nýverið hefur skapast mikil umræða um þróun framhaldsskólastigsins – sérstaklega vegna hugmynda úr ranni mennta- og barnamálaráðuneytis um að sameina rótgróna framhaldsskóla. Í þessu erindi eru teknar til skoðunar þær forsendur sem ráðuneytið leggur til grundvallar áformum sínum. Jafnframt er leitað svara við því hvers sé að vænta í þróun fjölda nemenda í bóknámi og starfsnámi í framhaldsskólum á næstu árum. Skoða þarf ýmis tölfræðileg gögn í þessu samhengi. Fyrst ber að nefna mannfjöldatölur og mannfjöldaspár, bæði fyrir landið allt og einstaka landshluta. Í öðru lagi þarf að skoða þróun aðsóknar í hinar ýmsu námsgreinar og greina þá þróun með tilliti til aldurs og kyns umsækjenda svo eitthvað sé nefnt. Í gegnum tíðina hafa eldri nemendur og karlar frekar sótt í starfsnám en ýmsa aðra þróun er hægt að greina ef rýnt er nánar í tölurnar. Farið verður yfir helstu niðurstöður í erindinu. Til dæmis má nefna að aukin aðsókn í starfsnám virðist ekki vera á kostnað bóknáms og að aðsókn kvenna í starfsnám hefur minnkað jafnt og þétt síðasta áratuginn. Þróun aðsóknar í starfsnám er líka mjög mismunandi eftir starfsgreinum og sveiflur í efnahagslífi virðast þar hafa mikil áhrif. Fjöldi starfsnámsplássna hefur ekki haldist í hendur við aukna eftirspurn eftir námi og því hefur samsetning nemendahópsins verið að breytast þar sem yngri nemendum fjölgar á kostnað þeirra eldri vegna forgangs ungu nemendanna að skólaplássum.

Birtingamyndir á stöðu starfsnáms: Val á námi í framhaldsskóla eftir einkennum skóla og tegund náms

Elsa Eiríksdóttir dósent

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Rannsóknir á verk- og starfsmenntun

Ágrip /Abstract

Flest ungmenni á framhaldsskólastigi velja bóknám til stúdentsprófs fram yfir starfsmenntun og ójöfn staða bóknáms og starfsnáms er gjarnan sögð skýringin. Það hefur lengi verið stefna menntayfirvalda að efla starfsmenntun, auka virðingu hennar og breyta þeirri ímynd að hún sé blindgata í menntakerfinu. Lítið hefur þókast þó vísbendingar séu um aukinn áhuga ungmenna á starfsmenntun. Markmið rannsóknarinnar, sem erindið er hluti af, er að rannsaka birtingamyndir stöðu starfsnáms á framhaldsskólastigi á Íslandi, sérstaklega í samanburði við bóknám, í gegnum val ungmenna á námi. Í fyrirhuguðu erindi verður fjallað þróun umsókna og innritunar í starfsnám og bóknám í framhaldsskóla á árunum 2006–2022 út frá einkennum framhaldsskóla (staðsetningu, námsframboði og stærð), búsetu nemenda (landshluti) og flokkum náms sem sótt er um (út frá innihaldi og námslokum). Gögn frá Menntamálastofnun úr innritunarkerfi framhaldsskóla verða notuð til að skoða mynstur aðsóknar og innritunar yfir tíma. Niðurstöðurnar gefa yfirlit yfir þessa þróun og vísbendingar um hvernig einkenni og staðsetning skóla, búseta nemenda og staða starfsgreina hafi möguleg áhrif á val nemenda á námi og framhaldsskóla. Ef efla á starfsmenntun og auka aðsókn er mikilvægt að hafa skilning á því hverjir sækja um starfsmenntun og af hverju. Því er nauðsynlegt fyrsta skref að greina aðsóknarmynstur yfir tíma – sérstaklega í ljósi þess að starfsmenntun er ekki einsleitur flokkur náms og aðgengi að námi í framhaldsskólum er mjög mismunandi eftir landsvæðum á Íslandi. Á heildina munu niðurstöðurnar vera innlegg í umræðu um þróun framhaldsskólastigsins á Íslandi og varpa ljósi á stöðu starfsmenntunar á framhaldsskólastigi á Íslandi.

Spiritual health relations of young people: Psychosomatic health, loneliness, and internet addiction

Ragnar Anthony Antonsson Gambrell doktorsnemi

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Let's focus on health

Ágrip /Abstract

The study is concerned with the spiritual health of young people, considering psychosomatic health, loneliness, and internet addiction. The aim is to evaluate to what extent spiritual health relations, including relations to oneself, others, nature, and the transcendent, may alleviate negative health outcomes for young people. Using the latest data collected in The Icelandic Youth Study, a sample of Icelandic students at the secondary school level is applied. The interpretation of results proceeds from a multiple linear regression analysis, in which a scale for psychosomatic health is positioned as the outcome variable, given spiritual health, loneliness, and internet addiction as predictors. As inferred, spiritual health relations do provide a mitigating effect upon psychosomatic symptoms, seeing that as loneliness and internet addiction increase, reports of psychosomatic symptoms decline, in association with a stronger outlook on selfhood, nature, and the transcendent. Relations to others, however, do not show a significant relationship with the outcome variable. Further, in the linear regression model, a gender divide is observed in the level of complaints of psychosomatic symptoms, whereas girls report, on average, higher levels of psychosomatic symptoms than boys. The highest estimates for psychosomatic symptoms, given loneliness and internet addiction, relate to being a girl of a low socio-economic status. In conclusion, spiritual health relations, especially in the case of girls, would seem to alleviate psychosomatic symptoms, while loneliness and internet addiction contribute to a rise in those symptoms. Spiritual health relations, in that context, largely provide an intermediary health benefit.

„ Miðflóttaafl neyslumenningarinnar“: Deilur ríkis, kirkju og hinsegin fólks um samkynja hjónabönd 1996-2010 í ljósi nýfrjálshyggju og þjóðernisímynda

Þorsteinn Vilhjálmsson doktorsnemi

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Veruleiki nýfrjálshyggjunnar: Nýjar hinsegin (og) femínískar rannsóknir á stjórnvaldstækni nýfrjálshyggjunnar

Ágrip /Abstract

Árið 1996 hlutu íslensk samkynja pör réttinn til „staðfestrar samvistar“, takmarkaðs, borgaralegs hjónabandsforms. Lögin þess efnis voru samþykkt nær einróma á Alþingi og nutu meðal annars stuðnings biskups Íslands. En eftir lagasetninguna hvarf sáttin og í staðinn blossuðu upp deilur milli ríkis, kirkju og hinsegin samfélagsins um samkynja hjónabönd, eðli þeirra og tilgang. Deilurnar enduðu með setningu einna hjónabandslaga árið 2010, þvert gegn vilja Þjóðkirkjunnar.

Í þessum fyrirlestri verða rök færð fyrir því að deilur þessar hafi haft dýpri merkingu en aðeins sigur framfara og mannréttinda yfir afturhaldi og fordómum. Í raun hafi þær einnig eða einkar snúist um nýfrjálshyggju sem var á þessum tíma að leysa upp margar af þeim hefðum sem áður mótuðu þjóðarímynd Íslendinga. Í því ferli eignuðust Íslendingar nýjar hugmyndir um sig sjálfa þar sem frelsi einstaklingsins til athafna og samninga var hafið upp og hefðum ýtt til hliðar. Í þessu ferli varð samkynja hjónaband að þjóðernistákni fyrir hið nýja Ísland og mikilvægur liður í stjórnvaldstækni nýfrjálshyggjunnar.

Lýðræðisleg þátttaka barna í skólaþróun og samfélagsleg nýsköpun í gegnum þátttöku-starfendarannsóknir

Ruth Jörgensdóttir Rauterberg aðjúnt, Karen Rut Gísladóttir prófessor

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Inngildandi menntun II

Ágrip /Abstract

Að efla þátttöku barna í ákvarðanatöku í menntamálum er í samræmi við meginreglur Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og markmið og áherslur Evrópumíðstöðvar um sérþarfir og nám án aðgreiningar. Í erindinu fjalla höfundar um hvernig þátttöku-starfendarannsóknir geta stuðlað að skólaþróun og samfélagslegri nýsköpun í menntakerfinu. Sérstaklega verður skoðað hvernig samvinnuaðferðirnar sem notaðar eru í slíkum rannsóknum efla lýðræðislega þátttöku barna í þróunar- og breytingarferlum. Erindið byggir á reynslu og niðurstöðum af slíkri þátttöku-starfendarannsókn sem framkvæmd var í samvinnu við grunnskóla á Íslandi. Í rannsókninni unnu börn, starfsfólk og rannsakendur saman að því að finna sjálfbærar lausnir sem stuðla að þátttöku allra barna.

Höfundar lýsa samvinnuaðferðum sem notaðar voru við gagnaöflun og gagnagreiningu í rannsókninni. Í gegnum þessa samvinnu og sameiginlega ákvarðanatöku um framvindu rannsóknarinnar innleiddu þátttakendur breytingar og þróðu nýjar lausnir sem leiddu til aukinna samskipta og samstarfs barna og fullorðinna innan skólasamfélagsins. Dregið verður sérstaklega fram hvernig aðferðirnar stuðluðu að lýðræðislegu samstarfi barna og fullorðinna og virkri þátttöku barna í málum sem þau varða.

Að lokum fjalla höfundar um möguleika þátttöku-starfendarannsóknar sem leið til að knýja árangursríkar og sjálfbærar breytingar á skólastarfi og stuðla þar með að samfélagslegri nýsköpun í átt að samfélagi fyrir alla.

Hvað þarf til að komast inn í Kennsluakademíu

Margrét Sigrún Sigurðardóttir dósent

HÍ, FVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Háskólar: Starfspróun háskólakennara

Ágrip /Abstract

Hugmyndin um kennsluakademíur eða excellent teaching practitioners program kom fram í Tækniháskólanum í Lundi um síðustu aldamót og hefur þaðan breiðst út um Norðurlöndin. Kennsluakademía opinberu háskólanna á Íslandi var stofnuð að þessari norrænu fyrirmynd árið 2021 og fyrstu meðlimirnir teknir inn í nóvember sama ár. Markmið með kennsluakademíunni er að lyfta upp umræðu um kennslu og umbuna framúrskandi kennurum. Umsóknir í kennsluakademíuna eru metnar eftir áherslu á nemendamiðaða kennslu, færni umsækjanda til að setja fagþekkingu fram í samhengi náms, sýn umsækjanda á kennsluþróun til framtíðar og þátttöku umsækjanda í samtali um nám og kennslu. Undirliggjandi þráður í mati á umsóknum er áhersla á ígrundun og akademíska nálgun til kennslu (Scholarship of teaching and learning – SOTL). En hvað felst í því að nálgast kennslu á ígrundaðan hátt og hvernig tengist það markmiði opinberu háskólanna að lyfta umræðu um kennslu? Í erindinu verður fjallað um grundvallar hugtök í SOTL og hvernig þau tengjast þeim atriðum sem litið er til við mat á umsóknum um inngöngu í Kennsluakademíu opinberu háskólanna. Dæmi verða tekin úr umsóknum sem birtar eru á síðu kennsluakademíunnar til að skýra hvernig setja megí ígrundun fram á skýran hátt.

Listin að læra: Samnýtanlegir kennsluhættir og samvinna arkitektúrdeildar Listaháskóla Íslands og byggingaverkfræðideildar Háskóla Íslands

Anna Sigríður Jóhannsdóttir arkitekt, sérfræðingur og stundarkennari

LBHÍ, LHÍ, Skipulags og hönnunarsvið

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Háskólar: Námskrár

Ágrip /Abstract

Markmið rannsóknarinnar var að kanna ávinning þess að samnýta kennsluhætti í arkitektúr og byggingaverkfræði, hvaða kennsluhættir væru heppilegir til að deila með faggrein sem ynni á sama vettvangi en nýtti sér annarskonar kennsluaðferðir. Notuð var eigindleg rannsóknaraðferð, byggð á viðtölum við kennara beggja deilda. Við greiningu viðtalanna nýtti ég mér *Grounded Theory* sem fyrirmynd, sem leiddi til samræmanlegrar svörunar við rannsóknarspurningunum. Niðurstöður rannsóknarinnar gáfu til kynna afgerandi mun á kennsluháttum deildanna en samtímis ríka þörf á samtali og mikinn vilja meðal kennara til samstarfs. Sameiginlegt álit kennara var að verkefnaþætti kennsla myndi henta slíkri samvinnu best, með því að leiða nemendur saman við lausn sameiginlegra verkefna undir umsjón kennara frá báðum deildum. Slík samvinna myndi, miðað við núverandi kennsluform, henta best á meistarastigi námsins. Ein af stóru áskorunum því fylgjandi að efla þverfaglegt samstarf milli þessara deilda, er krafa á kennara um að þeir séu tilbúnir til að gera málamiðlanir og leiðbeini nemendum í átt að samstarfi og samnýtingu þekkingar en samtímis að þeir dragi sig hæfilega í hlé og gefi nemendum svigrúm til sjálfsnáms og jafningjafræðslu. Þó margt sé ólíkt með þessum deildum hefur þessi áskorun sama vægi á báðum deildum. Von mín er að með tengingu þessara faga í námi skapist aukinn skilningur á mikilvægi samvinnu þeirra. Niðurstaða mín er að báðar deildir hafa miklu að miðla bæði í kennsluháttum og fræðilegri þekkingu. Það er vissa mín eftir þessa athugun að slík samvinna myndi efla áhuga og eldmóð nemenda og gera þau bæði víðsýnni og bjartsýnni á framtíðina.

Upplifun nýráðinna lektora við Háskóla Íslands af stuðningi við kennslu og rannsóknir

Renata Emilsson Peskova lektor, Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir dósent

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Háskólar: Starfspróun háskólakennara

Ágrip /Abstract

Þegar nýir lektorar hefja starf við Háskóla Íslands (HÍ), þurfa þeir mismunandi upplýsingar og stuðning til þess að geta gegnt starfi sínu af fagmennsku og alúð. Háskólinn er flókið vinnuumhverfi og lektorastarf er margslungið, en starfslýsing gerir kröfur um rannsóknir, kennslu og stjórnun. Tilgangur rannsóknarinnar var að kanna upplifun nýráðinna lektora við HÍ af stuðningi við rannsóknir og kennslu. Það var gert með aðferðafræði starfendarannsókna. Gögnin voru dagbókarfærslur höfundar á skólaárinu 2022-2023, rýnihópaviðtöl við nýráðna lektora frá hverju fræðasviði, ásamt skriflegri upplifun rannsóknarvinnar, en þemagreining var notuð til að greina gögnin. Fyrstu niðurstöður gefa til kynna að stuðningurinn er til staðar en nýráðnir lektorar verða oft að hafa frumkvæði til að sækja hann. Lektorar sem eru nýfluttir frá útlöndum og þeir sem hafa áður ekki verið í öðrum störfum við HÍ þurfa betri stuðning í upphafi. Lektorarnir þurfa einnig stuðning til lengri tíma til að finna jafnvægi á milli einstakra þátta starfsins og til að finna sinn takt í starfinu. Handbók fyrir nýráðna lektora og aðgangur að reynslumeiri mentor þarf að tryggja á öllum fræðasviðum. Heildstæður rammi fyrir þróun í starfi, þ.e.a.s. í rannsóknum, kennslu, stjórnun og þjónustu eftir fyrirmynd Victoria háskóla í Nýja Sjálandi væri verulegur stuðningur til framtíðar. HÍ þarf að halda vel utan um starfsfólkið sitt, og ekki síður nýráðna lektora, því þeir bera þungann af kennslu og verða að fóta sig í rannsóknum fyrstu árin. Það er í þágu HÍ að hlúa vel að nýráðnu akademísku starfsfólki ef HÍ vill vera á fararbroddi háskóla á heimsvísu.

Félagsmiðstöðvar: Er allt sem sýnist?

Árni Guðmundsson aðjúkt

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Frístundir, vellíðan og skólastarf

Ágrip /Abstract

Rannsóknarspurning þessarar rannsóknar er: „segðu mér sögu úr starfinu (félagsmiðstöð) sem er einkennandi fyrir starfið en þú telur að flestum utanaðkomandi sé ókunn“. Rannsóknarsnið er eigindlegt (e. qualitative method) og etnógrafískt að hluta. Gagna var aflað með viðtölum. Fjöldi viðtala réðist af því hvenær ákveðinni metun upplýsinga var náð. Úrtakið var markvisst (e. purposeful sample) þ.e. „dæmigerðra“, í þessu tillfelli fólk sem hefur langa reynslu í starfi. Framkvæmdin fólst í að hlusta á sögur fólks, alls þrjátíu, en í þessari rannsókn er unnið með fimmtán þeirra.

Sögurnar eru greindar út frá kenningum um „opið starf“ (e. open youth work) og kenningum og skilgreiningum Cooper um samnefnara, heildarsýn og starfsþætti, sem hún telur einkenna opið starf hvar sem það á sér stað. Stuðst er við kenningar Brendtro um þroska- og hæfniferli einstaklings, og Furlong, Carmel og Jacobsen um fyrirbyggjandi starf á milli félagsþjónustu og mennta- og menningarstarfsemi.

Einkennandi þættir og utanaðkomandi ókunnir eru: Í öllum sögunum var um forvarnarstarf að ræða, ekki einungis fyrsta stigs, í mörgum annars stigs og í nokkrum þriðja stigs forvarnir. Sjálfsefning, borgaravitund og mannréttindi í flestum sagnanna. Félagsmótun og óformlegt nám í færri tilfellum. Virk þátttaka í tæpum helmingi, stjórn æskunnar og lýðræði sjaldnar. Þetta sýnir að hin ókunna hlið starfseminnar byggir á vinnu við mismunandi aðlögun einstaklinga og hópa en sýnilega hliðin með hópa og starf sem byggir á virkri og lýðræðislegri þátttöku. Niðurstöður sýna jafnframt að verklag og fagleg nálgun er í samræmi við þær kenningar sem stuðst er við.

Kennsla með bæði góðum útskýringum og mikilli áskorun? Fyrstu niðurstöður rannsóknar á norrænum kennslustundum í samfélagsfræði, fyrsta máli og stærðfræði

Jóhann Örn Sigurjónsson nýdoktor

Háskólinn á Akureyri, Hug- og félagsvísindasvið

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

QUINT rannsóknarsetur um gæði kennslu

Ágrip /Abstract

Námi og kennslu er gjarnan lýst út frá tvíhyggju, til dæmis sem hefðbundinni eða óhefðbundinni kennslu, eða sem lausnaleitarnámi eða utanbókarnámi. Tilgangur rannsóknarinnar var að kanna sameiginlega tvo þætti í gæðum kennslu sem eiga rætur í ólíkum pólum: vitsmunalegri áskorun og útskýringum á námsefni. Í myndbandsbanka QUINT rannsóknarsetursins eru upptökur af um 560 kennslustundum frá Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð í 8. bekk úr þremur námsgreinum: samfélagsfræði, móðurmáli og stærðfræði. Í myndbandsgögnunum má finna dæmi þar sem bæði vitsmunaleg áskorun og útskýringar á námsefni eru metin á efri þrepum. Það þýðir að í kennslustundum þar sem kennarar til dæmis krefja nemendur um að rökstyðja niðurstöður sínar um raunveruleg viðfangsefni verja kennararnir einnig tíma í að útskýra hugtök á merkingarbæran hátt. Í einfaldaðri sýn á námi og kennslu má líta á þetta sem þversögn – hvort er um að ræða lausnaleitarnám eða hefðbundna kennslu? Í erindinu verða kynntar niðurstöður úr gagnasafninu þar sem tekin eru raunveruleg dæmi úr kennslustundum þar sem báðir þættir eru á efri þrepum. Færð verða rök fyrir því að bæði hæfni til að skapa tækifæri til vitsmunalegrar áskorunar og hæfni í að útskýra og draga saman námsefni sé grundvallarhæfni fyrir starf kennara. Frá fræðilegu sjónarmiði er dregin í efa sú sýn að námi og kennslu sé unnt að lýsa sem „annað-hvort-eða“ í anda tvíhyggju. Frá hagnýtu sjónarmiði er kennurum, rannsakendum og öðru fagfólki í menntun boðið að ræða kennsluhætti út frá merkingarbærum hugtökum til að ígrunda og kljást við afmarkaða þætti í gæðum kennslu.

Þátttaka barna til farsældar og framtíðar

Hervör Alma Árnadóttir dósent/doktorsnemi

HÍ, FVS/MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Menntastefna, farsæld og lýðræði

Ágrip /Abstract

Til þess að styðja við farsæld barna er mikilvægt að þau njóti viðurkenningar (e. recognition), að vera séð og láta rödd sína heyrast. Auk þess að fá viðurkenningu frá ástvinum þarf viðurkenning að birtast í störfum fagfólks innan skóla- og velferðarkerfis sem er ætlað að standa vörð um lögbundin réttindi og beita samtíma aðferðum í vinnu með börnum. Markmiðið hér er að fjalla um viðhorf fagfólks innan barnaverndar og MA nema í félagsráðgjöf til virkrar þátttöku barna og tengja það viðurkenningu og farsæld. Því er spurt: Samræmist viðhorf þátttakenda samtímahugmyndum um þátttöku og viðurkenningu?

Gagna var aflað var með spurningalista sem sendur var fagfólki sem starfar við barnavernd og meistaranemendum í félagsráðgjöf. Ályktunartölfræði var beitt við greiningu gagna.

Niðurstöður benda til að almennt sé viðhorf þátttakenda jákvætt til þátttöku barna, þó enn telji nokkuð hátt hlutfall ekki mikilvægt að börn fái tækifæri til þátttöku. Rúmlega helmingur þátttakenda taldi að varlega ætti að fara í að spyrja börn um erfiða hluti sem bendir til ríkjandi verndarnálgunar og vantrausts í garð barnanna, sem fá þá ekki notið réttinda til þátttöku. Þessar niðurstöður vekja upp spurningar um hvort viðhorf þátttakenda til barna beri merki um viðurkenningu og hvort skilgreiningar á því hvað felst í virkri þátttöku barna sé þátttakendum óljós og geti því bitnað á farsæld þeirra barna sem í hlut eiga.

Í ljósi niðurstaðna er þörf á aukinni fræðslu um mikilvægi þátttöku og viðurkenningar allra barna. Auk þess að þjálfa starfsfólk í aðferðum sem leiða til aukinnar þátttöku og farsældar.

Being “In” or “Out”: Teachers and academics of Vietnamese backgrounds’ sense of belonging

Julia Ha Research Associate¹, Anh-Dao Katrin Tran Researcher Adjunct², Lan Anh Nguyen Luu Professor³

¹University of Teacher Education St.Gallen, Switzerland, Department of Education and Society.

²University of Iceland, School of Education. ³Eötvös Loránd University, Faculty of Education and Psychology

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Multiculturalism in a broad context

Ágrip /Abstract

This paper presents findings from the professional biographies of three university teachers and researchers of Vietnamese background. The narratives aim to counter the mainstream discourse about women of Asian background as an aggregate mass and recount their experience as minority teachers and researchers in mainstream educational settings. Literature documents in daily life that “Asian” female academics work to counter this sexist and racist prejudice. The authors use counter-storytelling informed by critical race as a methodology identified as a tool for exposing, analysing, and challenging the majoritarian stories of racial and gender privilege. Data was collected with online semi-structured interviews and analyzed using the lens of theoretical sensitivity and cultural intuition.

The academics recognise themselves as accomplished women but have only a limited sense of belonging in their country of settlement because they are constantly unsure of their position, whether in or out, socially and professionally. There are uncertainties surrounding the extent to which the outcomes of their efforts are influenced by their merit or by prejudices against their sex and race. While their self-ascribed identity is an ingroup member of the society where they have lived all their life, the other-ascribed identity is an outgroup as forever foreigners.

The three “Asian” female academics’ experiences align with the literature of being perceived as an aggregate mass, forever foreigners, submissive, and hard-working. These in-or-out experiences in higher education described by these academics are typical examples of sexism and racism.

Gervigreind og menntun

Sigurjón Mýrdal emeritus

Sjálfstætt starfandi, Menntunarfræði

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Hugtakanotkun, gervigreind og eðli vísinda

Ágrip /Abstract

Undanfarið hefur verið vaxandi og þung umræða á samskiptamiðlum um gervigreind, máltækni og talgervla. Ekki svo að skilja að slík umræða sé ný. Sjálfur hef ég orðið var við hana af og til alla mína ævi, kringum 70 ár. Ýmsar tilgátur eru um upphaf umræðunnar og allavega má finna eina rót hennar í Bayes reglunni fá upphafi nútímans á 18. öld. Augljóst er þó að mikill vaxtarkippur er í orðræðunni undanfarið. Upphaf þeirrar bylgju sem nú rís rekja flestir til tækninýjunga á 6. áratug 20. aldar.

Stjórnvöld hérlandis hafa nýlega gefið út stefnumörkun um gervigreind. Þar er m.a. tæpt á áhrifum gervigreindar á menntamál og settar fram tillögur um framkvæmd og úrbætur. Áhersla er m.a. lögð á stórauðna notkun gervigreindar til að gera kennslu skilvirkari, skemmtilegri, og aðgengilegri.

Umræðan er mjög fjölbreytt, en eitt leiðarstef hennar snýst um samanburð á gervigreind og mannlegri greind. Sumir spyrja hvort nokkur ástæða sé fyrir manneskjur að reyna að keppa við tölvur og vitvélar, sú orusta sé þegar töpuð. Aðrir benda á hættur þegar eigendur samskipakerfa og tölvuneta beiti algóritmum og gervigreind til að stýra upplýsingaflæði á samfélagsmiðlum og í netkerfum. Þetta eykur þörf til að styrkja lýðræði og mannréttindi og efla sjálfstæði kennara og nemenda til að hugsa sjálfstætt og velja sér sjálfir viðfangsefni í menntun sinni.

Menntun snýst um meira en rökhugsun og þegar nánar er skoðað skiptir t.d. ýmis líkamleg, félagsleg og tilfinningaleg hæfni nemandans máli. Mikilvægt er að vanda alla umræðu um áhrif gervigreindar á nám og kennslu.

Áhrifabættir lesskilnings í fyrsta og öðru máli

Jóna Guðrún Guðmundsdóttir stundakennari og doktorsnemi¹, Birna Arnbjörnsdóttir prófessor emerita¹, Sigríður Ólafsdóttir dósent²

¹HÍ, HUG. ²HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Íslenska, enska og pólska: Málþróun og málnotkun

Ágrip /Abstract

Aðalmarkmið rannsóknarinnar er að kanna samspil lesskilnings fyrsta og annars máls með því að skoða hvort lestraraðferðir og magn lesturs mismunandi textategunda teljist áhrifabættir er kemur að lesskilningi, í íslensku (M1) og ensku (M2). Rannsóknin, sem var forkönnuð 2018, er þríhliða þar sem rýnt er í hvaða aðferðir nemendur nota við lesturinn, hversu mikið er lesið (náms- og frítímalestur) og textagerðarvitund (genre awareness). Þá eru könnuð áhrif þessara þátta á lesskilning og hvort sömu aðferðir séu notaðar við lestur íslensku sem fyrsta máls og ensku sem annars máls. Loks er skoðað hvort tengsl séu á milli lesskilnings í íslensku (M1) og ensku (M2), þ.e. hvort þeir sem mælast með góðan lesskilning á íslensku séu jafnvígir á ensku. Hefðbundin ályktun fræðanna hefur verið sú að lesskilningur í móðurmáli sé langbesta ábending um góðan árangur í lestri á öðru máli, jafnvel mikilvægari en hæfnin í tungumálinu sjálfu. Í ljósi þessa og eins vegna slakra niðurstaðna íslenskra nemenda í lesskilningsprófum (t.d. lesskilningshluta PISA prófa 2015 og 2018) er brýnt að gera rannsókn af þessu tagi og beina sjónum að áhrifabáttum er kunna að stuðla að auknum framförum. Á Íslandi er einstakt tækifæri til að gera slíka rannsókn þar sem málsamfélagið er í upphafsskrefum fjöltýngis. Lögð verða fyrir sambærileg staðfærð lesskilningspróf, úr sömu textum (í báðum tungumálum), sem byggð eru á stöðluðum erlendum lesskilningsprófum og gætt að lengd og þyngd texta (uppbygging, samhengi og orðaforði) sé sambærileg. Þá verða þáttakendur spurðir um búsetu- og mállegan bakgrunn, notkun lestraraðferða og magn lesturs ákveðinna textagerða.

Birtingarmyndir tilfinninga í tengslum við tæknifrjóvganir á Íslandi og merking þeirra fyrir hinsegin pör sem nýta sér þjónustuna

Karen Ástudóttir Kristjánsdóttir doktorsnemi

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Veruleiki nýfrjálshyggjunnar: Nýjar hinsegin (og) femínískar rannsóknir á stjórnvaldstækni nýfrjálshyggjunnar

Ágrip /Abstract

Tæknifrjóvganir hófust við lok áttunda áratugarins. Frá þeim tíma hefur aðgengi hinsegin fólks með leg að þeim verið hluti af hinsegin baráttunni. Á Íslandi var markmiðinu náð með lagabreytingum eftir aldamót þegar sambandsform varð ekki lengur fyrirfram skilgreind krafa fyrir aðgengi fólks að tæknifrjóvgun. Yfir tæplega þrjátíu ára tímabil hafa lagaumbætur heilt á litið leitt af sér að að fólki er ekki lengur mismunað formlega á grundvelli kynhneigðar eða kynvitundar héraendis. Í kjölfar þessa og samsíða vaxandi nýfrjálshyggju sem og hinsegin þjóðernishyggju hefur íslenskt samfélag notið ímyndar sem hinsegin dýrðarstaður. Héraendis er ein starfandi frjósemissstofa, fyrirtæki rekið á einokunarmarkaði. Í rannsókninni beitum við hrifrænni orðræðugreiningu (e. affective-discursive approach) á fjölmiðlaumfjöllun og kynningarefni stofunnar þegar við leitum svara við því hvernig tilfinningum er lýst í orðræðu um tæknifrjóvgun á Íslandi, og hvaða merkingu þær hafa fyrir félagslega stöðu hinsegin para sem nýta sér þjónustuna. Niðurstöður okkar benda til þess að þrá, þjáning og hamingja séu áberandi tilfinningar í orðræðunni, samhengi þeirra er þó mismunandi eftir sambandsformi og félagslegri stöðu. Áhersla á hamingju hinsegin fólks með leg vegna þess að þau hafa aðgengi að tæknifrjóvgun fer þvert á þjáninguna sem umlykur gagnkynja pör sem nýta sér sömu þjónustu. Með því að rýna í viðfangsefnið með þessum hætti öðlumst við tækifæri til þess að skilja betur hvernig hagsmunir ólíkra hópa eru samofnir flóknum þráðum jaðarsetningar og forréttinda, óháð formlegum réttindum og ímyndarsköpun.

Sönglög til málörvunar í íslensku með börnum af pólskum uppruna

Ingibjörg Sólrún Ágústs dóttir leikskólakennari, Sigríður Ólafsdóttir dósent, Hanna Óladóttir lektor

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Íslenska, enska og pólska: Málþróun og málnotkun

Ágrip /Abstract

Fjallað er um námsefni með tónlist, sem var samið sérstaklega fyrir leikskólabörn hér á landi sem eiga pólsku að móðurmáli. Námsefnið hefur það meginmarkmið að styrkja orðaforða og tjáningarfærni barnanna í íslensku. Pólska og íslenska eru ólík tungumál hvað hljóðfræði, orðaáherslur, beygingar sagna og fallbeygingu, kyn orða, setningaskipan og orðaforða. Því er tilgangur námsefnisins að vinna markvisst með það sem er ólíkt í tungumálunum.

Námsefnið samanstendur af fimm lögum og grundvallast í fyrsta lagi á mikilvægi orðaforða fyrir máltöku barna. Við val á orðum var tekið mið af orðtíðniorðabókinni Tíðni orða í tali barna. Í öðru lagi er námsefnið byggt á því sem er hljóð- og málfræðilega ólíkt milli pólsku og íslensku. Sérstök áhersla er lögð á ólík málhljóð, orð sem hafa ekki sama kyn, orðaáherslur og framburð orða.

Einn hluti námsefnisins grundvallast á sjónrænni uppsetningu og fylgja myndir og myndband með hverju lagi. Myndirnar eru hugsaðar fyrir kennara til að setja lagið upp á sjónrænan máta til að auka líkur á að börnin tileinki sér orðaforða lagsins. Myndböndin er ætluð fjölskyldum barnanna, þannig að börnin hafi möguleika á að efla íslenskufærni sína líka utan leikskólans. Námsefnið verður birt á heimasíðunni krakkakunst.com og verður aðgengilegt öllum án endurgjalds.

Börn og netmiðlar

Skúli Bragi Geirdal Verkefnastjóri¹, Ingibjörg Kjartansdóttir Verkefnastjóri²

¹Fjölmiðlanefnd. ²HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Börn, netnotkun og miðlalæsi

Ágrip /Abstract

Könnunin Börn og netmiðlar er samstarfsverkefni Fjölmiðlanefndar og Menntavísindastofnunar Háskóla Íslands, var framkvæmd á Íslandi í fyrsta sinn vorið 2021. Markmið könnunarinnar er að afla reglubundið upplýsinga um netnotkun skólanema í grunn- og framhaldsskólum svo fylgjast megi með þeim öru breytingum sem verða á netnotkun ungmenna. Á grundvelli niðurstaðanna er hægt að eiga fræðilegt samtal um netnotkun, gefa góð ráð og búa til fræðsluefni fyrir ólíka aldurshópa.

Í erindinu verður farið yfir framkvæmd og þróun spurninga sem lagðar verða fyrir skólanemana haustið 2023. Þá verður fjallað um nokkrar athyglisverðar niðurstöður frá 2021 og þær bornar saman við tölur frá skyldri rannsókn í Noregi. Fyrirlögn Barna og netmiðla er rafræn með slembivöldu úrtaki skóla en þátttakendur í síðustu fyrirlögn voru tæplega 6.000, þ.e. 4.802 í grunnskóla og 1.109 framhaldsskólanemendur. Í grunnskólahlutanum eru skólar slembivaldir á öllum landsvæðum og könnunin lögð fyrir í kennslustund eftir settum verklagsreglum. Fyrirlögn meðal framhaldsskólanema er frábrugðin þar sem upplýsingar og þátttökuhlekkur er sendur í netpósti til allra nemenda 18 ára og yngri. Spurningalistar eru þeir sömu en styttri útgáfa er fyrir nemendur í 4.-7. bekk.

Niðurstöðurnar hafa verið birtar í fjölda skýrsla, í fræðsluefni og fyrirlestrum, auk blaðagreina. Þá eru niðurstöður könnunarinnar birtar á heimasíðu Menntavísindastofnunar og gögn aðgengileg í opnu en stýrðu aðgengi.

Vietnamese Refugees' heritage in Iceland: The loss of culture and language

Anh-Dao Katrin Tran adjunct and researcher

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Multiculturalism in a broad context

Ágrip /Abstract

After the Viet-Nam War ended in 1975, refugees began resettling in different Western countries. In 1979, at the behest of the Icelandic government, the Icelandic Red Cross helped resettle 34 Vietnamese refugees in Reykjavik. The refugees experience assimilation, a common acculturation strategy accepting it as a way of life. This paper reports on their descendants' culture, language and identity.

The study is grounded in theories related to multicultural education and multiculturalism. Such theories emphasise inclusion issues, insisting on valuing diversity and equal opportunity regardless of gender, religion, ethnicity, race, socioeconomic status, or other aspects of personal identity.

The "new assimilation theory" articulates assimilation as the development of "boundary spanning and altering" a variety of cultural and social differences between ethnic groups. However, it argued that the host country's institutional and cultural core remains non-negotiable to refugees.

The research applies a narrative inquiry approach to construct the participants' perspectives and capture their personal experiences within a cultural context. Semi-structured interviews were conducted with 12 refugees' descendants in Icelandic, Vietnamese. Thematic analysis was applied to analyse the data.

The findings revealed that the refugees' children and grandchildren primarily identified as Icelandic. They spoke little or no Vietnamese and had little knowledge of its traditions and culture. Some talked of regret about the loss and the wish to have a venue for the children to learn Vietnamese and reconnect with their heritage. The loss of a heritage language and culture is a chain effect on many generations. Thus, they need to be preserved.

Takmarkadygðir

Jón Ásgeir Kalmansson aðjúnkt

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Farsæld í fernu samhengi: Dygðir, ímyndunarafl, náttúra og þroski

Ágrip /Abstract

Þótt allar dygðir miði á meðallag, eins og Aristóteles segir, það er feli það í sér að forðast að fara út yfir mörk í tilfinningum, löngunum og breytni, bæði hvað varðar skefjaleyssi og skort, þá má segja að sumar dygðir undirstriki sérstaklega mikilvægi þess að mannfólkið hvorki ofmeti né vanmeti sjálft sig og stöðu sína í heiminum. Þetta eru þær dygðir sem nefndar verða í fyrirlestrinum takmarkadygðir, á borð við auðmýkt, nægjusemi, lotningu, hófsemi, og trúmennsku. Þannig er auðmýkt til dæmis sú dygð að „halda sig á jörðinni“, það er líta hvorki á sig „sem guð“, né gera of lítið úr sér og haga sér „eins og skepna“, líkt og það er stundum orðað. Nægjusemi er að vita hvað er nóg og sækjast ekki eftir meiru en maður þarf til að lifa góðu lífi. Og svo framvegis. Í fyrirlestrinum verða þessar dygðir teknar til skoðunar og þær settar í samhengi við það horf á heiminn að hann sé fullur af (eigin) gildum sem meta þarf að verðleikum. Mikilvægi „takmarkadygða“ skýrist þá meðal annars af því að þær fela í sér tilhneigingu til að hafa á viðeigandi hátt dýrmætandi afstöðu til fólks, hluta og veraldarinnar í heild. Jafnframt fela þær í sér taumhald á ýmsum tilhneigingum sjálfsins til að líta smátt á hlutina, taka þeim sem gefnum, telja sig yfir þá hafna, finnast í lagi að sóa þeim, og svo framvegis.

Félags-, tilfinninga- og siðferðisfærni með SEE learning

Ingibjörg Kaldalóns lektor

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Skólastarf til velfarnaðar

Ágrip /Abstract

Greint er frá þróunarverkefni sem snýr að því að þýða, staðfæra og prufukenna náms- og kennsluefni um eflingu félags-, tilfinninga- og siðferðisfærni íslenskra ungmenna, eða svokallað SEE Learning (Social, Emotional, Ethical Learning). Náms efnið gefur nemendum tækifæri til að þróa með sér seiglu, siðferðiskennd, samkennd og samfélagslega hugsun – og er mikilvægur þáttur farsældar. SEE learning náms- og kennsluefnið er afurð áralangrar þróunar alþjóðlegs teymis rannsækenda og sérfræðinga á sviði kennslu, sálfræði og taugavísinda, leitt af Emory University. Sumarið 2023 var skrifað undir samstarfssamning við Emory University um innleiðingu verkefnisins á Íslandi. Efnið hefur verið gefið út á fjölda tungumála, en megin markmiðið með okkar þróunarverkefni er að auka aðgengi að þessu gæða náms- og kennsluefni á íslensku og að veita kennurum stuðning við innleiðinguna. Í erindinu verður greint frá forrannsókn (e. pilot-study) í tveimur tilraunaskólum á Íslandi veturinn 2023-2024. Lagt er upp með að nýta aðferðir starfendarannsókna, en kennarar munu halda dagbók yfir kennslu sína og spegla þar hvað tekst vel til og hvað þeir vilja þróa eða breyta. Verkefnið veitir þannig dýrmætt tækifæri til samstarfs á milli rannsækenda á fræðasviðinu og vettvangsins. Náms efni þetta er nýjung í íslensku skólakerfi og ætlað að mæta brýnni þörf á að þjálfmarkvisst félags-, tilfinninga- og siðferðisfærni barna og stuðla þannig að velfarnaði í skólastarfi. Ef niðurstöðurnar verða jákvæðar þá er markmiðið að gera náms efnið aðgengilegt á netinu fyrir alla íslenska grunnskóla þeim að kostnaðarlausu.

Samfélagsleg nýsköpun um farsæld og menntastefnu: Vinnusmiðjur í Reykjavík

Fríða Bjarney Jónsdóttir deildarstýra Nýsköpunarmiðju menntamála¹, Helgi Grímsson sviðsstjóri¹, Jón Torfi Jónasson prófessor emeritus²

¹Skóla og frístundasvið Reykjavíkurborgar. ²HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Menntastefna, farsæld og lýðræði

Ágrip /Abstract

Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna tóku gildi 1. janúar 2022. Samhliða hófst innleiðing verkefnisins „Betri borg fyrir börn“ (BBB) en í öllu skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar er unnið á grunni menntastefnunnar „Látum draumana rætast“. Mikilvægur þáttur í aukinni farsæld er að efla samstarf á milli þjónustustiga og samhliða er boðuð áherslubreyting innan fyrsta stigsins en því tilheyrir allt skóla- og frístundastarf. Skapa þarf þekkingu og svigrúm til þróunar- og nýsköpunarstarfs, fá fram hugmyndir og gera áætlanir með starfsfólki á vettvangi ef takast á að hrinda þessum ásetningi í framkvæmd.

Í erindinu verður lýst mikilvægu skrefi til þess að ná þessu fram og fyrstu niðurstöðum mats á því. Haldnar voru 36 vinnusmiðjur með 500 fulltrúum af vettvangi skóla-, frístunda- og velferðarstarfs í Reykjavíkurborg vorið 2023. Smiðjurnar byggðu á aðferðarfræði samfélagslegrar nýsköpunar þar sem þátttakendur sköpuðu saman nýja mynd af viðfangsefninu og næstu skrefum. Markmiðið var að skapa sameiginlegan skilning um menntastefnuna, BBB og farsældarlögin, ásamt því að gefa stjórnendum veganesti til að taka samtalið innan sinna starfsstöðva með þátttöku barna og fullorðinna.

Aðferðarfræðin felur í sér ýmis blæbrigði en sú sem hér er til umræðu hefur sérstöðu þar sem skipulagið virkjaði ábyrgðaraðila án þess fela þeim völd yfir uppsprettu og þróun hugmynda. Með þessari aðferðarfræði verða til fjölmargar afurðir auk þess sem hún felur í sér markvissa og lýðræðislega starfsþróun, tækifæri til samsköpunar, aukinn skilning á verkefninu og margvíslegum sjónarmiðum úr ólíkum áttum menntakerfisins. Matið sem kynnt verður byggir á viðtölum við þátttakendur og athugunum á vettvangi vinnusmiðjanna.

Réttindaskóli UNICEF: Sýn skólafólks í réttindaskólum á Íslandi, á markmið, leiðir og gildi verkefnisins

Ragný Þóra Guðjohnsen lektor

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Celebrating the 75th anniversary of the UDHR: Human Rights Education in Iceland I

Ágrip /Abstract

Í síbreytilegum heimi þar sem fólksflutningar eru tíðir og menningarlegur margbreytileiki samfélaga er vaxandi, er mikilvægt að menntakerfi leggi áherslu á að börn og ungmenni læri um réttindi sín, ábyrgð og skyldur, sem grunn að því að lifa farsælu lífi í samfélagi með öðrum. Með þetta að leiðarljósi var þróunarverkefnið Réttindaskóli UNICEF innleitt hér á landi árin 2016–2017. Tilgangur rannsóknarinnar var að kortleggja hugmyndafræði Réttindaskóla UNICEF og leita eftir sýn skólafólks í slíkum skólum á Íslandi, á markmið, leiðir og gildi verkefnisins. Niðurstöður gáfu til kynna að verkefnið styðji vel við áherslur núgildandi grunnskólalaga og aðalnámskrár og að vel hafi tekist til við að innleiða megináherslur þess. Það var upplifun skólastjórnenda og kennara að þekking og skilningur nemenda á réttindum sínum og ábyrgð hafi aukist. Tækifærum til þátttöku í skólanum hafi fjölgað og þau lært að sækja lýðræðislegt umboð til samnemenda. Verkefnið hafi þannig stutt við lýðræðislega starfshætti og stuðlað að framförum í skólastarfi með bættum skólabrag, samskiptum og aukinni samábyrgð. Áskoranir væru þó einnig til staðar svo sem við að vinna með samskipti og fordóma í skólasamfélaginu, tryggja samfellu í þekkingu starfsfólks og foreldra á hugmyndafræði verkefnisins og ná að virkja foreldra til samstarfs. Fjölga þurfi þátttökutækifærum nemenda og aðkomu að ákvörðunum um fjölbreytta þætti skólastarfs. Í erindinu verða niðurstöður ræddar og settar í fræðilegt samhengi.

"Ég hef samviskubit alla daga": Samviskubit/skömm í lýsingum mæðra á reynslu sinni af móðurhlutverkinu

Auður Magndís Auðardóttir lektor, Annadís Rúdólfsdóttir dósent

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Veruleiki nýfrjálshyggjunnar: Nýjar hinsegin (og) femínískar rannsóknir á stjórnvaldstækni nýfrjálshyggjunnar

Ágrip /Abstract

Í opinberri umræðu hefur móðurhlutverkinu verið lýst sem vali sem tryggir lífsfyllingu kvenna. Samfélagslegar hugmyndir um hvernig sé best að vera góð móðir eru þó misvísandi og rannsóknir sýna að mæðrum finnist stundum erfitt að átta sig á til hvers er ætlast af þeim. Í þessum fyrirlestri greinum við frá niðurstöðum rafrænnar eigindlegrar spurningalistakönnunar þar sem þátttakendur voru beðnir um að gefa dæmi um tilfinningar, bæði jákvæðar og neikvæðar, sem þeir tengdu við foreldrahlutverkið. Við beitum kenningarramma um orðræður og hrif við þemagreiningu á gögnunum. Höfuðáhersla er lögð á að greina svör frá þeim 374 þátttakendum sem skilgreindu sig sem mæður en við berum þau jafnframt saman við 76 svör frá þátttakendum sem skilgreindu sig sem feður. Niðurstöður sýna að þátttakendur nota hugmyndir um skömm og samviskubit nokkuð samhliða og erfitt að greina á milli. Mæður töldu sig vera að bregðast í hlutverki sínu ef þær veittu ekki börnum sínum fulla og óskoraða athygli. Þær lýstu samviskubiti/sektarkennd vegna vinnu utan heimilis og fyrir að verja tíma í annað en barnið sitt t.d. húsverk og skömm fyrir að dreyma um tíma fyrir sjálfar sig. Feður lýstu einnig samviskubiti vegna vinnu utan heimilis en töldu sig vera að bregðast maka frekar en börnum sínum. Rannsóknin veitir innsýn í þau flóknu tengsl sem konur hafa við móðurhlutverkið og hvernig hugmyndir og kröfur nýfrjálshyggjunnar um t.d. ákafa mæðrun hafa haft áhrif á innra líf þeirra og skapa óraunhæfar væntingar til mæðra.

Frá sjálfsmatsskýrslu til breyttrar námskrár við Matvæla- og næringarfræðideild HÍ: Svar deildar við kalli samtímans um aukna áherslu á sjálfbærni í kennslu

Ólafur Ögmundarson dósent

HÍ, HVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Háskólar: Námskrár

Ágrip /Abstract

Frá 2019 og til dagsins í dag hefur Matvæla- og næringarfræðideild (MoN) Háskóla Íslands unnið að umbýltingu námskrár til að svara kalli samtímans um aukna áherslu á sjálfbærni. Farið verður í hvata breytinganna sem gerðar hafa verið, auk þess sem gefið verður yfirlit yfir þær hindranir sem staðið geta í vegi fyrir sambærilegum breytingum og deildin hefur gert. Að lokum verður farið yfir leiðir sem færar eru til að takast á við slíkar hindranir. Gagna var aflað með opnum viðtölum við nemendur og starfsmenn deildar um breytingarferlið sjálft og til að kanna viðhorf þeirra til breytinganna, byggða á reynslunni sem hlotist hefur fyrsta árið sem ný námskrá hefur verið í gildi. Niðurstöður verkefnisins eru að breytingar á námskrá eru flókið ferli sem krefst mikils tíma af þeim starfsmönnum sem taka virkan þátt í því. Í lítilli deild eins og Matvæla- og næringarfræði skiptir sköpum að sem flestir starfsmenn taki þátt í þeirri vinnu sem slíkar breytingar krefjast og að almenn sátt sé um breytingarnar. Breytingar á námskrá krefjast einnig fagþekkingar, en í okkar tilviki hefur fagþekking og reynsla starfsmanna deildar á sviði kennslufræði skipt sköpum og þannig auðveldað ferlið og stytt boðleiðir. Komin er stutt reynsla á breytingar á námskrá deildar, en nú í vor 2023 er að ljúka fyrsta námsárinu sem fylgt hefur nýrri námskrá. Fyrstu viðbrögð nemenda og kennara eru jákvæð og nemendur sem lengra eru komnir í náminu, og fylgja því eldri námskrá, hafa óskað eftir að taka áfanga sem hafa sjálfbærniáherslu sem valáfanga.

Samræmi í ritun háskólanema

Kristín M. Jóhannsdóttir lektor, Finnur Friðriksson dósent

Háskólinn á Akureyri, Hug- og félagsvísindasvið

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Háskólar: Nemendur og nám

Ágrip /Abstract

Í þessu erindi er sagt frá niðurstöðum könnunar sem höfundar hafa verið að gera á ritun kennaranema á fyrsta ári í háskóla. Könnunin nær til áranna 2019-2023 og stuðst er við stuttar formlegar ritsmíðar (500 orð) alls 340 nemenda. Ritsmíðar þessar voru greindar með tilliti til ýmissa frávika frá viðurkenndum staðli; horft er til margra þátta ritunar og markmið könnunarinnar er að skoða hvort greina megi merki um mögulegar kerfisbundnar breytingar á íslensku ritmáli, og þá hver þróun þeirra kann að vera, frekar en tilviljanakennd frávik frá viðurkenndum staðli. Í erindinu verður sjónum einkum beint að frávikum í samræmi í kyni og tölu, en undanfarin ár hafa margir þótt greina vaxandi tilhneigingu meðal málnotenda til að taka líffræðilegt samræmi fram yfir hefðbundið málfræðilegt samræmi og nota þá t.d. hvorugkynsnafnorðið þau til að vísa til karlkyns nafnorðsins nemendur og fleirtöluorðið þau til að vísa til eintöluorðsins fólk. Niðurstöður þessarar könnunar sýna að þótt u.þ.b. 90% nemenda víki frá hefðbundnum reglum hvað samræmi varðar er stærstur hluti þeirra tilfella af því tagi þar sem hinn málfræðilegi þáttur orðsins stangast á við líffræðilegar staðreyndir í annað hvort kyni eða tölu. Það að svo hátt hlutfall nemenda virðist kjósa líffræðilegt samræmi fram yfir hið málfræðilega bendir til þess að um breytingar á málvitund sé að ræða, auk þess sem umræðan í samfélaginu gæti bent til þess að einhverjir nemendur hafi einfaldlega tekið upplýsta ákvörðun um að láta líffræðina vega meira en málfræðilega þætti.

Tungumálastefna og starfshættir fjölskyldna innflytjenda á Íslandi og áhrif þeirra á menntun: Fyrstu niðurstöður frá foreldrum og börnum

Hanna Ragnarsdóttir prófessor, Kriselle Suson Jónsdóttir doktorsnemi

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Tungumálastefna og starfshættir fjölskyldna innflytjenda á Íslandi og áhrif þeirra á menntun

Ágrip /Abstract

Íbúum með innflytjendabakgrunn á Íslandi fer fjölgandi og þar af leiðandi er hópur nemenda með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn í leik- og grunnskólum einnig sívaxandi. Markmið rannsóknarverkefnisins er að rannsaka tungumálastefnu og starfshætti fjölbreyttra fjölskyldna innflytjenda og áhrif þeirra á menntun barnanna. Samkvæmt nýlegum rannsóknum taka fjölskyldur innflytjenda mismunandi ákvarðanir um tungumálauppeldi barna sinna og hvernig þau styðja við nám og skólatungumál barnanna. Börnin sjálf eru einnig með skoðanir og hafa áhrif á tungumálastefnu fjölskyldunnar.

LPP (Language Policies and Practices) er eigindleg rannsókn sem fer fram árin 2022-2024. Þátttakendur í rannsókninni eru 16 fjölskyldur innflytjenda með fjölbreytt tungumál, menntun og félags- og efnahagslegan bakgrunn sem og skólastjórar og kennarar barnanna í leik- og grunnskólum í fjórum sveitarfélögum á Íslandi.

Í þessu erindi er lögð áhersla á fyrstu niðurstöður úr viðtölum við foreldra og 10-16 ára börn þeirra. Fjallað verður um frásagnir foreldra um reynslu þeirra við að ala upp börn með fjölbreytt tungumál, hvernig þau skapa málvenjur og læsisvenjur heima sem og tækifæri og áskoranir sem börnin standa frammi fyrir í námi á Íslandi.

Fyrstu niðurstöður benda til þess að fjölskyldurnar hafi allar áhuga á tví- eða fjöltyngi barna sinna og leiti ýmissa leiða til að styðja við það. Börnin hafa einnig skoðanir á eigin tungumálum, hversu mikilvæg þau eru og hvers vegna, og hvernig þau vilja nýta þau.

Niðurstöðurnar munu veita mikilvægar upplýsingar fyrir skóla um hvernig hægt sé að vinna með fjölskyldum að virku tví- og fjöltyngi, auk þess að veita foreldrum upplýsingar um skilvirka tungumálastefnu og starfshætti.

Lestrarpanik í íslensku sjónvarpi: Greining á þáttunum „Börnin okkar“

Anna Söderström doktorsnemi

HÍ, FVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Lestur: Panik, tungumál og færni

Ágrip /Abstract

Eitt helsta umræðuefnið innan íslenskra menntamála síðustu árin er dvínandi lestrarkunnátta barna og ungmennta. Haustið 2022 ýtti RÚV enn frekar undir þessa hugmynd um alvarlega lestrarkreppu meðal íslenskra nemenda með þáttunum „Börnin okkar“. Boðskapurinn er mjög skýr, en þættirnir skilja engu að síður eftir sig margar spurningar. Á hvaða forsendum er þessi umræða byggð? Hvaða hugmyndir eru dregnar upp af lestri og læsi? Hafa einhverjir hópar hagsmuni af því að stýra umræðunni í ákveðinn farveg og halda þessari hugmynd um dvínandi lestrarkunnáttu á lofti? Þetta erindi tekst á við slíkar spurningar í þeim tilgangi að stuðla að gagnrýninni umræðu um það hvernig við tölum um lestur og læsi og hvaða afleiðingar sú umræða getur haft.

Um er að ræða eiginlega rannsókn sem er unnin með gagnrýninni orðræðugreiningu á sjónvarpsþáttunum „Börnin okkar“. Rannsóknin er hluti af yfirstandi doktorsverkefni í þjóðfræði, þar sem áherslur á lestur og lestrarmenningu í íslensku samfélagi eru teknar til skoðunar.

Niðurstöður þessarar greiningar sýna meðal annars að umfjöllunin í þáttunum þrengir lestrarhugtakið og tengir það sterkari böndum við mælanlegan árangur. Í þáttunum er einnig dregin upp mynd af slökum árangri í lestri sem ógn við samfélagið. Þetta er síðan notað til að réttlæta breytingar og aðkomu hagsmunasamtaka á mótun grunnskólakennslu.

Assistive Technology to Promote Participation in Sport for People with Disabilities

Ana Geppert aðjúnkt¹, Emma M. Smith Postdoctoral researcher², Damian Haslett Postdoctoral researcher³, Jennie Wong³, Ikenna D. Ebuonyi Postdoctoral researcher², Jessica Noske-Turner³, Malcom MacLachlan Professor²

¹HÍ, MVS. ²Maynooth University, ALL Institute. ³Loughborough University

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Let's focus on health

Ágrip /Abstract

Participation in sports is identified in the UN Convention on the Rights of Persons with Disabilities as a fundamental right, and is facilitated by the use of specialised Assistive Products (AP). However, little is known about the role every-day AP plays in promoting sport participation. This study explores how the 50 priority APs on the World Health Organisation's Assistive Products List can promote participation in sports. We conducted a qualitative online survey. Participants included Assistive Product (AP) users, caregivers and coaches or teachers (n=96). Subsequently, we performed a thematic analysis for qualitative responses describing the use of APs in facilitating sport participation. Our results suggest every-day APs are required for sport participation for persons with disabilities. We present a conceptual model titled Assistive Products for Participation in Sport (APPS) Model. We found persons with disability participate in a range of sports, contributing to community engagement. Access to every-day APs is integral to achieving rights of persons with disabilities for participation in sport.

Raddir barna í kjölfar COVID-19 heimsfaraldurs: Ígrundun um skapandi rannsóknaraðferðir

Eva Jörgensen doktorsnemi

HÍ, FVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Skólaumhverfið á tímum heimsfaraldurs

Ágrip /Abstract

Rannsóknir á áhrifum COVID-19 á börn og unglinga hafa sýnt fram á að betur hefði getað verið staðið að því að heiðra réttindi þeirra samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Í kjölfarið hefur rannsóknarsamfélagið í barnarannsóknum velt fram hugmyndum um hvaða aðferðir henta best til að fanga bæði raddir barna og upplifun, svo móta megi barnvænni stefnu í framtíðinni.

Þessi kynning byggir á vangaveltum varðandi barnvænar rannsóknaraðferðir út frá verkefni Embætti Umboðsmanns barna þar sem áhrif faraldursins á líf barna á Íslandi voru kannaðar. Verkefnið fór fram í fjórum þáttum milli apríl 2020 og mars 2022. Þátttaka var opin öllum börnum frá fyrsta til tíunda bekkjar; hún var nafnlaus og þátttakendum boðið að leggja fram efni á þann hátt sem þeir vildu. Gögnin voru kóðuð í Atlas ti. 9 og 22 og þemu greind er varða afstöðu barna, upplifun, viðhorf, líðan og hegðun.

Þátttakendur nýttu ýmsar sköpunarríkar leiðir til að koma viðhorfum sínum á framfæri, sem dæmi má nefna skopmyndbönd, myndasöguteikningar, og jafningjaviðtöl. Helstu niðurstöður veita áhugaverða innsýn í heim barna og unglinga og hvernig upplifanir urðu margslungnari þegar leið á heimsfaraldurinn. Margir þátttakendur lýstu þó skilningi á því að fylgja smitvörnum og jafnframt þakklæti fyrir fjölskyldu sína og vini. Niðurstöður gefa því innsýn í upplifun barna og unglinga en einnig hvernig nýta megi skapandi aðferðir fyrir þátttökurými barna í rannsóknum. Ígrunda má gildi slíkra rannsóknaraðferða til barnvænnar stefnumótunar fyrir komandi samfélagsáföll.

„Hafið bláa hafið hugann dregur“: Um að rækta „bláa huga“ í menntun og lífi

Jakob Frímann Þorsteinsson aðjúnkt¹, Mark F Leather Associate Professor²

¹HÍ, MVS. ²Plymouth Marjon University, School of Education

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Frístundir, vellíðan og skólastarf

Ágrip /Abstract

Fjallað verður um hugmyndina um „bláa huga“ (e. Blue Mind) sem bendir til þess að vera í eða nálægt vatni hafi jákvæð áhrif á andlega og líkamlega farsæld. Rannsóknir hafa sýnt að það að verja tíma í „bláum rýmum“ eins og sjó, ám og vötnum getur haft róandi áhrif á hugann og dregið úr einkennum kvíða og þunglyndis. Við könnum vísindin á bak við „bláa huga“, meðal annars tauga- og lífeðlisfræðilega þætti sem stuðla að jákvæðum áhrifum vatns á andlega heilsu. Að auki verður fjallað um hvernig hægt er að nýta hugmyndirnar um „bláa huga“ í menntun. Höfundar byggja erindið á rannsóknum sem þeir hafa unnið saman að síðastliðin ár, kynna dæmi sem hafa nýst þeim vel í kennslu og vekja athygli á leiðum sem fagfólk í skóla- og frístundastarfi hefur beitt með góðum árangri.

Húmor og félagsleg samheldni í jafningjahóp tveggja ára barna

Bryndís Gunnarsdóttir aðjúnt

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Leikskólastarfið frá ýmsum sjónarhornum

Ágrip /Abstract

Þessi rannsókn er hluti af doktorsverkefni höfundar við Háskóla Íslands. Tilgangur rannsóknarinnar er að skoða hvernig tveggja ára börn nýta sér húmor til að byggja upp félagslega samheldni (e. togetherness) í jafningjahópnum og hefja samskipti við félag sína. Rannsóknin er félagsháttafræðileg (e. ethnomethodological) tilviksrannsókn þar sem aðferðir samtalsgreiningar (e. conversation analysis) voru notaðar til að skoða samskipti barnanna.

Rannsóknin fór fram á smábarnadeild í leikskóla á landsbyggðinni, gögnum var safnað með myndbandsupptökum á níu mánaða tímabili. Þátttakendur voru 19 börn. Foreldrar og aðrir hliðverðir gáfu upplýst samþykki fyrir þátttöku en einnig var leitað eftir samþykki barnanna.

Niðurstöður gefa til kynna að tveggja ára börn eru fær í að nota húmor og fyndni til að ná athygli félaga sinna og hefja þannig samskipti og leik auk þess sem þau nota húmor á skapandi hátt til að byggja upp félagslega samheldni innan félagahópsins. Þetta gera þau t.d. með hlátri og skríki og með því að nota efniviðinn sem þau hafa til umráða á óvæntan hátt sem brýtur oft gegn þeim reglum sem kennarar og aðrir starfsmenn hafa sett.

Umhverfið í leikskólanum getur haft mikil áhrif á hvernig samskipti ungra barna ganga og hvaða tækifæri börnin hafa til að velja sér félag og efnivið, og mikilvægt er að hafa það í huga þegar deildir og útisvæði fyrir yngstu börnin eru skipulögð. Hlutverk leikskólakennarans er mikilvægt sem stuðningur við þessi samskipti og skiptir miklu máli að starfsfólk á yngstu deildunum þekki hvernig þessi tjáskipti líta út og hvernig hægt er að styðja við börnin.

Safnaþrennan: Skapandi ferðalag um menningararfinn

Marta María Jónsdóttir safnkennari¹, Ragnheiður Vignisdóttir fræðslu- og útgáfustjóri¹, Helga Aradóttir safnkennari², Ragnhildur Guðmundsdóttir safnkennari og líffræðingur², Þóra Björg Andrésdóttir jarðfræðingur², Anna Leif Auðar Elísdóttir safnkennari³, Jóhanna Bergmann safnkennari³, Kolbrún Kolbeinsdóttir framhaldsskólakennari⁴, Ingibjörg Hannesdóttir sérfræðingur í fræðslu og miðlun¹

¹Listasafn Íslands. ²Náttúruminjasafn Íslands. ³Þjóðminjasafn Íslands. ⁴Tækniskólinn - skóli atvinnulífsins

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Skapandi greinar: Tækifæri og framtíðarsýn

Ágrip /Abstract

Í byrjun árs 2023 tóku safnkennarar höfuðsafnanna; Listasafns Íslands, Þjóðminjasafns Íslands og Náttúruminjasafns Íslands, höndum saman og þróðu nýja fræðsluleið með það að markmiði að ná betur til framhaldsskóla. Tækniskólinn kom að mótun og framkvæmd verkefnisins með nemendum í menningarlæsi.

Verkefnið snýst um að hvetja nemendur til að koma auga á þætti sem móta okkur út frá samfélagi, listum og náttúru. Unnið er með þverfaglegt nám þar sem höfuðsöfnin sameina sinn safnkost, sýningar og þekkingu. Í gegnum þessa fræðsluleið dýpka nemendur og efla menningar- og náttúrulæsi sitt. Nemendur vinna sjálfstætt með höfuðsöfnin sem námsvettvang og eru hvött til að beita gagnrýnni og skapandi hugsun. Þau uppgötva safnkostinn og þá sögu sem hann segir um hvernig samfélagið okkar hefur mótast af ólíkum öflum.

Í erindinu verður gerð grein fyrir aðdraganda verkefnisins og tengingu þess við mennta- og myndlistarstefnur. Fjallað verður um samvinnu safnanna þriggja og Tækniskólans, skipulag verkefnisins og tengingu við námskrá. Farið verður yfir heimsóknir nemenda á söfnin og dæmi gefin um verkefnavinnu nemenda. Í lokin verður farið yfir möguleikana til þess að aðlaga hugmyndina öðrum áföngum og skólastigum og tengja fræðsluleiðina við fleiri söfn, skóla og fjölbreyttar stofnanir.

„Íslenskan mín er að stækka“: Samstarf Menntafléttunnar og Íslenskuþorpsins um fagtengt íslenskunámskeið fyrir leikskólastarfsfólk með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

Oddný Sturludóttir aðjúnt¹, Guðlaug Stella Brynjólfsdóttir aðjúnt²

¹HÍ, MVS. ²HÍ, HUG

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Fjölmennning: Málnotkun og orðaforði

Ágrip /Abstract

Erindið fjallar um niðurstöður rannsóknar á samstarfi Menntafléttunnar og Íslenskuþorpsins um fagtengt íslenskunámskeið fyrir leikskólastarfsfólk. Menntafléttan er röð starfsþróunarnámskeiða sem byggja á nánnum tengslum starfsþróunar við daglegt starf og ígrundun. Aðferðafræði Íslenskuþorpsins byggir á því að starfssamfélagið og mentorar styðja við íslenskunám þátttakenda á fjölbreyttan hátt. Markmið rannsóknarinnar var að kanna viðhorf þátttakenda, leikskólastjóra og mentora til námskeiðs sem fór fram veturinn 2022-2023. Þátttakendur lýstu viðhorfum sínum í námsígrundunum en leikskólastjórar og mentorar svöruðu viðhorfsskönnun í lok skólaársins. Viðtöl voru tekin við leikskólastjóra og mentor á höfuðborgarsvæðinu til að kanna áhrif námskeiðsins á lærdómssamfélag leikskólans. Niðurstöður leiða í ljós að þátttakendum fannst námskeiðið krefjandi en lærdómsríkt og sjálfstraust þeirra jókst í bæði leikskólafræðum og íslensku. 76% leikskólastjóra og mentora merktu aukna íslenskunotkun í samskiptum við börnin og 73% urðu vör við töluverðar eða miklar framfarir þátttakenda í íslensku. Draga má þann lærdóm af niðurstöðunum að aðalverkfæri Menntafléttunnar, þróunarhringur með áherslu á stöðuga ígrundun í samtali jafningja, henti vel sem umgjörð um fagtengt íslenskunámskeið í leikskólum. Álykta má að fræðilegar undirstöður Íslenskuþorpsins um máltiléinkun, þar sem höfuðatriði er að tala við einhvern sem kann meira í nýja málinu og að tungumálanámið fari fram í samhengi við aðstæður, henti vel sem umgjörð um íslenskunám fyrir leikskólastarfsfólk með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Niðurstöðurnar hafa mikið gildi fyrir leikskólavettvanginn. Þær varpa ljósi á raunhæfa leið til starfsþróunar hjá ört stækkandi hópi í starfsliði leikskóla og draga einnig fram hve mikilvægt er að samverkafólk þátttakenda taki höndum saman um stuðning við íslenskunám á starfsstað.

Margt smátt: Framhaldsskólinn og smásagan

Helga Birgisdóttir lektor

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Textar fyrir börn og textar barna

Ágrip /Abstract

Í fyrirlestrinum verður rætt um kennslu smásagna á framhaldsskólastigi. Fjallað er um hvaða smásögur eru valdar til lesturs og hvernig þær eru lesnar og greindar. Rannsóknin og niðurstöðurnar sem hér segir frá eru hluti af stærri rannsókn á kanónu og kennslu ljóða og bókmennta innan veggja framhaldsskólanna. Í heild sinni byggir rannsóknin bæði á viðtölum við kennara, nemendakönnunum og gagnagreiningu en í þessum fyrirlestri er að mestu stuðst við niðurstöður viðtala. Samkvæmt niðurstöðum velja kennarar smásögur einkum út frá því hvaða efni er aðgengilegt og þeim þykir henta til kennslu. Rætt verður sérstaklega um hvað gerir smásögur „heppilegar“ til kennslu og hvaða tól úr verkfærakistu bókmenntafræðingsins eru notuð við bókmenntagreininguna. Samkvæmt niðurstöðunum er mikill samhljómur milli kennara varðandi hvaða hugtök eru notuð en þó nokkur munur virðist vera á kennsluaðferðum. Nær allir minntust á miklar áskoranir við lestur og greiningu smásagna, jafnvel meiri en við greiningu skáldsagna og annarra lengri verka.

Sjónarhorn barnsins: Nýskólastefnan og lestrarbækur Ríkisútgáfu námsbóka

Jón Yngvi Jóhannsson Dósent

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Textar fyrir börn og textar barna

Ágrip /Abstract

Fyrstu lestrarbækur Ríkisútgáfu námsbóka fyrir börn í 1.-6. bekk barnaskóla komu út á árunum 1938-40, alls 18 hefti í ritstjórn Freysteins Gunnarssonar, skólastjóra Kennaraskólans. Bækurnar voru notaðar við lestrar- og bókmenntakennslu áratugum saman og kynslóðir Íslendinga kynntust fyrst íslenskum bókmenntum við lestur þeirra. Þessar bækur mynda þannig kjarna í sameiginlegri lestrarreynslu fólks sem ólst upp á Íslandi lungann úr 20. öldinni og höfðu sem slíkar töluverð áhrif á myndun kanónu íslenskra bókmennta.

Við ritstjórn bókanna beitti Freysteinn öðru vinnulagi en þeir sem sett höfðu saman íslenskar lestrarbækur á undan honum. Hann valdi ekki einungis úr áður útkomnu efni, eldri skáldskap, þjóðsögum og -kvæðum heldur fékk hann til liðs við sig unga rithöfunda sem skrifuðu smásögur, kvæði og stutt leikrit sérstaklega fyrir útgáfuna. Meðal þeirra voru höfundar sem áttu eftir að láta mikið að sér kveða á sviði íslenskra barnabókmennta og skáldsagnagerðar fyrir fullorðna.

Í fyrirlestrinum verða lestrarbækurnar greindar frá tveimur sjónarhornum. Annars vegar verður kannað með hliðsjón af skóla- og menntunarsögu hvernig nýjar hugmyndir í uppeldisfræði og sálfræði sem bárust til Íslands á fjórða áratugnum mótuðu val textanna og í sumum tilfellum tilurð þeirra. Sérstaklega verður litið til hugmynda Sigurðar Thorlacius og annarra skólamanna sem Loftur Guttormsson hefur kallað „nýskólastefnu“. Hins vegar verða bækurnar skoðaðar í bókmenntasögulegu ljósi og sett fram tilgáta um það að þessar lestrarbækur, sem hingað til hafa vakið litla athygli þeirra sem rita bókmenntasögu, gætu hafa haft áhrif á þróun raunsæis í íslenskum bókmenntum, bæði fyrir börn og fullorðna.

Þróun kennsluefnis í námskeiði fyrir yngstu börnin: Með velferð barna að leiðarljósi

Kristín Dýrfjörð dósent

Háskólinn á Akureyri, Hug- og félagsvísindasvið

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Í leikskólanum ganga farsæld og velferð hönd í hönd

Ágrip /Abstract

Sérstakt námskeið hefur verið kennt við háskólann á Akureyri um starf með yngstu börnunum í leikskólum landsins. Í námskeiðinu hefur hin síðari ár verið áhersla á ýmsar verklegar æfingar sem eiga að gagnast í starfi með yngstu börnum. Sem dæmi hefur verið sett upp vísindasmiðja fyrir yngstu börnin í nokkur ár, þar sem áhersla er á að vinna með efnivið sem hentar vel yngstu börnunum, efniviðurinn er bæði útbúinn á staðnum og aðkeyptur. Áhersla er á endurhönnun og að endurnota og á uppgötvunarnám yngstu barnanna. Jafnframt er núna verið að þróa tæki til að vinna með starfsmannahópum á yngstu deildum með velferð og nám bara að leiðarljósi. Til þess hafa verið útbúin spurningakort þar sem farið er yfir atriði sem snúa að samstarfi starfsfólks, námsumhverfi barna í víðum skilningi (t.d. umhverfi, bækur, framkoma), samskiptum við börn, samskiptum við foreldra og fleira. Kortin eru núna 40 talsins og byggja á kennsluefni námskeiðsins. Þeim fylgja leiðbeiningar um notkun, bæði í stærri og minni hópum. Að hluta eru leiðbeiningar byggðar á þjóðfundarforminu. Næmar í meistaranámi sem hafa prófað kortin hafa óskað eftir þeim til notkunar í starfi. Í fyrirlestrinum er ætlunin að kynna þróun námskeiðsins, hvernig það hefur þróast frá því að byggja mest á fyrirlestrum og nemaverkefnum yfir í fleiri skipulagða verklega þætti og verkfæri. Sérstök áhersla verður á að kynna kortin, hugmyndafræðina að baki þeirra og notkun í starfsmannahópum. Ætlunin er að fá fram umræður á meðal þátttakenda.

Þekking barna á hljóðum bókstafa í fyrsta bekk grunnskóla: Þróun og áhættuþættir

Sóley Katla Þorsteinsdóttir meistaranemi¹, Elín Anna Guðmundsdóttir¹, Viktoria Kontulová¹, Auður Björgvinsdóttir aðjúnkt², Anna-Lind Pétursdóttir prófessor²

¹HÍ, HVS. ²HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Stafahljóðin og lestrarnám: Hvað kunna börnin í raun?

Ágrip /Abstract

Í þessari rannsókn var þekking barna í fyrsta bekk grunnskóla á hljóðum íslenskra bókstafa, skoðuð út frá fæðingarmánuði, móðurmáli, kyni og þekkingu barna á hljóðum í heild. Úrtakið samanstóð af 311 nemendum í fyrsta bekk úr átta grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu, þar af 139 karlkyns og 171 kvenkyns. Nemendur með íslensku að móðurmáli voru 256 talsins og 53 nemendur höfðu íslensku sem annað tungumál. Hljóðþekking var mæld við upphaf og lok fyrsta bekkjar. Niðurstöður sýndu að í lok fyrsta bekkjar var ekkert stafahljóð sem allir nemendur þekktu og mörg stafahljóð voru aðeins þekkt af 70-80% nemenda. Það bendir til þess að mikil dreifing sé í hljóðþekkingu og að allt að þriðjungur nemenda hafi ekki náð þeirri grunnfærni að þekkja hljóð allra bókstafa við lok fyrsta bekkjar. Talsverður munur var á hljóðþekkingu barna með íslensku að móðurmáli og þeirra sem voru með móðurmál annað en íslensku, bæði við upphaf og lok fyrsta bekkjar. Börn með íslensku að móðurmáli þekktu í nánast öllum tilfellum fleiri stafahljóð, en stafahljóðið é var það eina sem hópurinn með íslensku sem annað tungumál þekkti betur við upphaf fyrsta bekkjar og æ og y einu hljóðin sem þau þekktu betur í lok skólaárs. Ekki reyndist munur á hljóðþekkingu eftir kyni eða hvort barn væri fætt snemma eða seint á árinu. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að börn í íslenskum grunnskólum þurfi almennt aukna þjálfun og kennslu í stafahljóðum og einnig að markvissari stuðningur við börn með íslensku sem annað mál sé nauðsynlegur.

Kynbundin greining á sambandi þreks og geðheilsu 15 ára ungmenna: Samanburður á tveimur árgöngum með 12 ára millibili

Óttar Guðbjörn Birgisson doktorsnemi, Guðrún Sunna Gestsdóttir dósent, Erlingur Sigurður Jóhannsson
prófessor

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Heilsuhegðun, hreyfing og þrek

Ágrip /Abstract

Markmið rannsóknarinnar var að bera saman þrek og geðheilsu 15 ára ungmenna eftir kyni, árin 2003 og 2015, ásamt því að meta sambandið milli þreks og geðheilsu. Stuðst var við gögn frá 443 þátttakendum fæddum árið 1988 (228 drengir og 215 stúlkur) og 315 fæddum árið 1999 (132 drengir og 183 stúlkur). Geðheilsa var metin með sjálfsmatskvörðum sem mældu líkamsímynd, sjálfsálit, kvíða og þunglyndiseinkenni. Þrek var mælt með hámarksafköstum á þrekhlóli. Þrek versnaði frá 2003 til 2015 ($p < 0,001$). Á sama tíma hækkaði skor á líkamsímynd ($p = 0,043$) en sjálfsálit stóð í stað. Hvorugt árið var munur á sjálfsáliti milli kynja. Hins vegar voru drengir með betri líkamsímynd og betra þrek en stúlkur bæði árin ($p < 0,001$). Bæði 2003 og 2015 var samband milli verra þreks og aukinna þunglyndiseinkenna og var sambandið til staðar hjá báðum kynjum. Auk þess var samband milli verra þreks og of aukins kvíða hjá stúlkum en ekki drengjum. Samband fannst milli verra þreks og verri líkamsímynda bæði árin hjá stúlkum en aðeins árið 2003 hjá drengjum. Þá fannst samband milli verra þreks og lægra sjálfsálits hjá stúlkum bæði árin en ekkert samband mældist hjá drengjum. Út frá þessum niðurstöðum má álykta að þrek og geðheilsa ungmenna fari versnandi í upphafi 21. aldarinnar á Íslandi. Niðurstöður benda til að betra þrek geti mögulega verið verndandi þáttur í geðheilsu ungmenna. Frekari rannsóknir þarf til að skoða hvað getur skýrt þessar breytingar og sambandið milli breytanna.

Breytt landslag: Fræðilegt samhengi trúarbragða- og lífsskoðanafræðslu á Íslandi

Haraldur Hreinsson lektor¹, Auður Pálsdóttir dósent²

¹HÍ, MVS/HUG. ²HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Lífsskoðanir, farsæld og menntun: „Stóru spurningarnar“ sem viðfangsefni í skólastarfi

Ágrip /Abstract

Markmið erindisins er að varpa ljósi á samhengi trúarbragða- og lífsskoðanafræðslu á Íslandi. Í fyrsta hluta þess verður fjallað um trúarbragðafræðslu í nágildandi aðalnámskrá og það sem vitað er um kennslu um trúarbrögð í grunnskólum. Kynntar verða helstu breytingar á sviði trúarbragðafræðslu frá því nágildandi aðalnámskrá tók gildi á árunum 2011–2013. Þær snúa fyrst og fremst að aukinni áherslu á „trúarlegt læsi“ (e. religious literacy) annars vegar og „lífsskoðanir“ (e. worldview) eða „lífsskoðanafræðslu“ (e. worldview education) hins vegar. Kynnt verður tilkoma hugtaksins „lífsskoðun“ í vestrænni umræðu um trúarbragðafræðslu. Fjallað verður um áhrifamiklar útfærslur á lífsskoðunarhugtakinu innan menntavísinda og gagnrýni fræðafólks á notkun hugtaksins. Þessi áhersla verður sett í samhengi við samfélagslegar breytingar sem hafa átt sér stað í norðvestanverðri Evrópu á síðustu árum og áratugum. Þetta verður rætt annars vegar í ljósi aukinnar fjölbreytni á hinu trúarlega sviði og minnkandi áhrif kristinna meirihlutakirkna og í samhengi áskorana á borð við hatursorðræðu og fordóma. Hins vegar hvernig trúarlegt læsi geti stuðlað að aukinni farsæld.

Kennsla um trúarbrögð og aðrar lífsskoðanir á Íslandi: Áskoranir framundan

Sigríður Guðmarsdóttir dósent¹, Haraldur Hreinsson lektor², Auður Pálsdóttir dósent³

¹HÍ, HUG. ²HÍ, MVS/HUG. ³HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Lífsskoðanir, farsæld og menntun: „Stóru spurningarnar“ sem viðfangsefni í skólastarfi

Ágrip /Abstract

Markmið erindisins er að draga saman helstu áskoranir sem kennarar er fjalla um trúarbrögð og lífsskoðanir á Íslandi munu líklega standa frammi fyrir á komandi árum. Slíkar áskoranir má greina í þrennt. Í fyrsta lagi breytingar sem orðið hafa á félagslegum veruleika fólks á Íslandi með hliðsjón af aðild að lífsskoðunarfélögum og tengslum ríkis og kirkju. Í öðru lagi skortur á íslenskum rannsóknum um lífsskoðanir landsmanna þar sem sjónum er beint annars vegar að þeim breytingum sem hafa orðið á allra síðustu árum á samsetningu landsmanna og lífsskoðunum þeirra. Hins vegar hvaða ályktanir má draga af þeim breytingum fyrir skólastarf. Í þriðja lagi eru áskoranir sem snúa að því hvort umræða um lífsskoðanir í hinu opinbera rými sé jaðarsett í íslensku samfélagi og þá hvers vegna. Mikilvægt er að huga að þessari spurningu vegna þess að slík jaðarsetning getur bæði stuðlað að fordómum gagnvart hópum sem aðhyllast tiltekin trúarbrögð eða lífsskoðanir eða gagnvart trúarbrögðum og lífsskoðunum almennt. Ofangreindar áskoranir verða ræddar í ljósi áherslu aðalnámskrár um að nemendur eigi í lok grunnskóla að geta fengist við og greint viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og spurningar um merkingu og tilgang lífsins.

Viljum við stofna íslensk samtök á sviði fjarnáms og stafræns náms?

Sigurbjörg Jóhannesdóttir verkefnastjóri, Sólveig Jakobsdóttir prófessor, Hróbjartur Árnason lektor

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

RANNUM: Fjarnám og stafræn kennsla

Ágrip /Abstract

Mikil þróun hefur orðið á undanförunum áratugum á Íslandi á sviði fjarnáms og netkennslu en fram að þessu hafa ekki verið starfandi sérstök samtök á því sviði ólíkt hinum Norðurlöndunum. Erindið fjallar um rannsókn á starfsemi slíkra samtaka og greiningu á viðhorfum innlendra aðila sem tengjast fjarnámi á mismunandi skólastigum og í fullorðinsfræðslu.

Í júní 2023 voru tekin viðtöl við forsjáraðila fjögurra samtaka á sviði fjarnáms á Norðurlöndunum þar sem gögnum var safnað um lykiláherslur, aðild, fjármögnun, virkni og áskoranir varðandi starfsemi. Þá var haldinn hugmyndafundur á netinu um hvort talin væri þörf á að stofna samtök á Íslandi á sviði fjarnáms og stafræns náms. Þátttakendur voru 35 frá 12 vinnustöðum. Þeir mynduðu orðaský og hópar unnu á Mural vegg þar sem þeir komu með tillögur að tilgangi, áherslum og markhópum samtakanna. Þátttakendur svöruðu netkönnun. Gögn voru greind og gerð skýrsla um helstu niðurstöður.

Mikill meirihluti þátttakenda (96%) á hugmyndafundinum var sammála um að þörf væri á að stofna ný íslensk samtök á sviðinu og 71% sögðu að þau ættu að starfa bæði á sviði fjarnáms og stafræns náms. Hugmyndir um tilgang og áherslur tengdust 12 flokkum: Aðgengi, hagsmunasamstarfi (e. advocacy), framkvæmd, þróunarstarfi, gæðamálum, hæfnipróun, miðlun, rannsóknir, samstarfi, sýnileika, vettvangi og viðburðum.

Talin er þörf á að stofna samtök á sviði fjarnáms og stafræns náms á Íslandi. Undirbúningshópur er tekinn til starfa og stefnt á að samtökin verði stofnuð haustið 2023. Taka þarf ákvarðanir um tilgang, áherslur, markhópa og framkvæmd þannig að samtökin gagnist sem best skólum, fullorðinsfræðslu og atvinnulífi.

Stafræn fræðsla í fyrirtækjum: Kennslumyndskeið sem hluti af fræðsluefni

Elín Yngvadóttir námsbrautarstjóri¹, Ingibjörg Emilsdóttir námsbrautarstjóri¹, Tryggvi Thayer verkefnisstjóri², Hróbjartur Árnason lektor²

¹ISAVIA, Fjármál og mannauður. ²HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

RANNUM: Fjarnám og stafræn kennsla

Ágrip /Abstract

Töluverðum tíma og fjármagni er veitt í hönnun og uppsetningu kennslumyndskeiða fyrir nám og starfsþjálfun fullorðinna sem svo skila ekki þeim árangri sem til er ætlast. Efnið liggur oftast fyrir en spurningum varðandi hvernig árangursríkast sé að framkvæma miðlunina er svo kannski ósvarað.

Hvernig finnst fullorðnu starfsfólki gagnlegt að nýta myndskeið þegar það bætir við sig þekkingu, eykur leikni eða vinnur með viðhorf? Hvað skiptir máli við gerð kennslumyndskeiða? Hvað getur vitsmunasálfræðin lagt af mörkum? Hvernig nýtast tími, kraftar og fjármagn sem best?

Til að svara spurningunum var tilviksrannsókn notuð til að rannsaka námsefni um gerð kennslumyndskeiða. Þar sem námsefnið var tilvikið. Afurðin er stafrænt námskeið ætlað starfsfólki fræðsludeilda fyrirtækja, skóla og stofnana þar sem farið er yfir hönnun og uppsetningu kennslumyndskeiða.

Byggt er á viðhorfsskönnun meðal starfsfólks Isavia þar sem skoðað var hvernig starfsfólk lærir í vinnunni og hvaða aðferðir eru gagnlegar og líklegar til árangurs. Einnig er námsefnið byggt á fyrri rannsóknum og kenningum um hugsmíðahyggju, altæka hönnun náms, vitsmunasálfræði, framsetningu stafræns námsefnis og kenningum um fullorðna námsmenn.

Niðurstöðurnar gefa til kynna að við gerð kennslumyndskeiða ætti að styðjast við margmiðlunarreglurnar sem unnar eru út frá hugrænu kenningunni um margmiðlunarnám. Þær eiga rætur í vitsmunasálfræði og lýsa aðferðum til að auka skilning og áhuga nemenda. Mikilvægt er að styðjast við altæka hönnun náms, lágmarka hindranir og veita fjölbreyttar leiðir til náms. Hafa þarf í huga að fullorðnir námsmenn þurfa að sjá tilgang með námi, tengja við fyrri reynslu, ráða ferðinni og nýta félagslega möguleika til ígrundunar í námi.

Að standa í stafni og stýra dýrum knerri: Sýn skólastjórnenda á kennslufræðilega forystu sína

Hanna Dóra Markúsdóttir grunnskólakennari¹, Þorlákur Axel Jónsson aðjúnt²

¹Brekhuskóli Akureyri. ²Háskólinn á Akureyri, Hug- og félagsvísindasvið

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Stjórnun og starfshættir

Ágrip /Abstract

Íslenskum nemendum á 16. aldursári sem þeytt hafa PISA könnunarprófin er gjarnan legið á hálsi í fjölmörgum fyrir að standa sig ekki nægilega vel á þessum prófum. Í kjölfarið vakna spurningar um gæði skólastarfs á Íslandi. Menntunarfræðin staðhæfa að skólar sem skili hvað bestum árangri eigi það sameiginlegt að hafa sterka forystu. Kennslufræðileg forysta er hluti af faglegri forystu skólastjóra, hún er bundin í lög og ber því að sinna. Samhliða PISA könnunarprófi nemenda árið 2015 svöruðu skólastjórar spurningum um skólastarf, stjórnun og forystu. Gerð var rannsókn á þessum gögnum með það að markmiði að skoða sýn íslenskra skólastjóra á kennslufræðilega forystu sína.

Kennslufræðilegri forystu er í PISA gögnunum skipt niður í fjóra þætti; þróun námskrár, leiðbeinandi forystu, starfsþróun kennara og þátttöku kennara í stjórnun skóla. Þessir þættir eru því grunnstefið í rannsókninni. Í greiningu á svörum íslenskra skólastjóra er gengið út frá líkani Viviane Robinson sem tekur til eiginleika kennslufræðilegrar forystu, styrkleika hennar og veikleika.

Niðurstöðurnar sýna að íslenskir skólastjórar telja sig veita sterka kennslufræðilega forystu en meta sig mismunandi sterka eftir áherslupáttum. Styrkur skólastjóra samkvæmt rannsókninni felst í stuðningi við kennara þegar leysa þarf vandamál sem upp koma í kennslu. Einnig sögðust skólastjórar duglegir að hrósa kennurum. Aftur á móti virðast heimsóknir skólastjóra í kennslustundir færri en fræðin gera ráð fyrir og þáttur kennara í mati á stjórnun skólans er ekki sterkur. Þar fær rannsóknin samhljóm í íslenskum rannsóknum sem áður hafa verið gerðar.

Líðan grunnskólabarna á Íslandi: Kerfisbundin samantekt rannsókna 2012-2022

Helga Hjördís Lúðvíksdóttir aðstoðarforstöðumaður/kennari¹, Bergljót Gyða Guðmundsdóttir dósent², Guðrún Sunna Gestsdóttir dósent²

¹Félagsmiðstöðin Vígyn, Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. ²HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Hegðun og líðan barna á Íslandi: Úrræði og áhrifapættir

Ágrip /Abstract

Skólinn gegnir mikilvægu hlutverki við mótun líðanar og hegðunar barna og hafa má áhrif á farsæld barna og ungmenna með markvissu skólastarfi. Markmið þessarar rannsóknar var að draga saman niðurstöður rannsókna undanfarins áratugar á líðan grunnskólanemenda á Íslandi með kerfisbundinni samantekt (e. systematic review), meta styrkleika þeirra, takmarkanir og þýðingu fyrir íslenskt skólasamfélag. Gögnum var safnað í gegnum gagnagrunna Google Scholar, Proquest og PubMed og alls tíu rannsóknir uppfylltu inntökuskilyrði. Niðurstöður þeirra voru nokkuð samhljóma og tóku jafnframt til ýmissa þátta í lífi barna og ungmenna sem tengjast líðan þeirra og hægt er að hafa áhrif á. Í ljós kom að þættirnir sem virðast hafa einna sterkustu tengslin við líðan barna á grunnskólaaldri eru félagsleg tengsl, fjárhagsstaða fjölskyldunnar og að upplifa sig ekki tilheyrir í skólasamfélaginu. Þá eru nemendur sem tilheyrir jaðarsettum hópum, svo sem börn af erlendum uppruna og þau sem eru kynsegin, einnig líklegri en aðrir til að greina frá andlegri vanlíðan. Á heildina litið veita niðurstöður upplýsingar sem ættu að nýtast skólum, meðal annars sýndu þær fram á mikilvægi þess að huga að félags- og tilfinningafærninámi í skólum og traustum tengslum nemenda við skólasamfélagið. Brýnt er að ganga úr skugga um að skólastarf sé raunverulega inngildandi, sérstaklega fyrir hinsegin nemendur, nemendur af erlendum uppruna og þau sem búa við bágan fjárhag.

Hvernig má auka stafræna hæfni háskólakennara?

Helena Sigurðardóttir kennsluráðgjafi, Bryndís Ásta Böðvarsdóttir prófstjóri, Valgerður Ósk Einarsdóttir Kennsluráðgjafi

Háskólinn á Akureyri, Kennslumiðstöð

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Háskólar: Starfsþróun háskólakennara

Ágrip /Abstract

Undanfarin ár hefur Kennslumiðstöð Háskólans á Akureyri unnið að því að efla stafræna hæfni kennara innan háskólans. Þróað var verkfæri í samstarfi við sex aðra evrópska háskóla um hvernig hægt væri að meta stöðu starfrænnar hæfni innan stofnanna og nýta niðurstöðurnar til mótunar áætlana sem stefna að aukinni stafrænni hæfni. Vinnan byggir á evrópska viðmunarrammanum DigCompEdu um stafræna hæfni <https://ec.europa.eu/jrc/en/digcompedu>. Samstarfsverkefnið leiddi af sér yfir 50 tillögur sem allar voru prófaðar og voru taldar auka líkur á þróun stafrænnar hæfni starfsmanna innan stofnananna. Allt efnið er hannað sem opin menntaúrræði (e.OER) þannig að aðrar háskólastofnanir sem áhuga hafa á því að efla stafræna hæfni kennara geta leitað eftir hugmyndum sem gætu hentað þeim. Hægt er að nýta leiðirnar til framþróunar bæði í heild sinni eða einstaka þætti, allt eftir þörfum hverrar deildar, sviðs eða stofnunar. Farið verður yfir hvernig má nýta sér verkfærið innan stofnana ásamt því að segja frá reynslu þátttakenda. Hlekkur á verkefnið og tillögur leiðum til að auka stafræna hæfni háskólakennara <https://cutetoolkit.ku.dk/>

Úrræði í grunnskólum Hafnarfjarðar: Staða miðað við farsældarlög

Anna Rut Pálmadóttir meistaranemi/deildarstjóri stoðþjónustu¹, Margrét Sigmarsdóttir dósent², Bergljót Gyða Guðmundsdóttir dósent²

¹HÍ/Hraunvallaskóli, MVS. ²HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Hegðun og líðan barna á Íslandi: Úrræði og áhrifapættir

Ágrip /Abstract

Mikil umræða hefur farið fram undanfarin ár um úrræðaleyfi innan grunnskóla landsins sem tengist stuðningsþörfum nemenda, til dæmis vegna hegðunar, líðanar, fötlunar, námslegrar stöðu, og fjölbreytts tungumála- og menningarbakgrunns. Allir nemendur eiga að njóta viðeigandi stuðnings í samræmi við þarfir og skólinn á að aðlaga námsumhverfi og veita viðeigandi úrræði í þágu nemenda. Mikilvægt er að stuðningur sé veittur með aðferðum sem sýna góðan árangur en þannig má fyrirbyggja vanda og stuðla að farsæld barna. Í erindinu verður sagt frá rannsókn þar sem leitast er við að varpa ljósi á þá þjónustu sem stendur til boða í og fyrir grunnskóla Hafnarfjarðar og lagt mat á hvort sú þjónusta uppfylli kröfur fræða- og fagsamfélagsins. Greint verður frá þeim gagnreyndu (e. evidence-based) úrræðum sem nýtt eru innan skólanna til að mæta þörfum barna samkvæmt lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna og hvaða úrræði vantar að mati skólastjórnenda. Blönduðum rannsóknaraðferðum (eigind- og megindelegum) var beitt, tekin voru viðtöl við alls sex aðstoðarskólastjóra í fimm stærstu grunnskólum Hafnarfjarðar og rafræn spurningakönnun send til allra stjórnenda grunnskólanna. Fyrstu niðurstöður sýna að skólastjórnendur telja þörf á fleiri gagnreyndum úrræðum til að mæta öllum börnum með snemmtækum stuðningi samkvæmt lögum. Þó eru gagnreynd úrræði innan skólanna sem virka vel. Rætt verður um það sem vel gengur og hvaða úrræði skólastjórnendum finnst vanta.

Áhrif Beanfee hvatningarkerfis á námsástundun og hegðun nemenda með sögu um langvarandi hegðunarvanda

Helga Magnea Gunnlaugsdóttir M.S. í hagnýtri atferlisgreiningu¹, Anna-Lind Pétursdóttir prófessor²

¹HÍ, MVS/HVS. ²HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Hegðun og líðan barna á Íslandi: Úrræði og áhrifaþættir

Ágrip /Abstract

Í þessari rannsókn voru metin áhrif Beanfee hugbúnaðarins á truflandi hegðun og námsástundun fjögurra nemenda, 11-13 ára, með sögu um langvarandi hegðunarvanda. Einstaklingsmiðuð hvatningarkerfi voru hönnuð með Beanfee hugbúnaðinum fyrir hvern þátttakanda í samstarfi við foreldra og umsjónarkennara. Hegðunarmarkmið voru valin í samráði við kennara, sem tóku mið af væntingum þeirra og reglum í kennslustofunni. Foreldrar þátttakenda völdu verðlaun sem voru í boði í "Baunabúðinni" og veittu rannsakanda upplýsingar um áhugamál þátttakenda til að útbúa afreksmerki sem höfðuðu til þátttakenda. Nemendur sáu um að meta og skrá í Beanfee hvort hegðunarmarkmið þeirra náðust í lok hvers tíma. Kennarar mátu einnig og skráðu hvort nemendur náðu hegðunarmarkmiðum sínum. Foreldrar gátu fylgst með framförum barna sinna í sínum snjalltækjum og veittu verðlaun sem börnin keyptu í "Baunabúðinni". Íhlutun fyrir hvern nemanda varði í eina til fjórar vikur. Gæði framkvæmdar reyndust að meðaltali 89,6%. Markhegðun var metin með beinu áhorfi og samræmi matsmanna var að meðaltali 95%. Meðaltíðni truflandi hegðunar lækkaði úr 52 tilvikum á 15 mínútna athugunum á grunnskeiði, niður í 5 tilvik þegar Beanfee var beitt (90% lækkun að meðaltali). Námsástundun jókst úr 21% að meðaltali á grunnskeiði og í 73% eftir að íhlutun var innleidd (349% hækkun að meðaltali). Spurningalisti um reynslu nemenda og kennara af notkun Beanfee sýndi að þeim þótti smáforritið einfalt í notkun, gagnlegt og virka betur en fyrri inngrip. Niðurstöður benda til að einstaklingsmiðuð hvatningarkerfi, framkvæmt í samvinnu kennara, nemenda og foreldra með Beanfee geti dregið úr langvarandi hegðunarvanda og ýtt undir námsástundun nemenda á miðstigi.

Tengsl stuðnings og eftirlits foreldra við sjálfsvígshugsanir og -hegðun ungmenna á Íslandi

Bergljót Gyða Guðmundsdóttir dósent¹, Margrét Sigmarsdóttir dósent¹, Rannveig Sigurvinsdóttir dósent², Inga Dóra Sigfúsdóttir prófessor²

¹HÍ, MVS. ²Háskólinn í Reykjavík, Sálfræðideild

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Hegðun og líðan barna á Íslandi: Úrræði og áhrifaþættir

Ágrip /Abstract

Sjálfsvíg eru aðkallandi ógn við lýðheilsu og ein algengasta dánarorsök meðal ungmenna á heimsvísu. Geðheilbrigði barna og ungmenna hefur verið gefinn meiri gaumur undanfarin ár og vísbendingar um aukna vanlíðan í þessum hópi hafa vakið athygli og áhyggjur, þar á meðal á Íslandi. Bent hefur verið á ýmsa mögulega áhrifaþætti, svo sem hlutverk foreldra, en fáar rannsóknir hafa kannað þessi tengsl nánar hérlandis. Markmið þessarar rannsóknar var að kanna samband stuðnings og eftirlits foreldra við líðan ungmenna og sögu þeirra um sjálfsvígshugsanir og -hegðun. Alls 10.199 framhaldsskólanemar á aldrinum 16-20 ára (49.9% stúlkur) tóku þátt í rannsókninni Ungt fólk árið 2018, en gögn úr henni voru nýtt í þessari rannsókn. Í ljós kom að marktækt, neikvætt samband var milli stuðnings og eftirlits foreldra við sögu um sjálfsskaða og sjálfsvígshugsanir og -hegðun, að teknu tilliti til aldurs, kyns, einkenna depurðar og kvíða og sögu um vímuefnaneyslu. Niðurstöður samræmast því fyrri rannsóknum á þessu sviði og renna stoðum undir að foreldrar séu mikilvægir áhrifavaldar í lífi barna og ungmenna. Brýnt er að allir foreldrar fái rík tækifæri til þess að efla færni sína í uppeldishlutverkinu á árangursríkan hátt og geti þar með hlúð að heilsu og velferð barna sinna.

Tengsl svæðaskiptingar, þjóðfélagsstöðu og kyns á tíma markaðsinnritunar í framhaldsskóla

Þorlákur Axel Jónsson aðjúnt

Háskólinn á Akureyri, Hug- og félagsvísindasvið

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Framhaldsskólanemar: Stéttarstaða og upplifun

Ágrip /Abstract

Haustið 2006 laut innritun í framhaldsskóla leikreglum skólamarkaðar sem hafði einkunnir á samræmdum samkeppnisprófum við lok grunnskóla sem lögeyri sinn. Skóla hálf-markaðurinn hafði samkvæmt ákvörðunum yfirvalda menntamála tekið við af svæðaskiptingu við innritun þar sem höfuðborgarsvæðinu hafði verið skipt í sex svæði og á hverju þeirra höfðu nemendur sem luku grunnskólagöngu sinni á svæðinu forgang að innritun í tiltekna framhaldsskóla. Auk þess gátu nemendur af öllu höfuðborgarsvæðinu sótt um að innritast frjálst í þrjá skóla. Athugað var hver munurinn var á þeim nemendahópum sem innrituðust á svæðin sex þarna um haustið miðað við að þeir hefðu verið undir svæðisinnritunina settir varðandi efnislega, félagslega og menningarlega stöðu þeirra, áætlaðar fjölskyldutekjur, kyn skipt á stráka og stelpur, og einkunnir á samræmdum prófum. Tiltekin svæði drógu til sín nemendur með hærri einkunnir og með sterkari þjóðfélagsstöðu en ella. Munurinn getur ekki talist mikill en hann er greinilegur. Stúlkur með háar einkunnir en lága þjóðfélagsstöðu virðast hafa nýtt sér tækifæri skólamarkaðarins til þess að innritast í eftirsótta skóla utan innritunarsvæðis síns frekar en strákar. Rætt verður hvort hægt er að álykta á grunni þessarar athugunar um tengsl réttlætis til handa mismunandi þjóðfélagshópum og kynja við hlutlægni mælikvarða á námsframmistöðu og valfrelsi við innritun í framhaldsskóla.

Viðvera í fjarnámskeiðum og vinnuálag nemenda

Hörður Sævaldsson lektor

Háskólinn á Akureyri, Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasvið

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Háskólar: Upplýsingatækni og fjarnám

Ágrip /Abstract

Árið 2002 var í fyrsta skipti boðið upp á fjarnám í sjávarútvegsfræðum við Háskólann á Akureyri. Nám í sjávarútvegsfræðum er þverfaglegt raungreinanám með miklu vinnuálagi og mætingaskyldu í verklegar æfingar tvisvar á önn. Uppbygging námsins hefur lítið breyst frá árinu 2002. Námið er nú flokkað sem sveigjanlegt nám í stað hefðbundins staðar- og fjarnáms. Nemendur í sveigjanlegu námi eiga allir að hafa jafnt aðgengi að fyrirlestum óháð landfræðilegri staðsetningu nemenda og tíma dags. Fyrirlestrar eru því sendir út í rauntíma yfir internetið auk þess sem upptökur eru einnig aðgengilegar. Síðustu ár hefur innan við helmingur nemenda í sjávarútvegsfræðum verið skráður í hefðbundið staðarnám og hefur hlutfall þeirra heldur lækkað. Í erindinu verður farið yfir þær áskoranir sem nemendur og fyrirlesarar standa frammi fyrir þegar fleiri nemendur kjósa að stunda nám að heiman. Nemendur öðlast vissulega meira frelsi yfir vinnutíma. Þeir þurfa þó huga vandlega að dreifingu vinnuálags, sem krefst skipulagningar og aga. Fyrirlesarar standa að sama skapi frammi fyrir töluverðum áskorunum. Samtal fyrirlesara og nemenda í kennslustundum verður takmarkað, auk þess sem huga þarf að mælingum á viðveru nemenda í kennslustofum. Reynsla fyrirlesara af fjarnámi/sveigjanlegu námi síðustu 15 árin er að mestu jákvæð en fjölda spurninga er þó enn ósvarað.

Þróun námsefnis og kennslustofa að fjarnámi

Auðbjörg Björnsdóttir Forstöðumaður¹, Hörður Sævaldsson Lektor²

¹Háskólinn á Akureyri, Kennslu- og upplýsingatæknimiðstöð. ²Háskólinn á Akureyri, Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasvið

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Háskólar: Upplýsingatækni og fjarnám

Ágrip /Abstract

Háskólinn á Akureyri hefur boðið upp á staðar- og fjarnám frá árinu frá árinu 1997. Framan af þurftu nemendur að mæta í fyrirlestra í kennslustofur HA eða í fjarnámsmiðstöðvar. Tækni til miðlunar námsefnis hefur fleygt fram síðasta áratug og eru fyrirlestrar nú sendir út í beinni útsendingu á netinu. Samtímis hefur nám við HA verið skilgreint sem sveigjanlegt nám, þ.e. óháð landfræðilegri staðsetningu og stund. Töluverðar áskoranir hafa fylgt þessari umbreytingu fyrir fyrirlesara, nemendur sem og stoðþjónustu. Í erindinu verður farið yfir áskoranir fyrirlesara við endurbætur á kennsluefni. Þar geta upptökur og hreyfimyndir gegnt stóru hlutverki. Breyttri miðlun kennsluefnis fylgir yfirleitt ný tækni, sem krefst sérhæfðrar tækniþjónustu og fræðslu frá stoðdeildum. Endurbætur á kennslustofum HA að sveigjanlegu námi hafa byggt á samvinnu fyrirlesara og stoðþjónustu. Lagt var upp með að hámarka upplifun nemenda í fyrirlestrum og þeir ættu ekki að líða fyrir landfræðilega staðsetningu. Fjöldi áskorana kom upp í ferlinu en þær voru leystar jafnharðan í góðri samvinnu við stoðþjónustu sem naut stuðnings yfirstjórnar skólans. Endurbættar stofur sönnuðu klárlega gildi sitt á Covid-19 tímum, kennsla hélst að mestu óbreytt, en nemendur fluttu samskipti við fyrirlesara úr kennslustofu yfir í netheima.

Skólamenning og viðbrögð kennara við COVID-19: Samanburður á þremur íslenskum framhaldsskólum

Þorsteinn Sürmeli doktorsnemi, Súsanna Margrét Gestsdóttir lektor, Guðrún Ragnarsdóttir dósent

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Skólaumhverfið á tímum heimsfaraldurs

Ágrip /Abstract

Skólamenning getur haft áhrif á hvernig kennarar bregðast við breyttum aðstæðum í starfi. Rannsóknir hafa sýnt að gott samstarf kennara og aðgangur þeirra að stuðningi og faglegum samfélögum kennara gerði þá betur í stakk búna að bregðast við skyndilegum og ófyrirséðum breytingum í kjölfar skólatakmarkana vegna heimsfaraldurs COVID-19. Markmið þessarar rannsóknar er að skoða hvernig kennarar í þremur íslenskum framhaldsskólum fótuðu sig í síbreytilegum aðstæðum og hvaða hlutverki samkennarar og stjórnendur höfðu í því ferli. Sýn stjórnenda og kennara á varanlegar breytingar eru einnig skoðaðar. Viðtöl við stjórnendur og kennara sýna að viðbrögð skólanna þriggja við takmörkunum voru ólík. Niðurstöður gefa til kynna að ólík skólamenning skólanna þriggja, sem birtist í viðtölunum við bæði stjórnendur og kennara, hafi haft áhrif á viðbrögð þeirra og hvaða varanlegu áhrif þeir telja faraldurinn hafa á skólastarf.

Rannsóknargögn eru viðtöl við samtals fjóra stjórnendur og þrettán kennara í þremur ólíkum framhaldsskólum sem tekin voru tæpu ári eftir að fyrstu takmarkanir yfirvalda voru kynntar. Viðtölin eru þemagreind þar sem leitast er við að greina þær leiðir sem skólarnir þrír og kennarar þeirra fóru til að laga kennsluna að því fyrirkomulagi sem var í gildi hverju sinni. Niðurstöðurnar sýna að mikilvægt er að rannsaka viðbrögð kennara við breyttum aðstæðum í kennslu í ljósi skólamenningar svo hægt verði að bregðast betur við heimsfaraldri í framtíðinni, náttúruhamförum eða öðru sem kann að raska skólastarfi.

Greining samræðna í kennslustundum á unglingastigi

Berglind Gísladóttir lektor¹, Jóhann Sigurjónsson nýdoktor², Sólveig Zophoníasdóttir aðjúnkt²

¹HÍ, MVS. ²Háskólinn á Akureyri, Hug- og félagsvísindasvið

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

QUINT rannsóknarsetur um gæði kennslu

Ágrip /Abstract

Rannsóknin er hluti af öndvegissetri um gæði kennslu. Myndbandsgögnum var safnað í 8. bekk í tíu íslenskum skólum í stærðfræði, íslensku og samfélagsfræði. Alls voru teknar upp 108 kennslustundir. Greiningarramminn PLATO (Protocol for Language Arts Teaching Observation) var notaður til að meta gæði kennslunnar í myndbandsgögnunum. PLATO ramminn inniheldur tólf gæðaviðmið metin á fjögurra punkta kvarða en í þessu erindi er áherslan á gæðaviðmiðið „samræður í kennslustund“ (classroom discourse). Rannsóknir hafa sýnt að samræður í kennslustund eru veigamikill þáttur í námi nemenda þar sem mikilvægt er að nemendur fái að tjá eigin skoðanir og hlusta á skoðanir annarra með það að leiðarljósi að stuðla að greinandi hugsun og dýpri skilningi. Markmið þessarar rannsóknar var að skoða nánar hvað einkennir samræður í þeim kennslustundum þar sem samræður voru á hæsta þrepi (4.þrepi) samkvæmt PLATO greiningarrammanum, bæði varðandi tækifæri til samræðna og varðandi viðtökur kennarans við hugmyndum nemenda. Aðeins níu kennslustundir af 108 uppfylltu skilyrðin, sex í íslensku og þrjár í stærðfræði. Þær kennslustundir sem uppfylltu skilyrðin voru afritaðar og greindar nánar með greiningartækinu T-SEDA (Toolkit for Systematic Educational Dialogue Analysis). T-SEDA er inntaksgreining sem gefur góða mynd af eðli þeirra samræðna sem eiga sér stað í námsferlinu bæði milli nemenda og kennara og á meðal nemenda. Með því að samnýta þessi tvö greiningartæki PLATO og T-SEDA gafst tækifæri til að skoða nánar hvað einkenndi samræður í þeim kennslustundum voru sem metnar á hæsta stigi í PLATO. Í erindinu verður gert grein fyrir niðurstöðum þeirrar greiningar.

„Allir eiga rétt á framtíð“: Áhrif skólalokana vegna heimsfaraldurs á unglina í Bissá, Gíneu-Bissá

Fatou N'dure Baboudóttir doktorsnemi¹, Zeca Jandi², Bucar Indjai², Jónína Einarsdóttir prófessor¹, Geir Gunnlaugsson leiðbeinandi¹

¹HÍ, FVS. ²Instituto Nacional de Estudos e Pesquisa (INEP) Bissá, Guíneu-Bissá

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Unglingar: Viðhorf og áhrif

Ágrip /Abstract

Þegar Covid-19 heimsfaraldurinn stóð sem hæst beittu stjórnvöld víða um heim aðgerðum til að draga úr útbreiðslu veirunnar. Í Gíneu-Bissá var neyðarástandi lýst yfir í mars 2020 sem fól meðal annars í sér lokun skóla. Markmið rannsóknarinnar var að kanna áhrif skólalokana á unglina í höfuðborginni Bissá við upphaf faraldursins með sérstaka áherslu á hugmyndir þeirra um framtíðina og birtingarmyndir ójöfnuðar. Gagnasöfnun fór fram í fimm hverfum höfuðborgarinnar Bissá á tímabilinu 20.-24. júní 2020. Tveir höfunda tóku hálf-stöðluð viðtöl á kreól við 30 unglina á aldrinum 15-17 ára sem voru afrituð, þýdd og greind í Atlas.ti. Í frásögnum unglanna mátti greina fimm þemu: mikilvægi menntunar, að vera skilin útundan, innlokun, tillögur um stuðning og röskun framtíðaráforma. Þrátt fyrir að almennt sé staða nemenda í einkareknum skólum betri en þeirra sem stunda nám í ríkisreknum skólum þá sátu allir við sama borð í faraldrinum, án stuðnings við nám og kennslu á meðan skólalokanir stóðu yfir. Skólalokanir í heimsfaraldrinum höfu þannig neikvæð áhrif á alla þátttakendur óháð því hvaða skóla þau gengu í. Mikilvægt er að hlusta á raddir þeirra og bregðast við því sem þau hafa að segja til þess að að stemma stigu við neikvæðum áhrifum skólalokanna á líf þeirra. Mikilvægt er að slíkar mótvægisáðgerðir byggist á réttindum barna og þau fái tækifæri til að þroskast og dafna til stuðnings framtíðaráformum um virðingarvert líf.

Er starfsfólk leikskóla og grunnskóla að brenna út í starfi?

Hjördís Sigursteinsdóttir dósent

Háskólinn á Akureyri, Heilbrigðis,- viðskipta- og raunvísindasvið

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Skólaumhverfið á tímum heimsfaraldurs

Ágrip /Abstract

Til fjölda ára hefur kulnun í starfi (e. burnout) verið þekkt meðal þeirra sem starfa í starfsgreinum eins og heilbrigðisþjónustu og menntageiranum þar sem unnið er í nánnum samskiptum við annað fólk. Tilgangur rannsóknarinnar er að skoða kulnun meðal starfsfólks íslenskra leikskóla og grunnskóla fyrir og eftir COVID-19 faraldurinn í því augnamiði að meta að hve miklu leyti starfsfólkið upplifir andlega og líkamlega þreytu og örmögnun gagnvart starfi sínu og nemendum. Spurningalisti var sendur til starfsfólks leikskóla og grunnskóla í ellefu sveitarfélögum árin 2019, 2021 og 2023. Það voru 903 manns sem svöruðu spurningalistanum í öll þrjú skiptin og gáfu upp kóða til að para saman gögnin.

Hlutfall þeirra sem mældist með persónutengd kulnunareinkenni sem bregðast þyrfti við eða voru örmagna var 23,1% árið 2019, 28,5% árið 2021 og 40,5% árið 2023. Sambærilegt hlutfall fyrir starfstengd kulnunareinkenni var 18,9% árið 2019, 33,1% árið 2021 og 33,0% árið 2023. Mun lægra hlutfall mældist með kulnun gagnvart nemendum eða 5,7% árið 2019, 8,9% árið 2021 og 15,2% árið 2023. Hærra hlutfall starfsfólks grunnskóla en leikskóla mældist með kulnunareinkenni sem bregðast þyrfti við eða voru örmagna. Niðurstöðurnar sýna að margt starfsfólk leikskóla og grunnskóla upplifir andlega og líkamlega þreytu, ekki bara eftir COVID-19 faraldurinn heldur einnig fyrir hann. Það að þetta hátt hlutfall mælist með kulnunareinkenni sem mikilvægt er að bregðast við sýnir að skoða þarf vel starfsaðstæður innan bæði leikskóla og grunnskóla og rýna vandlega hvaða þættir það eru í starfsumhverfinu sem veldur því að starfsfólkið er að brenna út í starfi.

Tengsl fræða og vettvangs: Þróun náms og kennslu í kennaradeild HA

Guðmundur Engilbertsson lektor

Háskólinn á Akureyri, Hug- og félagsvísindasvið

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

QUINT rannsóknarsetur um gæði kennslu

Ágrip /Abstract

Rannsóknir sýna að góð tengsl milli fræða og starfs í námi veiti kennaranemum góðan undirbúning að árangursríku starfi. Því er mikilvægt að leggja ríka áherslu á tengsl fræða og starfs í kennaranámi. Niðurstöður rannsóknar hérlandis á upplifun kennaranema á slíkum tengslum, og tækifærum til að tengja saman fræði og starf á árangursríkan hátt í námi, gefa til kynna að tengslin megi bæta enn frekar. Niðurstöður rannsóknarinnar voru kynntar í grein í Netlu á þessu ári.

Til þess að skilja betur hvernig tengja megi frekar fræði og starf og stuðla að þróun kennaranáms í HA var rannsókninni fylgt eftir með viðtölum við rýnihópa kennaranema, leiðsagnarkennara í skólum og verkefnastjóra vettvangsnáms í HA. Einnig var rýnt í ýmis gögn, s.s. handbækur um vettvangsnám, skipulag náms og námskrár kennaradeilda.

Niðurstöðurnar leiða ýmislegt í ljós, m.a. hugmyndir til úrbóta er varða samhengi milli námskeiða í kennaranámi, samstarf og skipulag innan kennaradeilda, samstarf og stuðning við leiðsagnarkennara í starfsnámi og upplýsingaflæði milli háskólans og viðtökuskóla starfsnema. Ýmis námsverkefni má tengja betur við vettvang og fylgja eftir í starfsnáminu. Einnig má fylgja fræðilegri umfjöllun betur eftir á hagnýtan hátt, fjalla t.d. um gagnlegar starfsaðferðir og gefa nemum tækifæri til að æfa sig í notkun þeirra. Þá má rýna betur í æfingakennslu, m.a. með því að taka hana upp og ígrunda út frá fræðilegum og starfstengdum forsendum.

Í málstofunni verður fjallað um niðurstöður rannsókna og helstu hugmyndir til úrbóta í skipulagi kennaranáms í HA í ljósi rannsóknarniðurstaðna.

Gæði kennslu og upplýsingatækni - raddir unglinga

Sólveig Zophoníasdóttir aðjúnkt, Guðmundur Engilbertsson lektor

Háskólinn á Akureyri, Hug- og félagsvísindasvið

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

QUINT rannsóknarsetur um gæði kennslu

Ágrip /Abstract

Í erindinu verður sagt frá niðurstöðum rannsóknar þar sem rætt var við nemendur um gæði kennslu og upplýsingatækni. Hvað felst í góðri kennslu? er spurning sem er ofarlega á baugi, vitandi þess að gæði kennslu geta skipt sköpum fyrir námsárangur nemenda. Einnig er stafræn tækni ofarlega á baugi en hún er samofin daglegu lífi og skólastarfi. Kvik og umbreytandi tækifæri geta fylgt notkun tækni í námi og kennslu og tæknin getur reynst leikbreytir (e. game changer) í skólastofunni. Auknar kröfur eru gerðar um notkun tækni í skólastarfi og kennarar eru hvattir til að innleiða og nota stafræna tækni í kennslu. Að mæla gæði kennslu er áskorun en margvíslegar leiðir og sjónarhorn má nota til að varpa ljósi á hvað felst í góðri kennslu. Í því samhengi er mikilvægt að kanna hvað felst í gæðum kennslu í stafrænni skólastofu og fá m.a. fram sjónarhorn nemenda, reynslu og skilning á gæði kennslu og upplýsingatækni. Varpað verður ljósi á skilning nemenda á gæðum kennslu og hugmyndir um hvernig stafræn tækni getur stutt við náms- og kennsluhætti. Rannsóknin var gerð í tveimur hlutum: (1) hugmyndafræðileg nálgun á rannsóknarefnið þar sem þátttakendur skrifuðu niður hugmyndir sínar um gæði kennslu og (2) notuð heimspekileg samræðuaðferð til að kalla fram hugmyndir og skoðanir unglinganna á rannsóknarefninu. Skráningar nemenda voru þemagreindar og þemun notuð sem efniviður í samræðunni. Niðurstöður rannsóknarinnar veita innsýn í hugmyndir unglinga um gæði kennslu og notkun stafrænnar tækni og upplifun þeirra af námi og kennslu í stafrænni skólastofu.

Starfendarannsóknir: Rýnt í eigin starf og athafnir

Karen Gísladóttir pPrófessor, Edda Óskarsdóttir dósent

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Starfendarannsóknir: Rannsóknir á eigin starfi og athöfnum

Ágrip /Abstract

Starfendarannsóknir eru leið fyrir einstaklinga til að vaxa í námi og starfi. Námskeiðið Starfendarannsóknir við Menntavísindasvið HÍ er vettvangs- og samstarfsmiðað. Grunnhugmyndin er sú að þátttakendur geri rannsókn á eigin starfi og athöfnum og vinni úr ólíkum þáttum hennar í nánú samstarfi við kennara og aðra þátttakendur, í gegnum ígrundun, margvísleg verkefni, samræður og kynningar. Nemendur halda leiðarbók eða rannsóknardagbók um rannsókn sínar og lestrardagbók í tengslum við lestur fræðigreina. Að loknu námskeiði hafa þátttakendur öðlast praktíska og fræðilega færni í starfendarannsóknnum. Í því felst að:

1. Að læra um starfendarannsóknir
2. Að læra að gera starfendarannsóknir

Í þessari málstofu gera þátttakendur grein fyrir þeim rannsóknum sem þeir unnu á námskeiðinu og hvað þeir lærðu um starfendarannsóknir í gegnum það ferli.

Sýnileiki foreldra í íslenskri menntastefnu

Kristín Jónsdóttir dósent

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Fókus á foreldra

Ágrip /Abstract

Erindið fjallað um hversu sýnilegir foreldrar eru í íslenskri menntastefnu, í þeim tilgangi að ræða og meta hver hlutdeild foreldra í menntun er, samkvæmt henni. Foreldrar eru nefndir í helstu skjölum sem marka opinbera menntastefnu á þessari öld. Árið 2008 voru sett lög um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla og nýjar aðalnámskrár fylgdu í kjölfarið árið 2011 og síðar en þær eru nú margar hverjar í verulegri endurskoðun. Menntastefna til ársins 2030 var sett á Alþingi í mars 2021. Hún veitir yfirsýn yfir markmið og áherslur stjórnvalda ásamt tilheyrandi Aðgerðaáætlun 2021–2024. Menntastefnuna má líka skoða frá fleiri sjónarhornum á menntamál, til dæmis í ljósi laga um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda (2019), út frá íslenskri málstefnu fyrir 2021-2030 eða lagafrumvarpi um nýja þjónustustofnun menntamála (2023). Beitt er textagreiningu. Rannsóknin leiðir í ljós að foreldrar hafa átt margþætta aðild að mótun menntastefnu á þessari öld en varla gert sig gildandi sem kröftugur hagsmunahópur. Foreldrar áttu stundum en ekki alltaf formlega fulltrúa í hópum sem sömdu lagafrumvörp eða önnur menntastefnuskjöl. Niðurstöður sýna að hæpið er að draga upp eina heildarmynd af sýnileika foreldra í íslenskri menntastefnu en segja má að myndir af þeim séu frekar óskýrar. Samkvæmt nýrri skjölum eru þó nokkur tækifæri framundan fyrir foreldra og samtök þeirra til að verða meiri áhrifavaldar í skólastarfi í krafti menntastefnunnar og fjarlægjast það hlutverk að vera svona mest upp á punt.

Examining Patterns of Whiteness and Racism in Education

Elizabeth Lay PhD candidate/Adjunct lecturer, Cynthia Trililani PhD candidate

University of Iceland, School of Education

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Multiculturalism in a broad context

Ágrip /Abstract

Diversity, multiculturalism, and inclusion studies have been fundamental in advancing educational research in Iceland, not least making important contributions to the well-being and integration of migrating families. Largely missing, however, is a consideration of the subtle effects of Whiteness and racialisation in educational materials, practices, and experiences. We are particularly concerned with how the absence of racial discourse shapes pedagogical and institutional practices. For example, it is from public criticism that children's reading or teaching material are occasionally reproducing colonialist and Orientalist positions, and consequently taken out of publication. In this paper, we consider the self-perception of Iceland embodied in Nordic exceptionalism and Whiteness that silences the realities of how racism is manifested in everyday school life. Bacchi's 'What's the Problem' approach is used to evaluate the consequences of this silence. Our study is informed by theories of racialisation and migration in the Nordic context, allowing us to connect the historical processes of racism and colonialism to the current lived experiences of immigrants in Iceland. In the educational context, race is confined to visible skin colour discrimination, whereas those who are racialized are discriminated against based on culture, ethnicity, skin colour, or religion. While migration patterns in Iceland have increasingly changed the demography of schools, educational policy, practice, and research appear to avoid talk about structural racism. It is important to examine how the dominant culture may promote and perpetuate whiteness and racist ideology in education and the school system. This is crucial for achieving social justice and equity.

The transition from preschool to primary school on the Faroe Islands: Societal, institutional, practical, parental and children's views on learning

Sonja Olsen Assistant Professor

University of the Faroe Island, School of Education

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Education policy and teaching methods

Ágrip /Abstract

This is an introduction and reflection on an upcoming PhD project. The project is inspired by an ecological mindset. Throughout children's transition from kindergarten to primary school, many bodies and the connection between them affect children's learning development and well-being. Therefore, this research project includes societal, institutional, practical, parental, and individual components. Initially, a literature review will be conducted, finding the state-of-the-art in this area of research. Secondly, document analysis of international, national, and institutional policies and laws, and interview analysis with preschool teachers, primary school teachers and parents will be conducted. This will provide insight into societal and institutional requirements and views. Preschool teachers' and primary school teachers' collaboration and utilized pedagogies in the transition will be dispersed, as well as parents' attitudes towards children's learning. Third, participants observations and interview analysis with 5-7-year-olds will be conducted while they travel through the transition. This provides insight into children's perspectives on their own learning development and pedagogies and the requirements they go through in the transition. Finally, a summary and comparison of the research parts and research questions will provide, elaborate, and provide a more precise content.

Kunna öll börn stafahljóðin í upphafi 2. bekkjar? Áhrif sumarfrís, móðurmáls, kyns og upphaflegrar stafabekkingar

Guðrún Lilja Kristófersdóttir meistaranemi, Jóhanna María Bjarnadóttir meistaranemi, Auður Björgvinsdóttir aðjúnt, doktorsnemi, Anna-Lind Pétursdóttir prófessor

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Stafahljóðin og lestrarnám: Hvað kunna börnin í raun?

Ágrip /Abstract

Bekking nemenda á stafahljóðum við lok 1. bekkjar og upphaf 2. bekkjar var greind eftir mögulegum áhrifaþáttum og athugað hvernig þekking á tilteknum stafahljóðum í lok 1. bekkjar viðhélst yfir sumarfríð. Þátttakendur við upphaf rannsóknarinnar voru 291 nemandi í 1. bekk í sjö grunnskólum. Þekking á hljóðum íslenskra bókstafa auk tvíhljóðanna au, ei og ey var skoðuð hjá hópnum í heild og einnig eftir kyni nemenda, móðurmáli og hvort þeir voru skilgreindir í hættu á lestrarörðugleikum. Gagna var aflað sem hluta af stærri langtímarannsókn, Samvinna um læsi fyrir alla, í umsjón Dr. Önnu-Lindar Pétursdóttur.

Niðurstöður sýndu að þekking nemenda á stafahljóðum var afar mismunandi, allt frá einu til 35 stafahljóða við lok 1. bekkjar og frá fjórum til 35 stafahljóða við upphaf 2. bekkjar. Hlutfallslega skorti mörg börn þekkingu á hljóðum algengra bókstafa og það var ekkert stafahljóð sem allir nemendur þekktu við upphaf 2. bekkjar. Nemendur með íslensku sem annað tungumál og nemendur í áhættuhópi höfðu slakari stafahljóðabekkingu en jafnaldrar að meðaltali, en ekki mældist munur eftir kyni. Sumarfrí virtist hafa lítil sem engin áhrif á þekkingu nemenda á stafahljóðum, þar sem ekki mældist marktæk afturför milli 1. og 2. bekkjar, hvorki í heild sinni né með tilliti til kyns, móðurmáls eða áhættuhóps. Niðurstöður þessarar rannsóknar veita mikilvægar vísbendingar um áherslur í markvissri kennslu stafahljóða. Svo virðist vera sem þekking nemenda á stafahljóðum við upphaf 2. bekkjar sé ábótavant og leggja þurfi enn meiri kraft í stafainnlögn út frá stöðu hvers nemanda.

Stafróslögmálið: Hvernig má koma í veg fyrir að börn ljúki 1.bekk án nægrar grunnþekkingar?

Auður Björgvinsdóttir aðjúnt, doktorsnemi, Amelia Jara Larimer doktorsnemi, Anna-Lind Pétursdóttir prófessor

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Stafahljóðin og lestrarnám: Hvað kunna börnin í raun?

Ágrip /Abstract

Skilningur á lögmáli stafrófsins (alphabetic principle) er að kunna bókstafina og viðeigandi hljóð þeirra. Þessi þekking er nauðsynlegur grunnur umskráningarfærni og hefur þannig áhrif á framtíðar lestrarfærni og möguleika á lesskilningi.

Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar Samvinna um læsi fyrir alla skortir mörg börn fullnægjandi þekkingu á bókstafshljóðum í íslenskum grunnskólum eftir 1.bekk, sérstaklega börn með íslensku sem annað tungumál og þau sem eru í áhættu fyrir lestrarvanda. Könnun sem náði til grunnskóla í öllum landsfjórðungum leiddi í ljós að þekking á hljóðum bókstafa er helst mæld við upphaf skólagöngu en skortur er á að fylgst sé reglulega með þróun og framvindu nemenda í lestrarnáminu. Þessar niðurstöður gefa til kynna að efla þurfi bæði kennslu og mat á hljóðum bókstafa í 1. bekk, ef koma á í veg fyrir langvarandi lestrarvanda hjá tiltölulega stórum hópi barna.

Í erindinu verða niðurstöðurnar settar í samhengi við erlendar rannsóknir á hvaða aðferðir eru best fallnar til að kenna og meta stafabekkingu með árangursríkum hætti og leiðir til að yfirfæra þær í íslenska kennslu ræddar.

Learning to Read in Iceland: An evaluation of the early reading growth of 1st graders

Amelia Jara Larimer doktorsnemi, Auður Björgvinsdóttir aðjúnkt, doktorsnemi, Anna-Lind Pétursdóttir prófessor

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Stafahljóðin og lestrarnám: Hvað kunna börnin í raun?

Ágrip /Abstract

This quantitative longitudinal study examines the reading performance and growth scores of approximately 300 students in 1st grade in eight schools in the capital area of Iceland across the 2021-22 school year. Data from assessments in September, January, and May, were analyzed to identify predictive risk factors of students who may require a more intensive level of support to improve reading performance. Predictive variables analyzed were student age, gender, language background, and initial letter naming fluency at the beginning of school in September. Outcome variables analyzed were early reading skills, including oral reading fluency, sight-word fluency, and nonsense word fluency which were assessed with a validated and reliable assessment from the Directorate of Education.

Analyses indicated that students with initial low letter naming fluency had significantly lower oral reading fluency growth and achievement as compared to their peers across 1st grade. The gap between these at-risk students and their peers widened as the year went on indicating a clear Matthew Effect ($r = 0.29$). These results highlight the importance of evidence-based reading instruction and early intervention to ensure all children are taught to read.

While academic gender gaps are a consistent topic of discussion in Iceland no significant differences in reading performance or growth were observed between girls and boys in this sample. Implications for changes to practices, as well as additional research, will be discussed.

Changing inequality and Educational Transitions

David Reimer Professor

University of Iceland, School of Education and School of Social Sciences

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Education policy and teaching methods

Ágrip /Abstract

Inequality in education continues to be a challenge for most industrialized countries in the world. Across nations children from lower socioeconomic origins tend to perform worse in school - measured in terms of grades or standardized tests. At the same time, they tend to choose lower levels of education even if they have achieved the relevant qualifications to gain access to the next level. This is also the case in Iceland, a country where inequalities in education by parental social origin are assumed to be lower in an international comparative perspective. This paper discusses potential strategies and interventions that can be implemented to reduce the social gradient in educational choice based on results and report results from two interventions studies implemented in Denmark that had the goal to reduce inequality in access to university. The interventions tested to what extent the provision of information on educational returns to different educational alternatives as well as the exposure to role-model videos can help motivate students from working class origins to pursue university education. Results show that providing students with examples of role models who they can identify with seems to be a promising avenue to at least partly reduce inequality in educational choice by parental social origin. The presentation concludes with a discussion of how these results can be translated to other educational systems and the Icelandic country case in particular.

Gagnvirka samstarfslíkanið í grunnskólunum í Breiðholti: Mat á innleiðingu og afrakstri

Ingileif Ástvaldsdóttir aðjúnt

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Stjórnun og starfshættir

Ágrip /Abstract

Grunnskólarnir í Breiðholti í samvinnu við skóla- og frístundapjónustu í Breiðholti, innleiða Gagnvirka samstarfslíkanið (e. Collaborative Response). Líkanið byggir á þremur samverkandi þáttum, *samráðsfundum, mati og greiningum og björgum og úrræðum*. Hver þáttur og samspil þeirra er markvisst notað til að starfsfólk skólanna styðji hvert annað í að búa nemendum námsumhverfi sem miðast við stöðu og þarfir nemenda. Líkanið er upprunnið í Kanada og notað þar með góðum árangri.

Samhliða innleiðingunni fer fram mat á framvindu verkefnisins og afrakstri þess. Tilgangur matsins er þríþættur. Í fyrsta lagi að vera stýrihópi og ráðgjöfum verkefnisins til leiðbeiningar um framvinduna við innleiðingu. Í öðru lagi að auka þekkingu á gagnsemi Gagnvirka samstarfslíkansins við að bregðast við þörfum nemenda á skilvirkan máta og í samræmi við lög um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna. Í þriðja lagi er matinu ætlað að bæta við þekkingu á þróunarstarfi í menntastofnunum. Í matinu er notast við blandaða aðferð við öflun gagna; spurningakannanir, námsígrundanir og viðtöl.

Í erindinu verður greint frá niðurstöðum spurningakönnunar sem lögð var fyrir þátttakendur vorið 2023 og rýnihópaviðtala við skólastjórnendur haustið 2023. Fyrstu niðurstöður matsins sýna að meirihluta þátttakenda finnst að samstarfslíkanið og vinnulag þess hafi nýst þeim vel ásamt því að efla trú þeirra á eigin getu til að mæta þörfum nemenda. Jafnframt hafi samstarfundirnir aukið sameiginlega ábyrgð á nemendum og styrkt teymishugsun innan skólanna. Þessar fyrstu niðurstöður gefa tilefni til að álykta að innleiðing líkansins gangi vel og að það nýtist starfsfólki skólanna við að finna leiðir til að mæta þörfum nemenda.

(Sér)kennsla og þjálfun ungra fatlaðra barna í nýju ljósiJóna G. Ingólfssdóttir aðjúnkt

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Inngildandi menntun I

Ágrip /Abstract

Þrátt fyrir yfirlýst markmið íslenska mennta- og velferðarkerfisins um inngildandi og sveigjanlega starfshætti, greina foreldrar fatlaðra barna oft frá því að þjónustan sé sundurleit, dreifð og fremur veitt á forsendum þjónustuveitenda en þjónustunotenda. Rannsóknin sem hér er kynnt er eigindleg tilvikarannsókn á sviði fötlunarfræða og var markmiðið að öðlast dýpri skilning á þessu misræmi. Fræðileg nálgun rannsóknarinnar einkennist af samþættingu nokkurra tengdra fræðikenninga. Þar ber meðal annars að nefna félagslegan og réttindamiðaðan tengslaskilning á fötlun sem hefur þróast innan fötlunarfræða á undanförnum áratugum og er sá skilningur sem samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks byggir á. Félagsfræði barnæskunnar og Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna gegna einnig mikilvægu hlutverki ásamt menningarsögulegri starfsemiskenningu. Markmið þess hluta rannsóknarinnar sem hér er til umfjöllunar var að varpa ljósi á störf og starfsaðstæður fagfólks sem ung fötluð börn og foreldrar eru í daglegum samskiptum við. Í því skyni voru tekin þrjú rýnihópaviðtöl við alls 13 fagaðila í þremur ólíkum sveitarfélögum. Gögnin voru greind og túlkuð með hliðsjón af grunngildum fjölskyldumiðaðrar þjónustu, félagslegri og réttindamiðaðri tengslasýn á fötlun og menningarsögulegri starfsemiskenningu. Niðurstöður leiddu í ljós að fyrirkomulag þjónustunnar stjórnaðist oftast af einstaklingsmiðaðri sýn á fötlun, þröngum starfsramma fagfólks, biðlistum og að ýmis hagnýt eða pólitísk sjónarmið innan stjórnsýslunnar réðu för fremur en yfirlýst velferðarstefna eða lögbundin menntastefna. Með hliðsjón af niðurstöðum rannsóknarinnar og fræðilegum grunni hennar verða kynntar hugmyndir að breyttum starfsháttum sem gætu stuðlað að nauðsynlegum umbótum. Rannsóknin er fræðilegt og hagnýtt innlegg í yfirstandandi umræðu um gildi og framkvæmd samþættrar þjónustu í þágu farsældar barna.

Bréfaskóli Hallgríms Péturssonar

Þorsteinn Helgason prófessor emeritus

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Textar fyrir börn og textar barna

Ágrip /Abstract

Um miðja sautjándu öld sendi séra Hallgrímur Pétursson bréf í bundnu máli til sóknarfólks síns til að fræða það um kirkju þess, hvað hlutverki hún gegnir, hvað altari og kerti hafa að gera í kirkju, hvaða siðir og reglur eru viðhafðar, hvernig hvíldardagurinn kom til, hvaða hátíðisdagar eru haldnir og af hvaða ástæðu, hvaða söngvar eru sungnir í messu, hvað laglaus eiga að gera þegar sungið er og margt fleira. Formáli og eftirmáli virðist stílaðir á fullorðið fólk en meginmálið, í spurningum og svörum, er ætlað börnum. Fræðsluljóðið hefur víðast fyrsögnina „Barnaspurningar um kirkjusiði og seremoníur ungdóminum til fróðleiks og öðrum einföldum“ en í lokin kemur annað nafn: „Messuspurningabúlan sú þarna/kveð eg meg heita kirkjuvit barna.“

Þetta kvæði er fágætur vitnisburður um „bréfaskóla“ til stuðnings og til hliðar við hinn prentaða katekisma (kverið) og vekur margar spurningar. Kvæðið er fræðsla sem ekki gerir skýlausa kröfu um bóklæsi heldur ósk um að nema bundinn texta og líklega helst í söng: „Kynntu þér utanbókar kórsönginn væna...“ Kvæðið vekur spurningar um inntak læsis, um framsetningu námsefnis, um inntak ljóðsins, um stöðu þess sem bókmennta og höfundarverk (Hallgrímur er ekki ótvíræður höfundur þess), um fyrirmyndir og hliðstæður og um samspil hins munnlega, skrifaða, prentaða og sungna.

Hornaföll við upphaf háskólanáms

Freyja Hreinsdóttir prófessor

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Stærðfræði: Þróun og áskoranir

Ágrip /Abstract

Á fyrsta ári háskólanáms koma fram ýmis vandamál í stærðfræðinámi sem tengjast breyttu umhverfi, breyttum kennsluháttum og undirbúningi nemenda. Í fyrsta árs námskeiðum í stærðfræði á Verkfræði- og náttúruvísindasviði er nokkuð um fall og töluvert brottfall. Vorið 2023 var próf í stærðfræðigreiningu I í desember 2022 notað til að kanna hvaða efnisatriði nemendur ætti erfitt með og hversu útbreitt það væri að vanþekking á grundvallaratriðum hindraði nemendur í að leysa verkefni rétt. Meðal efnisatriða sem nemendur reyndust eiga erfitt með voru hornaföll. Athugun á námskrám nokkurra framhaldsskóla leiddi í ljós að í flestum tilfellum ættu nemendur að hafa lært um hornaföll í rétthyrndum þríhyrningi á 2. þrepi og um einingarhring og hornaföll sem föll af rauntölum á 3. þrepi. Þrátt fyrir þetta bentu úrlausnir nokkuð margra nemenda til grundvallarmisskilnings á $\cos(x)$ sem lotubundnu falli. Í fyrirlestrinum verður þessu lýst og greint frá þeim villum sem nemendur gerðu.

Menntun eða úrræði? Stefnumótun ríkisins um fullorðinsfræðslu í fortíð, nútíð og framtíð

Berglind Rós Magnúsdóttir prófessor, Jón Torfi Jónasson prófessor emeritus, Helgi Svavarsson doktorsnemi og verkefnastjóri hjá Símeý

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Fullorðinsmenntun? Yfirstandandi stefnumótun um ævinám og símenntun

Ágrip /Abstract

Í þessu erindi verður fjallað um markmið og hlutverk fullorðinsfræðslu í stefnumótun íslenska ríkisins út frá sögulegu sjónarhorni, framtíðaráherslum og núverandi stöðu. Tílefnið er yfirstandandi stefnumótun í fullorðinsfræðslu fyrir félags- og vinnumarkaðsráðuneytið sem höfundar eru þátttakendur í. Gögnin sem liggja til grundvallar eru stefnuskjöl frá stjórnvöldum og nýlegar framtíðarskýrslur um menntun frá UNESCO og OECD. Greint er hvernig áherslur í lagafrumvörpum fyrir fullorðinsfræðslu hafa þróast, varðandi tilgang og gildi menntunar fyrir einstakling og samfélag, út frá hugtökum eins og markaðs- og tæknihyggju (e. instrumentalism), jafnrétti til náms og folkbildung. Áhugavert er að skoða hvernig þessir pólar takast á í orðræðu um fullorðinsfræðslu bæði hér á landi og víðar t.d. í tengslum við fjórðu iðnbyltinguna, aukið aðgengi að upplýsingum, áherslum atvinnulífsins, þörfum einstaklinga og ekki síst hver þörfin er fyrir land og þjóð. Velt er upp þeirri spurningu hvort fullorðinsfræðslukerfið eigi að vera fimmta stoð menntakerfisins og hvað skorti á í núverandi lagarömmum og hvað megi nýta úr eldri og nýrri hugmyndum til að svo megi verða.

Fimmta stoðin í menntakerfi sem styður við ævinám: Greining á niðurstöðum helstu rannsókna á sviðinu

Hróbjartur Árnason lektor

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Fullorðinsmenntun? Yfirstandandi stefnumótun um ævinám og símenntun

Ágrip /Abstract

Fullorðinsfræðsla hefur á undanförunum árum fengið stöðu fimmtu stoðar menntakerfisins. Það gerist undir áhrifum hugmynda um að menntun sé og verði æviverkefni allra, einkum í ljósi örra breytinga. Í því ljósi þykir ljóst að samfélagið þurfi að skapa skipulögðu ævinámi, lagalega ramma, fjárhagslegan grunn og skírleika.

Á Íslandi voru fyrstu lög um fullorðinsfræðslu samþykkt 1992. 2010 var svið ríkisstuðnings við fullorðinsfræðslu skýrt með lögum um framhaldsfræðslu og bar nafn þeirra vott um hugmyndir yfirvalda um það hvaða hluta fullorðinsfræðslu samneyslan skyldi fjármagna. Nú stendur yfir vinna á vegum Félags- og vinnumarkaðsáðuneytisins um gerð nýrra laga. Hluti þessarar vinnu er að rýna í íslenskar rannsóknir á sviðinu ásamt stefnumótun innlenda og alþjóðlega. Erindið snýst um greiningu á helstu stefnumótunarskjölum íslenskum sem tengjast fullorðinsfræðslu, frá 1998 til 2023, og rannsóknum á sviði fullorðinsfræðslu frá sama tíma. Um er að ræða um 10 stefnuplögg, 60 meistaraverkefni og 20 rannsóknargreinar. Í stefnuplöggu voru þrústef greind, einkum hugmyndir um tilgang fullorðinsfræðslu og aðkomu ríkisins. Niðurstöður rannsóknargreina og meistararitgerða sem tengdust þrústefjum og miðlægum þemum úr íslenskum stefnuplöggu voru greindar og bornar saman við stefnuplöggin.

Greiningin sýnir að viðvarandi þrústef er hækkun menntunarstigs á Íslandi og þörf atvinnulífs fyrir betur menntað fólk. Þagað er um innflytjendur og aðra viðkvæma markhópa. Rannsóknirnar sýna ánægju þátttakenda með möguleika sem framhaldsfræðslan veitti en að framhaldsfræðslukerfið nái ekki til allra. Greining á rannsóknum og samanburður við stefnuplögg og nýjan samfélagslegan veruleika bendir til að næstu lög þurfi að horfa víðar, til fleiri markhópa og til lengri tíma.

Markmið og gæði í starfi frístundaheimila

Steingerður Kristjánsdóttir aðjúnt, Kolbrún Pálsdóttir dósent

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Frístundir, vellíðan og skólastarf

Ágrip /Abstract

Í þessu erindi verður gerð grein fyrir fyrstu niðurstöðum rannsóknar þar sem markmiðið var að fylgja eftir innleiðingu á gæðaviðmiðum um frístundaheimili og afla upplýsinga um faglegt starf, stefnumótun og áskoranir stjórnenda og starfsfólks. Viðmið um markmið og gæði starfsins á frístundaheimilum voru gefin út 2019 af Mennta – og menningarmálaráðuneytinu (nú Mennta- og barnamálaráðuneyti). Er þetta fyrsta rannsóknin sem vitað er um sem er ætlað að varpa ljósi á hvort og hvernig þessi markmið og viðmið hafa skilað sér í þróun og starf frístundaheimilanna á landsvísu.

Gögnum var safnað frá júní til september 2023 með megindlegri aðferð þar sem um var að ræða spurningakönnun sem svarað var á netinu. Könnunin var send með tölvupósti á stjórnendur í skóla- og frístundastarfi á höfuðborgarsvæði og landsbyggð, þar sem upplýsingar lágu fyrir um netföng. Stjórnendur voru jafnframt beðnir að framsenda á starfsfólk frístundaheimila og þá var hlekk á könnunina dreift gegnum fésbókarhópa.

Verið er að greina fyrstu niðurstöður sem kynntar verða í erindinu.

Meira grænmeti í Rimaskóla

Stella Björk Fjelsted, Ellen Alma Tryggvadóttir aðjúnt

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Heilsuefling og fæðuval

Ágrip /Abstract

Rannsóknir hérlandis og erlendis benda til þess að börn neyti ekki nægilegs magns af grænmeti. Skólar ættu að stuðla að heilbrigðum lífsháttum nemenda og góð næring er mikilvægur þáttur þess. Aðgengi og framboð getur haft áhrif á grænmetisneyslu barna. Markmið þessa verkefnis var að meta áhrif íhlutunar sem fólst í næringarfræðslu og breyttu fyrirkomulagi á framsetningu grænmetis í skólamötuneyti.

Víkuna 13.-17. mars 2023 var allt ferskt grænmeti vigtað, fyrir og eftir hádegismat í Rimaskóla. Grænmeti var borið fram sem blandað salat og starfsmenn skömmtuðu nemendum. Vikuna 20.-24. mars fengu nemendur næringarfræðslu auk þess að kynntar voru fyrir þeim væntanlegar breytingar á framsetningu grænmetis. Nemendur voru hvattir til að skammta sér fjölbreytt grænmeti. Vikuna 27.-31. mars var allt ferskt grænmeti vigtað, fyrir og eftir hádegismat, en nú var það skorið í stærri bita og borið fram aðskilið. Nemendur skömmtuðu sér sjálfir.

Eftir íhlutunina jókst neysla grænmetis í Rimaskóla umtalsvert. Heildar grænmetisneyslan fór úr 3,03 kg á viku í 46,6 kg (1.439 %). Mesta aukningin varð á neyslu agúrku sem fór úr 0,78 kg á viku í 20,7 kg (2.542 %). Einnig varð mikil aukning á neyslu rauðrar papriku sem fór úr 0,57 kg á viku í 11,24 kg (1.875 %).

Niðurstöður benda til þess að augin næringarfræðsla, sjálfskömmun nemenda og breytt framsetning grænmetis, þar sem grænmeti er borið fram aðskilið, geti aukið grænmetisneyslu barna verulega. Fyrirhugað er að endurtaka mælingar síðar til að kanna hvort breytingar hafi orðið á grænmetisneyslunni þegar lengra er liðið frá íhlutun.

Slakir strákar og stelpur í uppnámi: Grunnskólanemar á samfélagsmiðlum út frá kynjuðu sjónarhorni

Þórður Kristinsson doktorsnemi

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Unglingar: Viðhorf og áhrif

Ágrip /Abstract

Í þessu erindi er litið til þess hvernig íslenskir unglingar á grunnskólaaldri túlka og taka þátt í að móta viðmið og væntingar varðandi kynbundnar birtingarmyndir tilfinninga á samfélagsmiðlum. Þegar þessir unglingar koma inn í heim samfélagsmiðla treysta þeir á samskipti sín við jafnaldra og neyslu þeirra á efni á netinu til að skilja þær væntingar sem til þeirra eru gerðar. Þetta felur í sér áhorf á og þátttöku í samfélagsmiðla „trendum“, sem spanna allt frá léttum áskorunum til þess að deila reynslu af alvarlegum áföllum. Kenningarrámmi Judith Butler um kyngervi sem gjörning nýtist vel til þess að greina þessar kynjuðu birtingarmyndir hugmynda um kvenleika og karlmennsku og hversu mikið þær byggjast upp á heterónormatívum minnum. Niðurstöðurnar gefa til kynna að hegðun unglinga á samfélagsmiðlum stýrast að miklu leiti af hefðbundnum hugmyndum um hlutverk kynjanna. Strákar eru mun líklegri til þess að vera passívir áhorfendur frekar en þátttakendur en á skjánum eru þeir fyrst og fremst í léttu gríni og glensi á meðan stúlkur eru mun líklegri til þess að opna á stórar tilfinningar. Þrátt fyrir að samfélagsmiðlar virki fyrst og fremst sem vettvangur til þess að festa í sessi hefðbundin kynhlutverk má einnig finna möguleika á uppbroti og andófi gegn þeim.

Þessi rannsókn er hluti af stærra rannsóknarverkefni sem snýr að börnum á tímum kynlífsvæðingar og stafrænni tækni. Gögnin sem þessi rannsókn byggir á voru fengin með vinahópaviðtölum, sögulokaaðferð (e. story-completion method) og netnógrafíu. Rannsóknin er hluti af doktorsverkefni höfundar.

Framhaldsskólanemar á tímum heimsfaraldurs: Námsupplifun ólíkra nemendahópa

Amalía Björnsdóttir prófessor¹, Guðlaug Pálsdóttir aðstoðarskólameistari², Guðrún Ragnarsdóttir dósent¹

¹HÍ, MVS. ²Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Framhaldsskólanemar: Stéttarstaða og upplifun

Ágrip /Abstract

Markmið þessarar rannsóknar var að kanna áhrif COVID-19 faraldursins á íslenska framhaldsskólanemendur en miklar áhyggjur hafa verið af stöðu ólíkra hópa í faraldrinum. Vorið 2021 var spurningalisti lagður fyrir nemendur (N = 1.306) í fjórum skólum. Skoðað var hvaða hópar fundu mest fyrir áhrifum faraldursins og fannst erfitt að hefja aftur hefðbundið nám innan veggja skólans. Kannað var hvort munur væri á nemendum eftir kyni, móðurmáli, menntun foreldra og hvort þau töldu sig kljást við þætti sem trufluðu þau í námi. Konur sögðu frekar en karlar að kvíði hefði aukist í fjarkennslu og nemendur sem áttu háskólamenntaða foreldra voru frekar á því að kvíðinn hefði aukist. Um helmingur var meira einmana í fjarkennslu, konur marktækt frekar en karlar, lesblindir og þeir sem áttu ekki íslensku að móðurmáli voru síður einmana en aðrir samnemendur. Ríflega helmingi fannst gott að mæta aftur í skólann frekar þeim sem áttu íslensku að móðurmáli og þeim sem áttu foreldra með háskólamenntun. Nemendur sem upplifðu truflun af kvíða, félagsfælni, þunglyndi eða lesblindu voru síður á því að gott væri að mæta aftur í skólann. Niðurstöður benda til þess að ákveðinn hópur finni sig betur í hefðbundnu staðnámi það er nemendur sem eiga háskólamenntaða foreldra, eiga íslensku að móðurmáli og kljást ekki við félagsfælni, þunglyndi, kvíða eða lesblindu sem truflar nám þeirra. Þetta vekur upp áleitnar spurningar um stöðu hinna sem ekki virðast finna sig í hefðbundnu framhaldsskólanámi. Brýnt er að hlúa sérstaklega að þessum nemendahópi nú þegar skólastarf er að færast í fyrra horf.

Family Musicking as a space for positive social transformation

Adam Switala PhD Student, Adjunct

University of Iceland, School of Education

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Multiculturalism in a broad context

Ágrip /Abstract

Family Musicking is a relatively young term used in research literature across different academic fields predominantly as an umbrella term to describe a wide variety of educational programs part of which parents and young children engage in musical activities. Such programs, usually facilitated by one or more trained teachers, aim to provide opportunities for musical exploration, expression, and communication to both adult participants and infants. Despite the growing popularity of Family Musicking programs in most affluent countries, the term itself still lacks clarity, which leads to difficulties with regard to the evaluation of the offered activities and comparative data analysis across individual studies. This paper examines the concept of Family Musicking by looking at a variety of practical examples of such programs and analyzing their key ingredients in a wider ontological perspective, i.e., in the light of theoretical frameworks proposed by June Boyce-Tilman, Ellen Dissanayake, and other influential scholars. The liminal aspect of Family Musicking is being discussed with regard to its potential for fostering positive social transformation and establishing a safer-space culture of participation. Finally, the article seeks to explore the possible implications of Family Musicking as a formula in terms of its potential to empower under-represented populations and individuals, foster equality, equity, and a sense of belonging, and as a promising tool for future programs in the field of music education and beyond.

Svefnmynstur og hreyfing framhaldsskólanema

Björn Jóhannes Hjálmarsson¹, Erlingur Sigurður Jóhannsson Prófessor¹, Rúna Stefánsdóttir Lektor¹, Arna Ösp Gunnarsdóttir², Ingibjörg Gunnarsdóttir prófessor²

¹HÍ, MVS. ²HÍ, HVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Heilsuhegðun, hreyfing og þrek

Ágrip /Abstract

Rannsóknir hafa sýnt að svefn unglinga er stuttur og breytilegur sem getur haft skaðleg áhrif á heilsu og líðan. Einnig hreyfa unglingar sig of lítið, en um 80% ungmenna uppfylla ekki alþjóðlegar ráðleggingar um hreyfingu. Markmið rannsóknarinnar var að bera saman svefn og hreyfingu milli framhaldsskólanema í skólum með bekkjakerfi (BK) og í skólum með áfangakerfi (ÁK).

Gagnasöfnun fór fram í mars-maí 2021. Svefn og hreyfing voru mæld í 6,7 daga (meðaltal) með Actigraph hreyfímælum hjá 75 (28 kk) nemendum fæddum 2003. Af þeim nemendum voru 67% í skóla með ÁK. Munur á svefni og hreyfingu milli skólakerfa var reiknaður með óháðu t-prófi og fervikagreiningu og aðlagð m.t.t. hæðar, þyngdar, BMI, rekkjutíma og lengdar svefns.

Meðalsvefntími nemenda var $6,5 \pm 0,8$ klst. en ekki var munur á svefnlengd hjá nemendum milli skólakerfa. Hins vegar sást munur á breytileika í meðalsvefnlengd nemenda (innan einstaklings) milli skólakerfa; $0,8 \pm 0,4$ klst/nóttu hjá nemendum í BK og $1,4 \pm 0,8$ klst/nóttu hjá nemendum í ÁK ($p < 0.001$). Marktækur munur var á hreyfingu milli bekkjakerfa; nemendur í BK voru með 1841 ± 303 skref/mínútur-með-mæli/dag en nemendur í ÁK með 1613 ± 351 skref/mínútur-með-mæli/dag.

Niðurstöðurnar benda til þess að nemendur í ÁK séu með breytilegra svefnmynstur og hreyfi sig minna en nemendur í BK. Draga má þá ályktun að áfangakerfi í framhaldsskólum ýti undir breytileika í svefni og geti aukið á kyrrsetulífurni nemenda. Þörf er á frekari rannsóknum sem skoða hvernig mismunandi skólakerfi geti stuðlað að minni breytileika í svefni og aukinni hreyfingu nemenda.

Frá Stakkahlíð til Kastala í Salzburg: Lærdómur um inngildandi nám í Háskólanum í Salzburg

Ágústa Björnsdóttir verkefnastjóri

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Inngildandi menntun II

Ágrip /Abstract

Starfstengt diplómanám fyrir fólk með þroskahömlun hóf göngu sína haustið 2007. Námið er staðsett í deild heilsuefingar, íþróttar og tómstunda á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Diplómanámið er einstaklingsmiðað og starfsmiðað og nemendur stunda bóklegt nám í háskólanum og verklegt nám á starfsvettvangi. Tilgangur námsins er að veita fólki með þroskahömlun möguleika til fullgildrar samfélagsþátttöku í inngildandi skólaumhverfi. Námið er skipulagt í samræmi við yfirlýsta alþjóðlega stefnu hagsmunasamtaka fólks með þroskahömlun, mannréttindasáttmála og þá sérstaklega samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, stefnu Háskóla Íslands og stefnu um skóla án aðgreiningar.

Frá því að námið hóf göngu sína hefur það þróast og breyst töluvert. Með þátttöku í Erasmus + verkefnum hafa skapast mikilvæg tengsl við aðra háskóla í Evrópu sem bjóða upp á inngildandi háskólanám. Í júní 2023 fóru útskriftarnemendur og kennarar í diplómanáminu í starfsþjálfun í Háskólann í Salzburg. Markmið ferðarinnar var að kynnast náminu þar og kynna diplómanámið fyrir háskólasamfélaginu þar. Nemendur og kennarar komu heim reynslunni ríkari.

Í erindinu er sjónum beint að hvaða ávinningur hlýst af samstarfi við aðra háskóla og starfsþjálfun sem þessari? Hvað getum við lært af Háskólanum í Salzburg og hverju getum við miðlað? Hvaða tækifæri sjá nemendur í slíku samstarfi og hvaða ávinning sjá þau af erlendu samstarfi? Þá verður fjallað um gildi þess að fá tækifæri til taka þátt í Erasmus+ verkefni og hvernig það getur átt þátt í þróun námsins.

Farsæld og tengsl ungmenna við eigið líf, annað fólk, náttúru og æðri mátt

Kolbrún Þ. Pálsdóttir dósent¹, Hervör Alma Árnadóttir dósent²

¹HÍ, MVS. ²HÍ, FVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Íslenska æskulýðsrannsóknin

Ágrip /Abstract

Niðurstöður rannsókna benda til þess að ungmenni í samtímanum upplifi líf sitt síður merkingarþætt en ungmenni gerðu áður, og líf þeirra einkennist af ákveðnu rótleysi sem geti haft áhrif á siðferðisþroska. Í þessu erindi er sjónum beint að því hvaða merkingu ungmenni upplifa í tengslum við eigið líf, annað fólk, náttúru og æðri mátt. Vísbendingar eru um að það að upplifa sterk siðferðistengsl við sjálfa sig, annað fólk, náttúru og umhverfi sitt hafi jákvæð áhrif á líf einstaklinga og hjálpi þeim að takast á við erfiðleika og áskoranir. Núgildandi menntastefna með áherslu á farsæld ungmenna kallar á róttæka greiningu á velferð og líðan ungmenna, ekki síst með hliðsjón af þeim tengslum sem ungt fólk myndar við veruleikann og sjálft sig. Rannsóknin byggir á gögnum úr alþjóðlegu könnuninni Health Behaviour in School-aged Children (HBSC) og Íslensku æskulýðsrannsókninni sem lögð var fyrir vorið 2022. Þátttakendur voru alls 1288, þar af voru drengir 51,8% og stúlkur 48,2%. Svarendur voru úr 8. bekk (N = 705) og úr 10. bekk (N = 583) grunnskóla. Stuðst er við svokallaðan "Spiritual Health" mælikvarða sem þróaður hefur verið af alþjóðlegu rannsóknarteymi, og mætti kalla á íslensku Lífsfyllingarkvarðann. Í erindinu er fjallað um réttmæti kvarðans, bæði út frá alþjóðlegu og íslensku samhengi, og gerð grein fyrir styrkleikum hans og veikleikum. Fyrstu niðurstöður benda til þess að þó að meirihluti ungmenna upplifi merkingarþætt tengsl þá sé líklegra að jaðarsett ungmenni eigi erfiðara með að mynda slík tengsl. Þá sýna niðurstöður örlítinn kynjamun sem áhugavert er að skoða nánar.

Tilraunir, togstreita, fjölbreytni: Kennari rýnir í skapandi starfshætti í þremur skólum

Eyrún Óskarsdóttir grunnskólakennari

Stekkjarskóli

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Starfendarannsóknir: Ígrundun um eigið starf, athafnir og hugsanir

Ágrip /Abstract

Kennslufræði sköpunar hefur verið sett fram sem þríhliða líkan: ein hliðin er skapandi kennsla með athyglina á hlutverki kennarans sem skipuleggur kennsluna með fjölbreyttum hætti, önnur hlið er kennsla til sköpunar sem beinist að markmiðum og aðferðum við að þróa hæfni nemenda til sköpunar, nemandinn er í aðalhlutverki og kennarinn til aðstoðar, og þriðja hliðin er skapandi nám sem beinist að skapandi þátttöku nemenda.

Ástæðan fyrir þessari rannsókn er þörfin fyrir að efla áhuga, gleði og skilning allra nemenda og veita þeim góðan grunn í stærðfræði með fjölbreyttum og skapandi verkefnum. Tilgangur rannsóknarinnar er að efla skapandi starfshætti í stærðfræðikennslu. Markmiðið er að rannsaka hvernig ég hef notað skapandi starfshætti í stærðfræði til að efla skilning og áhuga allra nemenda.

Gögn í þessari rannsókn voru sjálfsviðtal um áherslur í kennslu, ljósmyndir úr starfi, verkefni nemenda og skipulagsbækur úr starfi frá ólíkum tímabilum í starfi.

Niðurstöður varpa ljósi á hvernig ég nýti skapandi kennsluhætti í stærðfræði á yngsta- og miðstigi með það fyrir augum að efla skapandi hugsun, áhuga og skilning allra nemenda. Helstu áhrifaþættir þar á eru menning og viðhorf innan skólanna, samstarfsfólk og skipulag. Í ljósi niðurstaðna er mikilvægt að skólasamfélagið sé jákvætt og styðjandi og teymiskennsla virkar ef fólk er samstíga. Skipulag skólastarfs, stundatöflur og verkaskipting hefur áhrif á hvort hægt er að ráðast í stærri verkefni en alls staðar ætti að vera hægt að skipuleggja hringekjur með fjölbreyttum verkefnum sem jafnframt er góð leið til að mæta þörfum allra.

Ég þarf bara að æfa mig aðeins meira: Kennari rýnir í innleiðingu leiðsagnarnáms

Fanney Rúnarsdóttir grunnskólakennari

Grunnskóli Seltjarnarness

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Starfendarannsóknir: Ígrundun um eigið starf, athafnir og hugsanir

Ágrip /Abstract

Á Íslandi hafa sífellt fleiri skólar byrjað að innleiða leiðsagnarnám inn í skólastarfið. Í leiðsagnarnámi er nemandinn í brennipunkti. Hvar er nemandinn staddur í náminu, og hvert stefnir hann? Hvernig leiðsögn fær hann til að til að ná þeim markmiðum sem hann hefur sett sér. Þetta eru spurningar sem kennarinn þarf að hafa í huga varðandi hvern nemanda í leiðsagnarnámi. Hér þurfa bæði nemendur og kennarar að vera meðvitaðir um hvaða markmiðum verið er að vinna að hverju sinni.

Tilgangur þessarar rannsóknar er að virkja áhuga og efla sjálfstæði nemenda í námi. Markmiðið er að skoða aðferðir sem ég nýti til leiðsagnarnáms til að virkja áhuga nemenda á námi sínu og efla sjálfstæði þeirra í námi.

Gögn í þessari rannsókn voru rannsóknardagbók, upptökur af samtölum við rýnivini í HÍ og samstarfsskonu mína sem einnig er að tileinka sér aðferðir leiðsagnarnáms, myndir af verkefnum, innlögn (á töflu) og veggspjöldum.

Niðurstöður varpa ljósi á hversu mikilvægt var í þessari vinnu að hætta að horfa í baksýnispegilinn og setja athyglina á núíð, hvað hægt væri að gera í stöðunni hverju sinni. Ég fann hversu mikilvægt er að hanna einhverskonar ramma til að geta markvisst stutt við nemendur og gert þau sterkari og gera markmið verkefna sýnileg. Rannsóknin varpar ljósi á þau skref sem kennari þarf að stíga til að innleiða leiðsagnarnám inn í starfshætti sína.

Vatnspípureykingar unglinga: Staðan í Gíneu-Bissá

Jónína Einarsdóttir prófessor¹, Aladje Baldé Rector², Zeca Jandi Researcher³, Hamadou Boiro doktorsnemi¹, Geir Gunnlaugsson prófessor emeritus¹

¹HÍ, FVS. ²Universidade Jean Piaget, Guiné-Bissau. ³Instituto Nacional de Estudos e Pesquisa (INEP), Guiné-Bissau

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Unglingar: Viðhorf og áhrif

Ágrip /Abstract

Til að tryggja farsæld ungs fólks eru fyrirbyggjandi aðgerðir gegn neyslu tóbaks á skólaaldri mikilvægar enda er neysla þess skaðleg, óháð formi. Vatnspípureykingar tóbaks hófust á 16. öld í Persíu og Indlandi og þóttu minnka hættuleg áhrif tóbaks, hugmynd sem lifir þrátt fyrir rannsóknir sem sýna hið gagnstæða. Upp úr 1990, þegar ávaxtatóbak í vatnspípum kom á markað, var alþjóðlegri markaðsfærslu beint að ungu fólki og konum og áhersla lögð á samheldni fjölskyldu og vina, m.a. á Íslandi. Algengi vatnspípureykinga er breytileg eftir heimsálfum; það er hæst í Evrópu (10,9%) og verulega lægra í Afríku (4.2%). Markmið rannsóknarinnar er að meta algengi vatnspípureykinga skólaunglinga og áhrifaþætti í Bissá, Gíneu-Bissá. Safnað var upplýsingum árið 2017 um 2.039 nemendur í 16 skólum, 14-19 ára. Lýsandi tölfræði og tvíkosta (lógistískri) aðhvarfsgreiningu var beitt til að meta gagnlíkindahlutfall (OR) og 95% öryggisbil. Öll próf voru tvíhliða og p-gildi <0,05 metið marktækt. Gögnin sýna að 17,7% skólanemenda höfðu reykt vatnspípu a.m.k. einu sinni og 15,0% sl. 30 daga. Marktækir áhrifaþættir voru m.a. umfang áfengisneyslu, annað form tóbaksneyslu, áhrif jafnaldra, kynferðislegt ofbeldi, erfið samskipti og skortur á eftirliti foreldra. Ekki var marktækur munur milli kynja. Teikn eru um að vatnspípureykingar fari vaxandi í Bissá. Í ljósi þess að tóbaksfyrirtæki sjá markaðstækifæri í Afríku þarf að hafa áhrifaþætti vatnspípureykinga í huga við mótun mótvægisáðgerða. Eins mætti banna vatnspípureykingar í landinu eins og mörg Afríkuríki hafa gert. Slíkt bann styðst við rammasamning Alþjóðaheilbrigðismálstofnunarinnar um tóbaksvarnir en forvarnarstarf gegn tóbaksreykingum á Íslandi hefur einnig nýtt sér hann.

Þarf ég, á ég, verð ég!: Glíma kennara við innleiðingu leiðsagnarnáms

Helena Gunnarsdóttir grunnskólakennari

Grunnskóli Seltjarnarness

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Starfendarannsóknir: Ígrundun um eigið starf, athafnir og hugsanir

Ágrip /Abstract

Eitt af hlutverkum kennara í dag er að búa nemendur undir ört breytilegan og flókinn heim sem bíður að loknu námi. Hugmyndir um kennslu hafa þróast þannig að kennslan snýst ekki aðeins um að miðla þekkingu til nemenda heldur að kveikja áhuga þeirra á námi og efla löngun til að læra. Við sem störfum í grunnskólum þurfum sífellt að velta því fyrir okkur hvernig best sé að efla námsvilja nemenda þannig að þeir finni tilganginn í að leggja sig fram og vilja til að ná árangri.

Tilgangur þessarar rannsóknar er tvíþættur. Að efla þrautseigju og námsáhuga nemenda og skapa námsumhverfi sem eflir hvata nemenda til náms. Markmiðið er að skoða hvernig ég sem sérkennari kveiki löngun nemenda til að takast á við nám sitt með kennsluháttum leiðsagnarnáms.

Gagnaöflun í þessari rannsókn fólst í dagbókarskrifum, hljóðupptökum á óformlegum samtölum á milli mín og samkennara sem einnig var að þróa leiðsagnarmat í kennslu. Samvinna okkar fólst í daglegum og heiðarlegum samskiptum þar sem við deildum upplifun okkar á því hvernig okkur gekk að innleiða leiðsagnarnámið.

Rannsóknarniðurstöður varpa ljósi á hvernig sýn kennara á hlutverk sitt breytist í innleiðingu leiðsagnarnáms úr því að einblína á viðfangsefni kennslustunda í að eiga uppbyggileg samtöl við nemendur sem stuðla að jákvæðari þátttöku til náms. Rannsóknarniðurstöður benda til þess að fyrstu skref leiðsagnarnáms liggja ekki í gegnum nemendur heldur kennarana sjálfa og þann stuðning sem þeir fá til að skrá, rýna í og þróa eigin starfshætti.

Lestur er eins og uppvaskið, eitthvað sem þarf bara að klára: Hamlandi viðhorf til lesturs fræðigreina

Sigrún Ósk Þorgeirsdóttir meistaranemi í þjónustustjórnun í Viðskiptafræðideild HÍ

HÍ, FVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Starfendarannsóknir: Ígrundun um eigið starf, athafnir og hugsanir

Ágrip /Abstract

Vísindatexti inniheldur mikið af sértækum orðum og sama orðið getur þýtt allt annað í heimi vísinda en í daglegu tali. Til að takast á við hinar ýmsu hindranir sem upp geta komið við lestur fræðigreina er nauðsynlegt að átta sig hvernig lestur vísindagreina er frábrugðinn lestri annars konar texta. Lestur fræðigreina er langt og krefjandi ferli. Það er ekkert til sem heitir hraðlestur í vísindum.

Tilgangur þessarar rannsóknar er að finna leiðir til að lesa fræðigreinar þannig ég skilji og meðtaki megin inntak þeirra og ég þrói með mér þekkingu sem ég get nýtt í rannsóknarvinnu og skrif. Markmið rannsóknarinnar er að skoða hvernig ég, sem háskólanemi, auðvelda mér lestur fræðigreina mér til gagns.

Gagnaöflun fólst í dagbókaskrifum, ýmist í tölvu eða á pappír og með upptökum á síma. Dagbókarskrifin fóru bæði fram að loknum lestri fræðigreina og þegar hugleiðingar um viðfangsefnið spruttu óvænt fram, til dæmis í göngutúr eða við heimilisstörf. Upptökur voru teknar af stuttum kynningum um framvindu verkefnisins og samhliða lestri á fræðigreinum þar sem lýst er upplifun af lestrinum, uppgötvunum og hugleiðingum sem kvikna jafnt og þétt. Auk þessa skrifaði ég minningarbrot og gerð tákmyndir af ólíkum hliðum fræðilesturs.

Niðurstöður varpa ljósi á hvernig það að háskólanemar horfist í augu við og setji í orð eigin tilfinningar og viðhorf í tengslum við lestur fræðigreina getur opnað nýjan möguleika til að lesa fræðigreinar sér til gagns.

Þróun diplómanámsins Farsæld barna

Ragnheiður Hergeirsdóttir lektor

HÍ, FVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Farsæld og framtíðin

Ágrip /Abstract

Í tengslum við setningu laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna var Félagsráðgjafardeild HÍ falið að bjóða upp á þverfaglegt nám til að styðja við innleiðingu nýrrar nálgunar og þverfaglegs samstarfs í vinnu með börnum og fjölskyldum. Námið er byggt upp sem eins árs diplománám og var því hleypt af stokkunum haustið 2022. Í erindinu verður fjallað um hvernig kennurum námsins tókst til við framkvæmdina við að efla nemendur í þverfaglegri teymisvinnu.

Spurt er: Hvernig telja nemendur fyrirkomulag og framkvæmd kennslu og náms í Farsæld barna styðja við það markmið námsins að auka færni í þverfaglegri teymisvinnu?

Gagna var aflað með spurningalistum sem lagðir voru fyrir nemendur námsleiðarinnar í febrúar og ágúst 2023 og úr rýnihópum sem teknir voru í lok árs 2022. Fyrstu niðurstöður benda til þess að margt í skipulagi námsins hafi ýtt undir áhuga og aukið þekkingu og færni nemenda á þverfaglegu samstarfi. Bent var á að mikilvægt væri í þverfaglegri samvinnu að traust og virðing ríki á milli þjónustukerfa sem vinna að málefnum barna. Nemendur nefndu sem dæmi um menntandi fyrirkomulag að þau hefðu unnið í föstum þverfaglegum vinnuhópum og hefði námið því í heild kafið þau til þverfaglegrar teymisvinnu. Ýmsar mikilvægar athugasemdir komu fram í rannsókninni sem ástæða er til að taka tillit til við þróun námsins líkt og skörun efnispátta og skortur á breiðari skírskotun.

Niðurstöðurnar undirstrika mikilvægi þess að þverfaglegt nám fyrir fagfólk sem starfar að farsæld barna sé mótað í virku samtali milli nemenda og kennara/umsjónaraðila náms.

Hvað varð um þátt tónlistar í Aðalnámskrá leikskóla? Samanburður á íslenskum og erlendum námskrám fyrir leikskóla

Helga Rut Guðmundsdóttir prófessor

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Skapandi greinar: Tækifæri og framtíðarsýn

Ágrip /Abstract

Í þessari rannsókn er skoðuð birtingarmynd tónlistar í aðalnámskrám leikskóla. Skoðað er hvernig hugmyndir um hlutverk tónlistar í uppeldi og menntun yngri barna kemur fram í íslenskum aðalnámskrám í gegnum tíðina. Hugtakagreiningu er beitt til að varpa ljósi á breytingar sem hafa átt sér stað á framsetningu og orðanotkun þegar kemur að umfjöllun um tónlist í leikskólastarfi. Sömuleiðis eru greindar aðalnámskrár annarra landa og þær bornar saman við þróun á Íslandi. Litið er til norskra, sænskra, enskra og írskra námskráa í samanburðinum.

Niðurstöður benda til þess að tónlistar- og söngiðkun með börnum hafi minna vægi í nýrri námskrám en þeim eldri. Ekki er að finna mótvægi við þessa þróun þar sem litið væri á sjálfsprottinn söng barna sem mikilvægan hluta af sköpun og frjálsum leik. En samkvæmt rannsóknum á máltöku barna gegnir bæði skipulagður og sjálfsprottinn söngur mikilvægu hlutverki á máltökuskeiði. Í flestum námskrám fyrir leikskóla, þar sem tónlistariðkun hefur verið felld undir yfirhugtakið 'sköpun', virðist tónlistariðkun fá talsvert minna vægi en í eldri námskrám. Þá er sama hvort um er að ræða sjálfsprottna tónsköpun eða aðra tónlistariðkun.

Eldri leikskólanámskrár á Norðurlöndunum hafa sterkari hefð fyrir viðamikilli umfjöllun um tónlistariðkun í leikskólum en enskar námskrár frá sama tíma. Almennt er þróunin sú að tónlist hljóti minnkandi vægi í nýrri námskrám. Áberandi undantekningar eru nýlegar námskrár frá Írlandi og N-Írlandi þar sem tónlistariðkun er fléttuð inn í allar grunnstoðir leikskólastarfs með afar skýrum hætti. Rætt verður um hugmyndafræði í gerð námskráa og hvaða hlutverki þær gegna fyrir vettvang.

Hvað felst í að vera grænmetisæta í grunnskóla?

Gréta Jakobsdóttir lektor¹, Ingibjörg Kjartansdóttir Verkefnastjóri², Anna Sigríður Ólafsdóttir prófessor¹

¹HÍ, MVS. ²HÍ, Menntavísindastofnun

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Heilsuefning og fæðuval

Ágrip /Abstract

Matarumhverfi barna og unglinga hefur breyst umtalsvert síðustu ár, ásamt því sem ólíkir tískustraumar tengt næringu hafa áhrif á fæðuval. Hvað felst í því þegar ungmennti segist vera grænmetisæta (eða grænkeri) og hvað eru þau að borða?

Öllum grunnskólum landsins með nemendur í 6., 8. og 10. bekk (n=174) var boðin þátttaka í Íslensku æskulýðsrannsókninni. Svör á rafrænum spurningalista bárust frá 9.846 nemendum. Gagnasöfnun fór fram vorið 2022. Kynjahlutfall svarenda var nokkuð jafnt.

Flest börn í 6. bekk segjast vera grænmetisætur (um 20%) og fer fjöldinn lækkandi með aldri, en kjötneysla eykst. Meðal drengja í 10. bekk borða um 22% þeirra kjöt einu sinni á dag eða oftar en einungis um 11% stúlkna. Fleiri stelpur eru grænmetisætur en drengir í 8. bekk (um 16% og 10%) en hlutfallið svipað í 10. bekk (um 10%). Umtalsvert fleiri stúlkur segjast aldrei borða kjöt miðað við drengi (um 7% og um 1%).

Þegar litið er til ávaxta- og grænmetisneyslu grænmetisæta sést að grænmetisætur borða meiri ávexti en aðrir nemendur, en aðeins stúlkur borða meira grænmeti. Athyglisvert er að ungmennti sem segjast vera grænmetisætur borða kjöt nokkrum sinnum í viku, og drengir meira en stúlkur. Börn og unglingar virðast ekki þekkja skilgreiningar þessar hugtaka og túlka þau jafnvel mismunandi. Einnig má velta því fyrir sér hvernig þau skilja og túlka ólíkar spurningar spurningalistans.

Þegar litið er til hvort reglur séu á heimilinu tengt matartímum og máltíðum kemur í ljós að slíkt á síður við um grænmetisætur, þó þarf að skoða hlutverk forráðafólks betur.

How research into citizenship education within higher education might enable transformative human rights education

Piers von Berg

Birmingham City University

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Celebrating the 75th anniversary of the UDHR: Human Rights Education II

Ágrip /Abstract

This paper presents a new research design for pedagogical research at a university in the United Kingdom. The design demonstrates how personal and cultural citizenship education can be a form of transformative human rights education by nurturing citizens who challenge patterns of exclusion. It draws on shared traditions of citizenship and human rights education that have focused on lived experiences of injustice and uses spaces that mitigate prevailing power structures. These ideas have shaped a new pedagogical action research design that uses theories and practices of transformational learning, authentic reflection, and participatory theatre to stimulate 'becomings' in civic identity and agency. 'Becoming' is a form of dialogical knowledge arising from profound moments of empathy and solidarity. In these moments participants recognise the human dignity of excluded others and share experiences of injustice, which expands their sense of community and agency. The research design is a potential alternative to more market-driven global citizenship education at university.

Youth Engagement for Child Rights Friendly Communities

Kristi Rudelius-Palmer Fulbright Specialist - Iceland

University of Minnesota

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Celebrating the 75th anniversary of the UDHR: Human Rights Education II

Ágrip /Abstract

Nearly a third of the four billion people living in urban areas today are children. According to UNICEF, by 2050, 70 percent of the world's children will live in cities. As the discourse on the importance of child rights has become more prevalent, research on young people's participation is increasing. The Child Friendly Cities Initiative (CFCI), launched in 1996 by UNICEF and UN-Habitat, is contributing to children's rights by working with governments and community organizations at local and state levels in 35 countries. A community that is committed to child rights works to ensure young people's rights to provision, such as healthcare, education, and housing, protection from violence in all forms, and opportunities to develop agency, make decisions, and contribute to their communities.

On International Youth Day – August 12, 2020, UNICEF USA introduced the Child Friendly Cities Initiative (CFCI) in the U.S. The first cohort of cities (Houston, Minneapolis, and San Francisco) and one county (Prince George's County) began working with key stakeholders, including government officials, community leaders, children, and youth as a model to conduct community assessments of child well-being. This approach is intended to empower intergenerational leaders to address the impacts of systemic racism, discrimination, and the pandemic on children, as well as magnify youth voice in local governance and decision-making. This presentation explores the opportunities and challenges for youth participation and civic engagement through an analysis of UNICEF's first U.S. CFCI cohort.

Key predictors of student satisfaction in higher education, in Bissau, Guinea-Bissau

Jon Edmund Bollom PhD Student¹, Aladje Baldé Rector², Zeca Jandi Researcher³, William Gomes Ferreira Pro-Rector⁴, Geir Gunnlaugsson Professor Emeritus¹, Stefán Hrafn Jónsson Dean of School of Social Sciences⁵, Jónína Einarsdóttir Professor¹

¹University of Iceland, School of Social Sciences. ²Jean Piaget University. ³Instituto Nacional de Estudos e Pesquisa (INEP). ⁴Jean Piaget University, Bissau, Guinea-Bissau. ⁵University of Iceland, School of Social Sciences

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Education policy and teaching methods

Ágrip /Abstract

Higher Educational (HE) policy focussing upon quality education provision is essential to the realisation of upwardly mobile societies, and progress towards myriad Sustainable Development Goals. However, no data on HE enrolment or student demographics exists in Guinea-Bissau. The research aims to ascertain factors determining student satisfaction with university tuition.

Data was collected in Bissau, late 2022; 2,255 students from Guinea-Bissau's six largest HE institutions responded to a locally adapted survey, the first of its kind in the country. Akaike Information Criterion was utilised, creating a model of best-fit. Logit regression modelling was subsequently used.

58.2% of students were content, against 41.8% undecided or unsatisfied with studies. Feelings of 'belonging' (OR=1.181) and not wanting to change university (OR=1.122), reporting that staff are interested in progress (OR=1.246) and act fairly and sympathetically (OR=1.493), experiencing fewer financial difficulties (OR=1.130) and indicating education is worth the cost (OR=1.173) and advantageous even when uncompleted (OR=1.076), and increased time spent caring for dependents (OR=1.052) predicted student satisfaction. Yet rising student grades (OR=.904), finding studies very easy (OR=.867) and increased parental interest in educational success (OR=.814) anticipated falling satisfaction.

Responses indicate institutional policies increasing teacher/staff-student interaction, foster a sense of belonging, and alleviate financial stresses would precipitate greater student satisfaction. Despite divergent effects, perceived worth of unqualified education and dissatisfaction with course easiness hint formative knowledge gain, over summative qualification attainment, inform student satisfaction. Findings suggest culturally specific factors influence student estimations of tuition, with institutional commitment towards more challenging curricula anticipating greater student satisfaction.

Countering Scepticism and Mistrust Towards Children's Rights Within Education: Fulfilling Article 29 through Teacher Education

Gabriela Martínez Sainz

University College Dublin

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Celebrating the 75th anniversary of the UDHR: Human Rights Education II

Ágrip /Abstract

According to Article 29 of the Convention on the Rights of the Child (UNCRC), one of the key aims of education is the development of respect for human rights. Such aim derives into two concrete obligations. One, education must foster children's knowledge of human rights; two, it must provide opportunities for children to experience human rights in their school as an integral part of their learning processes. Despite the importance of these obligations, at the local level, their fulfilment within schools and classrooms is far from a reality. In contexts with increasing levels of violence and rights abuses such as Mexico, there is a widespread scepticism towards rights and misconceptions that have permeated into the educational system. Many schools and teachers are sceptics about human rights in general and children's rights in particular. This presentation discusses the strategies used to deal with teachers' criticisms towards rights and foster their commitment to children's rights in their professional practice in such a challenging context. The analysis identifies the main tensions these rights – and the notion of children as rights-holders – pose to teachers to better understand how countering mistrust and scepticism is key for the fulfilment of the aims of education established in Article 29 of the UNCRC.

Eðli vísinda: Grundvallarþáttur í almennri náttúruvísindamenntun

Meyvant Þórólfsson prófessor emeritus, Haukur Arason dósent

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Hugtakanotkun, gervigreind og eðli vísinda

Ágrip /Abstract

Miklu máli skiptir að gefa gaum að eðli vísinda (e. nature of science, NOS) sem vegur þungt með tilliti til vísindalegs læsis. Það á með öðrum orðum ríkan þátt í vísindalegri þekkingarsköpun og þar með skilningi nemenda á vísindalegum hugtökum auk þess sem það stuðlar að hæfni þeirra við að ræða ýmis vandamál tengd vísindum og tækni. Hin ýmsu samfélög og mannkynið sem heild þurfa að takast á við margvísleg krefjandi verkefni, ógnir og tækifæri, sem tengjast og byggja á náttúruvísindalegri þekkingu. Sem dæmi um slík verkefni má nefna loftslagsbreytingar, lýðheilsu m.a. viðbrögð við heimsfaröldrum, þörf fyrir nýjar lausnir varðandi orkuvinnslu og nýtingu, og að finna leiðir til að takast á við og nýta ýmiss konar nýja tækni. Náttúruvísindaleg þekking skiptir miklu máli í umræðum um slík viðfangsefni ásamt með hæfni til að geta tekist á við upplýsingaóreiðu og falsfréttir á sviði náttúruvísinda en slík hæfni byggir á skilningi á eðli vísinda og náttúruvísindalegrar þekkingarsköpunar.

Skilningur á eðli náttúruvísindalegrar þekkingarsköpunar ætti að vera hluti af grunnmenntun almennings í náttúruvísindum og verður fjallað um eftirfarandi þætti sem skipta máli í því sambandi: Fjölbreyttar aðferðir náttúruvísinda. Náttúruvísindaleg þekking er byggð á raungögnum. Náttúruvísindaleg þekking getur breyst í ljósi nýrra gagna. Náttúruvísindaleg líkön, lögmál, og kenningar útskýra náttúruleg fyrirbæri. Náttúruvísindin fela í sér sérstaka þekkingarfræði. Náttúruvísindaleg þekking byggir á því að efnisleg kerfi lúti lögmálum og að það sé innra samræmi í náttúruvísindalegum lögmálum og skýringum. Náttúruvísindaleg þekking er sköpuð af fólki. Náttúruvísindin leitast við að svara spurningum um náttúruna og efnisheiminn.

Menntun nemenda með þroskahömlun á framhaldsskólastigi og stuðningur í ljósi kenninga um inngildandi menntun og félagslegt réttlæti

Anna Björk Sverrisdóttir lektor

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Inngildandi menntun I

Ágrip /Abstract

Hugmyndafræði um skóla án aðgreiningar var lögfest árið 2008 og tekur stefnan til allra skólastiga. Inntak stefnunnar snýr að jafnræði, virðingu og fullgildri þátttöku allra í skólasamfélaginu en þessi hugtök eru einnig hornsteinar félagslegs réttlætis. Þrátt fyrir að mannréttindanálgun stefnunnar sé almennt viðurkennd þá er stefnan umdeild og erfitt hefur reynst að innleiða hana með árangursríkum hætti, ekki síst á framhaldsskólastiginu þar sem menntun nemenda með þroskahömlun fer fram í sérúrræðum innan skólanna. Í ljósi nýlegra laga um farsæld barna og áform um heildstæða skólaþjónustu er mikilvægt að átta sig á sögu menntunar nemenda með þroskahömlun á framhaldsskólastigi svo hægt sé að bregðast við þeim áskorunum sem til staðar eru þegar kemur að því að innleiða nýjar áherslur varðandi farsæld og stuðning við nemendur í inngildandi skólasamfélagi. Í erindinu er fjallað um áskoranir varðandi útfærslu inngildandi menntunar og stuðnings í tengslum við sérnámsbrautir í ljósi kenninga um inngildandi menntun og félagslegt réttlæti. Efnið er hluti af niðurstöðum doktorsrannsóknar höfundar en rannsóknin var unnin innan fötlunarfræða í menntun. Sjónum er sérstaklega beint að stofnanauppbyggingu og hvernig hún stuðlar að og viðheldur ójöfnuði meðal ólíkra nemenda. Niðurstöður benda til þess að nemendur með þroskahömlun séu ekki fullgildir þátttakendur í skólasamfélaginu. Framhaldsskólinn grundvallast á hæfisma og nemendur eru sigtaðir frá á grundvelli læknisfræðilegra greininga sem stuðlar að jaðarsetningu þeirra og ýtir jafnframt undir frekari ójöfnuð þegar kemur að stuðningi við alla nemendur.

Eðli náttúruvísindalegrar þekkingarsköpunar í nógildandi aðalnámskrá grunnskóla

Haukur Arason dósent

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Hugtakanotkun, gervigreind og eðli vísinda

Ágrip /Abstract

Í þessu erindi er skoðað hvernig tekið er á eðli vísinda og náttúruvísindalegrar þekkingarsköpunar í nógildandi aðalnámskrá grunnskóla bæði í almennum textum hennar sem og í hæfniviðmiðum. Fjallað er um þann stuðning sem hún veitir kennurum til að takast á við þetta viðfangsefni og þær áherslur sem lagðar eru í námskránni. Jafnframt er fjallað um þau atriði sem ekki koma fyrir í námskránni en eru vel þekkt úr umræðum um náttúruvísindamenntun. Til grundvallar við þessa skoðun eru notuð eftirfarandi viðmið um atriði sem skipta meginmáli með tilliti til eðlis náttúruvísindalegrar þekkingarsköpunar:

Skilningur á fjölbreytni aðferða náttúruvísinda. Skilningur á að náttúruvísindaleg þekking er byggð á raungögnum. Skilningur á að náttúruvísindaleg þekking getur breyst í ljósi nýrra gagna. Skilningur á því að náttúruvísindin nota líkön, lögmál, og kenningar til að útskýra náttúruleg fyrirbæri. Skilningur á að náttúruvísindin fela í sér sérstaka þekkingarfræði. Skilningur á því að náttúruvísindaleg þekking byggir á því að efnisleg kerfi lúti lögmálum og að það sé innra samræmi í náttúruvísindalegum lögmálum og skýringum. Skilningur á því að náttúruvísindaleg þekking er sköpuð af fólki. Skilningur á því að náttúruvísindin leitast við að svara spurningum um náttúruna og efnisheiminn.

Stafræna námsumhverfið <colette/> og þróun stærðfræðiverkefna sem reyna á reiknihugsun

Bjarnheiður Kristinsdóttir lektor

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Stærðfræði: Þróun og áskoranir

Ágrip /Abstract

Undanfarin ár hefur markmiði um að þjálfa með nemendum reiknihugsun (e. computational thinking) verið bætt í aðalnámskrár margra landa í Evrópu, einkum í 5.-10. bekk grunnskóla og á 1.-2. ári framhaldsskóla. Oft er þetta markmið sett í fagnámskrár fyrir stærðfræði en algengt er að kennarar hafi litla sem enga þjálfun eða kynningu fengið um reiknihugsun. Til að bregðast við þessu undirbjuggu stærðfræðimenntafræðingar við háskóla í fimm Evrópulöndum samstarfsverkefnið <colette/> til að þróa og útbúa safn stærðfræðiverkefna sem reyna á reiknihugsun. Markmiðið var að til yrði stafrænt námsumhverfi, þróað í samstarfi við hugbúnaðarsérfræðinga, sem héldi utan um verkefnin og leiðbeiningar með þeim svo þau mættu sem best nýtast kennurum og nemendum í Evrópu. Í þessu erindi mun höfundur segja frá þátttöku sinni í verkefninu fyrir hönd Johannes Kepler háskólans í Linz í Austurríki, kynna frumgerð stafræna námsumhverfisins <colette/> og frumniðurstöður um það hvernig námsumhverfið og verkefnin nýtast kennurum og nemendum í Austurríki, Slóvakíu og Hollandi. Námsumhverfið býður upp á nokkrar gerðir verkefna sem kennarar geta aðlagð að sínum nemendahópi með því að nýta sér leiðbeiningar og eigin kennslureynslu og hnýtt saman í knippi sem nemendur leysa ýmist í einstaklings- eða hópvinnu. Verkefnið er styrkt af Evrópusambandinu til að allir kennarar og nemendur hafi ókeypis aðgang að námsumhverfinu.

Að auka starfsþróun háskólakennara: Samstarfsverkefni háskóla á sviði kennsluþróunar

Guðrún Geirsdóttir dósent¹, John Savid Baird kennsluþróunarstjóri², Auðbjörg Björnsdóttir forstöðumaður kennslu- og upplýsingatæknimiðstöðvar³

¹HÍ, MVS/Kennslusvið. ²Háskólinn í Reykjavík, Kennslusvið. ³Háskólinn á Akureyri, Kennslumiðstöð

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Háskólar: Starfsþróun háskólakennara

Ágrip /Abstract

Haustið 2022 setti Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, á laggirnar tveggja milljarða króna sjóð sem ætlað var að ýta undir samstarf allra háskóla á Íslandi. Samstarfshópur skipaður fulltrúum á sviði kennsluþróunar innan allra háskólanna sótti sameiginlega um verkefni undir heitinu Aukin starfsþróun háskólakennara til að auka gæði kennslu í stafrænu samfélagi og hlaut verkefnið veglegan styrk.

Í verkefninu er sjónum beint að þörfum háskólakennara fyrir faglega þekkingu og stuðning á sviði kennslu. Ólíkt kennurum á öðrum skólastigum eru háskólakennarar ráðnir til starfa á grundvelli fræðimennsku sinnar og sækja faglega sjálfsmynd sína fyrst og fremst til sinnar fræðigreinar. Þeir eru hins vegar sjaldnast fagmenntaðir kennarar og það er eitt að kunna sína grein og annað að kunna að kenna hana. Háskólar á Íslandi hafa eftir föngum reynt að mæta auknum kennslufræðilegum kröfum með stuðningi til kennara og er hann í margvíslegu formi og misjafn eftir stofnunum. Markmið verkefnisins er að skapa sameiginlegt framboð á kennslufræðilegri fræðslu á fjölbreyttu formi sem mun standa öllum þeim sem sinna háskólakennslu og kennsluþróun á háskólastigi til boða. Slíkt fræðsluframboð ætti að koma á móts við þörf háskólakennara fyrir aukna hæfni í kennslu.

Í erindinu verður gerð grein fyrir markmiðum verkefnis, einstökum verkþáttum þess og þeim áskorunum sem samstarfshópurinn stendur frammi fyrir við gerð fræðsluefnis sem taka þarf tillit til ólíkra þarfa háskólakennara.

Samvinna í leikskólastarfi

Jónína Sæmundsdóttir lektor

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Leikskólastarfið frá ýmsum sjónarhornum

Ágrip /Abstract

Samvinna er ávallt mikilvægur þáttur í farsælu skólastarfi og á það ekki síst við þegar mæta þarf börnum með sérstakar þarfir í námi og fjölskyldum þeirra. Þetta á við varðandi samvinnu grunnskóla/leikskóla við stofnanir og fagfólk utan skólans sem veitir starfsfólki skólanna stuðning og ráðgjöf en einnig hvað varðar samvinnu milli starfsmanna einstakra grunnskóla/leikskóla.

Leikskólar eru skilgreindir sem fyrsta skólastigið og samkvæmt stefnunni um skóla án aðgreiningar skal mæta sérstökum námsþörfum þeirra innan skólans. Sérkennslustjórar eru starfsmenn sem eru gjarnan í miðlægu hlutverki í því skyni innan skólanna því þeir hafa samvinnu við stofnanir og fagfólk utan skólanna og veita svo stuðning og ráðgjöf til starfsfólks deilda leikskólans.

Hér verður gerð grein fyrir lítilli eigindlegri rannsókn á reynslu fimm sérkennslustjóra í mismunandi leikskólum á Reykjavíkursvæðinu af samvinnu, bæði við starfsfólk og stofnanir utan skólans en einnig af samvinnu við starfsfólk leikskólans. Tekin voru hálfopin viðtöl við þátttakendur og þau greind samkvæmt þemagreiningu (Braun & Clarke) og stuðst við vistkerfakenningu Bronfenbrenner.

Meðal niðurstaðna var að samvinna við fagfólk utan leikskólans (exokerfi) var oftast góð að mati þátttakanda en þó svolítið misjafnt eftir því hvaða stofnanir áttu í hlut. Sérstök ánægja reyndist vera með samvinnu við sérkennslufulltrúa hjá þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar. Þátttakendur höfðu einnig góða reynslu af fagfólki sérhæfðari stofnana sem gerði sitt besta þrátt fyrir mikið álag og biðlista.

Orðalagsáhrif í mælingum Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar á algengi vímuefnaneyslu

Unnar Geirdal Arason verkefnastjóri, Hans Haraldsson verkefnastjóri

HÍ, Menntavísindastofnun

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Íslenska æskulýðsrannsóknin

Ágrip /Abstract

Þegar spurt er um skýrt skilgreinda hegðun í spurningakönnunum mætti ætla að ólíkt orðaðar spurningar skiluðu samrýmanlegum niðurstöðum.

Í þessari rannsókn er unnið úr gögnum úr grunnskólafyrirlögn Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar vorið 2023. Í könnuninni voru notaðar tvær útgáfur af spurningum um notkun algengustu ávanabindandi og vímuefna. Annars vegar voru notaðar spurningar með tíðnisvarmöguleika eins og notaðir hafa verið í flestum unglingakönnunum fram að þessu. Hins vegar voru notaðar spurningar með tvíkosta svarmöguleikum („Já“ eða „Nei“). Svarendum var slembiraðað með jöfnum líkum á tegund spurningar. Tíðnisvör voru umkóðuð í tvíkostavör og mælt algengi neyslu borið saman eftir tegund spurningar.

Töluverður munur var á mældu algengi neyslu um ævi eftir tegund spurningar og var algengið um ævi alltaf hærra þegar svarmöguleikar voru tvíkosta. Mestur munur var á mældu algengi áfengisneyslu eða um 7,5 prósentustig. Munurinn var hlutfallslega meiri eftir því sem fleiri gáfu til kynna neyslu á efninu. Munur á mældri neyslu yfir 30 daga var mun minni, ekki alltaf í sömu átt og aldrei tölfræðilega marktækur.

Niðurstöður sýna að sumar mælingar á algengi ávana- og vímuefnaneyslu eru mjög næmar fyrir orðalagsáhrifum. Niðurstöðurnar voru í miklu ósamræmi við væntingar rannsakenda og tilraunin því ekki sett upp til að prófa orsakalíkön sem gætu skýrt þær. Orsakatilgátur sem verða prófaðar í næstu umferð Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar verða ræddar.

Ég er eins og ég er: Samvinnurannsókn með hinsegin körlum og kvárum

Ólafur Snævar Aðalsteinsson frístundaleiðbeinandi¹, Ragnar Smára verkefnastjóri², Kristín Björnsdóttir prófessor²

¹Hitt húsið. ²HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Fötlunarfræði og samvinnurannsóknir

Ágrip /Abstract

Í þessu erindi munum við segja frá samvinnurannsókn sem unnin var á Menntavísindasviði árið 2023. Tekin voru viðtöl við fjögur kvár og sex samkynhneigða karla um lífið, vináttuna og ástina. Karlarnir höfðu upplifað skömm yfir kynhneigð sinni og á yngri árum innbyrgt neikvæðar hugmyndir samfélagsins um samkynhneigð. Það var frelsun fyrir þá að koma út úr skápnum, sættast við sig og þeir upplifðu stolt. Kvárin höfðu upplifað kynama áður en þau komu út úr skápnum sem kynsegin. Fræðsla á vegum Samtakana '78 hjálpaði þeim að skilja kyn sitt og kyngervi. Karlarnir voru annað hvort í ástarsamböndum eða í leit að ástinni. Á meðan karlarnir lögðu mikla áherslu á ástina var misjafnt hversu stóran sess hún skipaði í lífi kváranna. Þátttakendur rannsóknarinnar og rannsakendurnir sjálfir voru á þrítugs- og fertugsaldri og eiga það sameiginlegt að tilheyra hópi ungs hinsegin fólks. Rannsakendurnir og nokkrir þátttakendur eru fatlaðir en einnig tók ófatlað fólk þátt í verkefninu. Verkefnið telst vera samvinnurannsókn sem felst í nánu samstarfi fatlaðs fólks og fræðifólks og byggist á virkri þátttöku allra aðila í rannsóknarferlinu.

Framhaldsskólabraut sem leið til valdeflingar eða félagslegrar endursköpunar? Kerfisleg framkvæmd og námsframvinda nemenda

Berglind Rós Magnúsdóttir prófessor¹, Ragnar F. Ólafsson sérfræðingur²

¹HÍ, MVS. ²Menntamálastofnun, Greiningarsvið

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Framhaldsskólanemar: Stéttarstaða og upplifun

Ágrip /Abstract

Framhaldsskólabraut var innleidd með Aðalnámskrá 2011, en þangað er öllum nemendum beint sem uppfylla ekki skilyrði bók- eða verknámsbrauta í framhaldsskólum. Fræðsluskylda framhaldsskóla var innleidd með lögum frá 2008 og var framhaldsskólabraut hugsuð til að taka við nemendum sem alla jafna hefðu farið í núlláfganga eða ekki fengið inngöngu í skólana. Samkvæmt tölum frá Menntamálastofnun haustið 2022 voru um 12% nemenda sem hófu nám á framhaldsskólabraut í 15 skólum.

Í þessari rannsókn er leitað svara við því hvert sé umfang og kerfisleg framkvæmd framhaldsskólabrauta; a) hvernig umfangið dreifist á skóla og nemendahópa og b) hver sé námsframvindan, miðað við námsframvindu úr grunnskóla, innan framhaldsskólans sem brautin er staðsett í og svo á öðrum brautum almennt í kerfinu.

Unnið er úr fyrirbyggjandi tölfræðigögnum Menntamálastofnunar er varðar nemendafjölda, hlutfall innan hvers skóla og námsframvindu nemenda út frá heildstæðum gagnagrunni nýnema frá 2017.

Engar rannsóknir eru til um stöðu og dreifingu þessa viðkvæma hóps nemenda innan framhaldsskólakerfisins til að varpa ljósi á hvort skipulögð braut sem safnar saman nemendum sem eiga það eitt sameiginlegt að hafa ekki náð tilteknum námsárangri sé valdefling í sjálfu sér fremur en stimplun og félagsleg endursköpun (e. social reproduction). Stétta- og menningarleg aðgreining milli skóla og skólahverfa hefur magnast og stigveldi milli framhaldsskóla er brattara en áður. Breytir framhaldsskólabraut einhverju þar um eða styður hún fyrirbyggjandi stigveldi milli framhaldsskóla og nemenda?

HRE for the betterment of humankind

Yvonne Vissing Professor

Salem State University, USA, Department of Healthcare Studies

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Celebrating the 75th anniversary of the UDHR: Human Rights Education I

Ágrip /Abstract

Human rights have changed the world. Consider for a moment the history of the world and you will see that moments of enlightenment always have corresponded with the attempts to preserve and protect human rights. The Dark Ages are those time periods in which human rights were oppressed. The Universal Declaration of Human Rights (UDHR) creation after the horrors of World War II was a moment of enlightenment that sought to catapult the world on a different path than the one that led to global war and human annihilation. In the US and many places across the planet, we are entering into a new time of darkness. We have to hold up the light that human rights provide to guide our path ahead. The lantern that carries forth this light is human rights education (HRE). A systematic integration of HRE from birth to death and at all educational and professional levels is essential for the powerful potential of the UDHR to be realized. This presentation will explore different ways to integrate HRE for the betterment of humankind.

Áhrif verklegrar öryggiskennslu á nemendur er vinna inni á rannsóknarstofum Háskóla Íslands

Árni Þorgrímur Kristjánsson rannsóknarstofustjóri

HÍ, HVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Háskólar: Nemendur og nám

Ágrip /Abstract

Markmið rannsóknarinnar er að sýna fram á mikilvægi reynslumiðaðrar öryggiskennslu og hvort hún hafi áhrif á nemendur Háskóla Íslands. Ásamt því að kasta ljósi á hvaða álit umsjónarmenn rannsóknarstofa hafa á ástandi öryggismála innan Háskóla Íslands. Eftirfarandi rannsóknarspurningar voru lagðar fram: Hefur reynslunám verklegrar öryggiskennslu inni á rannsóknarstofum áhrif á öryggisvitund, öryggisviðhorf og öryggisvenjur nemenda? Hver eru viðhorf umsjónarmanna rannsóknarstofa almennt á stöðu öryggismála?

Til að svara rannsóknarspurningunum voru tveir spurningalistar lagðir fram með Likert-kvarða spurningum, annars vegar fyrir nemendur og hins vegar fyrir umsjónarmenn rannsóknarstofa Háskóla Íslands. Spurningarlistarnir voru flokkaðir á eftirfarandi hátt:

Fyrir nemendur: bakgrunnur – öryggiskennsla – öryggisvitund – öryggisviðhorf – öryggisvenjur.
Fyrir umsjónarmenn rannsóknarstofa: bakgrunnur – öryggisviðhorf – öryggisvenjur.

Framkvæmd voru Shapiro-Wilk og Mann-Whitney próf, með tölfræðiforritinu Jamovi, á breytunum; öryggisvitund, öryggisviðhorf og öryggisvenjur milli eftirfarandi úrtakshópa; hópur nemenda sem stóðust reynslumiðað öryggisnámskeið (öryggishópur) og hópur nemenda sem fóru ekki í námskeiðið (viðmið).

Ekki reyndist marktækur munur milli hópanna hvað varðar öryggisvenjur, en marktækur munur reyndist hins vegar vera á bæði öryggisvitund og öryggisviðhorfum. Aðrar niðurstöður gefa sterklega til kynna, með tölfræðilegri marktækni, að reynslumiðuð öryggiskennsla þjálfði og undirbúi nemendur vel fyrir nám inni á rannsóknarstofum. Af niðurstöðunum að dæma ná flestir umsjónarmanna eða 67,3% að viðhalda góðum öryggisvenjum inni á rannsóknarstofu þrátt fyrir að meirihluti umsjónarmanna eða 57,3% séu með neikvætt viðhorf gagnvart ástandi öryggismála innan Háskóla Íslands.

The impact of using the student-response tool Kahoot! on student motivation in a first-year undergraduate linear algebra course

Ingunn Gunnarsdóttir Lecturer¹, Rannveig S. Sigurvinsdóttir Associate Professor², John David Baird Educational Developer³

¹Háskólinn í Reykjavík, Verkfræðideild. ²Háskólinn í Reykjavík, Sálfræðideild. ³Háskólinn í Reykjavík, Kennsluþróun

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Háskólar: Upplýsingatækni og fjarnám

Ágrip /Abstract

The challenge of maintaining student motivation and engagement in large university lectures with little interaction is a challenge that many university teachers will recognise. This is important as motivation significantly influences learning and performance. Considerable research suggests that active learning strategies increase motivation and improve student performance. One such active learning strategy involves using student-response tools, such as Kahoot!

This study aimed to investigate how implementing a Kahoot!-based active learning strategy impacted student motivation during a 12-week, first-year, undergraduate engineering linear algebra course.

To measure student motivation, we developed a survey based on the Expectancy-Value-Cost motivation model and administered it twice during the course in the Fall of 2022. Further, we examined the relationship between student engagement with Kahoot! and achievement as measured by final exam results. In total, 104 students answered the first survey and 86 students answered the second survey.

Statistical analysis showed that both Expectancy and Value rose between the two survey administrations, with the rise in Expectancy being statistically significant. We also examined motivation generally and found that the rise in motivation was marginally significant. Our examination of student engagement with Kahoot! and final exam results suggested that students who engaged more performed better.

Our findings add to the evidence base on the positive impact of the student-response tool Kahoot! on student motivation and performance and suggest that instructors teaching in a large lecture setting consider using student-response tools as a means of better engaging their students.

(Sér)kennsla í leikskólanum Aðalþingi: Hvernig gengur Aðalþingi að vera inngildandi skóli?

Hörður Svavarsson skólastjóri

Aðalþing

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Inngildandi menntun I

Ágrip /Abstract

Fræðafólk hefur bent á að ekki sé til endanleg, hnitmiðuð, skýr eða lögboðin skýring á hugtakinu menntun fyrir alla. Viðfangsefnið má ræða út frá nokkrum hliðum og fræðasjónarhornum. Það sem sameinar sjónarhornin eru viðhorf til þess að veita öllum menntun á sínum forsendum án þess að til aðgreiningar komi. Hugmyndir eða fyrirmæli löggjafans eru að sumu bundnar við þröng sjónarhorn, eru stofnanamiðaðar og horfa að hluta meira til sértækra réttinda barna með fötlun en til réttinda allra. Bent hefur verið á ný orð um hugtakið menntun fyrir alla, t.d. algild hönnun og inngilding.

Leikskólinn Aðalþing er lærdómssamfélag. Allir þættir skólastarfsins eru í lifandi þróun, til dæmis um stöðu hans sem inngildandi skóli, skóli fullgildingar og lýðræðislegur skóli valdeflingar. Rannsókninni sem hér er kynnt er ætlað að skýra hvernig Aðalþingi hefur tekist að vera inngildandi skóli. Í rannsókninni voru ársskýrslur um viðbótarkennslu bornar saman við samantekt Loreman á einkennum menntunar án aðgreiningar. Niðurstaða er að innleiðing menntunar fyrir alla hefur gengið vel í Aðalþingi, miðað við þann kvarða sem gögnin voru lögð á. En þrátt fyrir velgengni hans í að innleiða skóla fyrir alla og það ríki meðvitund og vilji til að vera inngildandi skóli, kemur ekki skýrt fram í gögnum rannsóknarinnar, hvort öðrum hópum en þeim sem eiga undir högg að sækja vegna líkamlegra eða andlegra vika sé mætt. Ef skólinn vill aðhyllast hugmyndafræði gagnrýninnar rannsóknarhefða og stíga lengra en að horfa eingöngu til fötlunaraktívisma þarf það að koma skýrar fram í stefnuskjölum.

Forysta til félagslegs réttlætis í íslenskum skólum: Að efla farsæld erlendra nemenda með áherslu á félagslegt réttlæti

Helgi Þorbjörn Svavarsson doktorsnemi

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Tungumálastefna og starfshættir fjölskyldna innflytjenda á Íslandi og áhrif þeirra á menntun

Ágrip /Abstract

Tilgangur rannsóknarinnar var að skoða forystu í íslenskum skólum sem hafa náð góðum árangri við innleiðingu félagslegs réttlætis og skapa námsrými fyrir alla nemendur. Meginmarkmið var að varpa ljósi á gildi, áherslu og starfshætti stjórnenda skólanna. Gagna var aflað með viðtölum við skólustjórnendur í níu leik-, grunn- og framhaldsskólum, þremur á hverju skólastigi.

Niðurstöður rannsóknarinnar draga fram hvernig persónulegar áherslur og viðhorf skólustjórnenda í leik-, grunn-, og framhaldsskólum annars vegar og ytri aðstæður skólanna svo sem lagaumhverfi menning og félagslegar aðstæður hins vegar spila saman og hafa áhrif á starfshætti og áherslur skólustjórnenda um málefni nemenda með erlendan bakgrunn. Má þar nefna sem dæmi leiðir til að bregðast við ómarkvissum fjárveitingum til málaflokksins, afmörkun í hugsun (e. deficit thinking) í samfélaginu um nemendur af erlendum uppruna, áskoranir sem fylgja samskiptum við þessa nemendur, sem og áskoranir við að draga fram viðhorf þeirra og fjölskyldna þeirra um menntun.

Af niðurstöðum verkefnisins má draga þá ályktun að þrátt fyrir að finna megi dæmi um skóla þar sem verulegur ávinningur hefur náðst um stöðu nemenda af erlendum bakgrunni, þá vakna spurningar um hvort umhverfi skólanna og samfélagið í heild hamli eða stuðli að auknu félagslegu réttlæti til handa erlendum nemendum.

Enda þótt þessi rannsókn byggist á því að skoða stöðu nemenda með erlendan bakgrunn frá afmörkuðu sjónarhorni, má gera ráð fyrir að niðurstöður hennar hafi yfirfærslugildi á stöðu annara minnihlutahópa í íslenskum skólum.

The quality of Icelandic teaching for foreigners: The view of educational providers and students

Ólöf Júlíusdóttir rannsakandi

HÍ, Félagsvísindasvið/Félagsvísindastofnun

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Adult Education in the multi-cultural Iceland: Participation and language courses for immigrants

Ágrip /Abstract

Foreigners are often criticized for not being able to speak Icelandic, especially those working in the labour market. However, a number of them have taken one or more Icelandic courses from educational providers. The Ministry of Social Affairs and Labour, commissioned the Social Science Research Institute of the University of Iceland to conduct a comprehensive review of the quality assessment practices of teaching Icelandic to foreigners. The objective of the assessment was to evaluate the state of the educational providers, the quality framework, identify improvement opportunities, and enhance the quality awareness and work of educational providers. The analysis are based on interviews conducted with educational providers along with focus group discussions involving individuals who had enrolled in Icelandic courses for foreigners. The interviews took place between January and August 2023. Educators emphasized the need for improved professional support across various domains to refine the Icelandic teaching approach for foreigners. Findings indicate a need to improve the framework of the European language frame and develop a new curriculum that also takes into account people's different backgrounds and contemporary societal structures. Students who attend the courses are a diverse group with different needs. In the focus groups it was stated that while some wanted to put emphasis on grammar, there were others who believed that the focus should be more on spoken language and aspects that affect their daily life in Iceland. Thus, it's crucial to provide students with choices regarding Icelandic language courses, ensuring a student-centric learning.

Teaching mathematical modeling using generative AI

Tómas Philip Rúnarsson prófessor

HÍ, VoN

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Education policy and teaching methods

Ágrip /Abstract

An innovative approach to teaching students the art of mathematical modeling, with a particular focus on real-world applications is presented. The strategy, rooted in problem-solving literature and informed by our experience, employs scaffolding techniques coupled with a generative AI to train students. Central to this method are carefully organized prompts used for guiding the generative AI, specifically GPT-4, through the learning process. We offer a comprehensive demonstration of this approach via interactive dialogue with GPT-4. Our analysis underscores the capability of the generative AI in not only accelerating the learning curve for novice model builders but also offering valuable insights to experts. Thus, this research suggests that leveraging AI in mathematical modeling education can effectively address the challenges students and practitioners face when dealing with real scenarios. Some initial results using the technique in the classroom will be presented.

Mannréttindasjónarhorn sem greiningartæki við menntun þroskaþjálfra

Laufey Elísabet Löve lektor

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Celebrating the 75th anniversary of the UDHR: Human Rights Education I

Ágrip /Abstract

Kynntar verða niðurstöður rannsóknar sem beinist að mikilvægi þess að innleiða með markvissum hætti mannréttindaáherslur og mannréttindasjónarhorn sem greiningartæki við þróun náms þroskaþjálfra við Háskóla Íslands. Nám í þroskaþjálfrafræði byggir á grunngildum samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (2006) og þeim skuldbindingum sem ríki sem gerst hafa aðilar að honum hafa tekist á hendur, meðal annars við þróun og uppbyggingu þjónustu og opinberrar stefnumótunar í málefnum fatlaðs fólks. Rannsóknin beinist að mikilvægi þess að fatlað fólk sjálft, með áherslu á fólk með þroskahömlun, komi að mótun náms starfsstétta, líkt og þroskaþjálfra, sem munu styðja það til virkrar samfélagsþátttöku og við að raungera grundvallarréttindi líkt og réttinn til að lifa sjálfstæðu lífi og réttinn til að taka ákvarðanir í eigin lífi. Rannsóknin byggir á mannréttindasjónarhorni á fötlun, gagnrýnni fötlunarfræði og grunngildum samnings Sameinuðu þjóðanna sem leggur skýra og ítrekaða áherslu á rétt þeirra sem réttindi skulu taka til til að hafa um mótun og innleiðingu þeirra að segja. Rannsóknin er eigindleg og byggir á gögnum sem aflað var með rýnihópaviðtölum auk eigindlegra viðtala við fatlað fólk og talsmenn hagsmunasamtaka fatlaðs fólks. Niðurstöður rannsóknarinnar draga fram mikilvægi þess að áherslur mannréttindasjónarhornsins á fötlun séu hafðar að leiðarljósi við þróun námsefnis og að sjónarhorns fatlaðs fólks sé markvisst aflað til að raungera réttinn til að hafa um eigin mál að segja.

Mat á áhrifum íslenskrar útgáfu af Hvatningarleiknum til að auka virka þátttöku og draga úr truflandi hegðun nemenda í 1. bekkjar kennslustofum

Arnar Baldvinsson doktorsnemi, Anna Lind Pétursdóttir prófessor, Bergljót Gyða Guðmundsdóttir dósent
HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Hegðun og líðan barna á Íslandi: Úrræði og áhrifaþættir

Ágrip /Abstract

Á þeim takmarkaða tíma sem gefst til kennslu á hverju skólaári er kennurum falið að innleiða og þjálfa ótalmarga færniþætti. Truflandi hegðun og óvirk þátttaka af hálfu nemenda dregur úr þessum takmarkaða tíma enn frekar og ógnar námshorfum þeirra til framtíðar, sérstaklega snemma á skólagöngu þar sem skortur á grundvallarfærni getur leitt til viðbótarerfiðleika sem vinda upp á sig seinna meir. Það er því mikilvægt að kennarar hafi aðgang að bekkjarstjórnunaraðferðum sem hámarka líkur á ánægju og árangri og takmarki þessa áhættuþætti.

Hvatningarleikurinn (e. PAX Good Behavior Game, *GBG*) er safn raunprófaðra bekkjarstjórnunaraðferða sem hjálpa kennurum að skapa nærandi og uppbyggilegt bekkjarumhverfi sem einkennist af skýrum væntingum, árangursríkri hegðun og jákvæðum samskiptum. Aðferðirnar hafa verið rannsakaðar ítarlega í útlöndum, þá sérstaklega í Bandaríkjunum, en áhrif þýddrar útgáfu GBG í íslensku menningar- og skólasamhengi er óþekkt.

Í þessari rannsókn var fimm 1. bekkjar umsjónarkennurum falið að tilnefna til beins áhorfs 3 nemendur úr hverjum bekk sem sýna mest truflandi hegðun og eiga erfiðast að halda sig við verkefni. Notað var margþætt A-B grunnlínusnið og fengu kennarar koll af kolli námskeið í Hvatningarleiknum. Yfir rannsóknartímabilið voru 116 15-mínútna áhorfslotur þar sem þátttaka (virk, hlutlaus, óvirk) og truflandi hegðun nemenda var metin á 15 sekúndna fresti.

Niðurstöður sýndu að Hvatningarleikurinn dró umtalsvert úr truflandi hegðun og virk þátttaka nemenda jókst til muna. Niðurstöður gefa til kynna að íslensk útgáfa Hvatningarleiksins geti leitt til betra námsumhverfis og ástundunar, sérstaklega fyrir nemendur sem eiga erfitt með að stjórna eigin hegðun, og betra starfsumhverfis fyrir kennara.

Viðbrögð gegn ofbeldi og vanrækslu innan leikskóla: Við berum öll ábyrgð

Birta Ethel Guðbjartsdóttir deildarstjóri

Rauðhóll

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Leikskólastarfið frá ýmsum sjónarhornum

Ágrip /Abstract

Kynnt verður greinargerð sem er búin til samhliða handbók sem er sett upp í Canva, hún verður síðan nýtt innan leikskólans Rauðhóls í Reykjavík sem viðbragðsáætlun við ofbeldi og vanrækslu. Handbókin fjallar um viðbrögð gegn ofbeldi og vanrækslu innan leikskóla. Í fyrri hluta greinargerðarinnar er fjallað um birtingarmyndir ofbeldis og vanrækslu sem og einkenni barna sem upplifa ofbeldi eða vanrækslu. Í seinni hluta verkefnis er fjallað um viðbrögð starfsmanna við hvers kyns ofbeldi sem getur komið upp. Tilgangur ritgerðarinnar er að fjalla um viðbrögð gegn ofbeldi og vanrækslu innan leikskóla. Þá er einnig markmið ritgerðar að búa til handbók sem er tiltæk starfsfólki í leikskólum í Reykjavík, óháð því hvaða stöðu þau gegna. Handbókin inniheldur viðbragðsáætlun sem er í notkun árið 2023, handbókin verður uppfærð eftir því hvaða lög og reglur gilda hverju sinni.

Rekjanleiki og rekjanleikavarnir í Íslensku æskulýðsrannsókninni

Hans Haraldsson verkefnisstjóri, Ólöf Ragna Einarsdóttir verkefnisstjóri, Unnar Geirdal Arason verkefnisstjóri

HÍ, Menntavísindastofnun

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Íslenska æskulýðsrannsóknin

Ágrip /Abstract

Í spurningakönnunum er ýmsum bakgrunnsupplýsingum um svarendur venjulega safnað. Slíkar bakgrunnsupplýsingar eru oft nauðsynlegar til að uppfylla markmið kannanna en skapa um leið hættu á að svör verði rakin til einstakra svarenda.

Í þessari rannsókn var rekjanleiki í gögnum úr grunnskólafyrirlögn Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar greindur. Keyrðar voru saman ýmsar bakgrunnsupplýsingar um svarendur. Annars vegar var um að ræða svör við bakgrunnsspurningum, svo sem um bekk, kyn, fjölskyldusamsetningu og uppruna foreldra. Hins vegar voru notaðar upplýsingar um skólann sem svarið barst frá, svo sem staðsetningu í sveitarfélagi eða heilbrigðisumdæmi.

Niðurstöður sýna að þegar gögnum fylgja upplýsingar um skóla eykst hættu bæði á kennslum (e. identification) og töflurekjanleika (e. attribution). Rekjanleikahætta er hins vegar hverfandi ef upplýsingar um skóla eru ekki birtar.

Farið verður yfir þau viðmið um rekjanleikavarnir (e. statistical disclosure control) sem þróuð hafa verið fyrir Íslensku æskulýðsrannsóknina þegar niðurstöður eru birtar með upplýsingum um skóla.

Bullsvör í Íslensku æskulýðsrannsókninni og áhrif þeirra á mat á hlutfalli unglunga sem hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi

Ólöf Ragna Einarsdóttir verkefnisstjóri, Unnar Geirdal Arason verkefnisstjóri, Hans Haraldsson verkefnisstjóri

HÍ, Menntavísindastofnun

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Íslenska æskulýðsrannsóknin

Ágrip /Abstract

Bullsvör eru svör við könnun þar sem svarandi reynir að draga upp ýkta, öfgakennda og oft dökka mynd af sjálfum sér og aðstæðum sínum. Bullsvör eru vel þekkt vandamál í unglingakönnunum og sérstök ógn við réttmæti niðurstaðna þegar spurt er um neikvæða og tiltölulega sjaldgæfa hegðun eða lífsreynslu.

Í þessari rannsókn var unnið úr gögnum úr grunnskólafyrirlögn Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar vorið 2023 og voru útbúnir þrír mælikvarðar á bullsvör. Svarendur voru metnir líklegir bullsvarendur ef verulegt ósamræmi var á milli uppgefins fæðingarárs og bekkjar, svarendur hökuðu við alla svarmöguleika þegar spurt var á hvaða tungumálum þeir læsu helst eða ef þeir sögðust hafa prófað öll hörð vímuefni sem spurt er um í könnuninni. Hlutfall líklegra bullsvarenda var skoðað eftir kyni og bekk og algengi kynferðis- og heimilisofbeldis með og án líklegra bullsvara var skoðað.

Bullsvörun reyndist mjög tengd kyni og bekk. Hátt hlutfall svarenda í 9. og 10. bekk sem sögðust vera kynsegin reyndust líklegir bullsvarendur eða 8-9%. Þá var hlutfallið tiltölulega hátt hjá drengjum í 9. og 10. bekk eða 2,2-2,8% en aldrei hærra en 0,7% hjá stúlkum. Algengi kynferðis- og heimilisofbeldis breyttist ekki að ráði hjá stúlkum hvort sem líkleg bullsvör voru höfð með eða ekki en hjá drengjum í efri bekkjum breyttust tölur um allt að tæpu prósentustigi. Hjá kynsegin svarendum var munurinn mun meiri.

Niðurstöður sýna að mat á áhrifum bullsvara er nauðsynlegt við túlkun svara um neikvæða og sjaldgæfa lífsreynslu. Þá vekja niðurstöðurnar spurningar um hvort hægt sé að túlka niðurstöður fyrir kynsegin unglunga.

Tækifæri til rannsóknarsamstarfs við menntatæknifrumkvöðla

Oddur Sturluson verkefnisstjóri

HÍ, Nýsköpunarstofa menntunar

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Nýsköpun, menntun og þróunarverkefni

Ágrip /Abstract

Í kviku landslagi nútímamenntunar hefur tækni breytt því hvernig við beitum og nýtum kennslu. Markmið erindisins er að draga fram og undirstrika þau tækifæri til samstarfs sem eru til staðar milli frumkvöðla á sviði menntatækni og rannsakerenda.

Akademískir rannsakerendur hafa skapað víðfeðma og djúpa þekkingu á kennslu- og rannsóknaraðferðum auk skilnings á stefnum og straumum kennslufræðilegra kerfa. Þeirra innsæi, sem byggist á áralangri reynslu af rannsóknum og kennslu, getur veitt sprotafyrirtækjum verðmæta aðstoð við að þróa áhrifarík tól sem byggjast á vísindalegum grunni. Á hinn bóginn geta tækninýjungar og nýstárleg hönnun frumkvöðlanna veitt rannsakerendum tækifæri til að afla og nýta gögn með nýjum leiðum.

Þrátt fyrir jákvæð samlegðaráhrif slíks samstarfs er brú milli akademískra rannsakerenda og sprotafyrirtækja. Margir fræðimenn hafa takmarkaða tengingu við frumkvöðlaumhverfið og mörg sprotafyrirtæki starfa án sterks kennslufræðilegs grunns.

Nýsköpunarstofa menntunar var stofnuð til að tengja saman ólíka hagaðila sem koma með einum eða öðrum hætti að nýsköpun í menntun. Í þessu erindi verður rætt um nokkur menntatæknifyrirtæki sem eru starfrækt á Íslandi í dag og tækifæri sem starfsemi þeirra býður upp á fyrir fræðimenn. Markmiðið með slíku samstarfi væri tvíþætt; annars vegar að bæta þá tækni sem er í boði fyrir bæði nemendur og kennara og hins vegar að veita rannsakerendum nýja og spennandi farvegi fyrir fræðimenn til að vinna rannsóknir og innleiða nýstárlegar aðferðir.

Lestur barna í 6.-10. bekk: Á hvaða tungumálum lesa þau og á hvaða tungumálum finnst þeim best að lesa?

Sigrún Sif Eyfeld Jóelsdóttir verkefnisstjóri¹, Hans Haraldsson verkefnisstjóri¹, Ragný Þóra Guðjohnsen lektor²

¹HÍ, Menntavísindastofnun. ²HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Lestur: Panik, tungumál og færni

Ágrip /Abstract

Íslenskir unglingar hafa aðgang að miklu og vaxandi framboði af fræðsluefni og afþreyingu á öðrum tungumálum en íslensku. Þar á meðal er ýmiss konar lesefni á öðrum tungumálum sem er fjölbreyttara en það íslenska lesefni sem stendur unglingum til boða og líklega áhugaverðara í augum sumra. Þar sem íslensk börn hafa jafnan nokkuð góð tök á ensku er vert að athuga hversu stór hluti íslenskra unglinga les reglulega sér til skemmtunar á ensku og hversu stór hluti telur betra að lesa á ensku en íslensku.

Í þessari rannsókn eru svör við spurningum um lestur úr grunnskólakönnun Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar vorið 2023 skoðuð. Niðurstöður sýna að börn með íslenskan bakgrunn (báðir foreldrar fæddir á Íslandi) lesa gjarnan á ensku þegar þau lesa sér til ánægju. Vinsældir enskunnar eru meiri í efri bekkjum en yngri og í 10. bekk eru svarendur álíka líklegir til að lesa á ensku og íslensku sér til ánægju. Þegar spurt var á hvaða tungumáli svarendum fannst best að lesa reyndust 16-28% barna með íslenskan bakgrunn helst kjósa að lesa á ensku og voru vinsældir enskunnar meiri eftir því sem svarendur voru eldri. Þegar vinsældir tungumála voru skoðaðar eftir tíðni yndislesturs hjá svarendum, kom fram skýrt samband í eldri bekkjum þar sem svarendur voru líklegri til þess að kjósa helst að lesa á ensku eftir því sem þeir sögðust lesa meira.

Niðurstöður vekja upp spurningar um ástæður hnignandi meðalárangurs íslenskra unglinga á lesskilningsprófum þar sem íslenskir textar eru lesnir.

Grænfáninn og farsæld

Sigurlaug Arnardóttir verkefnastjóri

Landvernd, Menntateymi

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Nýsköpun, menntun og þróunarverkefni

Ágrip /Abstract

Grænfánaverkefnið hóf göngu sína á Íslandi fyrir um 20 árum og hefur tekið breytingum samhliða tíðarandanum. Grunnaðferðafræðin á mikla samleið með þeim straumum og stefnum sem eru viðurkenndar í skólasamfélagi nútímans. Hún byggir á menntun til sjálfbærni og er Grænfánaverkefnið talið samkvæmt Unesco eitt helsta innleiðingartæki menntunar til sjálfbærni í heiminum í dag.

Í erindinu verður sagt frá hvernig aðferðafræði Grænfánans styður við farsæld barna á fjölbreyttan hátt. Í verkefninu er mikið lagt upp úr nemendalýðræði, valdeflingu, gagrýnni hugsun og sköpun. Nemendur er hvattir til aðgerða, sem geta breytt nær- og fjærumhverfi til hins betra og hafa bein áhrif á farsæld nemenda. Gerð verður grein fyrri hvernig þátttaka í Grænfánanum getur aukið farsæld og dæmi gefin um birtingarmynd verkefnsins í skólum.

Spjalddölvur í grunnskólum Kópavogs 2015-2021: Matsrannsókn og meginniðurstöður

Bergþóra Þórhallsdóttir verkefnastjóri¹, Ragnheiður Hermannsdóttir deildarstjóri¹, Sólveig Jakobsdóttir prófessor², Skúlína Hlíf Kjartansdóttir aðjúnt²

¹Kópavogsbær, Menntasvið. ²HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

RANNUM: Spjalddölvur í Kópavogi

Ágrip /Abstract

Árin 2021-23 unnu rannsakendur á vegum Rannsóknarstofu í upplýsingatækni og miðlun við Menntavísindasvið Háskóla Íslands matsrannsókn fyrir Kópavogsbæ á innleiðingu spjalddölva í grunnskólum Kópavogsbæjar á árunum 2015–2021. Í þessu erindi verður fjallað um forsendur, bakgrunn, aðferðir og helstu niðurstöður þeirrar rannsóknar. Aðalmarkmiðið var að kanna hverju nám með spjalddölvum hefur skilað nemendum í grunnskólum Kópavogs með tilliti til ánægju af og áhuga á námi, persónumiðunar náms, ábyrgðar í námi og valdeflingar nemenda, upplýsinga- og tæknilæsis, miðlalæsis, stafrænnar hæfni og námsárangurs. Þá var skoðuð staða varðandi þekkingu og færni kennara í upplýsingatækni, kennsluhætti, námsefni, spjalddölvunotkun, viðhorf hlutaðeigandi aðila, þýðingu spjalddölvunnar í COVID-faraldrinum og innleiðingarferlið. Brugðið er upp mynd af fræðilegum bakgrunni viðfangsefnanna, með áherslu á félagslegt nám, stafræna kennsluhætti, tækniþróun, innleiðingu tækni og hringrás vikkaðs náms. Vorið 2021 var gögnum safnað með viðhorfakönnunum meðal nemenda í 5. til 10. bekk, foreldra þeirra og allra kennara skólanna. Einnig söfnuðu skólarnir gögnum meðal stjórnenda, kennara og nemenda um stafræna hæfni með evrópska SELFIE-verkfærinu. Þá voru tekin viðtöl við stjórnendur og lykilaðila sem komið höfðu að innleiðingunni. Haustið 2021 voru þrír skólar heimsóttir og vettvangsathuganir gerðar í 5., 7. og 10. bekk ásamt því að tekin voru rýnihópaviðtöl við kennara og nemendur og viðtöl við skólastjóra skólanna. Niðurstöður sýndu að þróun starfsemi grunnskóla Kópavogs fellur vel að líkani um hringrás vikkaðs náms þar sem móthverfur gegna aðalhlutverki sem uppspretta breytinga og þróunar en geta orsakað núning og spennu innan og milli starfsemikerfa. Nánar er fjallað um niðurstöður í erindinu og öðrum erindum málstofu.

Athafnakostir spjaldtölva og tækifæri sem þær bjóða

Skúlína Hlíf Kjartansdóttir aðjúnkt, Sólveig Jakobsdóttir prófessor

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

RANNUM: Spjaldtölvur í Kópavogi

Ágrip /Abstract

Í erindinu verður fjallað um þætti Spjaldtölvurannsóknar í Kópavogi 2015-2021 sem snertu ánægju af og áhuga á námi, persónumiðun náms, ábyrgð í námi og valdeflingu nemenda, einkum með tilliti til upplýsinga- og tæknilæsis, fjölgáttalæsis, miðlalæsis, stafrænnar 21. aldar hæfni og námsárangurs. Sýnd verða dæmi um vinnuaðferðir nemenda og kennara. Þá verður fjallað um breytingar á skólasýn, kennslufræði, kennsluháttum, náms- og kennslumhverfi, sem þrátt fyrir Covid-hömlur náðu að festast í sessi. Niðurstöður sýna að innleiðing spjaldtölva þar sem nemendur fá sitt persónulega námstæki breytir verulega forsendum til náms, í henni dregur úr hefðbundum kennsluháttum og stjórn kennara á aðgengi að upplýsingum, og aðgengi nemenda að þekkingu og verkfærum til námsins eykst. Notkun spjaldtölva eflir frumkvæði og sjálfstæði nemenda og valdeflir þá, en hefur einnig víðtæk áhrif á starf kennara, með innleiðingu nýrra námsvettvanga, námsumsýslukerfa, námsmatskerfa og námsverkfæra á sviði allra námsgreina. Athafnakostir spjaldtölva og verkfæranna eru hvetjandi fyrir fjarnám, þróun fjölgátta læsi og samvinnu. Áhrif þessara breytinga á skólasýn, skólaþróun eru þó enn lítt sýnileg, en merkja mátti aukna ánægju meirihluta nemenda og áhuga á spjaldtölvunni sem virkjaðist í náminu. Spjaldtölvun getur eflt persónulega færni og lykilhæfni í námi, aukið ábyrgð og auðveldað nemendum að staðfesta nám sitt og námsárangur, t.d. með ferilbókum og stafrænni framleiðslu. Rannsóknin staðfesti ýmsa nýbreytni í notkun náms- og kennsluefnis og námsvettvanga, s.s. gerð fjölbreyttra stafrænna kennslugagna, rafbóka, tölvuleikja og leikjavæðingartóla, sýndarveruleikjaefnis og sýndarsafna. Þá mátti greina þróun í notkun hugbúnaðar og vélbúnaðar til stafrænnar framleiðslu í sköpunarsmiðjum, samfara aukinni tilhneigingu til samþættingar námsgreina.

Spjaldtölvur í Kópavogi: Áskoranir og álitamál

Sólveig Jakobsdóttir prófessor, Skúlína Hlíf Kjartansdóttir aðjúnkt

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

RANNUM: Spjaldtölvur í Kópavogi

Ágrip /Abstract

Í þessu erindi verður fjallað um niðurstöður matsrannsóknar um helstu áskoranir og vandamál sem tengdust notkun spjaldtölva í grunnskólum Kópavogs á árunum 2015-2021. Að mati kennara, foreldra og stjórnenda var truflun af spjaldtölvunotkun stórt vandamál eða að nemendur eyddu of miklum tíma í tölvunni. Nemendur kvörtuðu helst yfir tæknilegum vandamálum eða vandræðum ef spjaldtölvan gleymist heima og töluverður hópur, ekki síst á unglingastigi, kvartaði yfir að erfitt væri að einbeita sér að námi þar sem þau vildu gera eitthvað annað í spjaldtölvunni. Að mati margra foreldra og kennara og sumra nemenda var spjaldtölvan ekki heppilegasta verkfærið á unglingastigi. Margir vildu fremur að nemendur á því stigi fengju persónulegan aðgang að fartölvu. Kennarar kvörtuðu nokkuð yfir tæknilegum hindrunum. Einnig voru myndsendingar nemenda stundum talsvert vandamál. Erfiðlega gekk að uppfylla markmið spjaldtölvuverkefnis um að auka vægi stafrænnar borgaravitundar þannig að nemendur yrðu ábyrgir neytendur og gerendur í hinum stafræna heimi, að kennarinn væri öflug fyrirmynd í því sambandi og að stafræn borgaravitund flæddi inn í alla námsþætti. Kópavogur hefur þó verið leiðandi á þessu sviði hér á landi með gerð fræðslu- og námsefnis fyrir kennara í samstarfi við Heimili og skóla og Menntamiðju. Í erindinu verður rætt um ofangreindar niðurstöður og settar fram ábendingar til skóla og fræðslufirvalda sem tengjast viðkomandi áskorunum og vandamálum.

Stafræn inngilding eða útilokun? Notkun fólks með þroskahömlun á upplýsinga- og samskiptatækni í COVID-19

Kristín Björnsdóttir prófessor, Hrafnhildur Snæfríðar- Gunnarsdóttir doktorsnemi, Ellen Dröfn Gunnarsdóttir verkefnastjóri

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Fötlunarfræði og samvinnurannsóknir

Ágrip /Abstract

Stjórnvöld gripu til aðgerða í mars 2020 til að koma í veg fyrir alvarlegar afleiðingar fyrir íslenskt samfélag af völdum COVID-19 heimsfaraldursins. Settar voru fjöldatakmarkanir, grímuskylda og nándarreglur auk þess sem ýmis þjónusta lagðist af. Í erindinu verður sagt frá niðurstöðum rannsókna sem beindist að því með hvaða hætti fólk með þroskahömlun nýtti sér upplýsinga- og samskiptatækni fyrstu tvö ár heimsfaraldursins þegar takmarkanir voru enn í gildi. Um er að ræða blandað rannsóknarsnið en 412 einstaklingar svöruðu spurningakönnun og 16 einstaklingar tóku þátt í rýnihópum. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar eru þær að fólk með þroskahömlun var ólíklegra til að nota upplýsinga- og samskiptatækni á þessum tíma. Sér í lagi þau sem bjuggu í búsetuúrræðum á borð við íbúðakjarna og sambýli. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að margir félagslegir þættir hafa áhrif á stafræna þátttöku og stuðla að stafrænni útilokun meðal fólks með þroskahömlun. Verða þessir þættir ræddir í erindinu en einnig verður sjónum beint að stafrænni hönnun og með hvaða hætti hægt sé að tryggja inngildandi hönnun á tækjum og forritum.

Matsrannsókn í Kópavogi: Pallborðsumræða

Puríður Jóna Jóhannsdóttir prófessor emerita

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

RANNUM: Spjaldtölvur í Kópavogi

Ágrip /Abstract

Í lok málstofu um matsrannsókn um spjaldtölvur í grunnskólum Kópavogs verður pallborðsumræða með þátttöku sérfræðinga og skólafólks með innsýn í verkefnið, sem til dæmis hafa komið að innleiðingu þess og þróun. Puríður Jóhannsdóttir stýrir umræðunni.

"Þegar ástin skeður": Hugmyndir nemenda á starfsbrautum framhaldsskóla um ást og vináttu

Hekla Björk Hólmarsdóttir háskólanemi, Ásgeir Tómas Arnarson, Nína Margrét Ingimarsdóttir, Kristín Björnsdóttir prófessor

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Fötlunarfræði og samvinnurannsóknir

Ágrip /Abstract

Í þessu erindi verður sagt frá samvinnurannsókn sem framkvæmd var 2022 - 2023. Um er að ræða samvinnurannsókn þar sem nemendur í starfstengdu diplómunámi unnu í nánu samstarfi við fræðafólk á Menntavísindasviði og nemendur á starfsbrautum í tveimur framhaldsskólum. Í samvinnurannsóknnum er áhersla á aukna samvinnu og jafnræði fræðimanna og þátttakenda og í erindinu verður sjónum beint að siðferðilegum álitamálum í samvinnurannsóknnum. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar voru þær að nemendur á starfsbrautum höfðu bæði þörf og áhuga fyrir því að ræða um ást og vináttu. Hins vegar voru margir þeirra sem hvorki höfðu fengið tækifæri til þess í skólanum né heima. Hugmyndir nemenda um ástarsambönd voru fjölbreyttar og ólíkar og misjafnt hvort þau höfðu sjálf verið í föstum samböndum. Í erindinu verður greint frá hugmyndum þeirra um kosti og galla þess að vera í ástarsambandi og hvað nemendur töldu einkenna góð vina- og ástarsambönd. Rannsóknarverkefnið er einstakt fyrir þær sakir að rannsakendurnir voru sjálfir nemendur á starfsbraut þegar þeir voru yngri. Hér er því um að ræða mikilvægar upplýsingar sem eiga erindi við kennara, þroskaþjálfra, foreldra og alla þá sem láta sig varða málefni nemenda á starfsbrautum. Niðurstöður rannsóknarinnar eru einnig mikilvægt framlag til umræðunnar um kynfræðslu og kynheilbrigðis meðal unglinga.

Jafningafræðsla á Seltjarnarnesi

Eyrún Eva Haraldsdóttir sérfræðingur¹, Birna Friðgeirsdóttir Kennari²

¹Heimili og skóli, SAFT - netöryggi. ²Grunnskóli Seltjarnarness

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Unglingar: Viðhorf og áhrif

Ágrip /Abstract

Heimili og skóli og SAFT (Samfélag, fjölskylda og tækni) með styrk frá Samtökum sveitafélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) framkvæmdu tilraunaverkefni um jafningjafræðslu um stafræna borgaravitund. Markmið verkefnisins er að unglingar fá fræðslu um helstu atriði stafrænnar borgaravitundar og þau fari og fræði nemendur miðstigs í sínum skóla.

Hugmynd verkefnisins var að gefa grunnskólum verkfæri sem þau geta notað til að fræða nemendur sína um stafræna borgaravitund, viðeigandi hegðun og hvernig þau geti fengið hjálp ef þau lenda í neikvæðri reynslu á netinu.

Verkefnið var þróað í góðu samstarfi með Grunnskóla Seltjarnarness. Sérfræðingar SAFT ásamt tveimur kennurum skólans skipulögðu kennsluna sem var skipt upp í fjórar 80 mínútna kennslustundir. Fyrstu tvö skiptin fóru í fræðslu og umræður við unglingana um netið og hvernig þau upplifa kosti og galla við að lifa í stafrænum heimi. Seinni tveir tímarnir voru notaðir til undirbúnings fræðslu sem unglingarnir svo fluttu fyrir nemendur miðstigs skólans.

Mikil ánægja var með verkefnið hjá skólanum, nemendum og foreldrum. Grunnskóli Seltjarnarness hefur haldið áfram með verkefnið og hefur aðlagð það að þörfum síns skólasamfélags. Næsta skref verkefnisins er að gefa út pakka fyrir skóla svo þeir geti tekið upp verkefnið þannig að nemendur um land allt fái fræðslu um stafræna borgaravitund og netöryggi. Þannig myndi þörfin fyrir utanaðkomandi fræðslu minnka í grunnskólum landsins.

Í erindinu verður farið dýpra í hvernig verkefnið hefur gengið og hvaða skref verða tekin þannig að sem flestir skólar geti tekið það upp.

Fjarnám við Háskóla Íslands

Hólmfríður Árnadóttir deildarstjóri, Regína S. Ómarsdóttir verkefnisstjóri

HÍ, Kennslusvið

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

RANNUM: Fjarnám og stafræn kennsla

Ágrip /Abstract

Á árunum 2021-2026 er sérstakt átak í þróun fjarnáms þar sem tækjabúnaður, sérfræðipækking og stuðningur við kennara er eflur með hliðsjón af inngildingu og algildri hönnun í Háskóla Íslands. Þar er lögð er áhersla á að HÍ sé kjölfesta í háskólaumhverfi á Íslandi og bjóði upp á bæði staðnám og fjarnám af sem mestu gæðum. Samhliða því verður námsframboð í fjarnámi aukið og það gert sýnilegra. Kennslusvið HÍ styður við þær deildir sem vilja endurskoða fjarnám, setja á stofn fjarnámsleiðir samhliða staðnámi eða skipta úr staðnámi yfir í fjarnám. Til að kortleggja áhuga, tækjapörf og þörf á kennsluráðgjöf hvað varðar stofnun nýrra fjarnámsleiða, eða að færa námsleiðir yfir í fjarnám á deildum og fræðasviðum var send út könnun á vordögum 2022. Þá var ráðinn inn verkefnisstjóri til að halda utan um og styðja við innleiðingu á fjarnámi og stuðla að aukinni þekkingu á kennslufræði og hönnun fjarnáms.

Í erindinu verður farið yfir niðurstöður könnunarinnar og hvað tók við af hálfu kennslusviðs. Þar má nefna gerð gæðaviðmiða um fjarnám í kennslu, uppbyggingu innviða, aukið aðgengi að upplýsingum er varða fjarnám og þá þekkingu sem er til á kennslufræði fjarnáms við Háskóla Íslands.

"Við viljum taka ákvarðanir um eigin þjónustu": Samvinnurannsókn með fötluðu fólki um sjálfstætt líf

Kristín Salóme Erlingsdóttir þroskaþjálfari¹, Björgvin Björgvinsson², KristjánVignir Hjálmarsson², Sveinbjörn Benedikt Eggertsson², Kristín Björnsdóttir prófessor¹

¹HÍ, MVS. ²Sjálfstætt starfandi

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Fötlunarfræði og samvinnurannsóknir

Ágrip /Abstract

Aukin krafa þjónustunotenda að vera með í ráðum þegar kemur að eigin þjónustu hefur stuðlað að nýju formi samstarfs og samvinnu á milli vísindasamfélags og fatlaðs fólks. Þátttaka fatlaðs fólks í rannsóknum snýst um jafnrétti, viðurkenningu á mannréttindum þeirra og veitir því tækifæri til að láta raddir sínar heyrast. Rannsókn þessi var eigindleg samvinnurannsókn gerð í samráði og samvinnu með fötluðu fólki, fjórum sjálfráða fötluðum karlmönnum í búsetuþjónustu sveitarfélaga höfuðborgarsvæðisins. Tilgangur rannsóknarinnar var að skoða með hvaða hætti starfað er eftir hugmyndafræðinni um sjálfstætt líf í búsetukjörnum fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu og hvernig fatlað fólk upplifir þá þjónustu sem það fær. Rannsóknin var framkvæmd árið 2023 og var skipulögð samkvæmt svokölluðum rannsóknarhring (e. research circle) sem telst meðal lýðræðislegra rannsóknaraðferða. Í erindinu verður samvinnunni lýst og það rætt hvaða áhættur felast í virku rannsóknarsamstarfi fyrir fatlað fólk sem er háð þeirri þjónustu sem það er að fjalla um. Einnig verður greint frá helstu niðurstöðum rannsóknarinnar. Karlarnir greina frá þeim hindrunum sem þeir hafa upplifað í eigin lífi og hvaða þættir stuðla að sjálfstæði í þeirra daglega lífi. Einnig verður sýnt fram á hvernig tvö mismunandi sveitarfélög skipuleggja þjónustu fyrir fatlað fólk og hvernig þau starfa eftir hugmyndafræðinni um sjálfstætt líf í búsetukjörnum. Bent verður á með hvaða hætti sveitarfélögin fara á skjön við hugmyndafræðina um leið og áhersla verður lögð á það sem vel hefur tekist til. Niðurstöður rannsóknarinnar geta stjórnendur og starfsfólk sveitarfélaganna nýtt sér til að bæta þá þjónustu sem þeir veita fötluðu fólki.

HRE (Human Rights Education) utan kennslustofunnar: Gagnrýnin meðvitund, listir og samfélagsskipulagning

Francesca Zanatta Dr

University College London, Lecturer

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Celebrating the 75th anniversary of the UDHR: Human Rights Education II

Ágrip /Abstract

Erindið kynnir HRE-upplýsta tólf vikna dagskrá þar sem liststarfsemi er tekin upp sem aðferð til að kanna gagnrýna vitund í samfélagsumhverfi. Þátttakendur áætlunarinnar unnu saman að því að bera kennsl á og ígrunda helstu staðbundin samfélagsleg málefni og þróa lykilaðgerðir til breytinga.

Erindið varpar ljósi á tækifærin á mótum HRE, gagnrýna meðvitund og samfélagsskipulagningu sem kennslufræðilegar fyrirmyndir fyrir umbreytandi breytingar. Í fyrsta lagi skoðar það áskoranir og tækifæri þess að þróa starfssamfélag fyrir námið. Þessi innsýn styður kortlagningu ramma fyrir þátttöku og stjórnun virkni einstaklinga og hópa.

Seinni hlutinn fjallar um reynslu meðlima áætlunarinnar. Greining á einstökum viðtölum og hópumræðum fer yfir mismunandi meginreglur og verkfæri sem notuð eru til að ögra kúgandi frásögnum og starfsháttum og til að leiða skipulagðar breytingar samfélagsins á staðbundnum vettvangi.

Í niðurstöðunni veltir höfundur fyrir sér hlutverki HRE sem tækifæri til félagslegrar þátttöku eða samfélagsbreytinga undir forystu ungmenna í samfélaginu.

Adult Education for Immigrants in Iceland

Lara Hoffmann nýdoktor¹, Hermína Gunnþórsdóttir prófessor²

¹Háskólinn Íslands. ²Háskólinn á Akureyri, Hug- og félagsvísindasvið

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Adult Education in the multi-cultural Iceland: Participation and language courses for immigrants

Ágrip /Abstract

The role of adult education in immigrants' inclusion in local societies is analysed based on a cross-analysis of quantitative and qualitative studies. Quantitative data was collected in 2018 within the Rannís-project Inclusive Societies? and a follow-up-study was conducted in 2023 funded by the Immigration Development Fund and the University of Akureyri research fund. Qualitative data was collected via focus-group interviews with young immigrants (18-35) in five municipalities in Iceland in 2023. This project was led by the Education and Training Service Centre, the Nordic Network for Adult Learning, the Ministry of Social Affairs and Labour and the Ministry of Education and Children. Results show that language learning is a central topic in everyday life of immigrants, influencing their access to and experiences with adult education. Only about a fifth of participants consider their Icelandic skills good or very good. Many immigrants want to attend further education, but insufficient proficiency in Icelandic and a limited offer of courses in English are mentioned as hindrances. A significant group of immigrants don't speak English when moving to Iceland. It is common for immigrants to be answered in English when speaking Icelandic and some report being made fun of for speaking Icelandic with an accent. Staff members of institutions for adult education are important informants and some participants describe staff members of foreign origin as role models. The function of adult education institutions thus goes beyond teaching languages or practical skills, they are also key points of access and social connections.

The role of culture and social networkings in migrants' participation in lifelong learning in Iceland

Susan Rafik Hama lektor

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Adult Education in the multi-cultural Iceland: Participation and language courses for immigrants

Ágrip /Abstract

Migration and rapid technological development have characterized our societies today. These changes have influenced immigrant and refugee adults, particularly women, with respect to their participation in various courses and learning activities. Even though the state policies have set out various requirements, regarding education for adult refugees and immigrants and determine the significance of participation in the educational activities, yet there are lacks of participation in the lifelong learning activities on offer.

The main aim of the research is to highlight factors that impede refugee and immigrant women's participation in lifelong learning courses in Iceland and how to meet their various needs. The research question is: How do refugee and immigrant women explain their limited participation in lifelong learning courses/activities in Iceland?

The study is qualitative and is based on data gleaned from interviews with eight immigrant and refugee women aged 30 – 51. The findings indicate that social networking, level of education and income problems are among the main factors that affect migrants' access and participation in lifelong learning in Iceland.

The study also suggests that in order to assist these groups to move forward and engage in various courses and activities on offer, equal access and equal opportunities need to be secured to all refugees and immigrants. This will allow them to be more competitive both in the labour market and gives them access to a broader range of careers in society.

Lærdómssamfélag til framtíðar: Lifandi braut í mótun

Gréta Mjöll Bjarnadóttir framhaldsskólakennari og deildarstjóri

Fjölbrautaskólinn Ármúla, Nýsköpunar og listabraut

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Skapandi greinar: Tækifæri og framtíðarsýn

Ágrip /Abstract

Kennarar Nýsköpunar- og listabrautar Fjölbrautaskólans við Ármúla, Bjarki Þór Jónsson, Gréta Mjöll Bjarnadóttir, Jeannette Castioni, Hallur Örn Árnason og Þór Elís Pálsson unnu á síðasta skólaári verkefni með það að markmiði að þróa NL-braut FÁ úr tveggja ára starfsnámsbraut í listum í þriggja ára list- og starfsnámsbraut til stúdentsprófs. Verkefnið var styrkt af Rannsóknarsjóði KÍ og Sprotasjóði. Um er að ræða verklega skapandi rannsókn í samstarfi við listkennara og nemendur í skólaþróun. Aukin aðsókn, þróun kvikmyndagerðar í LHÍ, stafrænna miðla í HÍ og HR o.fl. kallar á breytingar.

Rannsóknaraðferðir lærdómssamfélagsins: Ákveðið var að vinna umbreytingu brautarinnar með nemendum í skólastarfi. Um er að ræða starfendarannsókn og þróunarvinnu (Art based action research) með virkri þátttöku tuttugu nemenda í nýsköpunaráfanga og listkennara í sameiginlegri, iðjutengdri, skapandi rannsókn.

Framkvæmdin mótaðist af vinnu nemenda og kennara að verkefnum og rannsóknum tengdum náminu. Greiningar, úrvinnsla og umbreyting gagna í ferlinu byggðust á samræðum, ígrundun og málamiðlun. Ferlið var lærdómsríkt og jók jafnræði og félagsleg tengsl hjá nemendum. Niðurstöður styðja framtíðarsýn nemenda, eflingu sjálfræðis og námskraft. Komnar eru áfanga- og brautarlýsingar þriggja ára stúdentsbrautar í listum á NL-braut FÁ.

„Ég er í sama starfi en það er viðurkenningin“: Mikilvægi raunfærnimats fyrir manneskjuna og kerfi

Hildur Betty Kristjánsdóttir framkvæmdastjóri og doktorsnemi¹, Margrét Einarsdóttir sérfræðingur og félagsfræðingur²

¹Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og HÍ, Fullorðinsfræðsla. ²Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Fullorðinsfræðsla

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Fullorðinsmenntun: Yfirstandandi stefnumótun um ævinám og símenntun

Ágrip /Abstract

Mat á raunfærni byggir á þeirri hugmynd að nám fari ekki eingöngu fram innan menntakerfisins heldur við alls konar aðstæður. Hér er m.a. átt við nám sem iðulega er skipulagt innan skóla. Frá árinu 2007 hafa um 7300 manneskjur farið í gegnum mat á mikilvægri færni sem það hefur öðlast á vinnustað (raunfærnimat) og það vegið á móti námi í framhaldsskóla eða á móti viðmiðum starfa innan framhaldsfræðslunnar.

Kynnt er rannsókn þar sem leitast var við að svara mikilvægum spurningum tengdar raunfærnimati. Hvaða forsendur lágu að baki að manneskjan lauk ekki námi? Hvernig virkar raunfærnimatið og hvernig er upplifunin af því?

Hvaða ávinningi skilar raunfærnimat manneskjunnar, vinnumarkaðnum og menntakerfi, metið frá ólíkum sjónarhornum, m.a. til að jafna stöðu þeirra sem hallar á í samfélaginu?

Rannsóknin fólst í því að taka viðtöl við 19 einstaklinga sem fóru í raunfærnimat á móti námi í framhaldsskóla og luku námi í framhaldinu. Niðurstöður rannsóknarinnar leiða í ljós að ávinningur er margþættur hvort sem horft er til manneskjunnar, menntakerfisins eða atvinnulífsins og samspil allra þessar þátta er mikilvægt.

Kynntar verða niðurstöður um raunfærnimat innan framhaldsfræðslunnar fyrir árin 2017-2022 sem voru sóttar í INNU í mars 2023 með áherslu á iðngreinar og starfsnám. Markmiðið var að skoða ferli einstaklingsins í gegnum raunfærnimat og námsleiðir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og tengsl raunfærnimats og námsleiða. Eins mun eftir lýðfræðilegum þáttum.

Námsframvindustuðull fyrir framhaldsskólastig

Aðalheiður Magnúsdóttir meistaranemi¹, Sigurgrímur Skúlason próffræðingur / aðjúnt²

¹HÍ, HVS. ²HÍ / Menntamálastofnun, HVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Málstofa verkefna unnin í samstarfi Menntamálastofnunar og Sálfræðideildar HÍ.

Ágrip /Abstract

Starfsmenn Menntamálastofnunar hafa um nokkurra ára skeið reynt að koma á framfæri hugmynd að námsframvindustuðul fyrir framhaldsskólastigið. Slíkur stuðull getur gefið margvíslegar upplýsingar um stöðu framhaldsskólastigsins, endurspeglað hlutfall nemenda með eðlilega námsframvindu, dreifingu í því hve lengi nemendur eru að ljúka stúdentsprófi og hlutföll nemenda sem eru ekki virkir í námi. Unnt er að nota stuðulinn til að gefa rauntímaupplýsingar og einnig til að fylgjast með breytingum yfir tíma. Forsendur fyrir stuðli sem endurspeglar námsframvindu í framhaldsskóla eru til staðar í framhaldsskólakerfinu. Lágmarkseiningafjöldi til að ljúka stúdentsprófi er skilgreindur og einnig eru skilgreind grunnviðmið um námstíma. Út frá þessum forsendum er námsframvindustuðull sá einingafjöldi sem nemandi hefur lokið miðað við námstíma, fjöldi eininga deilt með fjölda anna. Til að gera stuðulinn þægilegri í notkun er hann margfaldaður með 100 og endurspeglar þá námsframvindu í prósentum. Fjallað verður um hagnýtingargildi námsframvindustuðul fyrir mælaborð um stöðu skólakerfisins, möguleika opinberra aðila til að nýta þá vinnu sem unnin hefur verið og sýndar niðurstöður sem byggja á gögnum 10 ár aftur í tímann.

Breyting á frammistöðu í lesskilningi á unglíngastigi frá 2008 til 2019

Sigrún Erna Kristinsdóttir meistaranemi¹, Sigurgrímur Skúlason próffræðingur og aðjúnkt²

¹HÍ, HVS. ²HÍ / Menntamálastofnun, HVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Málstofa verkefna unnin í samstarfi Menntamálastofnunar og Sálfræðideildar HÍ.

Ágrip /Abstract

Miklar breytingar hafa orðið í lestrarvenjum og notkun ungmenna á ólíkum tegundum texta. Niðurstöður alþjóðlegu PISA könnunarinnar bendir til þess að þessar breytingar endurspeglar í færni nemenda í lesskilningi og fjölmargir sem starfa í skólasamfélaginu hafa bent á dæmi um breytingar. Á árunum 2017 til 2020 voru notuð prófatriði úr eldri prófútgáfum við gerð nýrra útgáfa. Þetta opnar möguleika á að kanna hve miklar breytingar hafa orðið í lesskilningi yfir rúmlega tíu ára tímabil. Við rannsóknina voru notaðar tvær útgáfur af samræmdum könnunarprófum, prófútgáfa frá 2008 og prófútgáfa sem notuð var 2019.

Notuð voru gögn úr prófútgáfu frá 2008 (n = 4473) og úr prófútgáfu 2019-A frá 2019 (n = 1942) til að meta hvort breyting hefði orðið á frammistöðu nemenda á unglíngastigi í lesskilningi yfir tíu ára tímabil. Prófútgáfur voru tengdar saman með skörun á prófatriðum milli prófútgáfa sem var um 20%. Þessi aðferðafræðilega uppbygging gagnanna gefur kost á að tengja ólíka hópa með tengiatriðum (e. non-equivalent anchor test design) til að setja niðurstöður á sama undirliggjandi einkunnakvarða. Notað var svarferlalíkan (e. item response theory) til að tengja (e. link) frammistöðu í lesskilningi á ólíkum tímum og meta breytingar. Niðurstöður sýna að frammistaða nemenda var talsvert lakari árið 2019 en árið 2008 eftir að leiðrétt var fyrir mun á frammistöðu milli 9 og 10 bekkjar. Einnig verður reynt að tengja upplýsingar um hæfni nemenda sem byggja á matsviðmiðum aðalnámskrár afturvirkir til árána 2008-09 og áætla hlutföll nemenda sem náði A, B og C hæfni á þeim tíma.

Upplýsingagildi prófhluta á HLJÓM-2

Ísak Örn Ívarsson meistaranemi¹, Sigurgrímur Skúlason próffræðingur og aðjúnt²

¹HÍ, HVS. ²HÍ / Menntamálastofnun, HVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Málstofa verkefna unnin í samstarfi Menntamálastofnunar og Sálfræðideildar HÍ.

Ágrip /Abstract

HLjóm-2 skimunarprófið er notað í öllum eða nær öllum leikskólum landsins til að meta stöðu nemenda í undirliggjandi færni í hljóðúrvinnslu, grunnþætti sem eru mikilvæg forsenda lestrarnáms, og til að ákveða íhlutun ef þörf gerist. Talsvert er um liðið síðan HLjóm-2 var þróað og staðlað og talin er ástæða til að endurstaðla prófið. Greint verður frá próffræðilegum greiningum á úrtaki 1380 leikskólanema frá árunum 2021 til 2023. Prófhlutar á HLjÓm-2 voru meðhöndlaðir sem prófeiningar (e. testlet) og leyfðir 9 svarpunktar á hverjum prófhluta. Notað var svarferlallíkan (e. item reponse model) fyrir fjölkosta prófatriði til að meta eiginleika prófhluta og upplýsingagildi þeirra. Einnig var notuð staðfestandi þáttalíkan til að meta byggingu og áreiðaleika HLjÓM-2. Niðurstöður draga fram hvaða prófhlutar eða aðferðir við að meta undirliggjandi færni í hljóðúrvinnslu gefa bestar upplýsingar fyrir leikskólanema með litla, miðungs eða góða færni og sýna einnig að í dag hafa sumir prófhlutar takmarkað upplýsingagildi.

Próffræðilegir eiginleikar á matstæki er leggur mat á námsorðaförða íslenskra grunnskólanema

Sigurgrímur Skúlason próffræðingur og aðjúnt¹, Ragnar F. Ólafsson sérfræðingur², Auður Pálsdóttir dósent³, Sigríður Ólafsdóttir dósent³

¹HÍ / Menntamálastofnun, HVS. ²Menntamálastofnun. ³HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Málstofa verkefna unnin í samstarfi Menntamálastofnunar og Sálfræðideildar HÍ.

Ágrip /Abstract

Fjallað verður um greiningu á frumdrögum íslensks námsorðaförðaprófs fyrir nemendur á yngsta, mið- og unglingastigi. Byggt á nýjum lista yfir íslenskan námsorðaförða (LÍNO-2) hefur verið í þróun matstæki sem ætlað er að leggja mat á hver skilningur grunnskólanemenda er á íslenskum námsorðaförða. Greint verður frá niðurstöðum greiningar á úrtökum nemenda í 4. bekk (n = 175), 7. bekk (n = 126) og 9. og 10. bekk (n = 484), með 20 prófatriði í hverjum árgangi. Jafnframt verður fjallað um niðurstöður lóðréttrar skölunar (e. vertical scaling) sem byggir á 10 atriðum sem lögð voru fyrir í öllum árgöngum. Niðurstöður greiningar á hverjum aldurshópi fyrir sig benda til að bæta þurfi atriði í öllum árgöngum og bæta við léttari atriðum, einkum hjá yngri aldurshópum. Niðurstöður á sameiginlegum prófatriðum sýna að eiginleikar eru veikir í yngri árgöngum, einkum í 4. bekk. Stígandi er í skilningi nemenda á námsorðaförða frá 4. til 7. bekkjar, og milli 7. bekkjar og unglingastigs, en ekki milli bekkja á unglingastigi. Fjallað verður um tengsl algengi orða og þyngdarstigbeirra í úrtaki grunnskólanemenda.

Viðhorf til námsmats: Svarferlagreining á svörum foreldra og kennara

Auðun Valborgarson doktorsnemi og próffræðingur¹, Aðalheiður Magnúsdóttir meistaranemi², Íris A. E. Kuhlman meistaranemi², Ísak Örn Ívarsson meistaranemi², Marelle Maeekalle meistaranemi², Sigurgrímur Skúlason próffræðingur og aðjúnt³

¹Menntamálastofnun, HÍ, Háskólinn í Reykjavík, HVS. ²HÍ, HVS. ³HÍ / Menntamálastofnun, HVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Málstofa verkefna unnin í samstarfi Menntamálastofnunar og Sálfræðideildar HÍ.

Ágrip /Abstract

Greint verður frá niðurstöðum greiningar á svörum frá 520 skólastjórnendum og kennurum og frá 2872 forsjáraðilum við könnun á viðhorfum og sjónarmiðum hagsmunaaðila í skólasamfélaginu á námsmati. Könnunin var gerð sem hluti af samráðsferli vegna undirbúnings að þróun matsferils, námsmats sem skal leysa samræmd könnunarpróf af hólmi. Hér verður fjallað um próffræðilegar niðurstöður svarferlálíkana (e. item response models) á undirliggjandi viðhorfum og eiginleikum einstakra spurninga. Notaðar voru 25 staðhæfingar sem lúta að ólíku hlutverki eða notkun á námsmati og mynda þrjá efnisflokka eða kvarða. Spurningar voru byggðar á hugmyndum sem fengnar voru úr íslensku efni tengdu námsmati eða úr erlendri fræðilegri umfjöllun um hlutverk námsmats. Almennt reyndust sjónarmið og viðhorf foreldra til námsmats fremur jákvæðari en kennara og skólastjórnenda. Fjallað verður um afstöðu til einstakra staðhæfinga eða spurninga miðað við undirliggjandi viðhorf og nákvæmni í mati haghafa á viðhorfum til námsmats

Foreldrar og netmiðlar

Ingibjörg Kjartansdóttir verkefnastjóri¹, Skúli Bragi Geirdal verkefnastjóri²

¹HÍ, Menntavísindastofnun. ²Fjölmiðlanefnd

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Börn, netnotkun og miðlalæsi

Ágrip /Abstract

Börnum hefur verið kennt að tala ekki við ókunnuga og gefa ekki upplýsingar til óþekktra aðila. Áður fyrr vissu flestir foreldrar oftast með hverjum börn þeirra voru og á hvaða sjónvarpsþætti þau horfðu. Með tilkomu auðvelds aðgengis að Netinu hefur eftirlit með samskiptum barna og áhorfi þeirra orðið erfiðara. Netnotkun getur verið til hagsbóta fyrir börn og auðgað líf þeirra, en einnig verið hættu fyrir vellíðan og öryggi þeirra.

Í erindinu verður fjallað um forsendur rannsókninar Foreldrar og netmiðlar sem framkvæmd er af Menntavísindastofnun HÍ í samvinnu við Fjölmiðlanefnd. Markmið könnunarinnar er að kortleggja viðhorf og forvarnir foreldra varðandi netnotkun barna sinna. Markhópurinn eru foreldrar 8 - 16 ára grunnskólabarna þeirra slembivöldu skóla sem taka þátt í Börnum og netmiðlum. Leitast verður við að fá jákvæðar viðtökur foreldra og þátttöku í könnuninni en undanfarin ár hefur þátttaka í sambærilegum erlendum könnunum farið minnkandi. Lækkandi svarhlutfall er ekki einsdæmi fyrir foreldrakannanir framkvæmdar með slembivöldu úrtaki, heldur hefur það sést lengi í ýmsum gerðum slembiúrtakskannana á alþjóðavettvangi.

Afar takmarkaðar upplýsingar eru til um forvarnir foreldra á Íslandi með netnotkun barna sinna. Óljóst er hvert foreldrar leita til að afla upplýsinga og stuðnings sem kemur þeim að notum. Niðurstöður könnunarinnar munu væntanlega veita vísbendingar um hvort og hvernig foreldrar leiðbeina börnum sínum um netnotkun og verða leiðbeinandi í gerð fræðslu- og forvarnarefnis sniðið að þörfum foreldra og forsjáraðila. Nýlegar vísbendingar eru um að sértækt netuppeldi geti dregið úr kvíða og þunglyndiseinkennum ungmenna og lágmarkað skaðleg áhrif neteineltis.

Netumferðarskólinn

Steinunn Magnúsdóttir verkefnastjóri¹, Skúli Bragi Geirdal verkefnastjóri²

¹Persónuvernd. ²Fjölmiðlanefnd

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Börn, netnotkun og miðlalæsi

Ágrip /Abstract

Á tímum stafræns veruleika þar sem persónuupplýsingar eru orðnar einn helsti gjaldmiðill samfélagsins eykst nauðsyn þess að allir, ekki síst börn og ungmenni, þekki helstu réttindi sín og skyldur. Persónuupplýsingar barna njóta í raun sérstakrar verndar, þar sem þau kunna að vera síður meðvituð um réttindi sín, áhættu og afleiðingar í tengslum við meðferð þeirra, bæði innan heimilis og utan. Stafræn fótspor barna byrja jafnvel að myndast áður en þau fæðast og netnotkun hefst sífellt fyrr á æviskeiðinu. Því er mikilvægt að fræðsla um persónuvernd og netöryggi verði hluti af daglegu lífi þeirra strax frá frumbersku, rétt eins og umferðarreglurnar.

Í erindinu verður fjallað um Netumferðarskólann, nýtt fræðsluáttak Fjölmiðlanefndar og Persónuverndar. Verkefnið felst í að bjóða skólum víða um land uppá fræðsluerindi um miðlalæsi og persónuvernd fyrir bæði nemendur og kennara. Þá verður kynnt fyrirhuguð útgáfa kennsluefnis með myndböndum ásamt stuðningsefni fyrir kennara sem allir skólar landsins munu geta nýtt sér að kostnaðarlausu. Sérstök áhersla verður lögð á samþykki og samskipti á netinu, söfnun persónuupplýsinga og gervigreind.

„Ég sagði fyrirgefðu“: Einstaklingsvæðing, ábyrgðarkrafa og gerendur ofbeldis í nánum samböndum

Katrín Ólafsdóttir nýdoktor

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Í femínískum farvegi

Ágrip /Abstract

Í almennt umræðu um ofbeldi í nánum samböndum (ONS) má greina aukna áherslu á ábyrgð og afsökunarbeiðni gerenda. Þróunina má m.a. tengja auknum áhrifum nýfrjálshyggju og einstaklingsvæðingu ábyrgðar, aukins sýnileika þolenda ONS og aktífisma því tengdu. Gerð er krafa um að gerendur axli ábyrgð á gjörðum sínum og setji fram ásættanlega afsökunarbeiðni, að öðrum kosti eru þeir álitnir sekir um sjúklega hegðun, skrímsli. Í erindi þessu verður eftirfarandi rannsóknarspurningu svarað: Hvaða áhrif hefur orðræða ábyrgðar á gerendur ofbeldis, úrvinnslu þeirra og skilning á eigin verkum?

Erindið byggir á viðtölum við tíu karlkyns gerendur ONS og er frásögn þeirra rýnd út frá gagnrýnum femínískum kenningarramma. Með orðræðu- og hrifkenningum (e. Affect theory) er leitast við að greina ólíkar birtingarmyndir orðræðu ábyrgðar og varpa ljósi á þær áskoranir sem þátttakendur glíma við þegar þeir reyna að skapa merkingu úr eigin lífsreynslu. Evrópskar rannsóknir sýna að í kjölfar #metoo hreyfingarinnar hafi samfélagslegar væntingar til gerenda ONS um að axla ábyrgð á ofbeldisfullri hegðun sinni aukist en á sama tíma eru frásagnir gerenda gjarnan álitnar ófullnægjandi og afsökunarbeiðnir þeirra ósannfærandi. Allt ýtir þetta enn frekar undir ímynd gerenda sem sjúkra einstaklinga. Niðurstöður þessarar rannsóknar benda til að slíkt hið sama eigi við hér á landi þar sem gerendur eiga gjarnan erfitt með að gangast við verkum sínum og axla á þeim fulla ábyrgð af ótta við að tapa samfélagslegri stöðu sinni. Slík umræða um gerendur einstaklingsvæðir samfélagslegt vandamál um leið og hún takmarkar möguleika gerenda á að taka þátt í henni.

Kennsla í frumkvöðlafræðum með áherslu á félagshagkerfið

Kári Joensen lektor

Háskólinn á Bifröst, Viðskiptadeild

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Nýsköpun, menntun og þróunarverkefni

Ágrip /Abstract

Kennsla í frumkvöðlafræðum og þjálfun fólks sem starfar að nýsköpun er á margra höndum, innan háskólanna, meðal atvinnuþróunarráðgjafa og annarra stuðningsstofnanna atvinnulífsins. Nám í frumkvöðlafræðum leggur áherslu á fjármál, markaðsmál og stofnun fyrirtækja (oftast einkahlutafélaga) utan um tiltekna viðskiptahugmynd.

Samvinnufélög eru hins vegar rekstrarform sem á sér langa sögu, en stofnun nýrra samvinnufélaga hefur verið fátíð á Íslandi síðustu áratugi af ýmsum ástæðum. Í mörgum löndum Evrópu og Norður-Ameríku er samvinnufélagsformið algengara. Lýðræðisleg uppbygging samvinnufélaga og sú áhersla á samfélagslega ábyrgð sem innbyggð er í þau félög, hefur hjálpað þeim að standa af sér áhlaup vegna efnahagskreppa og átt sinn þátt í að byggja upp sanngjarnari vinnumarkað. Áhersla á styrk samvinnufélaga í frumkvöðlamenntun er ný af nálinni hér á landi og ýmis tækifæri eru fyrir hendi, ekki aðeins við hefðbundinn atvinnurekstur, heldur einnig innan félagshagkerfisins og með vexti samfélagsfrumkvöðla (e. social entrepreneurs).

COPE er samstarfsverkefni 7 Evrópskra mennta- og fræðslustofnana sem vinna að því að þróa frumkvöðlanám með áherslu á þau tækifæri sem samvinnufélagsformið býður. COPE verkefnið hlaut styrk frá Erasmus+ samstarfsáætlun Evrópusambandsins. Þarfagreining leiddi í ljós, bæði skort og fræðsluefni og þekkingu innan þeirra samvinnufélaga sem starfandi eru á Íslandi í dag, en einnig litla þekkingu á samvinnufélagsforminu meðal starfandi byggða- og atvinnuþróunarráðgjafa.

Sú námskrá og það kennsluefni sem þróað hefur verið innan COPE verkefnisins er sett fram í nýjum kennsluvef, auk hagnýtra verkefni til stjórnendaþjálfunar, ráðgjafar og hópavinnu. Námskráin svarar kalli eftir kennsluefni um tækifærin og þá sérstöðu sem í samvinnufélögum felast, og hefur skort hér á landi.

„Ég er með betri sýn á hvernig ég vil vera”: Reynsla foreldra af ígrunduðum samræðum í foreldrafræðslu

Anna Lilja Einarsdóttir aðjúnkt

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Fókus á foreldra

Ágrip /Abstract

Reflective Dialogue Parent Education Design (RDPED) er nálgun í foreldrafræðslu sem hefur það markmið að styðja við færni og vöxt í foreldrahlutverkinu og styrkja samband foreldra og barna. Foreldrum er gefið rými til þess að ígrunda reynslu, viðhorf og sjónarmið í samræðum við aðra foreldra, þar sem notast er við svokallaðar stundaglas-spurningar og myndbönd af samskiptum foreldra og barna. Nálgunin er talin áhrifarík leið til þess að auka samkennd, sjálfsvitund og færni foreldra í að skilja og samræma mismunandi sjónarmið í samskiptum við börnin sín. Tilgangur rannsóknarinnar var að skoða reynslu foreldra af ígrunduðum samræðum í foreldrafræðslu og hvernig slíkar samræður styðja við foreldra í hlutverki sínu. Rannsóknin var eigindleg þar sem fyrirbærafræðilegri nálgun var beitt. Tekin voru sjö hálfopin viðtöl við foreldra, sex mæður og einn föður, sem tóku þátt í foreldrafræðslunámskeiði sem byggði á ígrunduðum samræðum. Þá voru foreldrar beðnir um að ígrunda skriflega á meðan á námskeiðinu stóð. Niðurstöður gáfu til kynna að námskeiðið studdi við foreldra í að ígrunda sjálfa sig í uppeldishlutverkinu og verða meðvitaðri um eigin sýn á hvernig þau eru og vilja vera sem foreldrar. Einnig studdi námskeiðið foreldra í að reyna að skilja börnin sín betur og sjá aðstæður frá þeirra sjónarhorni. Hvort tveggja jók meðvitund og skilning þeirra á hvað skiptir máli í samskiptum foreldra og barna með langtímasambandið við barnið fyrir augum. Þá voru foreldrar mjög ánægðir með nálgunina í heild sinni. Þessar niðurstöður sýna að ígrundaðar samræður í foreldrafræðslu eru áhrifaríkar í að styðja við foreldra í uppeldishlutverkinu.

Í hægum takti: Fatlaðar mæður, krypp tími og tengslamyndun

Freyja Haraldsdóttir doktorsnemi

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Í femínískum farvegi

Ágrip /Abstract

Í erindinu verður fjallað um reynslu fatlaðra og langveikra mæðra af samveru og tengslamyndun við börn sín. Viðfangsefnið verður skoðað út frá kenningum hinsegin- og fötlunarfræði um krypp tíma (e. crip time) sem og hrif kenningum Söru Ahmed um hinsegin notkun (e. queer use). Hugtakið krypp tími lýsir því hvernig tími er ekki hlutlaust fyrirbæri heldur pólitískt. Fatlað fólk upplifir útilokun frá þátttöku í samfélaginu því það notar tíma sinn óhefðbundið og úthlutaður tími byggir á ableískum gildum um hraða, afköst og skilvirkni. Um er að ræða fyrstu niðurstöður doktorsrannsóknar um fötlun og móðurhlutverkið á tímum nýfrjálshyggju en tekið var eitt rýnihópaviðtal og 12 hálfopin einstaklingsviðtöl við fatlaðar og langveikar mæður. Gögnin voru greind með þemagreiningu Braun og Clarke.

Niðurstöður sýna fram á að þátttakendur í rannsókninni upplifa þrýsting frá nærumhverfinu og samfélagsmiðlum um að frítími fjölskyldunnar og tengslamyndun þurfi að einkennast af virkni sem krefst mikillar líkamlegrar getu, tíma, orku og kostnaðar. Þær upplifa óöryggi og skömm yfir að eiga erfiðara með að fara í ferðalög og fjallgöngur vegna ableískra formgerða samfélagsins. Þátttakendur upplifa þó að reynsla þeirra af fötlun og/eða langvarandi veikindum hafi kennt þeim að njóta lífsins í hægum takti, vera á staðnum, og finna skapandi leiðir til þess eiga verðmætar og tengslamyndandi stundir með börnum sínum. Niðurstöðurnar varpa ljósi á að þátttakendur andæfa ableískum hugmyndum um móðurhlutverkið og kröfum nýfrjálshyggjunnar til fjölskyldna með því að skilgreina og nota tíma sinn óhefðbundið og þannig skapa samverustundir, styrkja tengsl og auka lífsgæði fjölskyldunnar á sínum krypp tíma.

Hvaða tækifæri felast í því að nota tónlist með mannkostamenntun að leiðarljósi?

Anna Halldórsdóttir kennaranemi

Listaháskóli Íslands, Listkennsla

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Skapandi greinar: Tækifæri og framtíðarsýn

Ágrip /Abstract

Ræddar verða niðurstöður úr MA verkefni höfundar frá Listaháskóla Íslands. Í þessu verkefni var mannkostamenntun skoðuð og þungamiðjan var athugun á því hvernig væri hægt að nota tónlist sem tæki til að efla dygð eins og til dæmis samkennd á sviði mannkostamenntunar. Nemendur tóku þátt í 45-60 mínútna smiðju sem var aðlöguð að venjulegri stundaskrá í grunnskóla og snérist fyrri helmingur smiðjunnar um meðvitund og skilning á ýmsum siðferðilegum dygðum. Í seinni hlutanum fengu nemendur svo að taka þátt í ráðgátuleik sem kallast *Leitin að týnda tónskáldinu* þar sem þeir rannsökuðu samkennd í gegnum tónlistarleik ímyndunarafis og sköpunar annað hvort með því að skrifa eða teikna söguna um afdrif týnda tónskáldsins. Smiðjurnar voru alls 6 og tóku 88 nemendur þátt í þeim í þremur grunnskólum og var afraksturinn 127 sögur bæði skrifaðar og teiknaðar. Niðurstöður þessa rannsóknaverkefnis voru að nemendur áttu auðvelt með að setja sig í spor týnda tónskáldsins og tjá sig í gegnum ímyndunarflið. Tónlistin örvaði nemendur til að tjá sína upplifun og sjónarhornin voru margs konar. Það má þróa þessa smiðju enn frekar og komu upp ýmsar hugmyndir og ný sýn á meðan á þessari rannsókn stóð sem kallar á frekari úrvinnslu sem þyrfti að rannsaka með nemendum við annað tækifæri.

Orkudrykkir á unglingastigi: Ógn við heilsu og líðan?

Anna Sigríður Ólafsdóttir prófessor¹, Ingibjörg Kjartansdóttir lýðheilsufræðingur og verkefnastjóri²

¹HÍ, MVS. ²HÍ, Menntavísindastofnun

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Heilsuefning og fæðuval

Ágrip /Abstract

Þrátt fyrir varnarorð um neikvæð áhrif á heilsu ungmenna hefur neysla orkudrykkja sem innihalda mikið magn af koffeini aukist hratt undanfarin ár. Vinsældir þessara drykkja má meðal annars rekja til grimmrar markaðssetningar sem beinist að unglingum og gefur jákvæða ímynd af drykkjunum sem eiga að veita aukna orku, draga úr þreytu, auka árvekni og einbeitingu, einnig í tengslum við íþróttir. Hér verða skoðaðir þeir þættir heilsu og líðanar sem tengjast þessum fullyrðingum og horft til þess hvað einkennir þau ungmenni sem drekka mest af orkudrykkjum í samanburði við þau sem aldrei drekka orkudrykki.

Rannsóknin byggir á gögnum byggðum á spurningalistum úr Íslensku æskulýðsrannsókninni 2022. Alls svöruðu 2765 nemendur í 6.,8, og 10.bekk spurningum um orkudrykki og líðan. Tíðni orkudrykkjaneyslu var skipt í fjóra flokka; aldrei, 1x í viku eða sjaldnar, 2-6 daga vikunnar, daglega eða oft á dag.

Í 6.bekk drukku 84% stráka og 89% stelpna aldrei orkudrykki, í 8.bekk 78% og 74% og í 10.bekk var hlutfallið 51% hjá strákunum og 44% hjá stelpunum. Í 10.bekk drukku 8% af hvoru kyni orkudrykki daglega á móti 1-3% yngri barna. Við frekari greiningu var aðeins horft á 10.bekk. Andleg líðan var þar verst meðal þeirra sem oftast drukku orkudrykki, svefntími fór stígmínkandi með aukinni neyslu og þreyta á skólatíma var meiri. Tíðni ýmissa líkamlegra og andlegra einkenna var tvöfalt hærri í orkudrykkjahópnum samanborið við þau sem aldrei drukku þessa drykki.

Skýr tengsl eru milli fjölda neikvæðra heilsufarseinkenna með vaxandi orkudrykkjaneyslu sem kallar á aðgerðir til að stemma stigu við neyslunni.

Integration and Adult Education among Immigrants: Analysis of research and policy on the topic

Nichole Leigh Mosty sérfræðingur

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Adult Education in the multi-cultural Iceland: Participation and language courses for immigrants

Ágrip /Abstract

These are the results of an analysis of research regarding Adult Education (AE) and its role in integration of immigrants in Iceland, the Nordics and the United States. Iceland has one of the highest rates of immigration participation in the labor market among OECD nations, yet research has shown factors pointing to low rates of societal integration. The role of AE in Iceland according to the Act on Continuing Education no. 27/2010 is divided into three main components; study and career counseling, practical skills assessment and certified study paths with the goal of opening up routes to secondary-level education, bridging programs into higher education, and the labor market. Immigrants are not formally defined in the legislation, though having specific needs for immigrants to utilize AE.

The analysis highlights the importance of access to AE and vocational training among immigrants in ensuring the ability to update skills (up-skilling) and to certify skills previously acquired yet not recognized in the labor market. International policies emphasize that immigrants receive specialized language courses, civics education, and specialized vocational training or bridging studies to integrate into society and the labor market. The analysis also highlights the need to improve participation in and access to AE among immigrants. This requires clearer policy framework, adequate funding, more open and equal access to quality AE and/or vocational training, and recognition of foreign education. These factors will have the greatest impact on participation of immigrants in AE and as a result integration into Icelandic society.

Fjármögnun framhaldsfræðslukerfisins

Ásgeir Brynjar Torfason

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Fullorðinsmenntun? Yfirstandandi stefnumótun um ævinám og símenntun

Ágrip /Abstract

Framhaldsfræðsla er fimmta stoð menntakerfisins í flestum löndum en sú stoð hefur verið afskipt hérlandis. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Fræðslusjóður í hennar umsýslu hafa verið viss miðpunktur í kerfi sem byggist upp af fræðsluaðilum í símenntunarstöðvum víða um land.

Vinnumarkaðsúrræði, leiðir til að koma fólki aftur inn í formlega menntakerfið, sérþarfir og áskoranir atvinnuþróunar hafa einkennt þróun framhaldsfræðslukerfisins hingað til. En áskoranir þess nú eru ekki síst vegna stóraukins fjöldi aðflutts og að miklum hluta lítið menntaðs fólks.

Fjármögnun kerfisins kemur frá hinu opinbera en ekki atvinnulífinu. Rekstur kerfisins er á engan hátt á forræði hins opinbera heldur allur á hendi mismunandi einkaaðila. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er rekin á hlutafélagsformi þar sem ríkið leggur til allt fjármagn til rekstrar. Því þarf að draga saman tvíþættan samanburð. Annars vegar innanlands milli ólíkra stoða menntakerfisins og hins vegar alþjóðlegan samanburð. Auk þess sem horfa þarf til framtíðar út frá áskorunum yfirstandi alþjóðlegra umbreytinga og þeirrar stöðu hérlandis sem nýleg úttekt á Fræðslumiðstöð dregur fram.

Spurningar sem rannsóknin svarar eru: Hvernig er fjármögnun framhaldsfræðslu hér háttað í samanburði við aðrar stoðir menntakerfisins og önnur lönd? Hvernig er fyrirsjáanlegt að fjármögnunarþörf muni þróast?

Aðferð rannsóknarinnar er fjölþátta, þar sem töluleg gögn eru greind og þau samþætt við stefnumarkandi textagögn og loks með frekari greiningu út frá viðtölum við helstu aðila málefnasviðs framhaldsfræðslunnar.

Niðurstöðurnar draga fram þá miklu umbreytingu íslensks vinnumarkaðar þar sem umgjörð framhaldsfræðslunnar og menntunar fullorðinna í íslensku sem öðru máli birtist gölluð. Frekari rannsókna er þörf á en þessar fyrstu niðurstöðu marka vissan grundvöll.

Er jákvæð nálgun í menntunarfræðum nauðsynlega ógagnrýnin?

Davíð Kristinsson aðjúnt

HÍ, MVS

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Hugtakanotkun, gervigreind og eðli vísinda

Ágrip /Abstract

Við fyrstu sýn virðast titlar birtinga í íslenskum menntunarfræðum að meðaltali vera frekar „jákvæðir“ en „neikvæðir“ eða gagnrýnir (yfirskrift Menntakviku að þessu er engin undantekning, enda höfum við flest mjög svo jákvæðar hugmyndir um menntun og farsæld). Að því marki sem þetta skyndimat á við rök að styðjast er ástæða til að velta nánar fyrir sér hverjir séu kostir þess að nálgast viðfangsefni með jákvæðum eða neikvæðum (gagnrýnum) hætti. Frá sjónarhóli þeirra sem aldir eru upp í gagnrýnum samfélagskenningum getur of jákvæður tónn í menntamálum virst grunsamlegur í fyrstu og áhyggjur vaknað þess eðlis að of jákvæð nálgun sé um leið ógagnrýnin. Þarf sjónarhorn m. ö. o. að vera „neikvætt“ til að teljast gagnrýnið? Og eru þeir sem draga aðallega fram neikvæða þætti t.d. menntakerfisins (þ.e. það sem betur mætti fara) nauðsynlega gagnrýnni en þeir sem leggja áherslu á það sem gott er eða tala mest um háleit gildi? Að hvaða leyti eiga vísindin, í þessu tilfelli menntavísindin, að vera gagnrýnin? Eiga þau fyrst og fremst að vera gagnrýnin (neikvæð) eða er allt eins mikilvægt að þau séu jákvæð (uppbyggileg, hvetjandi)? Er með öðrum orðum hin neikvæða nálgun „vísindalegri“ en sú jákvæða, og á hún þannig frekar rétt á sér frá akademískum sjónarhóli? Er jákvæðni á þessum vettvangi að einhverju leyti gagnrýnisleysi? Og er síðan innan gagnrýnnar nálgunar til jákvæð jafnt sem neikvæð gagnrýni? Ætlunin er að velta upp þessum spurningum varðandi íslensk menntunarfræði út frá kenningum Kants og Foucaults um hlutverk gagnrýni.

Samvinna og sjálfræði framhaldsskólanema

Guðrún Inga Sívertsen Skólastjóri, Ásta Henriksen Kennari og þróunarstjóri

Verzlunarskóli Íslands

Hver er titill málstofunnar? /Title of symposium

Framhaldsskólanemar: Stéttarstaða og upplifun

Ágrip /Abstract

Haustið 2022 var skólaþróunarverkefni hleypt af stokkunum í Verzlunarskóla Íslands undir yfirskriftinni samvinna og sjálfræði – Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna. Eins og yfirskrift verkefnisins gefur til kynna var markmið þess að gefa nemendum tækifæri til að þjálfast í samvinnu, finna eigin leiðir í námi sínu og bera ábyrgð á því samhliða því að fá tækifæri til efla samfélagslega ábyrgð. Í leiðinni gefst nemendum einnig tækifæri til að sýna frumkvæði og vera skapandi og hafa þannig eitthvað um framgang eigin náms að segja. Um þverfaglegt verkefni, dönsku, ensku, hagfræði, íslensku og tölvunotkunar er að ræða þannig að verkefnið reynir ekki aðeins á samvinnu nemenda heldur einnig á samvinnu kennara ólíkra greina. Áður en verkefnið var lagt fyrir vann stýrihópur að undirbúningi þess með fulltrúa úr hverju fagi sem að verkefninu kom. Um það bil þriðjungur kennara og u.þ.b. 350 nemendur skólans tók svo þátt í þróunarverkefninu sem krafðist mikillar samvinnu þvert á fög en margar rannsóknir hafa einmitt sýnt fram á það hversu mikilvæg samvinna er í skólastarfi.

Hugmyndafræðin að baki verkefnisins var sótt úr ýmsum áttum. Einkunnarorð skólans, hæfni, ábyrgð, virðing og vellíðan voru höfð til hliðsjónar auk gagna úr stefnumótunarvinnu skólans sem kalla á aukið nemendamiðað nám, meiri samvinnu og skapandi kennsluhætti.

Í erindi okkar á Menntakviku viljum við deila reynslu okkar, kennara og nemenda af verkefninu. Þá munum við segja frá helstu niðurstöðum úr þeim könnunum sem lagðar voru fyrir í tengslum við verkefnið.

Verkefnið er aftur á dagskrá í september með þátttöku 370 nýnema skólans.